JÓHANN SIGURÐSSON

*Með ástríðu fyrir Volvo*

Bílar Ferðir Tíska

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




LEIÐSÖGUMENN REYKJANESS

*Þekkja hvern krók og kima*

Sérblað um Reykjanes

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






Arnbjörgu í 1. sætið

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. nóvember 2006 — 316. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR

### Vill búa við Þingvallavatn



Anton Newcombe í The Brian Jonestown Massacre spjallar um tónlist, George W. Bush og Íslandsástríðuna.

VIÐTAL 56

### Fordómarnir skotnir niður



Sverrir Þór Sverrisson kynntist ótrúlegum lífsháttum í Gíneu-Bissá.

FÓLK 86

### Gæði fara aldrei úr tísku



Sigurjón Sighvatsson spjallar um hvers vegna hann keypti 66° Norður og framtíðaráætlanir þess.

VIÐTAL 36

### Þúsund leikir að baki



Rögnvaldur Hreiðarsson stendur á tímamótum og dæmir sinn þúsundasta leik á morgun.

ÍÞRÓTTIR 78

### VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI SUNNAN TIL** í dag verða norðlægar áttir, 5-13 m/s, hvassast á annesjum norðan til og á Vestfjörðum. Slydda eða snjókoma á landinu norðanverðu en bjartviðri syðra. Hiti víðast mjög nálægt frostmarki með ströndum.

VEÐUR 4




# Minna skref að ganga í ESB en EES

**Utanríkisráðherra segir það vera minna skref fyrir Íslendinga að ganga í Evrópusambandið en það var að gerast aðilar að EES. Framkvæmdastjóri Bændasamtakanna segir að svo geti farið að landbúnaðurinn eigi „skárra skjól“ í ESB en utan.**

**EVRÓPUMÁL** Íslendingar eiga að taka virkari þátt í Evrópusamvinnunni, „koma íslenska módelinu á framfæri og hafa þannig áhrif á mótun álfunnar sem við búum í“. Þetta sagði Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra í opnunarávarpi á málþingi um breytta stöðu Íslands í utanríkismálum, sem haldin var á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í gær.

Að mati Valgerðar væri það minna skref að stíga fyrir Íslendinga að ganga að fullu í Evrópusambandið en það var á sínum tíma að gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. „Kjósi Ísland í framtíðinni að gerast aðili að Evrópusambandinu tel ég að slíkt skref, án þess að gera lítið úr því, hafi minni áhrif á daglegt líf Íslendinga en stökkið sem tekið var við aðildina að EES, jafnvel þó að hin lögformlega breyting yrði vafalaust meiri,“ sagði hún.

Í samtali við Fréttablaðið áréttaði Valgerður hins vegar að „stóra skrefið“ sem fylgja myndi inngöngu í ESB væri að ná samningum um sjávarútvegsmál. Hún væri heldur ekki að leggja til að hefja ætti aðildarviðræður eins og sakir stæðu, en hún segir hugarfarsbreytingu hafa orðið hér á landi á þeim nærri þrettán árum sem þjóðin hafi tekið þátt í EES-samstarfinu. Orðræðan sé að breytast. Sleggjudómar séu fátíðari og minna um „hnútukast“ þegar Evrópumálin séu annars vegar.

„Okkur hefur vaxið ásmegin og við höfum öðlast aukna trú á sjálfum okkur. Við erum stolt af því að vera Íslendingar og stöndum keikari en nokkru sinni fyrr á alþjóðavettvangi,“ sagði ráðherrann í ávarpi sínu. Aukin tengsl og samgangur við grannþjóðirnar hefðu „þroskað okkur, bæði sem einstaklinga og þjóð - ekki einungis í viðskiptalífinu, heldur einnig á sviði menningar, mennta, vísinda, lista og stjórnmála.“ Því ættu Íslendingar einnig að taka virkari þátt í pólitískri hlið Evrópusamvinnunnar.

Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra, fjallaði um sögu þátttöku Íslands í Evrópusamvinnu. „EES með sínum þrem þáttökuríkjum er nánast söguleg tímaskekkja,“ sagði hann í niðurstöðum sínum.

Í pallborðsumræðum sagði Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, að gengju áform Alþjóðaviðskiptamálastofnunarinnar um aukið frelsi í viðskiptum með búvörur og takmarkanir á stuðning við landbúnað í ríku löndunum eftir, „gæti svo farið að íslenskur landbúnaður ætti skárra skjól innan Evrópusambandsins“. - aa



**UNGIR HAFNFIRÐINGAR** Jólaþorpið á Thorsplani í Hafnarfirði verður opnað klukkan tólf í dag. Í gær stóðu leikskólabörn í Hafnarfirði í ströngu við að skreyta Jólaþorpið hátt og lágt með skrauti sem þau höfðu sjálf búið til. Ljós verða tendruð á jólatré Jólaþorpsins við hátíðlega athöfn klukkan tvö. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Forstöðumaður Hagfræðistofnunar sest í forstjórastól nýs fjárfestingarbanka:

# Stofna nýjan milljarðabanka

**VIÐSKIPTI** Fjárfestar undir forystu Milestone vinna nú að stofnun nýs fjárfestingarbanka sem taka mun til starfa um áramót. Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, hefur verið ráðinn forstjóri bankans.

Að bankanum stendur Milestone, eignarhaldsfélag Karls Wernerssonar og systkina hans, sem verður stærsti hluthafinn og leggur Sjóvá fjárfestingu inn í bankann. Auk þess rennur inn í félagið AVP fasteignafélag og Ráðgjöf og efnahagsspár.

Nýi bankinn mun ráða yfir tíu til fimmtán milljörðum í eigin fé og er ætlunin að sækja á mið sérhæfðrar fjármálaþjónustu og starfa á alþjóðamarkaði. Sjóvá fjárfesting hefur fjárfestingarbankaleyfi og mun bankinn verða heildsölubanki með starfsemi víða um heim. Ætlunin er að opna skrifstofur meðal annars í London og Hong Kong. Miðað við samsetningu eigenda og val á forstjóra má búast við að bankinn beini sjónum sínum að mjög flóknum fjármálavörum svo sem afleiðum og fjármálagerningum tengdum fasteignaviðskiptum.

„Þetta er gríðarlega spennandi verkefni og býður upp á mikla möguleika. Við ætlum að fást við flókna hluti og finna okkur syllu í því sem ekki hefur verið mikið sinnt til þessa hér á landi,“ segir Tryggvi Þór. - hh



**LIÐSMENN ARSENAL FAGNA** Næsta haust verður hægt að fylgjast með enska boltanum á sjónvarpsstöðinni Sýn.

Sviptingar á sjónvarpsmarkaði:

## Enski boltinn aftur á Sýn

**FJÖLMIÐLAR** 365 miðlar hafa tryggt sér sýningarréttinn á ensku úrvalsdeildinni en þetta varð ljóst í gær þegar Skjár einn dró sig út úr útboði hjá FAPL, sem á sýningarréttinn. Samningurinn er til þriggja ára og hefjast útsendingar frá deildinni haustið 2007. Ari Edwald, framkvæmdastjóri 365, segir þetta vera mikið gleðiefni fyrir sjónvarpsstöðina Sýn, sem nú hafi tvær af vinsælustu knattspyrnukeppnum á dagskránni, en Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, telur verðið yfir öllum velsæmismörkum. - fgg / sjá síðu 77

Verðsamráð olíufélaganna:

## Fyrirtæki í mál vegna samráðs

**DÓMSMÁL** Tuttugu fyrirtæki hafa sett sig í samband við Lögfræðistofu Reykjavíkur með það fyrir augum að höfða mál á hendur olíufélögunum. Þetta staðfesti Steinar Þór Guðgeirsson, faglegur framkvæmdastjóri Lögfræðistofu Reykjavíkur, í gær.

Hörður F. Harðarson, lögmaður Skeljungs, hafði ekki heyrt af áformum fyrirtækjanna þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. „Ég hef ekki heyrt af þessum málssóknaráformum fyrirtækjanna og get því ekki tjáð mig um þau að neinu leyti. Ef málssókn fyrirtækja byggir á niðurstöðu úr máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum er þó alls óvíst að niðurstaða úr því máli verði fordæmisgefandi, vegna sérstöðu þess máls.“ - mh / sjá síðu 4

Opið 10–18 í dag



Kringlan

## SPURNING DAGSINS



*Gunnar, voru aparnir klárari en við?*

**„Það er virðingarleysi við suma apa að segja að við séum komin af öpum."**

Haraldur Þórarinsson músaáhugamaður segir apa hafa búið yfir sjötta skilningarvitinu og hafa því ef til vill verið klárari en menn. Gunnar Þorsteinsson í Krossinum telur menn ekki komna af öpum.

Hagfræðingar um valkosti Íslands í peningamálum:

# Betur borgið með evru

**EVRÓPUMÁL** Hag Íslands kann að vera betur borgið með aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins en með „hávaxtamynt" eins og krónan er. Þetta sagði Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, í erindi á ráðstefnu Alþjóðamálastofnunar í gær.

Tryggvi Þór sagði að miklar og hraðar fjármagnshreyfingar nútímans „þar sem gjaldeyrir streymir með ógnarhraða um heimshagkerfið" rifu lönd eins og Ísland með sér. Með háum stýrivöxtum og frjálsum fjármagnsflutningum inn og út úr landinu væri íslenska hagkerfið berskjaldað fyrir þessu brimróti hins alþjóðlega fjármálamarkaðs. Evran byði upp á vörn gegn þessu.



TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON



GYLFI ZOËGA

Gylfi Zoëga, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild HÍ, gekk lengra í sínu erindi á sömu ráðstefnu og sagði að flest benti til að ókostir sjálfstæðrar, fremur óstöðugrar myntar væru þungvægari en ókostirnir sem fylgdu upptöku evru.

Þeir Tryggvi Þór og Gylfi voru á einu máli um að þær breytingar sem orðið hafa á hagkerfi Íslands í kjölfar aðildarinnar að Evrópska efnahagssvæðinu hafi breytt forsendum mats á því hversu eftirsóknarverður sjálfstæður gjaldmiðill og sjálfstæð peningamálastefna væri. Hagsveifla Íslands og evrusvæðisins væru að þróast í átt til meiri samleitni. - aa

Útgjöld til vegamála:

# Mest fé í vegi á kosningaárum

**STJÓRNMÁL Útgjöld ríkisins til vegamála eru að jafnaði mest þau ár sem kosið er til Alþingis. Þetta kemur fram í yfirliti frá skrifstofu Alþingis. Yfirlitið nær til áranna 1998 til 2007. Á þessu tímabili voru kosningar á árunum 1999, 2003 og 2007. Að meðaltali nema framlög til vegamála á þessum kosningaárum 4,1 prósenti af heildarútgjöldum ríkisins á hverju ári. Framlögin hin árin á tímabilinu nema hins vegar 3,5 prósentum af heildarútgjöldunum. Á næsta ári á að verja 13,6 milljörðum króna til vegamála miðað við 8,7 milljarða á þessu ári.** - gar





**FLUGFÉLAG ÍSLANDS** Maðurinn var handtekinn á Reykjavíkurflugvelli í gær eftir að hafa veitt lögreglu viðnám.

Ölvaður með læti í flugvél:

# Flugdólgur handjárnaður

**LÖGREGLUMÁL Ölvaður maður á þrítugsaldri stofnaði til handalögmála í flugvél Flugfélags Íslands á fimmtudagskvöldið þegar hún var að gera sig reiðubúna til lendingar á Reykjavíkurflugvelli. Flugstjóri vélarinnar sá ekki annan kost í stöðunni en að taka aukahring á meðan að maðurinn var haminn og látin setjast fyrir lendingu.**

**Að sögn Árna Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Flugfélagsins, tók ekki langan tíma að stilla til friðar en lögregla var þó kölluð á vettvang til að tryggja að málið fengi viðeigandi meðferð. Maðurinn veitti henni þó nokkurt viðnám og var að endingu leiddur burt í járnum. Maðurinn var yfirheyrður í gær en sleppt að því loknu.** - sj

Mikil uppbygging á Akureyri:

# 250 nýjar eignir skráðar í ár

**AKUREYRI** Mikil gróska hefur verið í byggingariðnaði á Akureyri á árinu og hafa rúmlega 250 nýjar eignir verið skráðar í Landskrá fasteigna fyrstu tíu mánuði ársins. Tekjur bæjarfélagsins munu aukast að sama skapi.

Að stærstum hluta er um íbúðarhús að ræða, einkum í Naustahverfinu, en einnig hefur lóðum undir atvinnustarfsemi fjölgað verulega. - hs

# Barnaverndarnefnd sögð á gráu svæði

**Faðir drengs sem stöðvaður var á Akureyrarflugvelli segir Barnavernd Reykjavíkur hafa farið út fyrir valdsvið sitt. Barnavernd Reykjavíkur segist hafa lögsögu yfir börnum sem hafi hér dvalarfesti. Drengurinn er nú á vistheimili.**

**BARNAVERNDARMÁL** „Barnaverndarnefnd hafði sagt að það væri ekki hægt að taka barnið af mér þar sem við foreldrarnir værum með sameiginlega forsjá og drengurinn hafði það bara mjög gott," segir faðirinn sem á fimmtudagsmorgun var hindraður í að fljúga úr landi með son sinn frá Akureyrarflugvelli.

Foreldrar drengsins sem málið snýst um fara með sameiginlegt forræði yfir barninu, sem fæddist í Danmörku í apríl. Um miðjan ágúst flaug móðirinn með soninn til Íslands án þess að gera föðurnum viðvart. Hann vill að drengurinn komi aftur til Danmerkur.

Á laugardag fyrir viku fór faðirinn með soninn úr Grensáskirkju í Reykjavík þar sem feðgarnir áttu samverustund. Þeir höfðust síðan við í Ólafsvík. Á fimmtudagsmorgun voru feðgarnir stöðvaðir af lögreglunni á Akureyri þegar þeir voru á leið í flug til Kaupmannahafnar. Var það gert samkvæmt beiðni frá Barnavernd Reykjavíkur, sem beitti neyðarákvæði í barnaverndarlögum til að taka drenginn um sinn úr umsjá foreldranna og koma honum fyrir á vistheimili.

Faðirinn segir að eftir að hann fór með barnið til Ólafsvíkur hafi starfsmaður Barnaverndar komið og athugað líðan drengsins. „Það kom vel út; drengurinn var vel haldinn og hafði það mjög gott," segir faðirinn, sem taldi sig í fullum rétti.

„En á miðvikudeginum var verið að kokka upp þessa neyðarráðstöfun - gagngert til þess að ég kæmist ekki með drenginn heim.



**GRENSÁSKIRKJA** Faðirinn fékk að hitta sjö mánaða gamlan son sin í Grensáskirkju á laugardag eins og oft áður. Næst spurðist til feðganna í Ólafsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Þau hefðu vel getað hringt í mig á miðvikudagskvöldið og sagt mér frá neyðarráðstöfunni og að ég væri tilneyddur að koma með drenginn á vistheimili. Þá hefði ég komið með hann. Þessi skrípaleikur á flugvellinum var alger óþarfi," segir faðirinn ósáttur við Barnavernd Reykjavíkur.

„Hún á ekki að hafa lögsögu yfir mér og drengnum þar sem við höfum lögheimili í Danmörku. Þau segja sjálf að þau séu á mjög gráu svæði," segir faðirinn, sem fékk að hitta son sinn á vistheimilinu í gær: „Það var dapurlegt."

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, segir að börn sem hér hafi dvalarfesti heyri undir barnaverndaryfirvöld. Ástæða hafi þótt til að nýta lagaheimild til þess að grípa inn í þetta mál með tafarlausum hætti. Barnaverndarnefnd muni síðan úrskurða hvort það hafi verið heimilt. Ekki sé hægt að upplýsa ástæðu þess að neyðarákvæðinu var beitt. gar@frettabladid.is



**STÖÐVAÐUR Í ANDDYRINU** Öryggisverðir brugðust skjótt við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frestur rennur út á N-Írlandi:

# Sprengjuhótun stöðvar þingið

**BELFAST, AP** Michael Stone, herskár mótmælandi sem áður hefur myrt þrjá menn í jarðarför kaþólskra lýðveldissinna árið 1988, reyndi í gær að ryðjast inn í þinghúsið í Stormont-kastala á Norður-Írlandi og varpaði bakpoka með sprengjum inn á gólf anddyrisins.

Öryggisvörðum tókst að stöðva hann, en þinghúsið var rýmt í kjölfarið. Í gær rann út sá frestur sem bresk og írsk stjórnvöld höfðu gefið mótmælendum og kaþólikkum á Norður-Írlandi til þess að finna lausn á deilumálum sínum svo heimastjórnarþingið gæti hafið störf aftur. - gb

Miðstjórn Framsóknar fundar:

# Jón fer yfir svið stjórnmálanna

**STJÓRNMÁL Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, flytur sína fyrstu stóru ræðu á vettvangi flokksins á fundi miðstjórnar á Hótel Loftleiðum í dag. Í ræðunni mun Jón fjalla um stöðu flokksins og þau mál sem uppi eru í stjórnmálunum í dag.**

**Um 170 manns sitja í miðstjórn Framsóknarflokksins. Á fundinum verða kynntar skýrslur nefnda miðstjórnar og efnt til umræðna um þær og flokksstarfið og kosningarnar fram undan.** - b s


# Rúbluprestur segir frá

Sigurjón Einarsson var lengst af sinni starfsævi prestur á Kirkjubæjarklaustri og löngum kenndur við þann stað. Hann varð síðar einn þeirra guðfræðinga sem aðhylltist sósíalisma og fór í framboð fyrir sósíalista í þingkosningum. Í hinum hörðu átökum kalda stríðsins kallaði Morgunblaðið hann „Rúbluprest", - viðurnefni sem festist við hann.

Undir hamrastáli dregur upp svipmiklar myndir af minnisstæðum persónum og mannlífi sem nú heyrir um margt sögunni til en er órjúfanlegur hluti af sögu þjóðarinnar.





Edda
edda.is


Maður dæmdur í eins árs óskilorðsbundið fangelsi fyrir ítrekuð svik:

# Pantaði veitingar og stakk af

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur maður var dæmdur í tólf mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær eftir að hafa ítrekað heimsótt veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu og fengið sér þar veitingar án þess að borga fyrir þær.

Dómurinn í gær nær yfir 15 mismunandi atvik þar sem maðurinn viðhafði slíka háttsemi og játaði hann brot sín skýlaust. Þetta var þó ekki í fyrsta sinn sem hann er dæmdur til refsingar fyrir viðlíka brot heldur hafði hann áður með fimm mismunandi dómum á tímabilinu 2002 til 2006 verið sakfelldur fyrir að panta sér og neyta matar á veitingastöðum án þess að borga fyrir.

Í dómsorði segir að sakaferill mannsins sé með eindæmum, enda hefur hann 49 sinnum á fjögurra ára tímabili verið fundinn sekur



**HÓTEL NORDICA VIÐ SUÐURLANDSBRAUT** Einn þeirra veitingastaða þar sem maðurinn borðaði án þess að greiða fyrir.

um slíkt athæfi. Með hliðsjón af því megi telja að maðurinn sé síbrotamaður að þessu leyti og að hann færist heldur í aukana frekar en hitt. Því þótti árs fangelsi hæfilegt og ekkert tilefni vera til að skilorðsbinda refsingu mannsins að neinu leyti. Hann var auk þess dæmdur til að greiða þeim veitingastöðum sem eftir því sóttu skaðabætur vegna atvikanna að viðbættum vöxtum. - sj




Blick's gæðaseríur, úti og inni
25%



Ljósagardínur
2.0m x 1.5m
10232860
kr. 6900
verð áður kr. 11.619



Ljósagreinar
skreyttar
10493790
kr. 2290
verð áður kr. 3949



Klakaseríur
úti, díóður,
blátt og hvítt
10493816-3817
kr. 1999
verð áður kr. 3949



Outdoor garden-light, útisería
20 ljósa
10493265
kr. 1699
verð áður kr. 2999
40 ljósa
10493266
kr. 3199
verð áður kr. 5799

# Jólaljósahelgi
*í Blómavali*



2 stk
Jólastjörnur
999



ís á tíkall
já! 10kr
Gildir í Skútuvogi



## Kaffi Garður
**Heitt súkkulaði** með **rjóma** og kökusneið 450.kr



Jóla sýpris
11215650
299
Blómapottur
12313046
199

blómaval
*heillandi heimur*
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 24.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,16 | 70,5 |
| Sterlingspund | 135,66 | 136,32 |
| Evra | 91,82 | 92,34 |
| Dönsk króna | 12,316 | 12,388 |
| Norsk króna | 11,157 | 11,223 |
| Sænsk króna | 10,163 | 10,22 |
| Japanskt jen | 0,6059 | 0,6095 |
| SDR | 105,35 | 105,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
126,0169

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Árni Johnsen og Gunnar Marel Eggertsson gera Gullborgina upp í Reykjanesbæ:

# Gullborg Binna í Gröf bjargað

**SJÁVAR TVEGUR** Gullborgin, hið sögufræga skip aflakóngsins í Eyjum, Binna í Gröf, sem legið hefur undir skemmdum í Daníelsslipp við Reykjavíkurhöfn frá því í ágúst í fyrra, verður ekki rifið eins og allt útlit var fyrir. Hópur, manna undir forystu frændanna Árna Johnsen, fyrrverandi alþingismanns, og Gunnars Marels Eggertssonar skipasmiðs, hefur komist að samkomulagi við Faxaflóahafnir, sem eiga skipið, um að fá það að gjöf.

Jón Þorvaldsson, forstöðumaður tæknimála hjá Faxaflóahöfnum, segir Gullborgina einskis virði í peningum og að það sé óskemmtileg tilhugsun að eyða átta til tíu milljónum í að rífa hana; þeir hafi miklu frekar viljað bjarga Gullborginni frá eyðileggingu. Faxaflóahafnir munu aðstoða þá frændur við að flytja skipið í slipp í Reykjanesbæ á næstu tveimur mánuðum þar sem þeir munu gera það upp.

Árni Johnsen segir að með þessu séu þeir frændur að bjarga síðu úr Flateyjarbók íslenskrar útgerðar- og skipasögu: „Gullborgin er ævintýraskip. Binni í Gröf veiddi þvílíkt magn af þorski á henni margar vertíðir í röð.“

Að sögn Árna er ekki komið á hreint hvernig viðgerðin á Gullborginni verður fjármögnuð, en slík viðgerð getur hlaupið á tugum milljóna. - ifv



**GULLBORGIN** Frændurnir Árni Johnsen og Gunnar Marel Eggertsson hafa bjargað hinu sögufræga skipi frá því að vera rifið. Þeir ætla að gera það upp í Reykjanesbæ. FRÉTTBLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Kaupum ekkert“ dagurinn:

# Alþjóðlegt átak gegn ofneyslu

**NEYTENDAMÁL „Kaupum ekkert“ dagurinn er í dag. Þessi dagur er haldinn til að vekja athygli á vaxandi neyslu vestrænna ríkja og er hann haldinn síðasta laugardag í nóvember ár hvert. Dagurinn er haldin að frumkvæmdi Adbusters í Kanada.**

**Dagurinn er eins konar alþjóðlegt átak gegn ofneyslu og kaupæði hins vestræna heims og neikvæðum áhrifum þess á umhverfi, lífsgæði og réttláta skiptingu gæða.**

**Vistvernd í verki hvetur alla til að taka þátt í deginum með því að kaupa ekkert.** - hs

Ljósmyndarafélag Íslands:

# Unnu mál gegn ráðherra



BJÖRN BJARNASON

**DÓMSMÁL Ljósmyndurum með iðnréttindi og nemendum í ljósmyndun er einum heimilt að taka ljósmyndir í vegabréf hjá sýslumönnum og lögreglustjóra. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Ljósmyndarafélags Íslands gegn Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, en dæmt var í málinu í gær.**

**Félagið ákvað að fara í mál vegna þess að ófaglært starfsfólk sýslumanna og lögreglu sér um að taka myndir sem notaðar eru í vegabréf, en myndatakan fer fram um leið og sótt er um vegabréf.** - mh

Hafrannsóknir:

# Aukið fjármagn til loðnuleitar

**SJÁVAR TVEGSMÁL** Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt aukafjárveitingu til Hafrannsóknastofnunar Íslands svo unnt sé að halda rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni lengur við loðnuleit en áætlað var.

Fjárveitingin er fimmtán milljónir króna og mun skipið verða við loðnuleit fram að jólum en yfirstandandi leiðangri skipsins átti að ljúka 2. desember. Lítið hefur fundist af loðnu til þessa og langt frá því magni að unnt sé að heimila loðnuveiðar í haust og fram yfir áramótin. Sú loðna sem þó fannst er vel haldin. Nokkuð hefur fundist af smáloðnu sem styrkir möguleika á að gefa upphafskvóta fyrir næstu sumar- og haustvertíð. - shá

# 20 fyrirtæki í mál vegna olíusamráðs

**Tuttugu fyrirtæki hafa lýst yfir áhuga sínum á því að fara í mál við olíufélögin vegna verðsamráðs. Beðið er niðurstöðu í máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum. Leitast er við að láta olíufélögin sanna að ekkert tjón hafi orðið.**

**DÓMSMÁL** Tuttugu fyrirtæki hafa sett sig í samband við Lögfræðistofu Reykjavíkur með það fyrir augum að höfða mál á hendur olíufélögunum Skeljungi, Olís og Keri, áður Olíufélaginu, vegna verðsamráðs á árunum 1993 til 2001.

Þetta staðfesti Steinar Þór Guðgeirsson hæstaréttarlögmaður sem jafnframt er faglegur framkvæmdastjóri Lögfræðistofu Reykjavíkur. Ekki var hægt að fá það gefið upp að svo stöddu, hvaða fyrirtæki vilji í mál þar sem fyrirtækin höfðu ekki veitt lögfræðistofunni heimild til þess að gefa það upp.

Aðalmeðferð í máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum fór fram á miðvikudaginn 22. nóvember en borgin og fyrirtæki í hennar eigu gera kröfu um tæplega 160 milljónir króna í bætur vegna samráðs olíufélaganna í útboði sem boðað var til 3. júní 1996.

Einnig hefur farið fram aðalmeðferð í máli Sigurðar Hreinssonar, smiðs frá Húsavík, gegn olíufélögunum en krafa hans nemur 180 þúsund krónum.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu er niðurstaða í því máli talin verða fordæmisgefandi fyrir mál 158 einstaklinga sem lýst hafa yfir áhuga á því að fara í mál við olíufélögin í gegnum Neytendasamtökin.

Hörður F. Harðarson, lögmaður Skeljungs, hafði ekki heyrt af áhuga fyrirtækjanna á málssókn þegar Fréttablaðið hafði samband við hann. „Ég hef ekki heyrt af þessum málssóknaráformum fyrirtækjanna og get því ekki tjáð mig um þau að neinu leyti. En ef málssókn fyrirtækja byggir á niðurstöðu úr máli Reykjavíkurborgar gegn olíufélögunum þá er alls óvíst að niðurstaða í því máli verði fordæmisgefandi, vegna sérstöðu þess máls.“

Samkvæmt stefnu í máli Reykjavíkurborgar og Sigurðar Hreinssonar gegn olíufélögunum byggja stefnendur mál sitt á því að láta olíufélögin sanna að ekkert tjón hafi orðið af samráði sem forsvarsmenn félaganna hafa játað. Lögmenn olíufélaganna hafa til þessa krafist þess að lagðar verði fram beinar sannanir um fjártjón sem samráðið á að hafa valdið. Lögmenn olíufélaganna hafa haldið því fram í málflutningi fyrir dómi að ósannað sé að ávinningur af samráði hafi verið fyrir hendi.

Stefna Sigurðar, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, byggir öðru fremur á því atriði að samráðið hafi leitt til yfirverðs sem kom niður á viðskiptavinum olíufélaganna á árunum 1993 til 2001. Er því meðal annars haldið fram að „samsæri félaganna um að keppa ekki í verði, en tryggja í staðinn afkomu sína og veru á markaðnum“ valdi þjóðfélögum sem byggja afkomu sína á „frjálsu markaðshagkerfi miklum skaða“ eins og orðrétt segir í stefnunni.

magnush@frettabladid.is



**OLÍUFÉLÖGIN Í SAMSTARFI** Olíufélögin hafa þegar verið sektuð um 1,5 milljarða króna vegna verðsamráðsins sem átti sér stað frá 1993 til 2001. Í fyrstu nam sektin 2,6 milljörðum króna en áfrýjunarnefnd samkeppnismála lækkaði sektina um rúman milljarð. FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**SORGARSTUND** Ættingi Fatma Omar An-Najar syrgir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kona gerði sjálfsmorðsárás:

# Tíu ára drengur myrtur á Gaza

**JEBALIYA, AP** Hundruð manna fylgdu 64 ára konu, Fatma Omar An-Najar, til grafar í bænum Jebaliya á Gazaströnd. Hún sprengdi sjálfa sig í loft upp á fimmtudaginn nálægt hópi ísraelskra hermanna sem voru á ferð í gegnum flóttamannabúðirnar í Jebaliya, þar sem hún bjó.

Hernaður Ísraela á Gazaströnd hélt einnig áfram í gær, en aðgerðir Ísraelshers þar hafa staðið nánast linnulaust í fimm mánuði til þess að koma í veg fyrir flugskeytaárásir Palestínumanna þaðan.

Þær aðgerðir kostuðu tvo Palestínumenn lífið í gær, annar þeirra var tíu ára drengur. - gb

Norskir prestar og biskupar:

# Kirkjan verði skilin frá ríkinu

**NOREGUR, AP Leiðtogar norsku þjóðkirkjunnar samþykktu á kirkjuþingi að aðskilja bæri lúthersku kirkjuna frá norska ríkinu og slíta þar með 469 ára gömul tengsl þeirra í millum.**

**Í apríl hóf norska ríkisstjórnin viðamikla rannsókn á hugsanlegum aðskilnaði, þar sem óskað var eftir áliti frá yfir 2.500 kirkjusóknum og öðrum aðilum. Svör þeirra eiga að hafa borist fyrir næstu mánaðamót. Á kirkjuþingi um síðustu helgi voru 63 fylgjandi aðskilnaði en 19 á móti.** - smk


# 75.000 KR. GJAFABRÉF

FRÁ SMÁRALIND FYLGIR NÚNA ÖLLUM NOTUÐUM BÍLUM FRÁ INGVARI HELGASYNI




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVAÐ GERIST EFTIR HELGINA?**

Jú, þá eru horfur á breytingum í veðrinu. Hvassar austlægar áttir koma þá inn á landið með hlýnandi veðri. Mánudagurinn verður þó að líkindum kaldur lengst af en hægt og rólega nær hlýja loftið undirtökunum í baráttunni við það kalda og á þriðjudag ættu hlýindin að hafa náð yfir þorra landsins. Úrkoma mun fylgja þessu mjög víða. Fyrst snjókoma eða slydda en svo rigning.




**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Fremur hæg norðaustan átt. Léttskýjað. Hiti við eða rétt undir frostmarki.

### um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C skúrir | London | 14°C skúrir | Alicante | 23°C alskýjað |
| Þórshöfn | 7°C skúrir | París | 16°C skúrir | Mallorca | 22°C léttskýjað |
| Osló | 6°C skúrir | Frankfurt | 15°C alskýjað | Algarve | 21°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 9°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 12°C alskýjað | Krít | 20°C skúrir |
| Gautaborg | 12°C rigning | Berlín | 14°C alskýjað | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Alvöru eftirréttir

*búnir til af færustu bökurum landsins*
*... að okkar mati*






**Gott verð**
**1.499 kr**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Á að tvöfalda veginn milli Akureyrar og Reykjavíkur?*

| | |
|---|---|
| Já | 79,8% |
| Nei | 20,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG?**

*Á að banna notkun botnvörpuveiðarfæra?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Háskólinn í Reykjavík hefur valið eftirmann Guðfinnu S. Bjarnadóttur:

# Svafa Grönfeldt er nýr rektor

**MENNTAMÁL** Háskólaráð Háskólans í Reykjavík hefur gengið frá ráðningu dr. Svövu Grönfeldt í stöðu rektors skólans. Svafa tekur við starfinu af dr. Guðfinnu S. Bjarnadóttur hinn 1. febrúar næstkomandi.

„Ég tók þessa ákvörðun til að sameina tvær ástríður, viðskiptalífið og akademíuna. Ég veit líka að börnin mín tvö og fjölskyldan í heild verða mjög ánægð“, segir Svafa aðspurð um vistaskipti sín, en hún ferðaðist mikið vegna síns fyrra starfs sem aðstoðarforstjóri Actavis. Svafa segist bíða þess með óþreyju að hefja störf sem nýr rektor með öllu því hæfileikaríka fólki sem starfi innan veggja HR. „Skólinn er fyrst og fremst fólkið og hér er að finna einvalalið. Þess vegna er allt mögulegt og mér finnst ég vera að koma inn í fyrirtæki sem hefur háleit markmið og stóra drauma. Þess vegna vildi ég koma.“



**SVAFA GRÖNFELDT** Nýr rektor Háskólans í Reykjavík tekur við starfinu í byrjun febrúar og segist varla geta beðið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Svafa er doktor í vinnumarkaðsfræði og stjórnun frá London School of Economics. Hún lauk meistaranámi í stjórnunar- og boðskiptafræðum frá Florida Institute of Technology og er stjórnmálafræðingur frá Háskóla Íslands. Svafa hefur verið lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands í nær áratug og starfaði einnig um tíma sem lektor við viðskiptadeild HR. - shá

Innritun í framhaldsskóla:

# 215 hætta eftir grunnskólanám

**MENNTUN** Um fjögur prósent nemenda sem luku grunnskóla síðastliðið vor hafa ekki innritað sig í framhaldsskóla. Þetta kemur fram í upplýsingum sem menntamálaráðuneytið hefur aflað. Þeir nemendur sem hér um ræðir eru 215 talsins; 139 piltar og 76 stúlkur. Þessi hópur þreytti að meðaltali 2,88 samræmd próf en nemendur í 10. bekk tóku að meðaltali 4,11 próf síðastliðið vor. Meðaleinkunn nemendanna 215 á samræmdum prófum er umtalsvert lægri en landsmeðaltal og sem dæmi má nefna að meðaleinkunn þessa hóps í stærðfræði var 3,26 en landsmeðaltal er 5,5. - hs


Stendur þú í **framkvæmdum?**

Múrverk, flísalögn, trésmíði, pípulögn, raflögn, málun o.fl.

**Alhliða byggingaþjónusta á einum stað. Fagmennska og sérhæfing í fyrirrúmi.**

Símar: 824-0150 / 824-0160

Strúctor byggingaþjónusta




**NATO-EFTIRLIT** F-16 þota belgíska flughersins við lofthelgiseftirlit í Litháen. Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, hefur áréttað að NATO muni áfram sjá Eystrasaltsríkjunum fyrir slíku eftirliti. NORDICPHOTOS/AFP

# Lofthelgiseftirlit rætt á NATO-fundi í Riga

**Utanríkisráðherra segir óformlegar viðræður um lofthelgiseftirlit munu fara fram á leiðtogafundi NATO í Riga. Forsætisráðherra segir að viðræður við Norðmenn um hugsanlega aukna aðkomu þeirra að vörnum Íslands hefjist í næsta mánuði.**

**VARNARMÁL** Möguleikinn á því að Atlantshafsbandalagið sjái Íslandi fyrir lofthelgiseftirliti, sambærilegu við það sem NATO hefur séð Eystrasaltslöndunum fyrir frá því þau gengu í bandalagið árið 2004, verður ræddur í tvíhliða viðræðum við ráðamenn næstu grannríkja Íslands í NATO á leiðtogafundi bandalagsins í Riga eftir helgina. Þetta upplýsti Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Þetta verða hins vegar bara þreifingar,“ tók hún fram.

Í ávarpinu sagðist Valgerður telja „einsýnt að þær breytingar sem orðið hafa á varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna við brottför varnarliðsins munu færa okkur nær frændum okkar á Norðurlöndunum og öðrum Evrópuríkjum“. Það væri því „rökrétt næsta skref“ að Íslendingar og Norðmenn hæfu formlegar viðræður um hugsanlega aukna aðkomu Norðmanna að því að tryggja öryggi í lögsögu og lofthelgi Íslands, en Geir H. Haarde forsætisráðherra upplýsti í gær að slíkar viðræður myndu hefjast í næsta mánuði. Þetta hefðu þeir Jens Stoltenberg, norskur starfsbróðir hans, sammælst um er þeir hittust í tengslum við leiðtogafund norðlægrar víddar Evrópusambandsins í Helsinki, að því er Valgerður tjáði Fréttablaðinu. Hún og norskur starfsbróðir hennar, Jonas Gahr Støre, munu strax hefja undirbúning þessara viðræðna er þau hittast á leiðtogafundinum í Riga.

Valur Ingimundarson sagnfræðiprófessor segir það koma á óvart að íslensk stjórnvöld hafi ekki nú þegar farið fram á lofthelgiseftirlit á vegum NATO. „Í ljósi þess hve íslensk stjórnvöld lögðu mikla áherslu á sýnilegar varnir, að bandarískar orrustuþotur yrðu hér til loftvarna, kemur það á óvart að þau skyldu ekki hafa haft frumkvæði að því að fara fram á það við NATO að bandalagið annaðist eftirlit með lofthelginni með orrustuþotum, eins og gert er í Eystrasaltsríkjunum,“ sagði Valur í erindi sínu á málþingi um utanríkismál í gær.

Valur sagði að ástæðuna fyrir þessu kynni að vera að rekja til ólíkra áherslna stjórnarflokkanna. Önnur ástæða kynni að vera sú að stjórnvöld óttuðust kostnaðinn af slíku eftirliti. Ekki væri heldur hægt að ganga út frá því sem vísu að NATO sæi þörf á slíku reglubundnu flugi orrustuþotna í íslensku lofthelginni.

audunn@frettabladid.is




**Jólamarkaður á Garðatorgi**

Rekstarfélag Garðatorgs stendur fyrir götumarkaði á torginu á Aðventunni..

Þeir sem áhuga hafa á að setja upp sölu- eða sýningarbása vinsamlegast hafi samband við Lárus i síma 861 4950.

Garðatorg.






ALLAR PIZZUR Á 1.090 KR.

Domino's Pizza


Rússneski fyrrverandi njósnarinn Alexander Litvinenko látinn:

# Sagði Pútín hafa eitrað fyrir sér

**BRETLAND, AP** Alexander Litvinenko, rússneskur fyrrverandi njósnari, lést á sjúkrabeði í London áfimmtudagskvöld. Heilsuverndarstöð Bretlands tilkynnti í gær að geislavirka efnið pólóníum 210 hefði fundist í líki hans. Líklegt þykir að eitrað hafi verið fyrir honum, en Litvinenko hafði legið veikur síðan í byrjun mánaðarins.

Fjölskylda hans og vinir halda því fram að rússnesk stjórnvöld hafi eitrað fyrir honum, og sjálfur skildi Litvinenko eftir sig yfirlýsingu þar sem hann kenndi Vladimír Pútín Rússlandsforseta og leyniþjónustu landsins, FSB, um veikindi sín.

„Þú getur ef til vill þaggað niður í einum manni, en mótmælahróp úr heimi öllum, herra Pútín, munu óma í eyrum þínum allt þitt líf,“ segir í yfirlýsingunni.

Rússnesk yfirvöld hafa þvertekið fyrir að eiga nokkurn þátt í sjúkleika hins 43 ára Litvinenko og fóru í gær fram á að bresk yfirvöld létu grafast fyrir um banameinið.

Litvinenko starfaði um árabil sem yfirmaður innan rússnesku leyniþjónustunnar, en síðastu árin hefur hann gagnrýnt hana harðlega og sakað hana um ýmiss konar glæpi.

Þegar hann veiktist var hann að rannsaka óupplýst morð á vinkonu sinni, blaðakonunni Önnu Politkovskaju, sem myrt var í Rússlandi í október. Ítalskur leyniþjónustumaður, sem hitti Litvinenko daginn sem hann veiktist, segist hafa látið hann fá afrit af tölvupósti þar sem morðingjar hennar eru nafngreindir, auk annarra fórnarlamba, þeirra á meðal Litvinenkos og Ítalans sjálfs. - smk



**ALEXANDER LITVINENKO** Fyrrverandi KGB-njósnari lést á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Hvergi meira

## úrval af jólaseríum

999
~~1.985~~



**Útijólasveinn á trédrumbi**
57 sm. Innbrenndur litur
2701363



**Útijólasveinn í tungli**
51 sm. Innbrenndur litur
2701362



1.499

**Jóla hreindýr**
35 ljósa, 45 sm
2713155



**Jólatré, Nyx**
Svart
2700309
2.499
~~3.999~~

**Nýtt og glæsilegt Húsasmiðjublað**




er komið inn
á öll heimili
landsins...
...sama verð
um land allt.

599
~~959~~



**Aðventuljós, 3 gerðir**
Hvítt/rautt/viðar
5899631/32/33



1.499
~~1.999~~

**Jólasveinn á ljósaslöngu**
2713247

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hver fékk heiðursverðlaun Gullkindarinnar í ár?*

2 *Sögu hverrar má lesa í ævisögunni Stelpan frá Stokkseyri?*

3 *Hvaða verslun fékk Njarðarskjöldinn í ár?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

ASÍ telur frumvarp um breytingar á vaxtabótum ekki fullnægjandi:

# Greiðsla bótanna getur tafist

**EFNAHAGSMÁL** ASÍ telur að frumvarp um vaxtabætur sé ófullnægjandi. Þetta kom fram á fundi Ólafs Darra Andrasonar, hagfræðings ASÍ, með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis nýlega.

Ólafur Darri segir að við endurskoðun kjarasamninga í sumar hafi verið lofað að hafa samráð og leita leiða til að koma til móts við hópa sem fara verst út úr hækkun fasteignamats. Ekkert samráð hafi verið þrátt fyrir að ítrekað hafi verið óskað eftir því. Forseti og varaforseti ASÍ hafi gengið á fund forsætis- og fjármálaráðherra nýlega og lýst þessari skoðun.

„Við trúum því að frumvarpið verði lagað,“ segir Ólafur Darri. „Fjármálaráðherra lofaði í sumar að hraða þessu gegnum þingið og hafði góð orð um að greiða þetta sem fyrst. Það verður gaman að sjá hvort honum tekst að greiða þetta út í desember.“

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að margoft hafi verið farið yfir málið með fulltrúum ASÍ en sjálfsagt sé að gera það aftur. Frumvarpið sé nú í höndum efnahags- og viðskiptanefndar. Því meir sem afgreiðsla þess tefjist þeim mun ólíklegra verði að það náist að greiða bæturnar út í desember. - ghs



**FRUMVARPIÐ VERÐI LAGAÐ** „Við trúum því að frumvarpið verði lagað,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.

Árekstur í Hörgárbyggð í fyrra:

# Sýknaður af manndrápi

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi í Héraðsdómi Norðurlands eystra. Manninum var gefið að sök að hafa ekið bifreið sinni óvarlega, yfir leyfilegum hámarkshraða og að hluta til á röngum vegarhelmingi, norðan við hringveg í Hörgárbyggð á síðasta ári með þeim afleiðingum að hann lenti í árekstri við aðra bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Ökumaður og farþegi þeirrar bifreiðar létust. Dómurinn taldi ekki sannað að rekja mætti slysið til gáleysis mannsins og var hann því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. - sj


Á AÐ VERA LANDBÚNAÐUR Á ÍSLANDI?

Morgunverðarfundur Bændasamtaka Íslands, Sunnusal Hótels Sögu, miðvikudaginn 29. nóvember, kl. 8:15.

Erindi flytja:



**Valdimar Einarsson**, ráðgjafi á Nýja-Sjálandi, kynnir breytt umhverfi í nýsjálenskum landbúnaði og ber það saman við íslenskan veruleika.



**Aðalsteinn Árni Baldursson**, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, fjallar um afleidd störf í landbúnaði og mikilvægi fyrir byggðir landsins.



**Anna Sigríður Ólafsdóttir**, lektor í næringarfræði við KHÍ, ræðir um heilsusamleg matvæli af heimaslóðum.

Fundurinn er öllum opinn, aðgangur er ókeypis og veitingar verða í boði.

Bændasamtök Íslands
Upptökur af erindum verða aðgengilegar á www.bondi.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


# Gróðinn dugar fyrir sex tónlistarhúsum

**Hagnaðurinn af sölu tékkneska símafyrirtækisins CRa nemur hálfum gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Björgólfur Thor Björgólfsson gæti fyrir sinn hluta söluhagnaðarins lagt þrjár Sundabrautir í dýrustu útfærslu.**

**VIÐSKIPTI** Byggja mætti sex og hálfa tónlistarhöll líkt og ráðgert er að reisa við Reykjavíkurhöfn fyrir hagnaðinn af sölu eignarhluts íslenskra fjárfesta í tékkneska símafélaginu CRa.

Hagnaður af sölu fyrirtækisins, sem greint var frá í gær, nemur um 80 milljörðum íslenskra króna. Þar af nemur hagnaður Björgólfs Thors Björgólfssonar 50 milljörðum króna. Upphæðir sem þessar eru af þeim toga að þær virðast nánast óraunverulegar. Tilboð Portus Group í byggingu tónlistarhúss með sambyggðri ráðstefnumiðstöð og hóteli hljóðaði upp á 12 milljarða króna. Eins má geta þess að áætlaður kostnaður við dýrustu útfærslu Sundabrautar í Reykjavík er 14 milljarðar króna. Þannig gæti Björgólfur með gróða sínum af sölu CRa lagt út fyrir þremur slíkum og átt rúmar 600 milljónir króna í afgang.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON**

Þá má, til að setja gróðann af sölu CRa í enn annað samhengi, geta þess að 80 milljarðarnir jafngilda hálfum gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Í síðustu viku var gróðinn meiri en gjaldeyrisforðinn, því þá var hann um 70 milljarðar króna, en var í vikunni aukinn með skuldabréfaútgáfu ríkisins um sem nemur 90 milljörðum.

Heildarsöluverð tékkneska símafélagsins nam um 120 milljörðum króna, en félagið var keypt fyrir um 40 milljarða. Hagnaður Björgólfs og félaga hans af sölunni nú nemur um 50 milljörðum króna, Straums-Burðaráss og Landsbankans á bilinu 8 til 10 milljarðar króna, en afgangurinn skiptist á aðra fjárfesta, þar á meðal Deutsche bank og hóp tékkneskra bankamanna. Fyrst keypti Björgólfur í félaginu árið 2001.

olikr@frettabladid.is



**FYRIRHUGAÐ TÓNLISTARHÚS VIÐ HAFNARBAKKANN Í REYKJAVÍK** Þegar hagnaður í viðskiptafregnum hleypur á tugmilljörðum er hætt við að þá glatist tilfinningin fyrir þeim verðmætum sem um er að ræða. Fyrir gróða af sölu tékknesks símafyrirtækis gæti fjárfestirinn, Björgólfur Thor Björgólfsson, byggt fjögur tónlistarhús líkt og þetta hér að ofan.

Beðið eftir niðurstöðum sýna úr Húsadýragarðinum:

# Hætt var við að sleppa Sigurerni

**DÝRAHALD** Þegar menn voru í þann mund að fanga örninn Sigurörn í Húsdýragarðinum í gærmorgun komu fyrirmæli frá yfirdýralækni um að sleppa fuglinum ekki, eins og til stóð að gera í gær, að því er segir í frétt frá Húsdýragarðinum. Að sögn yfirdýralæknis er beðið eftir niðurstöðum sýna sem tekin voru fyrr í vikunni. Ekki er ljóst hvort eða þá hvenær erninum verður sleppt.

„Það voru tekin sýni úr erninum og tveimur fálkum í Húsdýragarðinum, en þau voru send út til Svíþjóðar,“ sagði Halldór Runólfsson yfirdýralæknir. „Við eigum von á niðurstöðum alveg á næstunni. Að þeim fengnum getum við tekið ákvörðun um framhaldið, ekki fyrr.“

Fyrr í vikunni var sextíu fuglum í Húsdýragarðinum lógað vegna þess að afbrigði af fuglaflensu fannst í fjórum hænum af tíu sem tekin voru sýni úr í haust. Meðal þeirra fugla sem lógað var voru, auk hænsnanna, fasanar, dúfur, endur, gæsir og ein álft. Fálkinn og örninn eru friðaðar fuglategundir. - jss



**SIGURÖRN** Enn í Húsdýragarðinum og bíður örlaga sinna.


„Kitlandi skemmtileg“






Einar Már Guðmundsson

„Margslungin bók ... mögnuð og óvenjuleg“
*Þorgerður E. Sigurðardóttir, bokmenntir.is*

„Það er meiri lífsháski í þessari ljóðabók en fyrri bókum Einars ... Lestur hennar er skemmtileg glíma við frjótt ímyndunarafl.“
*Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.*

„Kitlandi skemmtileg ... djörf einlægni, fyndni og óvæntar hugmyndir. Einar Már er yfirburðahöfundur.“
*Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir, Víðsjá*

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# Einstök örlagasaga

Saga Rögnu á Laugabóli lætur engan mann ósnortinn. Þetta er einstök saga sterkrar og sjálfstæðrar konu sem upplifir meiri harma en lagðir eru á flest fólk. Ragna lætur ekki bugast en berst áfram og lætur engan eiga neitt inni hjá sér.
Inn í þessa ótrúlegu persónusögu fléttast náttúruhamfarir á Vestfjörðum og í bakgrunni eru hinar miklu þjóðfélags- og þjóðlífsbreytingar síðustu aldar.




**KOMIN Í VERSLANIR**

**Ragna og Reynir árita bók sína í Pennanum á Ísafirði í dag 25. nóvember kl. 14:30**
















HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Edda
edda.is

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

allt atvinna
Alla sunnudaga

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hækkar sértekjur sínar með útrás:

# Liðaskipti á Grænlendingum

**HEILBRIGÐISMÁL** Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hafa verið framkvæmdar tíu gerviliðaaðgerðir á Grænlendingum á þessu ári samkvæmt sérstökum samningi við grænlensku landsstjórnina. FSA gerði tilboð í fimmtíu slíkar aðgerðir eftir að grænlenska landsstjórnin auglýsti eftir tilboðum. Viðræður um frekara samstarf standa yfir og forráðamenn sjúkrahússins sjá tækifæri í útrás í heilbrigðiskerfinu með því að annast sérfræðiþjónustu fyrir Grænlendinga og Færeyinga.

Þorvaldur Ingvarsson, framkvæmdastjóri lækninga hjá FSA, segir að grænlenska landsstjórnin greiði sérstaklega fyrir hverja aðgerð og að það hafi létt undir hjá FSA til að hjálpa öðrum. „Við gerðum allar aðgerðirnar á einni viku, svo þetta hafði lítil sem engin áhrif á biðlista eftir slíkum aðgerðum hjá okkur. Þvert á móti gerðu þessar aðgerðir okkur kleift að auka þjónustuna hér við sjúkrahúsið.“



**UNDIR HNÍFNUM** Tíu gerviliðaaðgerðir hafa verið gerðar á Grænlendingum á FSA á þessu ári.

Sjúklingarnir frá Grænlandi koma víða að en eiga það sameiginlegt að hafa beðið lengi eftir úrlausn sinna mála. Þeir dvelja hér á landi í viku til tíu daga eins og venja er eftir slíkar aðgerðir.

Hækkun á sértekjum FSA vegna þessara gerviliðaaðgerða er á þessu ári um 8,2 milljónir króna. - shá



**HARMI SLEGINN** Þessi piltur gekk með bílalest sem ók í gær framhjá gjörónýtum bifreiðum eftir árásirnar í Sadr-hverfi í Bagdad. Ofan á bílunum má sjá líkkistur hinna látnu sem fluttar voru til grafar í bænum Najaf, sem er um 160 km suður af höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ekkert lát á blóðsúthellingum í Írak

**Nærri liggur að allsherjar borgarastríð milli súnní-araba og sjía sé að brjótast út í Írak. Einn öflugasti hópur sjía-múslima hótar því að segja skilið við stjórn landsins, sem myndi að öllum líkindum verða stjórninni að falli.**

**ÍRAK** Ekkert lát er á ofbeldisátökum milli súnnía og sjía í Írak. Í gærmorgun sprungu tvær sprengjur í norðurhluta Íraks og urðu þær tugum manna að bana. Talið er víst að þar hafi súnnímúslimar verið að verki, rétt eins og í árásunum á Sadr-hverfið í Bagdad á fimmtudaginn þar sem meira en 200 manns fórust.

Fylgismenn unga sjía-klerksins Muqtada al-Sadr, eins heitasta andstæðings Bandaríkjahers í Írak, hótuðu því í gær að ganga af þingi og láta af stuðningi við ríkisstjórn landsins ef Nouri al-Maliki forsætisráðherra léti verða af því að hitta George W. Bush Bandaríkjaforseta í Jórdaníu í næstu viku.

Ríkisstjórnin myndi riða til falls ef fylgismenn al-Sadrs segðu skilið við hana, en þeir eru með sex ráðherra í ríkisstjórn al-Malikis og 30 þingmenn á 275 manna þingi landsins.

Sadr-hverfið, sem áður var nefnt Saddamsborg en nú Sadrborg, er nefnt í höfuðið á föður Muqtada al-Sadr, sem var einn helsti leiðtogi sjía-múslima í landinu. Íbúar hverfisins búa við mikla fátækt en þar eru jafnframt höfuðstöðvar al-Sadr og hersveita hans, Mahdi-hersins svonefnda, sem er einn öflugasti herafli sjía-múslima í Írak.

Einn af fylgismönnum al-Sadr, þingmaðurinn Qusai Abdul-Wahab, sagði bandaríska hernámsliðið í raun bera alla ábyrgð á árásum súnnía á Sadr-hverfið þar sem bandarísku hermennirnir hefðu ekki tryggt öryggi hverfisins.

Á fimmtudaginn réðust súnnímúslimar einnig á heilbrigðisráðuneytið í Bagdad, þar sem sjíar ráða ríkjum, en fyrir skömmu gerðu sjía-múslimar árás á ráðuneyti æðri menntunar í Bagdad, þar sem súnníar ráða ríkjum, og tóku þar tugi manna í gíslingu.

Nú í vikunni tókst herskáum sjíum einnig að gera árás á „græna svæðið“ í Bagdad, þar sem stjórnsýsla landsins er að mestu til húsa og helstu ráðamenn búa. Svæðið er rammgirt og þess er vandlega gætt af bandarískum og íröskum hermönnum.

Súnní-múslimar réðu nánast öllu í Írak meðan Saddam Hussein var við völd, en eftir innrás Bandaríkjamanna og Breta sitja sjía-múslimar að flestum valdaembættum landsins, auk þess sem hinn veikburða her og lögregla landsins eru að mestu skipuð sjíum.

Ofbeldið í Írak hefur aldrei verið jafn blóðugt. Sameinuðu þjóðirnar sögðu nú í vikunni að í október hefðu 3.709 Írakar fallið, sem er meira mannfall en í nokkrum mánuði frá því stríðið hófst í mars árið 2003. Víst þykir að mannfallið í nóvember verði enn meira. gudsteinn@frettabladid.is

Starfsmaður verður ráðinn til dómsmálaráðuneytis til að sinna öryggismálum:

# Sérfræðingur ráðinn til starfa

**ÖRYGGISMÁL** Stefnt er að ráðningu starfsmanns sem sinna mun verkefnum á sviði varnar- og öryggismála fyrir dómsmálaráðuneytið. Starfið verður auglýst innan skamms.



**BJÖRN BJARNASON**

Á fjárlögum er gert ráð fyrir tíu milljónum króna vegna launa, launatengdra gjalda og ferðakostnaðar vegna starfsins.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir mann með þá sérþekkingu sem auglýst verði eftir munu nýtast ráðuneytinu vel. „Maður með þessa sérþekkingu verður ráðuneytinu nauðsynlegur liðsauki við hin auknu verkefni þess á sviði varnar- og öryggismála, að því er varðar störf lögreglu og landhelgisgæslu auk almannavarnarþáttarins.“

Sextán milljónum verður varið til stofnunar öryggismálanefndar en stofnun hennar byggir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför bandaríska varnarliðsins. Sú nefnd heyrir undir forsætisráðuneytið.

Í yfirlýsingunni kemur fram að „ríkisstjórnin muni vinna að því að koma á laggirnar samstarfsvettvangi fulltrúa stjórnmálaflokkanna þar sem fjallað verði um öryggi Íslands á breiðum grundvelli, meðal annars í samstarfi við sambærilega aðila í nálægum löndum“.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra minntist á það á Alþingi á miðvikudag að til greina kæmi að stofna öryggismálastofnun en í samtali við Fréttablaðið í gær sagði hún þær hugmyndir á frumstigi. - mh



Loftljós
og veggljós í miklu úrvali
RAFSÓL
Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

Skógræktarfélag Reykjavíkur
Héraðsskógræktarfélag í 60 ár
Málþing og móttaka í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur
laugardaginn 25. nóvember kl. 14:00 – 17:30

kl. 14:00 Málþing:
- Stefán P. Eggertsson formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur flytur ávarp.
- Gísli Marteinn Baldursson formaður Umhverfisráðs setur málþingið.
- Ragnhildur Freysteinsdóttir landfræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands kynnir nýja skýrslu um Græna Trefilinn.
- Magnús Jóhannesson formaður Skógræktarfélags Íslands veitir Páli Samúelssyni þakklætisvott vegna framlags hans til skógræktar í Esjuhlíðum.
- Björn Axelsson landslagsarkitekt hjá Skipulagssviði Reykjavíkurborgar kynnir forsögn að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk.
- Helena Óladóttir verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur kynnir samstarf Náttúruskólans og Skógræktarfélagsins í Heiðmörk.
- Herdís Friðriksdóttir skógfræðingur hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur kynnir helstu niðurstöður viðhorfskönnunar meðal notenda Heiðmerkur.
- Gísli Marteinn Baldursson opnar heimasíðuna www.heidmork.is og slítur málþinginu.

kl. 16:00 Móttaka:
- Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt og stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Reykjavíkur stjórnar móttöku.
- Tónlistaratriði.
- Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri Reykjavíkurborgar flytur ávarp.
- Veitingar og tónlist þar til móttöku lýkur um kl. 17:30.

Verið öll velkomin



DMK 90% íbúðalán*
– fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð!
Kynntu þér DMK 90% íbúðalán og aðra þjónustuþætti DMK á spron.is
* skv. útlánareglum SPRON
spron

# JÓLIN ERU KOMIN...

*...í Rúmfatalagerinn!*




VERÐ FRÁ **189,-**

**INNI- OG ÚTIJÓLASERÍUR**
Mikið úrval af góðum jólaseríum til að nota inni eða úti. Fást í glæru, rauðu og marglitaðar.



**590,-**

**INNISERÍUR MEÐ STÓRUM PERUM**
Flott 20 ljósa jólasería til að nota innanhúss með stórum perum.



**589,-**

**AÐVENTULJÓS**
Nú er tími aðventuljósanna að renna upp. Jólaleg og falleg. Fást í rauðu, hvítu og natur.



**4.990,-**

**240 LJÓSA JÓLATRÉ**
Til að hafa inni eða úti. Jólatréð er með 240 ljósum. Virkilega fallegt og jólalegt. Hæð 120 sm.



**499,-**

**PERLUSERÍUR**
Gullfallegar perluseríur í nokkrum litum með stórum kúlum. Gerðu góð kaup!



VERÐ FRÁ **57,-**

**JÓLAPAPPÍR**
Mikið úrval af fallegum jólapappír á ótrúlega góðu verði!



2 PAKKAR **99,-**

**AÐVENTUKERTI**
Hollensk gæðakerti í aðventukransinn. Fást í ivory lit. 4 stk. saman í pakka. Kauptu einn pakka og fáðu annan fríann!



**1.990,-**

**JÓLASVEINN / SNJÓKARL**
Skemmtilegar jólafígúrur sem eru með lengjanlegar fætur. Hægt að velja á milli jólasveins eða snjókarls, sama verð.




**499,-**

**KRANS Á HURÐ**
Fallegur hurðarkrans úr greinum með fallegu, máluðu tréskrauti. Jólalegur krans með íslenskri áletrun.



**2.990,-**

**KIRKJA MEÐ LJÓSUM**
Glæsileg kirkja úr polystone efni. Hægt að stinga henni í samband og á kviknar á öllum fallegu jólaljósunum!



VERÐ FRÁ: **1.990,-**

**„LED" LJÓSASERÍUR**
Ljósaseríur með einstaklega góðri birtu. Má nota innan- eða utandyra. Fást í glæru, bláu og rauðu. Fást 40 ljósa, 84 ljósa og 120 ljósa.



**399,-**

**TÍMASTILLIR FYRIR INNSTUNGUR**
Frábær 24 klst. rofi til að nota við allt sem er í sambandi eins og fiskabúrið, jólaseríurnar, lampar o.s.frv.

-góð kaup

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is




2,7 MTR. **489,-**

**GRENILENGJA**
Góðar grenilengjur á fínu verði. Lengd á lengju er 2,7 metrar. Nú er kominn tími til að skreyta fyrir jólin!



VERÐ PR. MTR. **195,-**

**LJÓSASLÖNGUR**
Eigum ljósaslöngur í metravís ásamt góðum tilbúnum pakkningum. Pakkarnir fást í nokkrum mismunandi lengdum, 8 mtr., 16 mtr. og 20 mtr seríur. Fást í glæru, rauðu og marglituðu.



**ÍSSKÚLPTÚR** Listakonan Hanneke Supply frá Belgíu lagði lokahönd á íshöggmynd sína í Lübeck í Þýskalandi á fimmtudag, en 25 alþjóðlegir listamenn setja þar nú upp sýningu á listaverkum unnum úr 300.000 kílógrömmum af klaka. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**REYKJAVÍK**

### Heimsmet í gámasundi?

Nokkrir af íslensku sundmönnunum, sem keppa á Evrópumeistaramótinu í 25 metra laug og Norðurlandameistaramóti ungmenna, sem fara fram í Finnlandi í desember, ætla að keppa í sundi í fimm metra löngum gámi á Lækjartorgi í dag. Meiningin er að reyna að slá heimsmetin sem sett voru fyrir tveimur árum.

Hægt verður að keyra á bundnu slitlagi frá Ísafirði til Reykjavíkur í lok næsta árs:

# Sexföld afköst tvöfaldra vega

**SAMGÖNGUR** Í samgönguáætlun næsta árs er gert ráð fyrir að lagt verði bundið slitlag á þá vegakafla sem enn eru ófrágengnir á leiðinni milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Þetta var eitt af því sem fram kom á fundi um stórátak í vegamálum sem fram fór fyrr í vikunni.

Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi samgönguráðherra, segir að í fyrirhugaðri tvöföldun norðurleiðarinnar, á milli Reykjavík og Akureyrar, verði lögð áhersla á tvöföldun vegakafla frá Reykjavík og upp í Borgarfjörð og í nágrenni Akureyrar til að byrja með.

Samkvæmt skýrslu Línuhönnunar má auka afköst vega úr 10-12 þúsund bílum á sólarhring upp í yfir 60.000 bíla með tvöföldun þeirra. Með sömu aðgerðum er áætlað að hlutfallsleg slysatíðni lækki úr 100 í 45.

Sem dæmi um kostnað við eina akrein má nefna að áætlaður kostnaður við endurbyggingu Suðurlandsvegar, milli Rauðavatns og Selfoss, er um tveir milljarðar króna ef miðað er við tvær akreinar í aðra áttina og eina í hina (2+1) en 6-7 milljarða sé miðað við tvær akreinar í báðar áttir (2+2).

Fram til ársins 2010 verður 15 milljörðum af símapeningunum varið í vegaframkvæmdir og verða 3,7 milljarðar úr sjóðnum notaðir strax á næsta ári. - hs



**VESTURLANDSVEGUR** Með tvöföldun vega sexfaldast afköst þeirra og slysatíðni lækkar.

Nýr áfangi hjá SÁÁ:

## Göngudeild opnuð í dag

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný göngudeild SÁÁ í Efstaleiti 7 verður formlega tekin í notkun í dag. Athöfnin hefst klukkan 14 og verður húsnæðið opið til sýnis almenningi til klukkan 16.

Efstaleiti 7 er 1.500 fermetra nýbygging á tveimur hæðum, sem er sérhönnuð fyrir göngudeildar- og forvarnarstarf SÁÁ. Markmiðið með henni er að bregðast við ört vaxandi vanda sem er að skapast vegna aukinnar vímuefnaneyslu ungs fólks og dagdrykkju hinna eldri.

Byggingin er til orðin vegna mikils og óeigingjarns sjálfboðaliða- og söfnunarstarfs, auk þess sem 8.000 manns hafa lagt sitt af mörkum með greiðslu félagsgjalda, að sögn Þórarins Tyrfingssonar yfirlæknis. - jss

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Stálu heimilistækjum

Lögreglan í Reykjavík handtók þrjá menn aðfaranótt fimmtudags sem brotist höfðu inn í gám í Grafarvogi. Mennirnir stálu heimilistækjum úr gámnum og var þýfið í bíl þeirra þegar lögreglan handsamaði þá þegar þeir hugðust flýja af vettvangi.


Hörkujeppi á einstöku verði

3.395.000 kr.




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is


Vááá
– er mig að dreyma!
blóm helgarinnar
Oriental liljur
495kr
TILBOÐ
Hurðakrans
2.850kr
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTISERÍUM
SJÁIÐ ÚRVALIÐ!
TILBOÐ
NÝTT NÝTT
SJÁLFSLÖKKVANDI KERTI 4 STK.
695kr
SÝNIKENNSLA UM HELGINA
TILBOÐ
Aðventuskreyting
950kr
Dagatalsskreyting
690kr
TILBOÐ
98.9 BYLGJAN
BEIN ÚTSENDING Á BYLGJUNNI
LAUGARDAG 13.00 - 16.00
Lukku stund!
VILTU VINNA ÚTILJÓSAPAKKA
AÐ VERÐMÆTI 50 ÞÚS?
ILMANDI
VÖFFLUKAFFI
UM HELGINA
KÓRSÖNGUR OG KÖKUSALA
SÖNGHÓPURINN NORÐURLJÓS
Jólaleikur barnanna
SÝNIKENNSLA UM HELGINA
LÆRÐU AÐ VEFJA
AÐVENTUKRANS
NÝTT Í KORTAGERÐ
Á FÖNDURLOFTINU
TILBOÐ
Blandað greni
780kr
GARÐHEIMAR
heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is
OPIÐ TIL
KL. 22.00
FRAM
AÐ JÓLUM!


Kjúklingaveisla í
40% afsláttur við kassann
MÓA KJÚKLINGUR kílóverð nú:
479 KR.
Merkt verð 799KR.
Grillaður
heill og kaldur
Móa kjúklingur
40% afsláttur við kassann
Ferskir blandaðir bitar
FERSKIR BLANDAÐIR BITAR KÍLÓVERÐ NÚ:
318 KR.
Merkt verð 530KR.
Rafskafa
Fusion Power
RAFSKAFA Gillette
1498 KR.
FUSION
4 rakblöð
4 rakblöð Gillette
1498 KR.
FUSION
Gillette
Fusion
POWER
Tími reykskynjaranna!
2 stykki 9V
259 KR.
2x 9V
rafhlöður
Bónus býður betur!
LAMBA HELGARSTEIK kílóverð nú:
1104 KR.
Merkt verð 1698KR.
Fjalla
GRILL LAMB
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR KÍLÓVERÐ NÚ:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
BÓNUS
30% afsláttur við kassann
35% afsláttur við kassann
Lamba
helgarsteik
beinlaus
SS ÚRB. HANGILÆRI kílóverð nú:
1819 KR.
Merkt verð 2598KR.
SS ÚRB. HANGIFRAMPARTUR kílóverð nú:
1329 KR.
Merkt verð 1898KR.
BIRKIREYKT HANGIKJÖT
Birkireykta úrbeinaða hangikjötið frá SS
FRAMPARTUR OG LÆRI
ERAN/Landlist
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS


Bónus ALLA helgina!
EKKERT BRUDL
Veislukjúklingur með fyllingu frá Móum
45% afsláttur við kassann
FYLLTUR VEISLUKJÚKLINGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
495 KR.
Merkt verð 899KR.
FERSKAR SKINNLAUSAR
kílóverð nú:
1668 KR.
Merkt verð 2565KR.
35% afsláttur við kassann
Ferskar bringur
Nú á 20% lægra verði!
20% lægra verð!
OS SAMLOKUOSTUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
876 KR.
Merkt verð 1168KR.
25% afsláttur við kassann
FERSKAR KJÖTVÖRUR
UNGNAUTAHAKK
8-12% FITA
898 KR.
KÍLÓVERÐ
Ferskt ungnautahakk
8-12% fita
Piparkökur
Karen Volf
PIPARDROPAR HÁLFT KÍLÓ
198 KR.
KAREN VOLF
500g
BÓNUSMALT
59 KR.
500 ml
MALT
2 lítrar
98 KR.
2 lítrar
98 KR.
2 lítrar
98 KR.
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**NORÐURLJÓS** Þau skörtuðu sínu fegursta, norðurljósin á vetrarhimninum yfir Palmer í Alaska fyrr í vikunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglan á Blönduósi hlaut verðlaun Umferðarráðs fyrir umferðaröryggisstarf:

# Lengsta hraðahindrun Íslands

**UMFERÐARMÁL** Lögreglan á Blönduósi hlaut verðlaunagrip Umferðarráðs, Umferðarljósið, sem var veittur í gær í sjöunda sinn. Umferðarljósið hlýtur sá aðili, einstaklingur, samtök eða stofnun sem þykir hafa unnið sérstaklega árangursríkt og eftirtektarvert starf á sviði umferðaröryggismála. „Gárungarnir kalla þetta lengstu hraðahindrun á Íslandi,“ sagði Bjarni Stefánsson, sýslumaðurinn á Blönduósi, sem tók við verðlaunum á Umferðarþingi 2006 í gær.

Bjarni segir verðlaunin hafa mikla þýðingu fyrir lögregluna á Blönduósi, sem hefur starfað við strangt umferðareftirlit síðan um miðjan níunda áratuginn þegar Jón Ísberg var þar sýslumaður. „Árin þar á undan var mikið um umferðarslys sem mátti rekja til hraðaksturs og malbikunarkafla og malarkafla í bland þar sem talsvert var um útafakstur. Þá var tekin sú ákvörðun að reyna að berjast gegn hraðakstri og þetta verkefni hefur staðið síðan.“

Þau vopn sem eru notuð í þessari baráttu eru umferðarlögin að sögn Bjarna. „En hins vegar hefur lögreglan gert miklu meira því hún hefur líka lagst í rannsóknarvinnu með félagsvísindadeild Háskóla Íslands með styrk frá Rannsóknarráði umferðaröryggismála þar sem verið er að reyna að finna út gögn til að stuðla að frekara umferðaröryggi.“ - sdg



**BJARNI STEFÁNSSON OG STURLA BÖÐVARSSON** Samgönuráðherra afhenti sýslumanninum á Blönduósi Umferðarljósið á Umferðarþingi á fimmtudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ríkisstjórnin:

## Lækkar skatt á geisladiskum

**SKATTAMÁL Ríkisstjórnin samþykkti í fyrradag að lækka virðisaukaskatt á geisladiskum úr 24,5 prósentum í 7 prósent.**

„Þetta eru afar ánægjulegar fréttir sem koma okkur reyndar ekki á óvart eftir þær góðu viðtökur sem erindi okkar hlaut hjá fjármálaráðherra í fyrri viku. Hann sýndi málinu óvenju næman skilning og hét atfylgi sínu - sem nú hefur gengið eftir,“ segir Jakob Frímann Magnússon, formaður Félags tónskálda og textahöfunda.

**Lækkunin mun taka gildi 1. mars á næsta ári eins og aðrar boðaðar breytingar á virðisaukaskattslögunum. Með þessu á að koma til móts við óskir um jafnari samkeppnisstöðu tónlistar við aðrar listgreinar.** - gar

Aðstandendafélag aldraðra með neyðarfund í Háskólabíói í dag:

# Brýnt að eyða bið eftir hjúkrunarrýmum

**ALDRAÐIR** Reynir Ingibjartsson, formaður Aðstandendafélags aldraðra, Afa, segir að vöntun á hjúkrunarrýmum sé viðvarandi vandi, biðlistar séu til staðar og styttist afar lítið ef nokkuð. Þá verði að taka alvarlega á fjölbýlinu á þeim hjúkrunarheimilum sem fyrir eru. Baráttufundur verði því haldinn í Háskólabíói í dag.



**ÓLAFUR G. EINARSSON**

Ólafur G. Einarsson, fyrrverandi ráðherra, heldur ávarp á fundinum á laugardaginn ásamt séra Jónu Hrönn Bolladóttur og Gunnari Hersveini heimspekingi.

Ólafur segir að brýnast sé að byggja hjúkrunarheimili til að eyða þeim biðlistum sem eru. „Það eru að minnsta kosti þrjú hundruð manns að bíða eftir vistun og það þarf að leysa vandamál þeirra allra. Það er ekki hægt að bíða með þetta í nokkur ár,“ segir hann.

„Fundurinn er neyðarkall um að það verði tekið tillit til þessa við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2007,“ segir Reynir. „Þetta er áskorun til Alþingis. Það vantar fjármagn strax. Fjármagn á ekki að koma frá ríkisvaldinu fyrr en 2008 og 2009. Það eru kosningar í vor og þá tekur við ný ríkisstjórn og nýir þingmenn og enginn veit hvað verður. Við teljum að fjármagn þurfi að koma á næsta ári því ýmsir eru í startholunum. Það eru bara grjótharðir peningar sem halda,“ segir Reynir. - ghs



**LÝSISLÓÐIN** Aðstandendafélag aldraðra heldur í dag fund til að þrýsta á fjárveitingu í byggingu hjúkrunarheimila. Til greina kemur að byggja eitt slíkt á Lýsislóðinni.








**ICELAND EXPRESS** Flýgur beint frá Egilsstöðum til Kaupmannahafnar næsta sumar.

Millilandaflug frá Austurlandi:

## Beint flug til Danmerkur

**SAMGÖNGUR** Frá og með 1. júní 2007 mun Iceland Express bjóða upp á beint flug tvisvar í viku á milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar.

Matthías Imsland, framkvæmdastjóri Iceland Express, segir félagið hafa fundið fyrir miklum áhuga meðal íbúa Austurlands fyrir millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll.

Það var Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra sem keypti fyrstu miðana í gegnum vef fyrirtækisins. Hún fagnar framtaki Iceland Express og segir millilandaflugið hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu á þessu svæði og víðar um land. - hs

**DANMÖRK**

### Tvöfalt fleiri sykursjúkir

Tvöhundruð og tuttugu þúsund Danir eru sykursjúkir, sem eru tvisvar sinnum fleiri en heilbrigðisráðuneyti Danmerkur hefur hingað til talið, segir í frétt Politiken í gær af nýjum tölum ráðuneytisins. Flestir eru með týpu 2, en um tuttugu þúsund Danir eru með sykursýki 1, sem oftast greinist í börnum og unglingum.




| Hraði | Gagnamagn | Verð | Hámark |
|---|---|---|---|
| 1 Mb/s | 1 GB | 2.990 kr. | 6.725 kr. |
| 6 Mb/s | 2 GB | 3.990 kr. | 6.480 kr. |
| 8 Mb/s | ótakmarkað | 4.990 kr. | 4.990 kr. |
| 12 Mb/s | ótakmarkað | 5.990 kr. | 5.990 kr. |

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.242 **+0,10%** **Fjöldi viðskipta:** 338 **Velta:** 6.045 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Grandi** | **+1,63%** | Teymi | -0,69% |
| **Atlantic Petr.** | **+1,38%** | Bakkavör | -0,67% |
| **Str.-Burðarás** | **+1,16%** | Exista | -0,46% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,71 +0,54% ... Actavis 67,00 +0,90% ... Alfesca 5,07 -0,39% ... Atlantic Petroleum 588,00 +1,38% ... Atorka 6,30 +0,00% ... Bakkavör 59,80 -0,67% ... Eimskipafélagið 31,40 +0,00% ... FL Group 23,10 +0,00% ... Glitnir 21,90 +0,00% ... Kaupþing 812,00 -0,25% ... Landsbankinn 26,50 +0,38% ... Marel 79,50 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,50 +1,16% ... Össur 115,00 +0,88%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### KB lystir í HB

Stærstu hluthafarnir í HB Granda týna tölunni hver á fætur öðrum. Nú hafa Vátryggingafélag Íslands, Lífís og Samvinnulífeyrissjóðurinn horfið á braut eftir að félögin seldu hlutabréf sín í þessu stærsta útgerðarfélagi landsins, ef mælt er í kvóta. Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til þess að giska á hver kaupandi bréfanna hefur verið en Kaupþing hefur átt í margvíslegum viðskiptum við seljendur. Kaupþing fór nýverið yfir þrjátíu prósenta hlut í HB Granda og hefur verið einrátt á kauphliðinni um langa hríð. Ýmsar kenningar hafa verið nefndar fyrir þessum mikla áhuga Kaupþingsmanna á Granda. Sumir telja að Kaupþing vilji skipta félaginu upp, selja frá því kvóta og eignir en forvígismenn bankans hafa ekkert gefið upp um áform sín.



### Verðbólga í boltanum

Sýn hefur náð sýningarréttinum á enska boltanum af Skjá einum en ljóst má vera að fjárhæðir sem greiddar eru fyrir þessa vinsælu deildarkeppni hafa hækkað gríðarlega frá undirritun síðasta samnings. Talið er líklegt að Sýn borgi 1.300-1.400 milljónir króna fyrir réttinn, sem gildir til ársins 2010, en stjórnendur 365 segjast hafa tryggt sér nokkra styrktaraðila. Fyrir þremur árum börðust Skjár 1 og og Norðurljós um sýningarréttinn. Sigurður G. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Norðurljósa, sagði þá að Norðurljós hefðu boðið 195 milljónir króna fyrir réttinn; 21 prósentum hærri upphæð en þrjú ár áður. Sigurður G. taldi að samkeppnisaðilarnir á Skjánum, sem hrepptu hnossið, hefðu borgað tíu prósentum hærri upphæð; um 220 milljónir króna.

## MARKAÐSPUNKTAR

Bandaríska umferðaröryggisstofnunin (NHTSA) hefur skikkað bílaframleiðandann Volvo, dótturfyrirtæki Ford, til að innkalla 360.000 bíla í Bandaríkjunum vegna galla í rafeindastýrðri eldsneytisgjöf bílanna.

Stjórn sænska vörubílaframleiðandans Scania hefur fellt óvinveitt yfirtökutilboð þýska samkeppnisaðilans MAN í félagið. Tilboðið hljóðaði upp á 10,2 milljarða evrur; um 942 milljarða íslenskra króna.

Verð sjávarafurða í íslenskum krónum hækkaði um tæp 2 prósent í september en lækkaði um 1,6 prósent í október, samkvæmt Hagstofu Íslands. Fiskverð hefur hækkað um 23,5 prósent síðan í febrúar.

# ENNEMM aðalsigurvegari Effie

Effie-verðlaunin, sem eru viðurkenning fyrir auglýsingaherferðir, auglýsinga- og kynningarefni sem SÍA stendur fyrir, voru veitt í gær. ENNEMM auglýsingastofa hlaut tvö Effie-verðlaun, annars vegar gullverðlaun í flokknum þjónustu ásamt KB banka fyrir herferðina Nám er lífsstíll, fjármálaþjónusta fyrir ungt fólk þar sem Þorsteinn Guðmundsson fer á kostum. Hins vegar silfurverðlaun ásamt Íslenskri getspá fyrir vöruherferðina um Lýð Oddsson til kynningar á Lottó.

Tvenn gullverðlaun voru veitt fyrir vörur. Annars vegar hlaut auglýsingastofan H:N markaðssamskipti og Bernhard verðlaun fyrir herferðina 4x4xCR-V sem kynnti Honda-vörumerkið. Hins vegar Íslenska auglýsingastofan og Toyota á Íslandi fyrir Toyota Aygo-herferðina. Hvíta húsið og Glitnir hlutu silfurverðlaun fyrir ímyndarherferð Glitnis.

Alls voru sautján auglýsingaherferðir sendar inn, sex á sviði þjónustu og sex vöruherferðir.

- hhs



**NÁM ER LÍFSSTÍLL** ENNEMM og KB banki hlutu Effie-gullverðlaun fyrir herferðina.


# Opið hús
## hjá Heyrnartækni

Frí heyrnarmæling



**Í dag, laugardaginn 25. nóvember,** er opið hús hjá Heyrnartækni milli kl. 10 – 17. Kynntar verða nýjungar í heyrnartækjum og hjálpartækjum. Gestum gefst kostur á að prófa nýtt þráðlaust samskiptatæki fyrir heyrnarskerta og einstök hljóðtæki við svefnvandamálum og eyrnasuði.

**10% kynningarafsláttur af öllum hjálpartækjum.**
**Allir heyrnartækjanotendur fá eitt rafhlöðuspjald frá PowerOne gefins.**

**Heitt á könnunni og jólasmákökur**

Starfsfólk Heyrnartækni tekur vel á móti þér!



Heyrnartækni

Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | sími: 568 6880 | www.heyrnartaekni.is


# Vodafone tekur vi Digital Íslandi af 365

**Áhersla 365 verður á framleiðslu efnis fyrir ljósvakamiðla meðan Vodafone sér um dreifinguna og þjónustu við áskrifendur. Gengið var frá yfirfærslu verkefna áður en Dagsbrún var skipt upp.**



**ÚTSENDINGARSTJÓRN DIGITALSINS** Vodafone hefur tekið við rekstri og umsýslu á Digital Íslandi og útsendingu ljósvakamiðla 365.

Vodafone hefur tekið yfir rekstur á Digital Íslandi, stafrænu sjónvarpskerfi 365. Gengið var frá samningi um yfirtökuna 15. nóvember, rétt fyrir skiptingu móðurfélagsins Dagsbrúnar í Teymi og 365.

Samningur fyrirtækjanna felur einnig í sér yfirtöku Vodafone á dreifikerfi útvarpsstöðva 365 og hliðrænu sjónvarpskerfi. Vodafone annast einnig rekstur á þjónustuveri 365, áskriftarsölu á Digital Íslandi og afhendingu á myndlyklum í verslunum fyrirtækisins. Þá mun Vodafone reka tækni- og viðgerðarþjónustu og annast uppsetningu og viðhald á sendum fyrir Digital Ísland, hliðrænu sjónvarpskerfi og útvarpsstöðvum fjölmiðlafyrirtækisins. „Við munum leggja áherslu á að efla og stækka dreifikerfi Digital Íslands og auka möguleika í miðlun á efni með enn fjölbreyttari leiðum þegar fram líða stundir,“ segir Gestur G. Gestsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vodafone.

Ari Edwald, forstjóri 365, segir yfirtökuna á Digital Íslandi vera lið í stefnumörkun fyrirtækisins um að einbeita sér alfarið að gerð, framleiðslu, innkaupum og markaðssetningu sjónvarpsefnis. „Með samningnum tryggir Vodafone okkur áfram markaðslega yfirburði þegar kemur að dreifingu á stafrænu sjónvarpsefni. Framtíðin er því björt fyrir áskrifendur okkar og aðra áhorfendur,“ segir Ari.

- óká

# Nýr sjóður mun þekja hálft landið

Stjórnir Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands stefna að því að sameinast en ársfundir sjóðanna, sem haldnir verða fyrir febrúarlok, þurfa að leggja blessun sína yfir áformin. Sameiningin yrði miðuð við árslok 2006.

Sameinaður sjóður yrði í hópi fjögurra til fimm stærstu lífeyrissjóða landsins í eignum talið.

Ekki er búist við að breytingar verði á starfsstöðvum sjóðanna. Starfssvæði þeirra nær frá Hrútafirði í vestri að Skeiðársandi í austri.

Markmið samrunans er meðal annars að auka hagkvæmni og ávöxtun eigna og bæta áhættudreifingu.

Heildareignir lífeyrissjóðanna eru ríflega 80 milljarðar króna en Lífeyrissjóður Norðurlands var ríflega tvöfalt stærri um síðustu áramót. Sjóðsfélagar verða um tvö þúsund talsins.

- e a

# Hluthafar hafna tilboði

Sjóður starfsmannafélags írska flugfélagsins Aer Lingus, sem á stóran hlut í flugfélaginu, hefur fellt yfirtökutilboð írska lággjaldaflugfélagsins Ryanair í félagið. Breska ríkisútvarpið segir sjóðinn geta komið í veg fyrir yfirtöku Ryanair á Aer Lingus.

Aer Lingus var að stærstum hluta í eigu írska ríkisins þar til það var einkavætt í byrjun október. Ríkið heldur eftir um 28 prósenta hlut í félaginu en sjóður starfsmannanna á 12,6 prósenta hlut. Írska lággjaldaflugfélagið Ryanair tryggði sér 19,2 prósenta hlut í félaginu í almennu hlutafjárútboði í október og gerði í kjölfarið yfirtökutilboð í flugfélagið.

Haft hefur verið eftir stjórn Ryanair að félagið líti á hlutafjáreignina sem langtímafjárfestingu þrátt fyrir fyrir að Michael O'Leary, forstjóri Rayanair, hafi þrýst á hluthafa í Aer Lingus að selja og sagt að taki þeir ekki boðinu muni það koma niður á vexti Aer Lingus, sem muni verða lítið flugfélag sem sinni innanlandsflugi .

Yfirtökutilboðið hljóðaði upp á milljarð punda eða rúmlega 130 milljarða íslenskra króna og stendur það til 4. desember næstkomandi. Fari svo að tilboðið verði fellt getur Ryanair ekki lagt fram nýtt tilboð fyrr en að ári liðnu.

- jab


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Klifurbúnaður:
Gönguskór – kr. 29.990
Ísöxi – kr. 6.990
Hjálmur – kr. 5.990
Fæst í Útilíf, Smáralind
BÍLL
SEM SPLÆSIR!
Þegar þú kaupir nýjan bíl færðu í kaupbæti 100.000 króna gjafakort frá Smáralind. Tilboðið gildir á öllum nýjum bílum frá Ingvari Helgasyni. Láttu bílinn kaupa jólagjafirnar í ár!
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
PATHFINDER
NISSAN MICRA
Verð frá 1.590.000
NISSAN PRIMASTAR
Verð frá 2.190.000
NISSAN X-TRAIL
Verð frá 2.890.000
Aukahlutapakki frá Arctic Trucks með 50% afslætti
NISSAN PATHFINDER
Verð frá 4.170.000
33" breytingapakki frá Arctic Trucks innifalinn
NISSAN PATROL
Verð frá 4.590.000
33" breytingapakki frá Arctic Trucks innifalinn
SUBARU
NISSAN
SAAB
ISUZU
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tvö tilboð um ríkisfjármálastefnu:

# Óvarkárni og háskaakstur

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Þegar ríkisstjórnin lagði fram frumvarp til fjárlaga var á þessum vettvangi bent á að fimmtán milljarða afgangur í ríkisrekstrinum væri ónógur. Því mati réði einföld skoðun á efnahagslegum aðstæðum.

Of stór hluti viðskiptahallans er vegna einkaneyslu sem engin innistæða er fyrir. Það er kunn þverstæða að sá hallarekstur þjóðarbúskaparins gefur ríkissjóði auknar tekjur. Gallinn er sá að það er falskur tekjustofn.

Almennt er það viðurkennt markmið að eyða þurfi viðskiptahallanum til að tryggja jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Takist það hverfur hins vegar hluti af tekjum ríkissjóðs. En útgjöldin breytast ekki. Þá er hætt við að ríkissjóður fari að eyða um efni fram í stað almennings. Hvað er þá unnið?

Nú hefur fjárlaganefnd Alþingis kynnt breytingar á fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þær fela í sér tíu milljarða króna aukin útgjöld, mest til velferðar- og menntamála. Tekjuafgangur ríkissjóðs minnkar hins vegar um meira en þriðjung.

Fyrir nýjum útgjaldaáformum eru sterk og gild rök. Þau fela í sér skýr skilaboð um velferðarstefnu. Gallinn er sá að tekna er ekki aflað fyrir þessum nýju útgjöldum, hvorki með nýjum tekjustofnum né niðurskurði annarra útgjalda.

Þetta þýðir einfaldlega að framlag ríkissjóðs til þess að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum minnkar að sama skapi. Fyrir var það framlag af skornum skammti. Tvær hliðar eru á hverjum krónupeningi. Þetta getur framlengt hávaxtatímabilið. Það mun auka kostnað margra heimila og reyndar margra minni fyrirtækja einnig.

Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa sameinast um það álit að tekjuforsendur fjárlagafrumvarpsins séu óvissar og útgjaldaákvarðanir handahófskenndar. Að því er tekjuforsendurnar varðar er þessi gagnrýni málefnaleg.

Rökrétt framhald á þessari gagnrýni hefði verið fólgið í tillögum þar sem gert hefði verið ráð fyrir minni tekjum og breytingum eða niðurfellingu handahófskenndra útgjalda. Hvorugt gerðist.

Þess í stað kynna stjórnarandstöðuflokkarnir fyrsta þátt í sameiginlegri ríkisstjórnarstefnu. Hann er fólginn í auknum velferðarútgjöldum um meira en sjö milljarða króna án nýrrar tekjuöflunar eða lækkunar á öðrum útgjöldum, ekki einu sinni handahófskenndu útgjöldunum.

Tillöguflutningur af þessu tagi gengur þvert á eigið mat stjórnarandstöðuflokkanna á efnahagslegum forsendum fjárlagafrumvarpsins. Segi þeir raunverulega satt að í þessum tillögum sé nýja efnahagsstefnan fólgin á almenningur ekki von á góðu eftir kosningar.

Feli ríkisfjármálastefna núverandi ríkisstjórnar í sér framlengingu á hávaxtatímabilinu getur stefna nýju ríkisstjórnarflokkanna ekki leitt til annars en verulega hærri vaxta. Sú stefna mun bitna harðast á ungu fólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið.

Lýsi tillögur ríkisstjórnarinnar óvarkárni á þjóðbraut efnahagslífsins eru tillögur stjórnarandstöðuflokkanna tilboð um efnahagslegan háskaakstur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Ekkert blað?**

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.**

**550 5600**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Árni mætti ekki

Árni Johnsen fékk heiðursverðlaun Gullkindarinnar í ár. Eftir þónokkrar samningaviðræður við Andra Frey, annan umsjónarmanna Capone á XFM, samþykkti Árni loksins að mæta á samkomuna á fimmtudagskvöldið og taka við verðlaununum. Þegar til kom sást verðandi þingmaðurinn hvergi og Andri og Eiríkur Jónsson, stjörnublaðamaður og heiðursverðlaunahafi síðasta árs, stóðu eins og illa gerðir hlutir á sviðinu. Andri Freyr tók fjarveru Árna mjög óstinnt upp og eyddi drjúgum hluta þáttarins í gærmorgun í að úthúða besta syni Vestmannaeyja. Andri hringdi meðal annars í Árna, kallaði hann lygara og svikara, en Árni reyndi hvað hann gat að verjast fúkyrðum útvarpmannsins. Hann talaði þó ekkert um tæknileg mistök í þetta skiptið.



### Stjáni sló í gegn

Annars tókst hátíðin vel. Stórstjörnur eins og Magni og Sylvía Nótt voru á svæðinu, Magni til að taka við verðlaunum en Sylvía til að taka við verðlaunum fyrir klúður ársins. Að öllum ólöstuðum áttu þó kynnarnir kvöldið, útvarpsmaðurinn geðþekki Stjáni stuð og fyrrverandi ungfrú alheimur, Unnur Birna. Stjáni fór á kostum og lágu viðstaddir hreinlega í gólfinu af hlátri yfir innslögum meistarans. Soffía, kærasta Stjána, var ekki langt undan enda eins gott að hafa auga með sínum manni.



### 6 til sjö hættir

Síðan í febrúar hafa Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson séð um magasínþáttinn 6 til sjö á Skjá einum. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að hætta með þáttinn og verður sá síðasti á dagskrá 21. desember. Þrátt fyrir góðar móttökur og sívaxandi áhorf er það ekki nóg; þátturinn er ekki að skila nógu miklu í kassann og verður því settur af. Nokkur skjálfti virðist annars ríkja á Skjá einum vegna vaxandi vinsælda samkeppnisaðilans Sirkuss og er ætlunin að taka á málunum af hörku. Sjónvarpsáhorfendur munu eflaust græða mest á harðnandi samkeppni.

**gunnarh@frettabladid.is**

# Hinn óbærilegi léttleiki



**ELLERT B. SCHRAM**

**Í DAG** | Eftir prófkjör

Ég má til með að byrja á því að segja ykkur frá prófkjörsraunum mínum, sem einkum voru fólgnar í því að láta fara sem minnst fyrir mér. Einstaka maður klappaði mér á bakið og sagði um leið og hann glotti við tönn: jæja þá, alltaf í prófkjörum (les: alltaf í boltanum).

Þetta lýsir auðvitað þeirri kurteisi Íslendinga að vera góður við aumingjana og mér leið bara nokkuð notalega með þetta hlutskipti, þangað til ég hitti pólitískan áhugamann á förnum vegi daginn fyrir kjörið, sem fullyrti að ég myndi lenda í sjötta eða sjöunda sæti. Þá fann ég aftur til ábyrgðar minnar og rauk út í Áfengi til að kaupa bjór og hvítt vín, til að taka á móti fylgismönnunum og fagnaðar-látunum, sem mundu brjótast út strax við fyrstu talningu. Keypti fyrir fimmtán þúsund kall. Sem voru einu útgjöld mín fyrir utan óvænt útgjöld sem komu til með þeim hætti að þegar við hjónin vorum á leið á kjörstað á laugardeginum, hringdi farsíminn. Falleg kvenrödd tilkynnti: Í talhólfinu eru ein ný skilaboð, ýttu á einn ef þú vilt hlusta, ýttu á tvo ef þú hafnar símtalinu. Við horfðumst í augu hjónin og ég sá vonarglampa minna eigin augna í augunum á Ágústu. Kannske var þarna kominn kjósandi þrátt fyrir allt. Ég ýtti á einn og angurvær rómur Össurar Skarphéðinssonar ómaði í talhólfinu: mundu að kjósa, mundu að kjósa mig, sagði Össur án þess að minnast einu orði á mitt framboð! Þar fór síðasta vonin. Og kostaði mig tíkall!

Ekki það að ég þurfi að kvarta. Fjórir af hverjum tíu greiddu mér atkvæði, fjörutíu prósent var ágætt og ég ákvað að segja mig ekki úr flokknum. Enda var ég kominn á þing nokkrum dögum síðar, svei mér þá og ópólitískur vinur minn hringdi og sagði: það gekk vel hjá þér prófkjörið, kominn strax á þing!

Nei, sagði ég, þetta er út af feðra- og fæðingarorlofi. „Hvað ertu búinn að eignast enn eitt barnið?“ var hrópað hinum megin á línunni. Menn hafa ennþá trú á mér!!

Nei, þetta var barn í brók hjá mér, en Helgi Hjörvar var kominn í hálfsmánaðar barneignarfrí, sem ekki þekktist meðan ég var á mínum sokkabandsárum og hlóð niður börnunum og nú er bara að bíða og vona eftir fleiri barneignum í þingflokknum. Ég hef verið að mæla þá út, hverjir séu líklegastir.

*Nema það að ég er hvorki fæddur né endurborinn frelsari, heldur bara maður á besta aldri, sem hefur gaman af svona uppákomum. Það er gaman að geta gert gagn, gaman að því að finna hlýhug og velvild samherja og pólitískra andstæðinga.*

Það var gaman að koma aftur í þingið. Þar entist ég áður fyrr í hálfan annan áratug, þegar framtíðin beið mín og ég beið eftir henni. Mér hefur liðið eins og forngrip, afturgenginn alþingismaður aftan úr forneskju. Guðni kom og heilsaði upp á mig og minnti mig á að ég sat með karli föður hans á þingi, þeim heiðursmanni Ágústi frá Brúnastöðum. Þó er Guðni orðinn langsetinn ráðherra og með eldri mönnum á þingi. Og svo kom Halldór Blöndal, minn gamli vinur, og vakti athygli mína á því, að vorum saman á þessum vinnustað fyrir þrjátíu og fimm árum og það var óbærilegur léttleiki yfir allri þessari endurkomu minni, sjálfur Kristur risinn upp frá dauðum eða hvað? Nema það að ég er hvorki fæddur né endurborinn frelsari, heldur bara maður á besta aldri, sem hefur gaman af svona uppákomum. Það er gaman að geta gert gagn, gaman að því að finna hlýhug og velvild samherja og pólitískra andstæðinga og geta litið upp til þeirra fjölmörgu manna og kvenna, sem taka þetta starf alvarlega. Auðvitað er þetta fólk, sem situr á þingi, að sækjast eftir frama og upphefð í stjórnmálum, en leggur það þó á sig, að sitja endalausa leiðinlega fundi, karpa um keisarans skegg og hafa skoðanir á þjóðmálum og hagsmunamálum út og suður. Þetta er í rauninni óbærilegt líf, að svo miklu leyti sem það er líf að eiga aldrei sjálfan sig og vera almenningseign. Ég þekki þetta hvorutveggja og af tvennu illu, verð ég að viðurkenna að hún togar í mann þessi freisting, þessi áskorun, að vera kominn á þann aldur að vera maður sjálfur en eiga sér þó enn þann draum að gera heiminn og tilveruna ögn betri. Það getur maður sosum gert, innan þings sem utan, en mestu máli skiptir þegar upp er staðið að vera sjálfum sér trúr, samvisku sinni og hugsun og reynslu. Þess vegna er ég þar sem ég er.

# Ábyrgð karla í umræðunni um nauðganir

**UMRÆÐAN**

Nauðganir



**GÍSLI ATLASON**

Síðastliðnar vikur hefur mikið verið rætt um nauðganir. Tilefni umræðunnar var þrjár hrottafengnar nauðganir á götum úti. Í tveimur árásanna voru ofbeldismennirnir tveir. Umræðan hefur nú minnkað talsvert og hætt er við að hún hverfi alveg. Það er vondur endir á þessari umræðu enda hafa nauðganir átt sér stað síðan umræðan var sem mest, nauðganir áttu sér stað áður en þeir atburðir urðu sem komu umræðunni af stað og fleiri nauðganir munu eiga sér stað í nánustu framtíð. Við munum líklega ekki frétta af þeim enda munu fæstar þeirra verða úti á götu. Það umræðuleysi verður aðeins til að viðhalda goðsögninni um að flestar nauðganir eigi sér stað á götum úti og af óþekktum aðila á meðan við vitum að flestar nauðganir verða í heimahúsum og langflestar nauðganir eru framdar af kunningja, vini eða ættingja. Eitt af því sem stendur svo eftir er ótti kvenna, ótti við að gera eitthvað vitlaust, klæða sig vitlaust, horfa vitlaust á karla, drekka vitlaust, vera á vitlausum stöðum eða t.a.m. vera aleinar á ferð, sem þykir afspyrnuvitlaust. Svona getur félagsmótun óttans fylgt konum.

Það er óþolandi að ábyrgð á nauðgunum skuli á þennan hátt vera færð yfir á konur, bæði þannig að þær sem verða fyrir nauðgunum kenni sjálfum sér um eða þá á þann veg að helmingur þjóðarinnar óttist það að verða fyrir nauðgun og óttist því karla. Á sama tíma hlaupa sumir karlar upp alveg miður sín yfir því að einhver skuli voga sér að nefna ábyrgð karla á þessu kynbundna ofbeldi. Það er snautlegt. Á meðan þörfin á öflugri kynfræðslu til drengja og karla er jafnmikil og raun ber vitni er það óttalega snautlegt að geta ekki tekið upp umræðuna á annan hátt. Slík þöggun gerir lítið annað en að draga úr alvarleika nauðgana. Við höfum síst þörf á því og því sérstaklega gott að vita af Jafningjafræðslunni standa fyrir átakinu „nóvember gegn nauðgunum“.

Laugardaginn 25. nóvember munu Stígamót, Bríet og karlahópur Femínistafélagsins halda tvískipta ráðstefnu í Tjarnarbíói þar sem við munum annars vegar ræða sektarkennd kvenna og hins vegar hver ábyrgð karla er í umræðunni um kynferðislegt ofbeldi en frekari upplýsingar má finna á t.a.m. www.stigamot.is Ég býð karla sérstaklega velkomna.








Brói verður skírður í hálfleik!

# Hann var ágætur, kallinn!

**Saga stráks af Skaganum sem heillaði íslensku þjóðina með snilli sinni í fótbolta. Sorg og mótlæti í æsku bugaði hann ekki. Valinn í landsliðið 16 ára, margfaldur Íslandsmeistari. Bauðst að fara í atvinnumennsku en lá við lömun eftir slys á æfingu hjá Arsenal. Hryggbrotnaði í úrslitaleik gegn KR. Landsliðsþjálfari. Málari að atvinnu og ábyrgur fimm barna faðir. Og svo er það pólitíkin.**





Ríkharður Jónsson átti markametið með landsliðinu í 40 ár, 17 mörk í 33 leikjum; og enn á eftir að bæta það. Þá var spilaður fótbolti, sagði Siggi Sig.

Jón Birgir Pétursson, blaðamaður og rithöfundur, segir sögu Rikka.





Tindur
Bókaútgáfa
Símar: 660 4753 • 534 6250
www.tindur.is •
tindur@internet.is • tindur@tindur.is

# Góð byrjun



www.visir.is

## Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni

Þú gætir unnið flugmiða fyrir tvo með Iceland Express, Nokia síma, áskrift hjá Digital Ísland, glaðning frá 66°Norður og gjafakörfur frá Nóa Síríus.



vísir
Fyrstur með fréttirnar!

Iceland Express · digital ísland · PlayStation · NOKIA · 66° NORÐUR




MAÐUR VIKUNNAR

# Mikill keppnismaður en svolítið kærulaus

BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON, ATVINNUKYLFINGUR

Maður vikunnar er Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur af Skaganum. Fyrir skömmu náði hann þeim merka áfanga, fyrstur íslenskra karlkylfinga, að komast inn á Evrópsku mótaröðina, en á henni leika margir af bestu kylfingum í heimi.

Frá árinu 1985 hafa alls þrettán Íslendingar reynt að komast inn á mótaröðina en enginn haft erindi sem erfiði, nema Birgir Leifur. Það væri aftur á móti hrein og bein sögufölsun að ætla að halda því fram að það hafi reynst Birgi Leifi auðvelt að ná þessu takmarki því hann hefur reynt það síðan árið 1997. Sú staðreynd að hann hafi ekki gefist upp lýsir honum vel. Viðmælendur blaðsins voru nefninlega allir sammála um að helstu persónueinkenni Birgis Leifs væru þolinmæði og þrautsegja ásamt góðri blöndu af einbeitingu, nákvæmni og ögn af kæruleysi.

Birgir Leifur er borinn og barnfæddur Skagamaður. Hann er búsettur í Lúxemborg ásamt eiginkonu sinni Elísabetu Halldórsdóttur en saman eiga þau börnin Inga Rúnar og Birgittu Sóley. Birgir Leifur er fæddur 16. maí árið 1976 og er því rétt skriðinn á fertugsaldurinn. Ýmsir myndu ætla að það væri nú full hár aldur fyrir íþróttamann en staðreyndin er hins vegar sú að hrukkur og siginn brjóstkassi hafa ekki svo mikið að segja í golfinu. Þrítugur kylfingur er ungur kylfingur.

Foreldrar Birgis Leifs eru þau Ella Kristín Sigurðardóttir og Hafþór Harðarson. Birgir Leifur er alinn upp af móður sinni og er hennar einkasonur. Þau bjuggu á Akranesi allt til ársins 1998. Birgir Leifur hefur alla tíð verið mikil félagsvera. Hann var vinsæll krakki í skóla og vinamargur. Á uppvaxtarárunum fór öll hans orka í íþróttaiðkun þannig að á heimili hans var lítið um þessi svokölluðu unglingavandamál. Hann stundaði margar íþróttir og þó hann hafi á endanum valið golfið hafði hann alla burði til að ná lengra í öðrum greinum. Hann æfði meðal annars sund um tíma og handbolta en mest var hann þó alltaf í fótbolta með ÍA og náttúrlega golfi. Þegar hann var í fótboltanum fékk hann meðal annars verðlaun fyrir knattþrautir á Tomma-mótinu í Eyjum. Hann hefur því alltaf verið tæknilega góður íþróttamaður og það hefur skilað sér í golfinu, sem er gríðarleg tæknigrein.

Birgir Leifur byrjaði í golfinu þegar hann var ellefu ára og eftir fyrsta höggið var ekki aftur snúið. Golfíþróttin greip hann gjörsamlega. Hann var fimm mínútur að hjóla á golfvöllinn og fyrstu árin hjólaði hann með golfsettið. Á sumrin eyddi hann öllum stundum á golfvellinum og oftar en ekki var hann þar frá morgni og langt fram á kvöld. Það kom fyrir að móðir hans þurfti að sækja hann á völlinn um miðnætti.

Þegar Birgir Leifur var fjórtán ára tók hann þá ákvörðun að helga sig algjörlega golfinu. Sex árum seinna urðu þáttaskil í lífi Birgis Leifs því árið 1996 sigraði hann á Landsmótinu sem haldið var í Vestmannaeyjum. Hafði hann mikla yfirburði á mótinu og lauk keppni ellefu höggum á undan næsta manni. Það skemmtilega við þennan sigur Birgis Leifs er að hann á ættir að rekja til Eyja. Ella Kristín móðir hans er eyjapæja.



Árangur Birgis Leifs úti í Eyjum vakti það mikla athygli að í febrúar árið 1997 var stofnað einkahlutafélagið ISL sem hafði það að meginmarkmiði að styrkja Birgi Leif. Hann var því orðinn atvinnumaður í golfi.

Birgir Leifur hefur frá því hann var gutti verið efnilegur og góður kylfingur. Hann var samt ekkert endilega sá besti þegar hann var yngri. Einn af viðmælendum blaðsins sem þekkir vel til Birgis Leifs sagði að það sem hefði háð honum einna mest í golfinu þegar hann var yngri var að hann kunni bara að slá beint. Það var hans veikleiki. Vegna þess hversu beint hann sló þá reyndi hann iðulega að slá beint á pinna og það gekk ekki alltaf.

Eins og margir góðir Skagamenn þá er Birgir Leifur mikill og einbeittur keppnismaður en honum er líka lýst sem mjög ljúfum og rólegum. Skynsemi er oft nefnd sem dyggð í golfíþróttinni og voru viðmælendur blaðsins sammála um að Birgir Leifur væri yfirleitt mjög skynsamur en líka ævintýragjarn. Það þarf sambland af skynsemi og ævintýragirni til að ná langt í golfinu. Menn þurfa að vita hvenær þeir þurfa að sækja og hvenær þeir þurfa að halda fengnum hlut. Þegar Birgir Leifur var að stíga sín fyrstu skref í golfinu þótti hann heldur ævintýragjarn eða sókndjarfur og kom það oft í bakið á honum. En nú þegar hann hefur öðlast meiri reynslu virðist hann hafa náð ákveðnu jafnvægi í leik sinn.

Það er misjafnt hvaða ókosti menn hafa. Viðmælendur blaðsins töldu Birgi Leif ekki búa yfir mörgum ókostum þó vissulega hefði hann einhverja. Birgir Leifur þykir gleyminn og oft svolítið utan við sig. Sem dæmi þá hefur hann mætt á golfæfingar en gleymt golfsettinum heima hjá sér. Einnig þykri hann vera svolítill göslari. Sérstaklega gat hann verið draslaralegur á sínum yngri árum. Einu sinni þegar hann var á móti með íslenska ungmennalandsliðinu í golfi erlendis þá var hann sérstaklega beðinn um að mæta snyrtilegur til fara í mótið, enda snyrtimennska í hávegum höfð í golfíþróttinni. Birgir Leifur var nú ekkert að stressa sig mikið á þessu. Þegar í búningsklefann var komið sá Ragnar Ólafsson landsliðsþjálfari að Birgir Leifur mætti með óburstaða skó og það ekki í fyrsta skiptið. Ragnar greip til þess ráðs að pússa annan skóinn í von um að Birgir Leifur myndi sjá að sér og pússa hinn og kannski ef til vill læra smá lexíu. Þessi lexía fór algjörlega fyrir ofan garð og neðan því Birgir Leifur fór í skítuga skóinn en fór síðan að leita að hinum. Félagar hans bentu honum á að hinn skórinn væri þessi vel pússaði við fæturna á honum. Hann fór í hann og sagði síðan "Vá, þetta er kúl," og fór síðan út að spila eins og ekkert hefði í skorist.

Sú staðreynd að það hafi tekið Birgi Leif tíu ár að komast á Evrópsku mótaröðina getur reynst honum vel. Hann hefur öðlast mikla reynslu á þessum árum sem mun vafalaust nýtast honum í átökunum framundan. Viðmælendur blaðsins sögðu hins vegar að það myndi koma gríðarlega á óvart ef hann myndi sigra á móti á sínu fyrsta ári, en þó hann gerði það ekki væri ekki þar með sagt að hann gæti ekki komist í allra fremstu röð. Það tók velska kylfinginn Ian Woosnam sjö ár að komast á mótaröðina, en eftir að hann komst inn um þröskuldinn háa, lét hann heldur betur til sína taka.



FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




# SKÍTAKULDI ER HUGARÁSTAND

SPJARAÐU ÞIG!

Cintamani Outdoor Store // Laugavegur 11

# Útvarpsþjónusta í almannaþágu

**UMRÆÐAN**
Fjölmiðlun


LÁRA N. EGGERTSDÓTTIR

Ein meginstoð réttlætingar fyrir rekstri Ríkisútvarpsins samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi um Ríkisútvarpið ohf. er nauðsyn þess að ríkið reki útvarpsþjónustu í almannaþágu. M.ö.o. RÚV hafi hlutverk sem ljósvaka-og netmiðlar í einkaeigu geti ekki uppfyllt.

Með frumvarpinu eru drög að þjónustusamningi um útvarpsþjónustu í almannaþágu sem á að skilgreina hlutverk RÚV og réttlæta það að ríkið telur sig þurfa að innheimta árlega 14.580 kr. af hverjum einstaklingi 16 ára og eldri og eyða 3 milljörðum til þess að halda úti ljósvaka og netmiðli í samkeppni við þau fyrirtæki sem starfa á fjölmiðlamarkaði.

Því skyldi ætla að í samningnum væri skipting RÚV í samkeppnisrekstur annars vegar og þjónustu þess í almannaþágu hins vegar, vel skilgreint og sýnt fram á hvar markaðurinn hefur ekki sinnt því hlutverki sem RÚV er ætlað.

Þau drög sem liggja fyrir að þjónustusamningi ríkisins við RÚV innihalda hins vegar engar slíkar skýringar og er hlutverk RÚV sem útvarps í almannaþágu skilgreint í 2. gr. svona:

„RÚV skal með vönduðum hætti miðla fréttum, upplýsingum, menningarefni, fræðsluefni, íþróttum og afþreyingu 2. gr.“

Ekki er orð um að finna í samningnum um samkeppnisrekstur RÚV. Því má ætla að menntamálaráðherra og útvarpsstjóri telji að allt sem RÚV gerir í dag og er ætlað að gera sé í almannaþágu.

**R V skal með Úönduðum hætti miðla fréttum**

Mbl.is, Visir.is, vb.is, fréttastofa NFS, fyrrverandi fréttastofa Skjás eins, auk fjölda annarra hafa miðlað fréttum í ljósvaka og netmiðlum. Hver er munurinn á þeirra fréttum og fréttum RÚV í almannaþágu? Í samningnum er ekki að finna neinar skilgreiningar á því. Eru fréttir annara miðla ekki nógu vandaðar að mati ráðherra. Ef Alþingi þykir ástæða til að reka sérstaka ríkisfréttastofu af þeim sökum er ljóst að hægt er að úthluta RÚV rás fyrir ríkisfréttir og kosta til þess broti af þeim 3 milljörðum sem RÚV er ætlað. Ef þetta hlutverk RÚV er nauðsyn, af hverju er þá ekki gefið út ríkisdagblað?

**R V skal miðla upplýsingum**

Hvaða upplýsingar eru það sem RÚV er ætlað að miðla í almannaþágu?. Ekki er orð um það í samningnum. RÚV ohf. getur þannig miðlað upplýsingum um sýningartíma bíómynda, upplýsingum um veður og færð, komu og brottfaratíma flugvéla eða símanúmer einstaklinga og fyrirtækja. Er þörf á RÚV til að sinna þessu hlutverki?

**R V skal miðla menningarefni**

Menningahlutverki Rúv hefur mikið verið haldið á lofti. Í drögum um þjónustusamningsins er þetta eina skilgreiningin: „RÚV skal fjalla um, útvarpa og sýna frá menningarviðburðum, bæði innanlands og erlendis. Skal menningarumfjöllun vera að lágmarki hin sama í mínútum talið og við upphaf samningstímabilsins í hljóðvarpi og sjónvarpi.“ Og hvað skyldi það vera mikið? Ekki orð um mínútur og hlutfall né heldur hvað er menningarviðburður, er það Eurovision eða tónleikar Robbie Williams í London?

**R V skal miðla fræðsluefni**

RÚV skal senda út fræðsluefni og heimildaþætti. „Þá skal RÚV leggja metnað sinn í að nota ólíka tækni og margmiðlun til að koma á framfæri fréttum og fræðsluefni til almennings“; hér er einfaldlega farið að tala um tækni og dreifingarmál en ekki fræðslu. Tölum þá um tækni og dreifingarmál. Ef ríkið þarf að leiða tækniþróun á þessum markaði, hver er þá réttlætingin á einkavæðingu Símans? RÚV var og er ekki í fararbroddi við miðlun á Internetinu og einkaaðilar eru ljósár á undan RÚV í stafrænum og gagnvirkum útsendingum.

**R V skal miðla íþróttum**

Nánari skilgeining í samningnum er að „RÚV skal senda út frá íþróttaviðburðum bæði innanlands og erlendis og gæta jafnræðis milli íþróttagreina eins og kostur er. RÚV skal gæta jafnræðis milli kynja í ... umfjöllun um íþróttir og íþróttaefni eins og kostur er“.

Miðlun íþrótta sem sagt en ekki samkeppnisrekstur, þó samkeppni um innkaup á íþróttaefni sé gríðarlega hörð. Það sannaðist hvað best á dögunum þegar RÚV yfirbauð tvo samkeppnisaðila á markaðnum og tryggði sér réttinn á að sýna EM 2008 í knattspyrnu fyrir 80-100 milljónir. Hvernig er það í almannaþágu að nota skattfé til að kaupa slíkt efni þegar tryggt er að það verður sýnt að meginhluta í opinni dagskrá, þó ríkið íhlutist ekki til um það. Sýn hefur sinnt innlendum íþróttum mun betur en RÚV, með beinum útsendingum og á Digital Ísland og breiðvarpi Símans er fjölbreytni í íþróttaefni endalaus. Ef útsendingar á íþróttaefni eru réttlæting á tilveru RÚV eru menntamálaráðherra og útvarpstjóri á algerum villigötum. Samkeppni ríkisins við einkaaðila um innkaup á íþróttaefni hefur engu öðru skilað en miklu hærra verði til erlendra dreifiaðila.

**R V skal miðla afþreyingu.**

Hvergi í samningnum er þetta hlutverk útvarps í almannaþágu frekar skilgreint. Hinsvegar hefur RÚV um 20 ára skeið verið virkur samkeppnisaðili á markaði um kaup á afþreyingarefni við þau fyrirtæki sem starfað hafa á þessum markaði, sum starfa enn, önnur urðu halloka í samkeppninni við RÚV. Að miðla afþreyingu getur ekki verið hlutverk ríkisins. Hví gefur ríkið þá ekki út reyfara, gefur út geisladiska og rekur kvikmyndahús sem sýnir það vinsælasta frá Hollywood hverju sinni?

Nokkur markmið og skilyrði sem RÚV skal uppfylla til að réttlæta tilvist þess sem útvarps í almannaþágu eru tilgreind í samningnum:

**Íslenskt efni**

Íslenskt efni milli 19.00 og 23.00 skal aukast úr 44% sem það er í dag í 65% í lok samningstímans 2011. Þetta þykir mörgum væntanlega eitt og sér góð réttlæting á rekstri RÚV. En hvað ef þess nyti ekki við, væri innlendu efni ekki sinnt nægilega vel? Innlend dagskrárgerð á Stöð 2 hefur aukist umtalsvert á undanförnum árum og má í því samhengi nefna að hlutfall íslensks efnis á Stöð 2 jan.-maí 2006 var rúmlega 50% á tímabilinu 18.30-23.00.

Ef bornar eru saman þessar tvær stöðvar m.t.t. hvers konar íslenskt efni er verið að sýna er meginhluti efnis RÚV fréttir og fréttatengt efni en milli 19 og 23 er slíkt efni tæpar tvær klst. fjóra daga vikunnar (Fréttir, Kastljós, 10-fréttir). Hjá Stöð 2 er um að ræða klukkustund af þessu tagi efni á þessum tíma svo ljóst er að önnur íslensk dagskrárgerð s.s. leikið efni og önnur afþreying er mun meiri á Stöð 2 en RÚV. Er hægt að réttlæta tilvist RÚV á þeim forsendum að það sýni minna íslenskt efni en samkeppnisaðili?

**Barnaefni**

Skv. drögum að þjónustusamningi við RÚV skal barnaefni að lágmarki vera það sama og það er í dag eða 550 klst á ári. Stöð 2 hefur frá upphafi lagt mikinn metnað í barnaefni og var frumkvöðull í framboði og talsetningu vandaðs barnaefnis. Stöð 2 sýndi á árinu 2005, 987 klst. af barnaefni þ.a. íslenskt talsettu 487 klst. Stöð 2 sýnir því mun meira barnaefni en RÚV og átti frumkvæði af því að auka framboð vandaðs talsetts barnaefnis, sinnir Stöð 2 þá hlutverki útvarps í almannaþágu ekki betur en RÚV?

**Nýsköpun í dagskrárgerð**

„RÚV skal gerast kaupandi eða meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildamyndum eða öðru sjónvarpsefni og verja til þess að lágmarki 150 milljónum króna frá og með árinu 2008. Árið 2009 hækkar upphæðin í 200 milljónir og verður við lok samningstímabilsins 2011 250 milljónir.“

Stöð 2 varði rúmlega 400 milljónum í innlenda dagskrárgerð á árinu 2005 fyrir utan fastráðna dagskrárgerðarmenn og fréttastofu.

Á þessu ári mun verða yfir 600 milljónum varið í innlent efni á Stöð 2. Sirkus, ný opin sjónvarpsstöð, varði 54 milljónum í innlent efni og Sýn 92 milljónum. Skjár 1 hefur vafalítið eytt umtalsverðum fjárhæðum í innlent dagskrárefni.

Á samningstímanum (til 2011) mun Stöð 2 verja meira en 3 milljörðum í íslenskt dagskrárefni, en RÚV hefur það markmið að verja 900 milljónum í kaup á íslensku efni til ársins 2011 af þeim 15 milljörðum sem hún hefur í tekjur á á tímabilinu. Ef Aþingi telur þörf á að styrkja innlenda framleiðendur að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum eða heimildarmyndum sérstaklega þarf ekki stofnun eins og RÚV.

Frumvarpið sem breytir RÚV í opinbert hlutafélag auðveldar og rýmkar forsendur ríksins til að keppa við einkageirann. Þetta er mjög öfugsnúin þróun.

Alþingismenn og skattgreiðendur hljóta að gera þá kröfu að ráðherra skilgreini hlutverk RÚV á faglegum forsendum sem standast skoðun, því það er augljóst að einkastöðvar sinna almannaþáguhlutverki RÚV eins og þær er skilgreint betur en RÚV og því engin þörf á að ríkið taki til sín 58.320 kr. af hverri 4 manna fjölskyldu á ári hverju.

*Höfundur er framkvæmdastjóri 365 Ljósvakamiðla*


RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun




Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.620.000
**Verð frá kr. 1.301.205 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 24.896
**Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.**

Renault Trafic
Verð frá kr. 2.280.000
**Verð frá kr. 1.831.325 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 35.295
**Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.**

Renault Master
Verð frá kr. 2.720.000
**Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.**
Fjármögnunarleiga kr. 42.024
**Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.**

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is


# „Kaupum ekkert“ dagurinn í dag

**UMRÆÐAN**
Verslun


JÓHANN BJÖRNSSON

Ég las í Fréttablaðinu í vikunni að svokallaður „kaupum ekkert“ dagur er haldinn í dag, laugardag. Ég hef áður heyrt um þennan dag og heillast af hugmyndinni, en einhvern veginn finnst mér það miður hversu lítið hefur farið fyrir þessu uppátæki. Ástæðan fyrir því er væntanlega einföld; veldi þeirra sem hafa engan hag af slíkum dögum vegur þyngra og því kemur það í veg fyrir þessi dagur verði eins flottur og hann ætti að vera. Rödd þeirra sem vilja hvíla gildismat neysluhyggjunar týnist.

En hvers vegna „kaupum ekkert“ dag? Jú, það er fullþörf á að vekja til umhugsunar um það kaupæði og þær neysluvenjur sem ríkja hér á landi og oft endurspeglast í græðgisvæðingunni svokölluðu.

Viðtal við hina frönsku Aude Busson vakti athygli mína á fimmtudag en þar segir hún að Íslendingar séu haldnir mun meira kaupæði heldur en þjóðin sem hún þekkir best, Frakkar. Og hún bætir því jafnframt við að í svona neyslusamfélagi eins og við búum í eru margir hættir að njóta þess að kaupa sér eitthvað.

Ég hef oft minnst á þann texta sem hefur haft einna mest áhrif á mig, fyrirlestur Magnúsar Skúlasonar „Skaðsemi velmegunar“ sem kom út 1988. Þar minnir hann á að gæði lífsins felast síður en svo eingöngu í því sem telja má í krónum og aurum. Það er svo margt annað sem telst til gæða lífsins. Af aurum einum saman verður maður ekki hamingjusamur. Það er kjarni málsins.

Margir eru til í að prófa allskonar matar- og megrunarkúra en þegar kemur að því að hvíla buddunа þá gengur oft verr. En ég hvet fólk eindregið til þess að taka einn dag á öllu árinu í að upplifa annars konar gildi en þau sem felast í því að kaupa og telja krónur og aura. Tökum góðan stað frá fyrir buddunа í dag laugardag.

Svo í lok dags má meta hvort það var svo skelfileg reynsla.

*Höfundur tekur þátt í forvali VG á höfuðborgarsvæðinu*

Ford
Nýtt tákn um gæði

**Sérstakt** jólatilboð á Ford




**Jólapakkinn í ár**
Verðmæti 100.000 krónur
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Fiesta með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

Ford Fiesta - einn mest seldi bíll í heimi

# Kauptu Fiesta á jólatilboði

## Jólin nálgast - gerðu bestu jólainnkaupin í Brimborg




**Jólatilboð 1.690.000 kr.**
Fiesta Trend 1,6i 5 dyra, sjálfskiptur.*
Bílasamningur 20.670 kr. Rekstrarleiga 31.180 kr.
Verð án jólatilboðs 1.790.000 kr.

**Við staðgreiðum gamla bílinn þinn****

**Jólin eru komin í Brimborg. Kynntu þér gott jólaverð á Fiesta. Kynntu þér góð jólakjör á bæði bílasamningi og rekstrarleigu. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Fáðu lægri vexti. Lægra lántökugjald. Byrjaðu jólin í Brimborg – komdu í Brimborg.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

### Fiesta er einn vinsælasti bíll heims

**Fáir bílar státa af jafn miklum vinsældum um allan heim og Ford Fiesta. Fiesta er nýtt tákn um fallega hönnun smábíla sem skartar því besta í búnaði frá stærri bílum. Öryggi Fiesta, aksturseiginleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Mundu eftir IPS öryggiskerfinu, EBD hemlajöfnuninni og IPS öryggispúðum við framsæti og í hliðum. Veldu Ford á jólatilboði Brimborgar.**

**Jólapakkinn í ár**
Verðmæti 100.000 krónur
í formi afsláttar á sjálfskiptum,
5 dyra Fiesta með kraftmikilli 1,6i vél.
Einnig 50% afsláttur af gæða
vetrardekkjum frá Pirelli eða Nokian.

Jólatilboð Brimborgar

**JÓLIN NÁLGAST**
**OFURJÓLATILBOÐ Á FORD**
**KYNNTU ÞÉR GREIÐSLUKJÖRIN**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru álfelgur.



Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 700 kr. kg
UNGNAUTALUND WELLINGTON
3.998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 800 kr. kg
LAMBAGEIRI MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
2.398 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 300 kr. kg
GRÍSAKÓTELETTUR
FYLLTAR M/STEIKTU GRÆNMETI
1.698 kr. kg
KRÓNHJARTARFILLET
HIGHLANDGAME STEIK
4.498 kr. kg
HREINDÝRAFILLET
GÓMSÆT VILLIBRÁÐ
3.998 kr. kg
37% afsláttur
1/1 KALKÚNN
FROSINN
Salthnetukökur
Myntu- súkkulaðikökur
20% afsláttur
Den gamle!
Hátíðarsultur
Campbell's
kjúklinga-
sveppa-
aspassúpur
Cream of CHICKEN Soup
Cream of MUSHROOM Soup
Cream of SPARAGUS Soup
169 kr. stk.
Oscar kraftur
25% afsláttur
NÓATÚN


Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Veislufugl
20% afsláttur
SS LAMBA-HAMBORGARHRYGGUR
1.229 kr. kg
44% afsláttur
MÓA VEISLUFUGL MEÐ FYLLINGU
499 kr. kg
41% afsláttur
HAMBORGARHRYGGUR
BAUTABÚRS
998 kr. kg
15% afsláttur
SÆLKERA PATÉ
Í ÚRVALI
15% afsláttur
HÚSAVÍKUR HANGIKJÖT
ÚRB. LÆRI OG 1/2 FRAMPARTUR
Lifðu lífinu í lit!
NÓATÚN
AVOCADO
269 kr. kg
VATNSMELÓNA
99 kr. kg
EGGALDIN
149 kr. kg
SKALOTT LAUKUR
69 kr. 250 g
HVÍTLAUKUR
59 kr. 250 g
=
5 á dag
Verði ykkur að góðu!

# *Hingað og ekki lengra!*




*Í Dagbók* ***Þráins Bertelssonar*** *er fjallað um fordóma, rassahúmor, snjókomu og nýtísku doðasprautu. Ennfremur er minnst á andlega hungursneyð, skotgrafarhernað og knattspyrnuáhuga og loks er bent á ráð til að fjármagna ríkisrekstur á stjórnmálaflokkum.*

## Kæra Dagbók



*Þráinn Bertelsson skrifar*

### Rassahúmor

Nóvember 18 LAUGARDAGUR

Við Sólveig fórum með Krumma okkar í bíó að sjá enska gyðinginn Sacha Baron Cohen leika Kasakkann og gyðingahatarann Borat.

Það var margt fyndið í myndinni og hún hefði getað orðið frábær kómedía um fordóma, ef höfundar hefðu ekki í öryggisskyni ákveðið að reyna að gulltryggja aðsóknina með rassahúmor, en slík fyndni á öflugan og síbernskan viðskiptamannahóp sem fer vaxandi.



### Barnið lifir!

Nóvember 19 SUNNUDAGUR

Merkilegt nokk, þá fékk ég staðfestingu á því í morgun að enn þá tórir barnið í mér. Hjartað tók kipp þegar ég leit út um gluggann nývaknaður og sá að það hafði kyngt niður snjó í nótt.

Ég kunni ekki við að þjóta út til að velta mér upp úr snjónum og búa til engla. Í staðinn náði ég mér í skóflu og mokaði frá húsinu. Það var nokkurs konar eilífðarverk því að það komu jafnóðum snjóskriður niður af þakinu. Verst að Andri og litla Sól mega ekki vera úti. Þau eru búin að vera heima undanfarna daga, frökenin með hlaupabólu og hann illa kvefaður.

### Doðasprauta

Nóvember 20 MÁNUDAGUR

Fallegur dagur frá hendi Almættisins þótt mannleg náttúra og sjúkleg gróðafíkn virðist vera söm við sig. Ég fékk mjög skrýtið bréf frá tryggingafélagi sem ég hef hingað til verið í viðskiptum við og tilkynnti mér mjög ósvífna hækkun á iðgjöldum.

Við hentugleika mun ég hafa samband við tryggingafélagið og biðja um skýringar. Ef þær skýringar eru ekki auðskildar er alveg ljóst að ég mun leita að ódýrari tryggingarkostum annars staðar, ekki bara með bílinn heldur allan tryggingapakka fjölskyldunnar.

Á sama tíma les ég frétt um það á Netinu að tjónum hafi fækkað í fyrra. Þar er líka sagt frá því að 18 og 19 ára ökumenn valdi flestum tjónum. Ég er sloppinn úr þeim áhættuhópi.

Hinn formlegi jólaundirbúningur hófst í dag hérna í Norska bakaríinu. Núna ilmar allt húsið af hinni óviðjafnanlegu ensku jólaköku sem ég hef bakað fyrir hver jól undanfarin 20 ár, eða síðan vinir okkar Sigga og Paul í Pipar og salti gáfu mér uppskriftina.




Sólveig mín fyrirgefur mér margt vegna þessa kökubaksturs og segir að kakan mín slái jafnvel út jólakökuna frá þeirri frægu búð Harrod's sem sjálfur Móhameð Al Fajed bakar.

Leyndarmálið er að ég á stóra sprautu svipaða þeim sem notaðar eru til að sprauta beljur við doða og þessa sprautu nota ég til að sprauta konjaki inn í kökuna mína í hverri viku fram að jólum. Ein sneið nægir til að fá mannskapinn til að dansa kringum jólatréð.



### Andleg hungursneyð og knattspyrna

Nóvember 21 ÞRIÐJUDAGUR

Stundum finnst mér að það sé andleg hungursneyð í landinu. Það eru mörg herrans ár síðan ég hef heyrt fólk deila um hugmyndir eða hugmyndafræði.

Stjórnmálaumræða er afgreidd út af borðinu með alhæfingum: Vinstri grænir eru á móti öllu. Framsóknarflokkurinn er gjörspillt klíka. Árni Johnsen er mælikvarði á siðferðisvitund Sjálfstæðisflokksins. Samfylkingin hefur enga stefnu. Frjálslyndir ætla að bjarga sér úr útrýmingarhættu með því að taka upp rasisma. Svona frasar koma í staðinn fyrir sjórnmálaumræðu. Enda er hér helst ekki talað um annað en peninga eða fótbolta. Og þeir sem nærast á hugmyndum eru í svelti.

Hérna er ein hugmynd sem ég fann af tilviljun þegar ég var sársvangur að ráfa um Netið:

Sálfræðingurinn Judith Rich Harris heldur því fram í bókinni „The Nurture Assumption“ að burtséð frá misnotkun og/eða vanrækslu séu engar vísindalegar sannanir til sem réttlæti óbilandi trú samfélagsins á getu foreldra og uppeldis til að móta sálarlíf barna sinna.

Rich Harris spyr: „Þrátt fyrir takmarkalausa viðleitni til að uppfylla allar kröfur afkvæmanna – eru börnin hamingjusamari, sjálfsöruggari, heilbrigðari andlega eða minna herská nú á tímum en fyrir 60 árum þegar fullorðnir – ekki börn – voru húsbændur á heimilum?“

Það ætlaði allt af göflunum að ganga þegar Harris setti fram hugmyndir sínar um takmarkaðan árangur í uppeldismálum. Aðrir sálfræðingar spurðu hvort hún vildi gefa foreldrum leyfi til að vanrækja börnin sín?

Þrátt fyrir að margir hafi orðið til að mótmæla henni hefur engum tekist að hrekja staðhæfingar hennar með gildum rökum. Um þetta má lengi deila, enda er aðalatriðið að Harris hefur sett fram óvænta hugmynd sem hefur fengið fólk til að skoða viðtekin sannindi upp á nýtt og rökræða stöðu mála.

Oft finnst mér að í stað þess að hugmyndir séu ræddar hér á landi fari fram staðnaður skotgrafahernaður. Ef einhver segir eitthvað er ekki litið á innihald ræðunnar, heldur hvar í flokki viðkomandi stendur og afstaða tekin út frá því. Eins og tíðkast í lélegri knattspyrnu er hjólað í manninn, ekki boltann.

Átrúnaður á stjórnmálaflokka er brjóstumkennanlegur þegar hann birtist eins og ævilöng tryggð við íþróttafélag eða átthagasamtök. Ég á til dæmis að vera KR-ingur fyrir lífstíð af því að ég fæddist og bý vestan við læk sem var yfirbyggður löngu fyrir mína fæðingu og sameinaður holræsakerfi borgarinnar! (Ég held reyndar með KR en mest með Skagamönnum – vegna æskuminninga um snillinginn Rikka).

Í stað þess að flytja inn fólk frá öðrum löndum til að vinna skítverk fyrir okkur ættum við að flytja inn sérfræðinga til að kenna okkur að hefja íslenska umræðu á hærra plan.

Það er sennilega rétt að ljúka þessu hugmyndaspjalli með því að gleðjast yfir því að þótt Íslendingar kunni að vera fátækir í andanum eiga þeir nóg af gulli til að geta keypt sér fótboltafélag í Lundúnum. Það fótboltafélag heitir West Ham og kaupverðið var töluvert hærra en sá prís sem íslenska þjóðin fékk fyrir Landsbanka Íslands hérna um árið – og gaf listasafn með í kaupbæti.

### Engin hefð fyrir samkeppni ...

Nóvember 22 MIÐVIKUDAGUR

Loksins, loksins er verðsamráð olíufélaganna komið fyrir dómstóla.

Ég sá á Netinu að „verjandi Olís sagði að það yrði að hafa í huga að samkeppnislög hefðu aðeins gilt í tvö ár þegar brotin áttu sér stað, eða fyrir um tíu árum. Engin hefð hefði því verið fyrir samkeppni hér á landi á þeim tíma“.

Engin hefð fyrir samkeppni fyrr en samkeppnislög voru sett! Ekki stóð í fréttinni hvort hlegið hefði verið í réttarsalnum að þessum brandara.

### Ríkisreknir stjórnmálaflokkar

Nóvember 23 FIMMTUDAGUR

Nú lítur út fyrir að alþingismenn séu endanlega orðnir geggjaðir. Á þessum dásamlegu einkavæðingartímum hefur tekist þverpólitísk sátt um að þjóðnýta stjórnmálaflokkana í staðinn og raða þeim eins og feitum sauðum á ríkisjötuna.

Það er kannski falleg hugsun að ríkið taki að sér framfærsluskyldu á fyrirbærum sem fyrir löngu eru orðin viðskila við þorra fólks í landinu. En fyrir mína parta vil ég fyrir alla muni vera laus við ríkisrekna stjórnmálaflokka. Þeir einkareknu eru alveg nógu vitlausir fyrir mig.

Ef fólk langar til að vera í stjórnmálaflokki á það einfaldlega að borga sín árgjöld til að flokkurinn eigi fyrir kaffi og vínarbrauðum og jafnvel aðgang að húsnæði, og svo geta þessir flokkar aflað sér peninga með happdrætti, kökubasar og frjálsum framlögum.

Hingað og ekki lengra! Næst dettur þeim örugglega í hug að fresta kosningunum í vor um óákveðinn tíma til að spara ríkinu peninga – sá sparnaður væri tilvalinn tekjustofn fyrir ríkisrekna stjórnmálaflokka. Einnig mætti spara með því að fella niður ellilífeyrisgreiðslur til annarra en fyrrverandi alþingismanna.





# SETTU ÞAÐ SAMAN HTH




## Það er leikur einn að koma upp nýju eldhúsi fyrir jólin!




3 sýningarsalir: Smáralind, Akureyri og Selfoss




## HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman ...*

### Af hverju að borga meira?

HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi.

Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að ***Settu það saman*** línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

### Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.

HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni ***Settu það saman*** línunnar frá HTH.

Öll framleiðsla HTH er með ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001 gæðavottun sem þýðir að HTH vinnur samkvæmt helstu gæðastöðlum ásamt því að taka tillit til umhverfis og vinnuumhverfissjónarmiða og er vottað sem slíkt.

### Einfalt og þægilegt.

Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. ***Settu það saman*** er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu. HTH býður ókeypis teikniforrit með þessu kerfi sem gerið þér auðvelt að máta hina ýmsu stærðir og útlit inn í þitt eldhús.

### Stíllinn og áferðin skipta sköpum.

Í ***Settu það saman*** kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt. Lítil halogenljós sem falla í hillur eða veggskápa gefa fallega og notalega birtu. Borðplatan setur svo punktinn yfir i-ið. Við bjóðum upp á úrval borðplatna í hæsta gæðaflokki og í ýmsum munsturlitum. Borðplötur úr gegnheilu beyki og mahogni eru mjög vinsælar og setja glæsilegan svip á eldhúsið.

**Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.**

Frítt teikniforrit á **www.gds-hth.dk** og þú hannar Draumaeldhúsið þitt auðveldlega.







**AEG**

**20% afsláttur** veittur af lúxus eldhústækjum frá AEG þegar keyptar eru innréttingar frá HTH.

**ORMSSON**

**ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160 RADIONAUST, AKUREYRI · Sími 461 5003 SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908**

## UMMÆLI VIKUNNAR

*Ég verð að segja eins og er hvað varðar innlegg háttvirts þingmanns Björgvins Sigurðssonar að hann virðist bara tala, hann hlustar ekki og vill frekar standa í skylmingum en í uppbyggilegum umræðum. Ég held að hann ætti að reyna að læra af eldri þingmönnum í flokki sínum, eins og háttvirtum fyrirspyrjanda [Jóhönnu Sigurðardóttur] um það hvernig svona umræður geta farið fram á uppbyggilegan hátt.*

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra í umræðum um aðgerðir gegn skattsvikum.

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Gamli sorrí Gráni á hinu háa Alþingi

Það gerist ekki oft, en ó stundum, að háttvirtum ingmönnum er líkt við hross. Háttvirtur sjöundi ingmaður Reykjavíkurkjördæmis norður, Guðjón Ólafur Jónsson, Framsóknarflokki, greip ó til eirrar líkingar í umræðum um fjárlög á fimmtudag og líkti háttvirtum sjöunda ingmanni Norðausturkjördæmis, Einari Má Sigurðarsyni, Samfylkingunni, háttvirtum fimmta ingmanni Norðvesturkjördæmis, Guðjóni Arnari Kristjánssyni, Frjálslynda flokknum, og háttvirtum áttunda ingmanni Norðvesturkjördæmis, Jóni Bjarnasyni VG, við ennan fyrrum arfasta jón mannsins. Sagði



*Gamli sorrí Gráni*
*er gagnslaus og smáður*
*gisinn og snjáður*
*meðferð illri af.*

*Hann er feyskinn og fúinn*
*og farinn og lúinn*
*og brotinn og búinn að vera.*
*Hann er þreyttur og þvældur*
*þunglyndur spældur*
*og beizkur og bældur í huga.*

*Gamli sorrí Gráni*
*er gagnslaus og smáður*
*gisinn og snjáður*
*meðferð illri af.*

*Hann er beygður og barinn*
*og brotinn og marinn*
*og feigur og farinn á taugum.*
*Hann er knýttur og kalinn*
*og karoni falinn*
*ó hvað hann er kvalinn af öllum.*

ingmaðurinn háttvirtur að vissi hann ekki betur mætti halda að Megas hafi ort kvæði sitt; Gamli sorrí Gráni um háttvirta remenninga. Menn segja ýmislegt á hinu háa Al ingi Íslendinga.



## VIKA Í PÓLITÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

# Óvissa um þinglok

Það líður að ví að fjölmiðlar geti farið að birta árlegar fréttir sínar um að óvissa ríki um hvenær ingið lýkur störfum. Samkvæmt starfsáætlun fer ingið í jólahlé 8. desember og á dagskrá eru fimm hefðbundnir ingfundadagar. Nefndafundir verða rjá fyrstu dagana í næstu viku, ingfundur verður á fimmtudag en föstudaginn 1. desember verður frí, samkvæmt áratuga venju. Í vikunni ar á eftir verða fjórir ingfundadagar en einn dagur er lagður undir riðju umræðu fjárlaga.



Á essum fimm ingfundadögum urfa menn að láta hendur standa fram úr ermum ví mörg mál bíða afgreiðslu. Má ar nefna stjórnarfrumvörp um Ríkisútvarpið, vaxtabætur, flutning verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til sýslumannsembætta og um Landsvirkjun. Þá á eftir að ræða um lög um fjármál stjórnmálaflokka.

Auk essara mála liggur fyrir inginu að taka til meðferðar fjölmörg ingmannafrumvörp.

Og að er nú ekki eins og ingfundum sé varið óskiptum í að ræða um frumvörp; utandagskrárumræður og athugasemdir við störf ingsins taka sinn tíma líka. Það má ví kalla ingheim góðan ef áætlun um jólahlé 8. desember stenst.

Landslagið í inginu breyttist á mánudag egar Valdimar Leó Friðriksson sagði sig úr Samfylkingunni. Vel má vera að Valdimar hafi hugsað málið vel og lengi en tilkynningin til ingsins sjálfs lætur lítið yfir sér. „Það tilkynnist yður hér með, herra forseti, að ég undirritaður hef sagt mig úr ingflokki Samfylkingarinnar og úr Samfylkingunni. Ég mun að sem eftir lifir essa kjörtímabils starfa á Al ingi sem óháður ingmaður utan ingflokka. Virðingarfyllst, Valdimar Leó Friðriksson, 9. ingmaður Suðvesturkjördæmis."

Það getur kostað blóð, svita og tár, auk mikils tíma og jafnvel talsverðra peninga að komast til áhrifa í stjórnmálaflokki. Útleiðin er jafnan auðveldari.


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ – Vel lesið

*Gallup maí 2006




UNDIR S Ð Sigurður Ey órsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, við borðið sitt í höfuðstöðvunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stjórnmálaflokkarnir eru mikilvægir lýðræðinu

**Það má líkja því við kraftaverk að fulltrúar allra flokka hafi náð saman um tilhögun fjármála stjórnmálaflokka. Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, sem stýrði starfi nefndar forsætisráðherra um verkið, segist á stundum hafa verið svartsýnn á að samkomulag næðist.**

„Þetta var alls ekki sjálfgefið og stundum var ég svartsýnn en það var takmark mitt að ná samkomulagi og það tókst að lokum," segir Sigurður. Helsta skerið sem vinnan steytti á var hvernig fara skyldi með frjáls framlög til flokkanna. Uppi voru jafn ólík sjónarmið og að banna alfarið slík framlög og að gefa þau algjörlega frjáls. Lendingin varð að takmarka framlögin við 300 þúsund krónur á ári og gera flokkunum skylt að upplýsa frá hvaða fyrirtækjum þeir fengju styrki.

„Þessir kostir velktust lengi í nefndinni en á endanum náðist samstaða sem auðvitað er málamiðlun eins og svo margt í stjórnmálum," segir Sigurður.

Hliðstæð nefnd, sem skipuð var 1994 og starfaði í fjögur ár, komst að þeirri niðurstöðu að ekki ætti að breyta neinu. Sigurður segir tímana hafa breyst og að auki hafi komið tilmæli frá Evrópuráðinu um fjármál stjórnmálaflokka. Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Kjartan Gunnarsson, fráfarandi framkvæmdastjóri, hafa báðir sagt að nú væri tortryggni um kaup á ítökum í stjórnmálum eytt. Sigurður tekur undir orð þeirra og segir að nú sé mikið af öflugum fyrirtækjum og einstaklingum sem hafi yfir miklu fé að ráða. „Ég er ekki að fullyrða að einhver hafi reynt að kaupa sér áhrif en hættan hefur verið meiri en áður."

Það er gömul saga og ný að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft tengsl við fyrirtækin sem voru nefnd kolkrabbinn og Framsóknarflokkurinn við Sambandið og síðar smokkfiskinn. Í tali um auð í dag er rétt að halda til haga að fyrrnefndar fyrirtækjablokkir voru ekki beinlínis blankar. Sigurður viðurkennir það og minnist líka tengsla verkalýðshreyfingarinnar við vinstri flokkana. „Ég þekki þessi tengsl ekki til hlítar en um þau hefur verið fjallað. Þegar ég kem til starfa í Framsóknarflokknum fyrir tæpum tuttugu árum var búið að gera SÍS upp og þau tengsl ekki til staðar þá. En ég dreg ekki í efa að þau voru til. Eftir að ég kom til starfa voru ekki sérstök tengsl milli fyrirtækja og míns flokks en ég get auðvitað ekki svarað fyrir aðra."

Sigurður veit ekki fyrir víst hvaða áhrif ný lög um fjármál flokkanna munu hafa á Framsóknarflokkinn en þó liggi fyrir að möguleikar flokksins til að afla fjár frá fyrirtækjum verði takmarkaðir. Enn sé óljóst hvernig þau bregðist við því að framlög til stjórnmálaflokka verði gerð opinber og leiða megi að því rökum að þau verði síður tilbúin til að láta fé af hendi nema láta alla fá sömu upphæð. „Við þurfum að efla innra starfið og afla fleiri styrkja innan flokksins. Og ég lít það jákvæðum augum að flokksmenn láti meira af hendi til reksturs þeirra. Flokkarnir gætu orðið sterkari fjöldahreyfingar á eftir."

Til að mæta takmörkunum á frjálsum framlögum til stjórnmálaflokkanna verða ríkisstyrkir auknir. Sigurði er vel kunnugt um að ekki séu allir jafn hrifnir af opinberum styrkjum til flokka en biður fólk að sýna því skilning að stjórnmálaflokkar eru mikilvægar stofnanir fyrir lýðræðið í landinu. „Þetta eru samtök sem hafa það hlutverk að leggja fram trúverðuga kosti fyrir kjósendur. Þau hafa lagt á sig mikla vinnu við að móta stefnuna og leggja hana á borð fyrir kjósendur. Þetta er mikilvægt samfélagslegt hlutverk og ég fæ ekki séð neitt óeðlilegt við að menn njóti opinberra styrkja til að sinna því hlutverki."



Vönduð spariföt
í miklu úrvali
oxmo
TILBOÐ
Skyrta
4.499 kr
Verð áður 4.999.-
TILBOÐ
Bolur
3.999 kr
Verð áður 4.499.-
ice
Skyrta
3.999 kr
oxmo
TILBOÐ
Skyrta
3.999 kr
Verð áður 4.499.-
TILBOÐ
Bolur
3.999 kr
Verð áður 4.499.-
oxmo
Jakki
5.499 kr
ice
Buxur
3.499 kr
TILBOÐ
Buxur
4.999 kr
Verð áður 5.499.-
Kjóll
4.499 kr
ice
Buxur
3.499 kr
oxmo
Pils
3.999 kr
oxmo
Buxur
4.999 kr
Ballerínuskór
svartir, st. 36-42
2.999 kr
Ballerínuskór
svartir, st. 36-42
3.999 kr
Stígvél
svört, st. 36-42
3.999 kr
Stígvél
svört, st. 36-42
3.999 kr
Gildir til 1. desember eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**690**
~~964~~

Vnr. 88901108-9
## Gluggaskraut
Snjókarl, 35 ljósa með glærum eða mislitum perum.



**3.990**
~~6.990~~

Einhell®
Vnr. 74804118
## Rafhlöðuborvél
**EINHELL** rafhlöðuborvél 18V, með 2 rafhlöðum.



**1.990**
~~2.946~~

Einhell
Vnr. 74802250
## Stingsög
**EINHELL** stingsög 600W, blaðstýring, hraðastilling, land og ryksugutengi.



Vnr. 49800202
## Jólasveinn
Jólasveinn í tunglinu með ljósi, 58 cm.

**1.490**
~~1.995~~

# mikið úrval af ÚTISE



Vnr. 88903016-23
## Jólatré
Úti jólatré, hvítt, glærar perur, 90, 120, 150, 180, 210 eða 240 cm 220V.

Verð frá **6.990**



Vnr. 88949245-58
## Net útisería
Net útisería, 100/150/200 eða 360 ljósa, glær eða mislit.

Verð frá **2.490**kr. ~~2.990 kr.~~



Vnr. 88902900
## Hreindýr
Upplýst hreindýr og sleði, 150x42 cm, tilvalið í garðinn.

**9.990**kr
~~11.900 kr~~



Hægt að tengja saman allar gerðir og lengdir

Vnr. 51880221-34
## Útisería
SYSTEM LED, díóðu perur, net eða sería. Fæst í BYKO Breidd og Akureyri.

Verð frá **2.990**kr.

www.byko.is
verslaðu á netinu



**1.590**

~~2.434~~

**BOSCH**

Vnr. 74851904

***Skrúfjárnaveski***

**BOSCH** skrúfjárnaveski, 38 stk.



FRÁBÆR JÓLAGJÖF

**34.900**

Vnr. 88615740

***Billjardborð***

Billjardborð 213x117x70 cm. Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.

# ...ERÍUM



Vnr. 88900722-67

***Útisería***

Útisería. 40/60/80 eða 120 ljósa, margir litir af perum.

Verð frá

**790**



**3.490**

~~4.990~~

Vnr. 41100173

***Eldfast mót***

SUN eldfast mót.



**4.990**

~~7.399~~

Vnr. 41383235

***Hitafat***

Framreiðslufat 30 cm. Glæsilegt fat með loki og undirhita. Tilvalið fyrir heita rétti á hlaðborði.



**9.990**

~~14.990~~

Vnr. 65753081

***Örbylgjuofn***

GALANZ örbylgjuofn úr stáli með grilli og stafrænu stjórnborði, 23 ltr. 900W.

**BYKO**

**GÆÐI Á LÆGRA VERÐI**

AUGUSTO PINOCHET ER 91 ÁRS Í DAG

*Stundum þarf að lauga lýðræðið í blóði.*

*Pinochet var einvaldur í Chile og stjórnaði landinu með harðri hendi.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. NÓVEMBER 1970

## *Róttæklingur styttir sér aldur*

Á essum degi árið 1970 framdi hinn heims ekkti japanski rithöfundur Yukio Mishima sjálfsmorð eftir að hann fékk ekki hljómgrunn hjá almenningi fyrir oft á tíðum öfgakenndar pólitískar skoðanir sínar. Mishima fæddist árið 1925. Hann var heltekinn af ví sem hann áleit andlegt íburðarleysi nútímalífs. Hann hefði heldur kosið Japan líkt og að var fyrir heimsstyrjöld ar sem ströng jóðernishyggja og hefðir réðu ríkjum en ekki vestræn efnishyggja.



YUKIO MISHIMA

Hann stofnaði mjög umdeildan einkaher, byggðan upp af hundrað stúdentum sem áttu að verja keisarann ef til uppreisnar vinstrisinna kæmi.

Hinn 25. nóvember skilaði hann útgáfustjóra sínum síðasta handriti að fjögurra binda verki um líf Japana á 20. öldinni. Þá hélt hann ásamt nokkrum fylgismönnum sínum og hertók skrifstofur hershöfðingja í hernaðarlegri byggingu í Tókýó. Hann hélt stutta ræðu af svölum yfir um úsund hermönnum ar sem hann hvatti á til vopna. Hermennirnir tóku ræðunni fálega og sá Mishima sér á einu leið færa að fremja seppuku, sjálfsmorð samkvæmt japanskri hefð, ar sem hann stakk sjálfan sig á hol með sverði.

## MERKISATBURÐIR

**1783** Síðustu bresku hermennirnir yfirgefa New York-borg.

**1897** Púertó Ríkó fær sjálfstæði frá Spáni.

**1940** Breska herstjórnin á Íslandi lýsir allt hafsvæði milli Vestfjarða og Grænlands hættusvæði.

**1952** Leikritið Músagildran eftir Agöthu Christie er frumsýnd í London.

**1963** Forseti Bandaríkjanna, John F. Kennedy, er jarðsunginn í Washington.

**1973** Gríska forsetanum George Papadopoulos er steypt af stóli.

**1982** Þyrla rekst í loftnetsvír og brotlendir skammt frá Sjónvarpshúsinu við Laugaveg í Reykjavík.



†

*Okkar yndislegi og ástkæri sonur og bróðir,*

**Örn Steinar Ásbjarnarson**

Þorgrímsstöðum,

lést 21. nóvember á Líknardeild Landspítalans, Kópavogi. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Kristín Guðjónsdóttir**
**Ásbjörn Guðmundsson**
**Þorbjörg og Margrét Ásbjarnardætur**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Marinó E. Þorsteinsson**

leikari, Víðilundi 20, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 27. nóvember kl. 13.30.

**Þorsteinn Marinósson** — **Bryndís Guðnadóttir**
**Ingibjörg M. Marinósdóttir** — **Óli Þór Ragnarsson**
**Guðrún Marinósdóttir** — **Kristján Lilliendahl**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ása Kr. (Stína) Ingólfsdóttir**

Gullsmára 5, Kópavogi,

lést sunnudaginn 19. nóvember. Útför fer fram frá Bústaðakirkju, mánudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

**Kristinn Guðmundsson**
**Hildur Þorsteinsdóttir** — **Karl Bjarnason**
**Guðmundur Ingi Kristinsson**
**Anna Sigurborg Kristinsdóttir**
**Inga Sigrún Kristinsdóttir** — **Magnús Þór Haraldsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærar eiginkonu minnar, fósturmóður, ömmu, systur og mágkonu,*

**Birnu Ingibjargar Egilsdóttur**

Stórholti 6a, Akureyri.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á gjörgæsludeild Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar. Guð blessi ykkur öll.

**Sigurður Sigmarsson**
**Helgi Jónsson** — **Nótt Magdalena Helgadóttir**
**systkini og mágar**



**HERDÍS FRIÐRIKSDÓTTIR** Vill fá fleiri og fjölbreyttari hópa til að sækja Heiðmörk heim. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR:** 60 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ Í DAG

# Vill fleiri gesti í Heiðmörk

Skógræktarfélag Reykjavíkur heldur afmælishátíð í formi málþings og móttöku í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í dag, en félagið fagnar 60 ára afmæli á árinu. „Við vildum halda lítið og skemmtilegt málþing og hafa þetta þannig að fólk hafi gaman af að fylgjast með,“ sagði Herdís Friðriksdóttir, verkefnisstjóri hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. „Við vildum líka hafa málþingið svolítið í kringum Heiðmörk, sem er okkar stærsta verkefni,“ bætti hún við. Ásamt umfjöllun um „græna trefilinn“, útivistarsvæðin sem umlykja höfuðborgarsvæðið, verða því flutt nokkur erindi um Heiðmörk og lýkur málþinginu á að Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs, opnar heimasíðuna heidmork.is.

Ýmislegt hefur breyst á þeim 60 árum sem félagið hefur starfað. „Áður fyrr var félagið með miklu stærra svæði. Það sá um Öskjuhlíðina, Rauðhólasvæðið, Heiðmörk og Fossvoginn svo eitthvað sé nefnt,“ sagði Herdís. Núna sér félagið um Heiðmörk og Esjuhlíðar. Áherslur félagsins hafa því eðlilega breyst, þó að aðalmarkmið þess sé að sjálfsögðu enn þá að vinna að skógrækt í Reykjavík. „Við leggjum núna aukna áherslu á að efla fræðslu, og að gera þessi útivistarsvæði sem best,“ sagði Herdís, sem er einmitt með fræðslumál á sinni könnu. „Náttúruskólinn í Reykjavík hóf til dæmis göngu sína í fyrra og við létum útbúa útikennslustofu við Elliðavatn í sumar,“ sagði Herdís, en Náttúruskólinn, undir stjórn Helenu Óladóttur, miðar að því að nýta græn svæði Reykjavíkur til fræðslu fyrir skólabörn.



**HEIÐMÖRK** Er nú stærsta verkefni Skógræktarfélags Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skógræktarfélag Reykjavíkur býður gestum upp á ýmislegt annað. „Við höfum verið með fræðslugöngur í Heiðmörk, fjölskyldudaga, tálgunarkennslu fyrir börn og útimessur. Við höfum haldið námskeið í gróðursetningu og klippingu trjáa, og í desember býðst fólki að koma og sækja sér jólatré í Heiðmörk,“ sagði Herdís. Hún segist stefna að því að fá fleiri og mismunandi hópa til að sækja Heiðmörk heim. „Við ætlum að auka svona dagskrá, við erum bara rétt að fara af stað,“ sagði hún.

Málþingið hefst klukkan tvö í dag og móttakan klukkan fjögur.

**sunna@frettabladid.is**



## 80 ára afmæli

er í dag 25. nóvember

**Gunnlaugur Jóhannesson**

**Hann tekur á móti vinum og vandamönnum að heimili sínu milli kl. 15-18 í dag.**

## AFMÆLI



**Þórey Sigþórsdóttir** leikkona er 41 árs.



**Inga María Valdimarsdóttir** leikkona er 35 ára.

**LEGSTEINAR**
Kynningarafsláttur á völdum tegundum
REIN Viðarhöfða 1 : 110 Reykjavík : Sími 566 7878 : Fax 566 8787
rein@rein.is : www.rein.is

# BT Stafrænt

festu jólin á stafræna filmu

## Myndavél

Aðeins í BT

8 Megapixlar

**SONY**

DSCW100
8 Megapixlar
Super HAD CCD myndflaga
Carl Zeiss® Vario-Tessar linsa
3x aðdráttur um linsu
2,5" LCD skjár
ISO 80-1250
"Anti-blur" ISO1250 High Sensitivity



FYLGIR 10.999

256MB & 512MB minniskort fylgja, aðeins í BT!

3.999 Vaxtalaust 12 mán.

47.988 Staðgreitt

## Myndavél

Aðeins í BT

**SONY**

DSCW70
6.0 Megapixlar
Super HAD CCD myndflaga
Carl Zeiss® Vario-Tessar linsa
3x aðdráttur um linsu
2.5" LCD litaskjár
ISO 80-1000
"Anti-blur" ISO1000 High Sensitivity



FYLGIR 10.999

256MB & 512MB minniskort fylgja, aðeins í BT!

3.299 Vaxtalaust 12 mán.

39.588 Staðgreitt

## Myndavél

Carl Zeiss linsa með hristivör



**SONY**

DSCT9
6 Megapixlar
Carl Zeiss® Vario-Tessar linsa
Hristivörn í linsu
3x aðdráttur um linsu
2,5" skjár
58MB innbyggt minni
ISO 64-640

*Hrikalega flott þunn myndavél frá Sony*

3.299 Vaxtalaust 12 mán.

39.588 Staðgreitt

## Myndavél

Aðeins í BT

FYLGIR 6.999

512MB

**SONY**

DSCH5
7.1 Megapixlar
Carl Zeiss® Vario-Tessar linsa
Hristivörn í linsu
12x aðdráttur um linsu
3" skjár
32MB innbyggt minni
ISO 80-1000



12 x aðdráttur með hristivörn!

4.999 Vaxtalaust 12 mán.

59.988 Staðgreitt

## Tökuvél

Aðeins í BT

FYLGIR 8.596



**Panasonic**

NVGS27B
800.000 pixla CCD myndflaga
30x optical Zoom
2.5" Litaskjár
36mm Wide Angle
Ljósnæmi 2 Lux (Colour Nigthview)
Pure Colour Engine
DV tengi út
Virkar sem vefmyndavél

30x aðdráttur

2.999 Vaxtalaust 12 mán.

35.988 Staðgreitt

## Tökuvél

Aðeins í BT

FYLGIR 8.596

**SONY**

DCR-HC46E
1 Megapixlar
Carl Zeiss Vario-Tessar linsa
12x aðdráttur um linsu
2.7" LCD WideScreen Snertiskjár
High Quality WideScreen upptaka
Memory Stick Duo rauf
Einfaldur "Click to DVD" hugbúnaður
Fjarstýring og USB kappall fylgja
Tengistöð fylgir
DV inn/út



25.000 verðlækkun

4.999 Vaxtalaust 12 mán.

59.988 Staðgreitt



MEÐ MÖRG JÁRN Í ELDINUM Sigurjón Sighvatsson einblínir núna á útrás 66 Norður og segir fyrirtækið mjög sterkt í dag.

# *Gæði fara aldrei úr tísku*

Sjóklæðagerðin sem framleiðir 66°Norður-vörurnar fagnar 80 ára afmæli á þessu ári. Tvö ár eru liðin síðan **Sigurjón Sighvatsson** keypti fyrirtækið og hefur það tvöfaldast síðan. Sigurjón er upptekinn maður sem kann að nýta tímann vel og því fékk ***Hanna Björk Valsdóttir*** að heyra ástæður þess að hann skellti sér í fatabransann meðan hann sat í stólnum hjá Magna hárgreiðslumanni á Rauðhettu og úlfinum.

Mikið eða lítið?“ spyr Magni. „Milli,“ svarar Sigurjón þegar hann sest í stólinn. Hárgreiðslumaðurinn Magni er einnig þekktur sem eigandi Kronkron, eins mesta tískuveldisins í Reykjavík, og því vel við hæfi að hann klippi eiganda 66°Norður en vörur þaðan hafa í gegnum tíðina ekki verið þekktar sem tískuvörur en hafa jafnt og þétt sótt í sig veðrið hvað tískustrauma varða. Þó að Sigurjón leggi áherslu á að 66°Norður sé fyrst og fremst hágæðavara hafa nýjar áherslur í hönnun á útivistarfatnaði aukið vinsældir vörumerkisins gífurlega og er það jafn vinsælt meðal Íslendinga og ferðamanna. Og nú hefur fræga fólkið bæst í aðdáendahópinn, Hollywood-stjörnur á borð við Scarlett Johansson ganga um í 66°N úlpu og Danny Mastersson úr That 70‘s Show mætti á rauða teppið á frumsýningu Bond-myndarinnar Casino Royale í London klæddur í 66°Norður.

Sigurjón Sighvatsson hefur í gegnum tíðina verið þekktur fyrir að vera framleiðandi í Hollywood, en er kannski einnig þekktur fyrir að vera með mörg járn í eldinum. Hann ferðast mikið og er með margt í gangi í einu. Hann dvelur meira á Íslandi núna en áður og að hluta til býr hann í Danmörku þar sem hann er í fasteignaviðskiptum. Fyrir tveimur árum keypti hann stórt dreifingarfyrirtæki í kvikmyndaiðnaði í Skandinavíu, ScanBox, þar sem hann er stjórnarformaður. Þar fyrir utan framleiðir hann kvikmyndir og margt fleira. „Ég eyði mjög miklum tíma í 66°Norður en kannski ekki nógu miklum. Þó að það sé mjög fínt fólk í 66°Norður í dag þá finnst mér að ég ætti að vera meira hérna,“ svarar Sigurjón þegar hann er spurður hversu miklum tíma hann eyði í að reka fyrirtækið.

Aftur á móti segir hann lykilatriði að fá gott fólk með sér svo hann þurfi að gera sem minnst. „Hlutverk framleiðanda í kvikmyndagerð er að finna gott fólk. Góður framleiðandi gerir í raun mjög lítið, hann velur rétta efnið og rétta fólkið, góðan leikstjóra sem velur góða leikara. Þetta er eins í fatabransanum, ef þú ert með góða hönnuði og hefur gott samband við þá, þá þarftu ekki að hafa áhyggjur af vörunni,“ útskýrir Sigurjón. Jan Davidson, Bergþóra Guðnadóttir og Freydís Jónsdóttir skipa hönnunarteymi 66°Norður og hefur útivistarfatnaðurinn tekið miklum breytingum í höndunum á þeim. „Jan hefur verið í þessu í mörg ár, hann hefur reynsluna og söguna. Bergþóra kemur með ferskleikann og nýjabrumið. Hönnuðirnir okkar eru mjög sterkir og hafa mjög góða tilfinningu fyrir því hvað 66°Norður stendur fyrir. Mitt hlutverk fyrst og fremst er að viðhalda þessum upprunalegu grunnhugmyndum og gildum fyrirtækisins. Það er lykilatriðið í því að fyrirtækið er þetta sterkt í dag.“

**Sterkar rætur**

„Ég hafði innsýn í fatabransann því ég átti lengi í stóru nærfatafyrirtæki, Joe Boxer. Ég hafði fylgst með 66°Norður og haft áhuga á því. Mér fannst þetta mjög spennandi fyrirtæki sem átti mikla möguleika.“ Fyrri eigandi, Þórarinn Elmar Jensen, hafði átt fyrirtækið í 50 ár og fannst tími til kominn að selja. „Það voru ýmsar breytingar sem þurfti að gera í fyrirtækinu, það hafði vaxið gífurlega en var samt sem áður ekki alveg komið inn í 21. öldina. Það var svolítið upp á gamla mátann þótt það hafi vaxið hratt.“

> Fyrirtækið hefur tvöfaldast frá því að ég tók við, það er mjög mikið og við eigum fullt í fangi með það.

66°Norður er eitt elsta vörumerki á Íslandi. Skiptir það máli í dag? „Já, það eru fá fyrirtæki í heiminum í dag, tala nú ekki um á Íslandi, sem eru eldri en 80 ára. Í dag er svo mikið atriði að vera ekta. Við höfum þennan grunn og það er mikilvægt að tapa ekki rótunum, í dag eru allir að leita að sjálfsmynd og ímynd fyrirtækja skiptir miklu máli. Á Íslandi þekkja allir 66°N og það er fyrst og fremst þekkt af gæðum. Gæði voru það sem að fyrri eigendur settu ofar öllu, ofar hagnaði og kannski smartheitum, en gæði fara aldrei úr tísku.“

Hver er fyrsta minning þín af 66°N? „Fyrsta minning mín eru grænu regngallarnir. Ég held ég hafi verið að fara í útreiðartúr og einhver spurði hvort ég væri ekki með 66°Norður-regngalla. Þá var það ekki vegna þess að það væri svo smart eða flott heldur ef ég vildi vera þurr þá yrði ég að vera í 66°Norður-regngalla.“

Heldurðu að fólk sé þá að tengja gömlu regngallana sem allir muna eftir við þessar nýju vörur sem þið eruð með í dag? „Nei, ég held að það sé ómeðvituð tenging. Fólk er ekki að hugsa um gamla regngallann þegar það kaupir flottan „PowerShield“ jakka. Það er frekar tilfinningin um að það séu gæði í vörunni,“ útskýrir Sigurjón og spyr Magna hvort hann sé ekki sammála því. Magni er sammála og bætir við, með

## 80 ÁRA AFMÆLI 66°NORÐUR: SAGAN Í HNOTSKURN

Sjóklæðagerð Íslands hf. hóf starfsemi árið 1926. Stofnendur voru Hans Kristjánsson frá Súgandafirði ásamt nokkrum öðrum aðilum. Hans hafði kynnt sér sérstaklega framleiðslu sjófatnaðar í Noregi nokkrum árum áður.

Fyrirtækið flytur í stórt verksmiðjuhús í Skerjafirðinum ar sem framleitt var auk sjófatnaðar annar fatnaður, svo sem frakkar og kápur fyrir karla og konur, úlpur og vinnufatnaður. Þar unnu á annað hundrað manns egar flest var á riðja áratugnum.

Árið 1941 brann verksmiðjuhúsið í Skerjafirði til kaldra kola. Nýtt Sjóklæðagerðarhús við Skúlagötu 51 var tekið í notkun 1942. Fyrirtækið hafði ar meginstarfsemi sína allt til ársins 2000.

Árið 1966 keyptu Þórarinn Elmar Jensen og Davíð S. Jónsson rekstur Sjóklæðagerðar Íslands og stofnuðu Sjóklæðagerðina. Þeir áttu og höfðu rekið Verksmiðjuna Max hf. um 10 ára skeið og höfðu framleitt m.a. sjófatnað.

Árið 1977 skiptu eir félagar upp fyrirtækjunum. Sjóklæðagerðin kom í hlut Þórarins og Verksmiðjan Max í hlut Davíðs. Það var á sem Sjóklæðagerðin tók upp vörumerkið 66°N og framleiddi alla tíð síðan undir ví vörumerki.

Á áttunda áratugnum hefur Sjóklæðagerðin haslað sér víðari völl á íslenskum fatamarkaði, ekki aðeins í framleiðslu sjó- og regnfata heldur í almennum útivistarfatnað. Framleiðsla var nú í 4 deildum; Sjó- og regnfatadeild, sport- og útivistardeild, vinnufatadeild og framleiðsla Vinyl glófans.

Um 1990 með tilkomu flísefna og hátækni öndunarefna hefst nýtt tímabil í sögu fyrirtækisins. Polartec® flísefnið veldur byltingu í nútíma fatnaði fyrir allt útivistarfólk og til daglegra nota bæði í vinnu og í frístundum.

Árið 1998 kaupir Sjóklæðagerðin Max og sameinast á essi tvö fyrirtæki aftur eftir 20 ára harða samkeppni á íslenskum markaði.

Árið 2000 er tekin ákvörðun um að leggja niður alla fataframleiðslu á Íslandi vegna óviðunandi samkeppnisaðstöðu sem fór síharðnandi vegna aukins innflutnings, og leiddi til ess að ekki var lengur hægt að standa af sér essa samkeppni.

Framleiðslan var síðan á næstu tveimur árum flutt til Lettlands. Þar eru rjár framleiðslugreinar, sjó- og regnfatnaður, flís- og útivistarfatnaður ásamt vinnufatnaðinum. Þar starfa nú um 200 manns í sama samkeppnisumhverfi og aðrir skandinavískir keppinautar okkar.

Fyrirtækið framleiðir undir vörumerkinu 66°Norður alla sína framleiðsluvöru. Í dag rekur fyrirtækið mjög öfluga hönnunardeild ásamt markaðsdeildum fyrir innlenda og erlenda markaði.



Ljósmynd frá byrjun tuttugustu aldar af sjómanni í hlífðarklæðnaði frá 66°Norður.

skærin á lofti, að þeir sem eru inni í hönnunargeiranum kíki á gömlu pollagallana, þeir skoða ræturnar. „Einmitt,“ segir Sigurjón.

**Ekkert smart að Úera kalt**

66°Norður-vörurnar hafa þróast úr því að vera sjófatnaður í það að vera vinnufatnaður og svo tók flísæðið við og flestir tengja 66°N við útivistarfatnað í dag. Fyrstu flíspeysurnar seldust í hrönnum og flestir Íslendingar hafa endurnýjað gömlu peysurnar frekar en að leggja þær á hilluna. Það er algjört „möst“ að eiga eina flíspeysu á Íslandi í dag.

„Það er bara eðlileg þróun vegna þess að við Íslendingar erum svo mikið úti. Fyrstu flíspeysurnar voru bara vinnupeysur í rauninni. Þær voru hryllilega púkalegar en entust endalaust. Fólk fór að nota peysurnar dagsdaglega af því að þær eru svo þægilegar. Ég á peysu sem þykir ekkert sérstaklega flott en hún er ofboðslega þægileg og hlý og það er skítkalt á Íslandi. Þegar maður kemur í heimahús þá er líka algengt að fólk sé í flíspeysu inni, vegna þess að hún er þægileg.“ Magni tekur undir þetta: „Ég held að Íslendingar séu að fatta núna að það er ekkert smart að vera kalt.“

**„Ísland í dag, heimurinn á morgun,** heimsyfirráð eða dauði,“ sögðu Sykurmolarnir sem risu upp frá dauðum um síðustu helgi. 66°Norður hefur vaxið mjög hratt og hágæða útivistarfatnaður frá eyju í Norður-Atlantshafi ætti að geta lagt undir sig heiminn. Það hefur því mikið verið horft til útrásarmöguleika fyrirtækisins og kannski enn frekar eftir að Sigurjón tók við. Á að leggja undir sig heiminn? „Já, en í rólegheitum. 66°Norður er ekki stórt fyrirtæki miðað við öll þessi íslensku fyrirtæki í útrás. Þegar ég tók við fyrirtækinu voru allir að tala um heiminn. Ísland í dag, heimurinn á morgun. Ég sá að það voru miklir möguleikar eftir á Íslandi. Það hafði orðið svo mikil aukning í smásölunni, sérstaklega í útivistarfatnaðinum. Ég vildi byrja á að auka vöruvalið, gera búðirnar nýtískulegri og fjölga þeim, koma lagermálum og tölvukerfum í lag. Það var mikil vinna eftir hér heima. Ég vildi fara aftur til fortíðarinnar og lagði áherslu á það að vinnufatageirinn yrði efldur. Það er grunnurinn sem fyrirtækið byggði á.“

Nýjar búðir voru opnaðar í Bankastræti og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Búðin í Bankastræti var liður í því að gera búðirnar jafn smartar og 66°Norður varan var orðin, en þangað koma líka flestir ferðamenn sem eru yfir sig hrifnir af búðinni og vörunum. „Búðin í Bankastræti er hönnuð með það í huga að geta opnað eins búðir annars staðar. Við höfum opnað fjórar búðir í Lettlandi, eina í Litháen og eina í Hollandi. Auðvitað erum við í útrás en hún er samt ekki þannig að við ætlum að opna 50 búðir á fimm árum. Fyrirtækið hefur tvöfaldast frá því að ég tók við, það er mjög mikið og við eigum fullt í fangi með það.“

Þar að auki hefur fyrirtækið verið að byggja upp tvær verksmiðjur í Lettlandi þar sem nánast allar vörurnar eru framleiddar. 66°Norður er líka með söluaðila sem sjá um að markaðssetja vöruna í Skandinavíu, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Svíþjóð og Bandaríkin eru stærstu markaðirnir. „Markmiðið er að opna búð í Kanada og Bandaríkjunum á næsta ári. Hugsanlega eina á Norðurlöndum. En samt fara hægt,“ ítrekar Sigurjón. Hvernig markaðssetjið þið vöruna? „Fyrst og fremst sem hágæðavöru sem er ekki mjög háð tískusveiflum.“

**66°N og Hollywood**

Það eru ekki bara almennir ferðamenn sem eru yfir sig hrifnir heldur fræga fólkið líka. Ertu í því að reyna að koma Hollywood-leikstjórum í 66°Norður úlpur? „Það vilja bara allir vera í þeim,“ svarar Sigurjón. „Mikið af kvikmyndagerðarfólki notar vörurnar. Baltasar sagði mér að hann væri alltaf í 66°Norður, það hefur ekkert með mig að gera, þeir koma bara af sjálfsdáðum. Nick Cave var hérna um daginn og keypti hjá okkur og Brendan Fraser keypti fyrir stóra summu. Það sem skiptir máli er að varan höfðar til þessa fólks og það vill vera í henni. Þetta fólk kemur í búðina og verslar, starfsfólkið veit ekki einu sinni hver þau eru og lætur borga fullan prís.“ Magni skýtur inn í: „Ég var að vinna með Brendan Fraser þegar hann var á Íslandi. Hann átti ekki til orð yfir búðinni.“

**Ímynd Íslands**

Það hvað það er algengt að ferðamenn séu að kaupa þennan fatnað sýnir hvað það eru sterk tengsl milli vörumerkisins og ímyndar Íslands. En hver skyldi sú ímynd vera að mati Sigurjóns, sem hefur búið og starfað erlendis í mörg ár. „Ímynd Íslands er ótrúlega sterk. Það hjálpar reyndar ekki að byggja álver og veiða hvali, fyrir utan að í hvorugu er mikil framtíð. Þetta er tilgangsleysa, skammsýni og enginn bissness. Þetta er 20. aldar hugsunarháttur. Okkar dýrmætasta auðlind er landið sjálft. Því meira sem við tökum af því, því minna verður eftir af því. Ímynd Íslands er sterk vegna þess að landið er það sérstakt og fjölbreytt. Reykjavík er nyrsta höfuðborg veraldar. Við erum svo fá hérna að það er erfitt að spilla náttúrunni. Mesta auðlind Íslands er að þú keyrir í korter út úr borginni og ert kominn í óspillta náttúru. Það gerist ekki annars staðar í heiminum og er ómetanlegt,“ endar Sigurjón á að segja. Magni búinn að slökkva á hárblásaranum og Sigurjón gengur út í skítakulda, nýklipptur í 66°Norður úlpu. ■



# HIN HLIÐIN Á SIGURJÓNI:

**Blöð og tímarit:** „Ég les gífurlega mikið af blöðum og tímaritum. Ég les; Los Angeles Times, New York Times, Financial Times, Wall Street Journal, Guardian og íslensku blöðin á netinu. Ég er áskrifandi af um 20 tímaritum, uppáhalds eru Art Forum og New Yorker sem er besta blað í heimi. Ef ég les ekki New Yorker á finnst mér eins og ég hafi misst af máltíð. Eitt skemmtilegasta tímaritið er líka The Week sem er frábært konsept sem á örugglega eftir að ryðja sér til rúms.“

**Bók:** „Ég er yfirleitt að lesa 3 til 4 bækur í einu. Ég kaupi oft bækur á flugvöllum sem mér líst vel á. Í dag er bókin í flugvélinni eftir Bill Bryson: A Short History of Nearly Everything. Um heimsmyndina og hvernig hlutir eru settir saman. Bókin sem stendur upp úr nýlegum sem ég hef lesið heitir Blink: The Power of Thinking Without Thinking eftir Malcolm Gladwell, hún fjallar um að að 90% af öllum skyndiákvörðunum sem maður tekur byggða á tilfinningu eru réttar. Ég er mjög hrifinn af essari kenningu. En bestu bækur að mínu mati eru Birtingur eftir Voltaire og Sjálfstætt fólk, en Illionskviða er líklega á toppnum.“

**Trú:** „Ég trúi ekki endilega á kirkju. Ég trúi á örlög og æðri máttarvöld. Þó ég segi að hver sé sinnar gæfu smiður á er eitthvað sem er æðra en maður sjálfur.“

**KÚkmynd:** „Uppáhalds kvikmyndin er Amarcord eftir Federico Fellini. Amarcord ýðir „Ég man“ og fjallar um æsku Fellini og uppvaxtarár.“

**SjónÚarpsefni:** „Twin Peaks, ég get alltaf horft á á ætti. Ég var heppinn að komast nálægt essu verkefni en David Lynch á heiðurinn. Ég er lítið hrifinn af sjónvarpi í dag, aftur á móti hefur gæði á bandarísku sjónvarpefni aukist mikið. Þættir eins Desperate Housewives eru góðir. Ég er hrifinn af sápum, Dallas er auðvitað klassík.“




# VAXTALAUS TILBOÐ




**LTV42W63**

## UNITED

**AÐEINS KR. 13.333**
**Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 109.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 40.000**

42" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 30w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp og fjarstýringu.

---

## DIBOSS

**LT15S5LS**

ÖRÞUNNT LCD

15" 4:3 LCD SJÓNVARP með 1024x768 punkta upplausn, Progressive Scan og Digital Comb Filter, 500:1 skerpu, innbyggðu FM útvarpi, Nicam stereó hljóðkerfi, Scart (með RGB) og SVHS, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**FYRIR BÆÐI 12V OG 220V**




**AÐEINS KR. 3.999**
**Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 39.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 5.000**

---

## JVC

**LT20C70**

ÖRÞUNNT LCD

20" 4:3 LCD SJÓNVARP með punkta upplausn, 640x480, 600:1 skerpu, 2x6w stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA100 veggfestingar.




**AÐEINS KR. 6.999**
**Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 69.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 25.000**

---

## enox.

**LTV6832HD**

32" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.




**AÐEINS KR. 14.999**
**Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 149.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 40.000**

---

## GRUNDIG

**LXW827610**

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, mynd í mynd (2 móttakarar), 2 x 28w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI og VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.




**AÐEINS KR. 14.999**
**Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI**

**VAXTALAUST!**

EÐA KR. 179.990
STAÐGREITT

**AFSLÁTTUR KR. 15.000**

# FLATSKJÁ TILBOÐ




## JVC

**LT37R70**

37" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, DynaPix D.I.S.T. myndtækni sem fjölgar línum og punktum, HD Ready, 800:1 skerpu, fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w RMS Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður VGA og XGA), textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 249.990**

FULLT VERÐ kr. 329.990




## UNITED **LTV27W60**

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 89.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990




## UNITED **LTV32W63**

32" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgir ekki).

**TILBOÐ 99.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990




## UNITED **LTV37W60**

37" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 800:1 skerpu og og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x8w Nicam Stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990




## THOMSON **42PB120S5**

42" ED PLASMA BREIÐJALDSSJÓNVARP með 852x480 punkta upplausn og 3000:1 skerpu,1000 cd/m2 birtu, HDTV Ready, mynd í mynd (1 móttakari), 28w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, Component, SVHS og CVBS tengjum, PC tengi (DVI), textavarpi með 2100 síðna minni, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ 169.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.







## Ánægð í Malaví

Sigríður og Sigurður hafa að gott í Malaví. Þar búa au í fínu húsi á malavískan mælikvarða, niðri við Malavívatnið og eru að eigin sögn með yndislega húshjálp og garðyrkjumann sem au eru að reyna að kenna garðyrkju. Hjónin upplifa ný ævintýri á hverjum degi í hinu fallega en fátæka landi ar sem fólk býr við frumstæðar og bágbornar aðstæður. Flóðhestar eru algeng sjón í Malaví en eir geta verið afskaplega illskeytt dýr og ví eins gott að fara varlega í grennd við á.

Hjónin segja að sorglega staðreynd að um 30 prósent af gjafafé sem berist frá öðrum jóðum til aðstoðar og uppbyggingar hverfi í vasa stjórnmálamanna, embættismanna og annarra óprúttinna aðila en gríðarleg spilling er í landinu.

Galdrar og seiðir eru stór hluti af lífi fólks í Malaví og dansa seiðkarlar ar trylltan dans inni í orpunum. Sjúkrahúsið öðlast ó sífellt meiri tiltrú meðal heimamanna en að er mjög undirmannað. Ein ljósmóðir tekur á móti 60 börnum á mánuði, ein síns liðs og læknatæknar hafa vart undan að taka á móti fólki í aðhlynningu. Þrátt fyrir að segja hjónin að styggðaryrði heyrist ekki og starfsfólk sinni verkum sínum með stóískri ró og æðruleysi.

# Fyrstu vikurnar við Apaflóa

Hjónin **Sigríður Snæbjörnsdóttir** framkvæmdastjóri og **Sigurður Guðmundsson** landlæknir hafa nú dvalist við Apaflóa í Malaví í einn mánuð en þau hyggja á ársdvöl þar í landi. Hér á eftir er ferðasaga þeirra hjóna fram til þessa en lífið í Malaví er verulega ólíkt því sem þau eiga að venjast hér á landi.

Það ríkir spenna og eftirvænting í lofti í Malaví núna því regntímabilið er að hefjast. Alls staðar er verið að plægja jörð, jafnt litlar garðholur sem stóra jarðskika og menn fá lán fyrir áburði til að auka möguleika á að uppskeran verði sem mest og best. Engan skyldi undra því líf fólks hér er undir því komið að maísuppskeran bregðist ekki, rétt eins og þegar velferð okkar á Íslandi stóð og féll með þorski og síld, ekki verðbréfum. Hinsvegar, ólíkt því sem þekkist heima á Íslandi, er maís meginuppistaða í fæðu fólks hér um slóðir. Úr honum er gerður grautur, nsima, sem étinn er í öll mál.

Það er margt fleira sem veldur spennu í lofti hér í Malaví, stjórnarfar er nokkuð ótryggt í augnablikinu en Bingu wa Matharika forseti landsins er ekki með þingmeirihluta á bak við sig. Þar að auki hefur stór hluti þingmanna hans flokks skipt um flokk á þessu þingi (crossed the floor) og nú er deilt og beðið úrskurðar forseta þingsins um hvort þessu skuli unað eður ei. Ef úrskurðurinn verður á þá leið að þessi flokkaskipti séu ólögleg samkvæmt stjórnarskrá er ljóst að forsetinn missir mestallan stuðning sinn og upplausnarástand mun skapast.

### Hugarfarsbreyting unga fólksins

Malaví er mjög fallegt land, en mjög fátækt land. Menn greinir á hvað veldur, hvernig stendur á því að Malaví og önnur örfátæk lönd sunnan Sahara eru jafn illa sett og raun ber vitni. Hagvöxtur, mikill eða lítill eftir atvikum, hefur orðið annars staðar þar sem fátæktin var áður alger. Nefna má Bangla Desh, sem er rétt farin að rétta úr kútnum þó langt sé í land, og nefna má Indland svo ekki sé talað um Kína. Julius Nyerere fyrrverandi forseti Tanzaníu sagði fyrir tíu árum í ræðu sem hann flutti í Edinborg að þrennt ylli vanda Afríku; í fyrsta lagi óstöðugt stjórnarfar og pólítískar væringar, í öðru lagi víðtæk spilling og í þriðja lagi skortur á sterkum innviðum, á borð við menntun, samgöngur og heilbrigðisþjónustu. Ef til vill verður seint unnt að bæta innviðina ef fyrri tvö skilyrðin vantar. Meðan svo er geta mörg ríkjanna sunnan Sahara ekki talist sjálfbjarga. Malaví er ein af fátækustu þjóðum heims, 60-70 prósent af fjármagni til reksturs þjóðarbúsins kemur frá öðrum þjóðum og alþjóðastofnunum. Malavar eru því í flestu háðir öðrum, en þeir fá gjafafé víða að. Það er því sorglegt til þess að vita að talið er að þrjátíu prósent af gjafafé sem hingað berst fari í spillingu, hverfi í vasa stjórnmálamanna, embættismanna og annarra óprúttinna.

Þó má nú lesa um jákvæðar breytingar á hugarfari fólks í Afríku þar sem ungir Afríkubúar vilja ekki festast í hlutverki því sem kallað hefur verið „lært hjálparleysi“ þar sem hvíta manninum er kennt um flest það sem miður hefur farið. Þetta unga fólk sem kallað hefur verið „the cheetah generation“ trúir á mátt sinn og megin, leggur áherslu á menntun, uppbyggingu viðskiptaleiða og neitar að velta sér upp úr fortíðinni. Það lifði aldrei nýlendutímann. Gagnstætt þessari hlébarðakynslóð eru „the hippos“ eða flóðhestarnir sem eru þeir sem stýrðu löndum sunnan Sahara eftir að sjálfstæði fékkst eftir 1960. Þetta fólk sem fætt var á nýlendutímanum og komið er yfir miðjan aldur, lifði ósátt á því sem hrökk af borði nýlenduherranna og var upptekið við að kenna Vesturlöndum um allt sem miður fór, að nokkru með réttu, en hugsunin náði aldrei lengra. Hlébarðarnir hugsa hins vegar á annan hátt. Í þessu fólki á Afríka framtíð.



**Það er því sorglegt til þess að vita að talið er að þrjátíu prósent af gjafafé sem hingað berst fari í spillingu, hverfi í vasa stjórnmálamanna, embættismanna og annarra óprúttinna.**

### Rafmagnsleysið erfitt

Það er margt sem skilur á milli þeirra allsnægta sem Íslendingar búa almennt við og þeirrar fátæktar sem Malavar hafa þurft að þola. Fyrir Íslendinga er það allt að því óraunverulegt að fara út í búð og finna áþreifanlega fyrir þeim skorti sem hérlendir sjá ekkert athugavert við. Á þeim fimm vikum sem við höfum dvalið hér, höfum við kynnst matar- og vöruskorti sem við höfðum ekki einu sinni ímyndunarafl til að sjá fyrir okkur, að ekki sé minnst á eldsneytisskortinn. En það sem gerir þjóðina næstum óstarfhæfa er óstöðugt rafmagn. Rafmagn fer hér af næstum daglega í lengri eða skemmri tíma. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur, fyrir þá sem eru háðir tölvum í vinnu sinni, loftkælingu á heitum dögum og öðrum þeim þægindum sem rafmagnið veitir okkur, er rafmagnsskortur vægast sagt erfiður. Ekki er alveg ljóst af hvaða orsökum skorturinn er en sögusagnir eru uppi um að verið sé að skammta takmarkað rafmagn. Rafmagn er hins vegar svo óvíða í Malaví að þetta breytir til dæmis litlu í daglegu lífi fólks hér við Apaflóa. Það er hins vegar alveg ljóst að meðan ekki er hægt að halda uppi samskiptum á öruggari máta verður erfitt að koma Malaví á kortið með betur settum þjóðum.

Sjúkrahúsið sem við störfum við hér við Apaflóa er mjög undirmannað eins og aðrar heilbrigðisstofnanir landsins. Hér tekur ein ljósmóðir á móti 60 börnum á mánuði, ein síns liðs, læknatæknar sjá 150-200 manns á göngudeildarmóttöku á dag svo dæmi séu tekin. Það sem vekur athygli okkar, virðingu og aðdáun er með hve miklu æðruleysi og stóísri ró fólk gengur að störfum sínum við þessar fáheyrðu aðstæður. Styggðaryrði heyrast ekki, enginn hellir úr skálum reiði sinnar á morgunfundum. Hverju gæti þetta fólk ekki áorkað við betri aðstæður? Þess vegna skiptir þróunaraðstoð máli.

*Sigríður Snæbjörnsdóttir og Sigurður Guðmundsson, við Apaflóa í Malaví..*


RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
LJÓSADAGAR
3995-
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, STÁL OG GYLLT
6590-
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GYLLT
4990-
HANGANDI LJÓS
1995-
VEGGLJÓS, TVÖFALT
1995-
BORÐLAMPI
1495-
VEGGLJÓS, STÁL OG GYLLT
1595-
VEGGLJÓS
13.696-
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, GYLLT
1995-
BORÐLAMPI
9995-
KRISTALSKRÓNA, 8 ARMA
2995-
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GRÁ
1995-
VEGGLJÓS
9995-
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST
1995-
VEGGLJÓS
4995-
KRISTALSKRÓNA, 3JA ARMA
4995-
KRISTALSVEGGLJÓS, TVÖFALT
7995-
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
4995-
GLERLJÓS
1995-
VEGGLAMPI, 2JA ARMA, 3 LITIR
2995-
HANGANDI LJÓS
3995-
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, RUST
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

# Bestu bókarkápurnar... og þær verstu

*Jakob Bjarnar Grétarsson* leitaði til sjö bókabéusa, fagfólks og annarra sem hafa haft með bækur að gera með einum eða öðrum hætti, og fékk þá til að ösla í gegnum jólabókaflóðið í leit að bestu og verstu bókarkápunum.

Hið sjónræna ræður ótrúlega miklu í markaðssetningu, hvort sem selja á bækur eða stjórnmálamenn. Að setja í orð drepur hið dularfulla og mystíska. Þá fara menn að þykjast gáfulegir og fara að efast. Myndir eiga hins vegar greiðari leið að mannshuganum. Að kaupa hluti hangir á hinu lélega í undirmeðvitundinni; öfundinni, stoltinu, hégómanum og öllu þessu,“ segir Guðmundur Oddur prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands.

Guðmundur Oddur fer fyrir valinkunnum hópi álitsgjafa sem völdu bestu og verstu bókarkápurnar þetta árið. Dreifing atkvæða var mikil, hvað sem svo ber að ráða í það. Guðmundur Oddur telur bókagerðarmönnum fara aftur og segir tíma til kominn að hrista verulega upp í þessu. Hins vegar er ný lína frá nýju forlagi, Nýhil, sem er dæmi um þær breytingar sem eru í vændum.

„Já, hvert þetta mun fara. Meira verður lagt í efnislegan frágang og handverk eins og þetta var einu sinni,“ segir prófessorinn. En líkt og í andstæðumerkingu við orð sín bendir hann svo á að í útliti er horft til baka

„Áberandi eru þessar miðaldaímyndir í samtímanum. Eins og allt þetta emblem, táknmyndaklessur – skjaldarmerki utan á annarri hverri bók. Sem þýðir miðjusetningu sem ekki er módernísk. Miðjumyndmál þar sem öllu er hlaðið í einn punkt. Svo, einhvern veginn, einu viðspyrnurnar, sem eru nánast tímamót og varða efniskenndina, er að finna í útgáfuröðinni hjá Nýhil. Sem er partur af þessari akademíutilfinningu. Liggur í loftinu og líkt og í öllu prómóinu sem verið hefur, að blanda saman gömlu og nýju, að þá hefur hið nýja verið yfirgefið. Og hið gamla notað. Hangir í einhverri rómantík í merkingunni goth eða horror yfir í dulkóðaða og ljóðræna speki. Sem er einkenni, mynstur sem maður tekur eftir.“

Ekki er að efa að hinn almenni maður sjái þetta blasa við. Eða þannig. Við framkvæmdina á því að finna út úr því hvaða bókarkápa er best að þessu sinni og verst, því ekkert er ljósið án skuggans, var álitsgjöfum uppálagt að raða fimm bókum á lista. Og fengu þær svo stig í samræmi við það. Einnig ræður tíðni tilnefninga.



**GUÐMUNDUR ODDUR Í BÓKABUNKA** Segir áberandi í hönnun núna vísun í miðaldamál, táknmyndaklessur sem bjóða upp á miðjusetningu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

## FIMM BESTU BÓKARKÁPURNAR

### 1. SENDIHERRANN eftir Braga Ólafsson

Sex af sjö álitsgjöfum tilnefndu þessa bók og hlaut hún 23 stig. „Glæsileg kápa. Það er einhvað miðaldatrend í gangi og búið að vera í talsverðan tíma. Þær eru nokkrar svona með emblemi eða skjaldarmerki.“ Annar talar um djarfa kápu þar sem bakhlið er smellt á forsíðu og venjist það furðu vel og geri bókina að sjálfstæðu listaverki. „Fallega hönnuð, bæði kápa og öll gerð, prentun og pappír. Allt til fyrirmyndar“ Og: „Allir stælar prentbransans notaðir. Upphleyping, gylling, pappír og det hele. Og það gengur upp! Afskaplega vel heppnuð og flott kápa.“




Örugglega vandaðasta bókarkápan á vegum Eddu í ár. Pappírinn er fallegur og þægilegur viðkomu, litir harmónera. „Prentunin er ágæt og möguleikar í prentverki notaðir kápunni til framdráttar,“ segir annar. „Kápan passar sögunni áreiðanlega vel. Leturmeðferðin er þó ekki nógu góð; meginmálstextinn er jafnaður og götóttur sem er miður þar sem annað er einhvern veginn sallafínt og bókaormavænt.“
„Það sem lítur út fyrir að vera baksíða sómir sér vel sem forsíða á þessa frómu bók. Upphleyping og gylling gefa kápunni klassa og hvíti úlfurinn grípur augað. Letrið á forsíðu hefði að ósekju mátt vera örlítið þykkara.“

### 2. EITUR FYRIR BYRJENDUR eftir Eirík Örn Norðdahl

Þessar útgáfur Nýhils eru ansi flottar – allavega alvarlegasta tilraunin til þess að koma útliti bóka á annað plan segir einn álitsgjafa um bókarkápuna sem lenti í öðru sæti: „Þær eru lausar við sykur. Ég hefði alveg eins getað nefnt Svavar Pétur og tuttugustu öldina. Þetta er flott fyrir minn smekk – takk fyrir.“
Annar segir gaman að fylgjast með þessu nýja forlagi Nýhil sem fetar í fótspor McSweeney-útgáfunnar. „Myndskreytingin er sterk og undirstrikar titilinn vel. Athyglisverð kápuhönnun í fallegum bókaflokki.“



Og enn einn: „Nýhil-útgáfan skarar augljóslega langt fram úr samkeppnisaðilum í útgáfu hvað varðar hönnun bókarkápa í ár. Hver bókin frá Nýhil er annarri fegurri; bókin fer vel í hendi, það er gott að koma við hana; áferðin er bókaormavæn, teikningin á kápunni gefur fögur fyrirheit um góða kímnigáfu og bitastætt innihald. Síðast en ekki síst er leturmeðferð (innan sem utan) og prentun til fyrirmyndar.“ Og lofið heldur áfram: „Góð viðkomu. Tilraun sem gengur upp. Afskaplega fallegt.“

### 3. SKÁLDALÍF EFTIR Halldór Guðmundsson

„Einhver spenna í því hvernig skáldjöfrarnir horfa – myndast óvænt spenna,“ segir einn álitsgjafa um þá bók sem er í þriðja sæti yfir bestu bókarkápurnar. „Gjáin milli skáldanna túlkuð með hvítum fleti. Góðar ljósmyndir, formhugsun snjöll og vel unnin týpógrafía. Stór bók um stóra menn. Og kápan nær því algjörlega.“




### 4. TRYGGÐARPANTUR eftir Auði Jónsdóttur.

Hér ræða álitsgjafar um stílhreina kápu og efnismeðferð en þessi kápa er nokkuð dæmigerð fyrir línuna í ár: „Myndskreyting á kápu skýrir sögnina í titilinum og letrið vinnur vel með heildarmyndinni.“ Og: „Smekkleg og stílhrein. Og fer fyrir svona þessari jarðarlitalínu sem nú virðist uppi.“



### 5. FYRIR KVÖLDDYRUM Hannes Pétursson

Fimmta sætinu með naumindum nær ljóðabók Hannesar. „Einfaldlega ein allra fallegasta kápa sem sést hefur í ár, kápa, brot, pappír, fontar og ekki síst innihald bókarinnar gera hana að veglegustu, fallegustu og bestu jólabók sem hægt er að finna.“ Og annar álitsgjafinn er á því að það sé „eitthvað flott við svona lýrískan módernisma.“



## VERSTU BÓKARKÁPURNAR

### 1. EIN OG 1/2 BÓK – HRYLLILEG SAGA eftir Guðberg Bergsson

Nú fara álitsgjafarnir á flug: „Fráhrindandi bókarkápa með ljótri myndskreytingu og fátæklegri leturmeðferð. Kannski var hugmyndin að útlit kápunnar hæfði nafninu en ég vildi ekki hafa gripinn uppi í bókahillu hjá mér – jafnvel þótt innihaldið geti verið gott.“ Og annar spyr hvernig hægt sé að gera höfundi sem þessum slíkan skaða: „Þessi kápa er svo ótrúlega gömul og fúl – og einhvern veginn fráhrindandi í andleysi sínu og hráslaga að það er illa gert. Hryllileg kápa.“ Og einum varð svo mikið um að hann sagði einfaldlega: „Leiðinleg kápa á leiðinlegri bók.“




### 2. SÁ YÐAR SEM SYNDLAUS ER eftir Ævar Örn Jósepsson

„Þessi bók á vonandi eftir að seljast vel fyrir jólin. En það er ekki kápunni að þakka. Grá, grá, grá. Leturgerð klaufaleg og eins óaðlaðandi og hægt er að hugsa sér,“ segir einn álitsgjafa. Og: „Litlaus og flöt bókarkápa. Letur og myndefni renna saman í grásvartan graut brotinn upp með orðinu Syndlaus.“ Enn einn: „Þessi kápa er dauð eins og malbik. Flatneskjan og grámyglan eru með ólíkindum og dapurleg tilraunin til að skapa dýpt í verkið með skugga undir klunnalegu letrinu. Formbyggingin er í lagi en fellur fyrir dauðagrímu heildarsvipsins. Prentunin er afleit.“ Og svo þetta: „Ætti að fá á sig gylltan límmiða með áletruninni „Don't judge the book by its cover – sagan er jafn góð og kápan er vond“ Ævar hefur reyndar sent frá sér röð af góðum glæpasögum með vondum kápum og maður veltir því fyrir sér hvort þetta sé orðið „trademark“ hjá honum.“




### 3. LIFUM LÍFINU HÆGAR eftir Carl Honoré.

„Mesta fúskkápa ársins. Einstaklega ljót, illa gerð og ósannfærandi sem andlit bókverks fyrir fólk í leit að vitund sinni,“ segir einn álitsgjafa meðan annar dregur ekki af sér: „Lítur út fyrir að nafn bókarinnar sé „Hægar“ sem minnir um of á „hægðir“ og slímugur snigill á laufblaði á biðskyldu er einhvern veginn ekki það sem hinn almenni sjálfshjálparbókarlesandi leitar eftir sem fyrirmynd... (how slow can you go...). Rímar heldur ekki við efni bókarinnar.“




### 4. SPENNIÐ BELTIN – TIL ASÍU með Andreu Róberts

„Kápan er mjög veik og hverfur hreinlega í bókarekkunum. Ég var búin að liggja yfir nýju bókunum í um klukkutíma þegar ég loks rak augun í þessa bók.“ Og: „Svo yfirhönnuð kápumynd að enginn getur lesið hvað bókin heitir eða skilið um hvað hún á að vera – en batnar þegar hún er opnuð og flugleiðir blasa við á innanverðri kápunni. Líður fyrir þekkingarleysi hönnuðar á bókamarkaði og þeirri lágmarkskröfu að titill sé að minnsta kosti skýr.“



### 5.-6. 3XÁST eftir Eyvind P. Eiríksson

„Subbulega bleik og fjólublá kápa. Á kannski að vera háð en missir marks.“ 3XÁst er reyndar partur af bókaseríu Vestfirska forlagsins og þykir álitsgjöfum blaðsins sú sería afspyrnu ljót.




### 5.-6. FEIMNISMÁL eftir Sigrúnu Davíðsdóttur

„Eins og prufuspjald frá Veggfóðraranum, nær engan veginn að vera munaðarfull á nokkurn hátt eins og lesendum er lofað að sagan sé.“

Fjölmargar bókakápur aðrar voru nefndar vondar (og góðar) sem ekki komust á lista. Næst því að komast á þennan lista var Við öll eftir Steingrím J. Sigfússon: „Minnir á plakat fyrir líknarfélag. Hvar er rauði fáninn, Steingrímur?” Og annar álitsgjafi segir: “Eins og heimatilbúin kápa á ljóðabók eftir frelsaðan höfund ... Ótrúlega ljót.”



# UMDEILDAR BÓKARKÁPUR



Þá voru nokkrar bækur sem lentu beggja vegna áss. Og er þar efst á blaði Borðaði ég kvöldmat í gær? eftir Óskar Magnússon. „Sjónræn truflun. Furðulegt leturval, hvítir hlemmar og „drop shadow“ ofan á flata ljósmynd af tweed-efni? Skil hvorki upp né niður? Meðan annar útskýrir: „Nýr höfundur sem stimplar sig strax inn með fyndinni kápu enda verkið með því húmorískasta sem gefið er út í ár. Flott hugmynd að senda verkið út til lesenda í jakka höfundar sem allir virðast þekkja strax!“ Öðrum þykir Undir himninum eftir Eirík Guðmundsson góð á meðan annar segir: „Þessi kápa er sjúklega pirrandi í ljósi þess hve dásamlega þunglyndisleg kápan á 39 þrepum er. Bleikt og Eiríkur Undir himninum Guðmundsson kryddað með hnyttnum viðsnúningsleik fyrir áhugasama. Þessi bleiki kommersíalismi veldur vanlíðan og leturmeðferðin er klunnaleg og kápan á allan hátt bara stórundarleg.“

Indjáninn eftir Jón Gnarr þykir einum vond meðan annar segir hana smekklega, ríma við efni bókarinnar og segir hana ekki líka neinni annarri.

Og að endingu fær Fyrir kvölddyrum eftir Hannes Pétursson, sem klóraði sig í 5. sæti yfir betri bókarkápur, þessi ummæli eins álitsgjafans: „Þjóðskáldinu er ekki mikill sómi sýndur. Settur inn í kápu og líkt og hún sé bundin inn í servíettu.“

## Álitsgjafarnir

Álitsgjafar Fréttablaðsins eru engir veifiskatar og hafa allir, á einn eða annan hátt, komið nálægt bókum og bókagerð. Bæði sem umfjallendur og hönnuðir. Handfjatlað þær, lesið og pælt í. Þetta eru **Arnar Geir Ómarsson** hönnuður og trymbill, **Bryndís Loftsdóttir** verslunarstjóri, **Dóra Ísleifs** hjá Listaháskólanum, **Egill Helgason** sjónvarpsmaður, **Gréta V. Guðmundsdóttir** hönnunarstjóri, Prófessor **Guðmundur Oddur** og **Ragnheiður Gyða Jónsdóttir** útvarps- og blaðamaður. Kann Fréttablaðið þeim bestu þakkir.



ARNAR GEIR ÓMARSSON | BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR | DÓRA ÍSLEIFS



EGILL HELGASON | GRÉTA V. GUÐMUNDSDÓTTIR | GUÐMUNDUR O. MAGNÚSSON | RAGNHEIÐUR GYÐA JÓNSDÓTTIR


# SÖLUSÝNING

## TJARNARBAKKI 4 - 8 REYKJANESBÆ

## LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13.00 – 16.00

## FULLBÚNAR SÉRHÆÐIR!



Þetta fylgir hverri íbúð:

- Óvenju stórar og glæsilegar innréttingar.
- Vandað eikarparket og flísar á gólfum.
- Glæsilegt hornbaðkar.
- Þvottavél og þurrkari.
- AEG bakarofn og keramik helluborð með snertirofum.
- AEG eyju- eða veggháfur.
- AEG uppþvottavél og ísskápur.

Hægt að fá fullbúinn bílskúr með íbúðum. 2,5 millj.
Afhending fljótlega!

Sérlega fallegar sérhæðir með sérinngangi í vönduðum 2ja hæða húsum.

Íbúðirnar eru mjög rúmgóðar 97 fm – 130 fm, 3ja og 4ra herbergja og skilast fullfrágengnar með vönduðum gólfefnum.

Húsin liggja stutt frá Reykjanesbraut sem verið er að tvöfalda og því verður þægilegt að aka til Reykjavíkur á stuttum tíma.

**VERÐ 18,4 millj. – 23,9 millj.**

Frum





## FULLBÚIN SÝNINGARÍBÚÐ Á STAÐNUM!

SÖLUAÐILAR:

STUÐLABERG FASTEIGNASALA

Sölufulltrúar verða á staðnum með nánari upplýsingar.

AEG

mubla

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
*Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali*

**Trausti Valsson** skipulagsfræðingur var að senda frá sér bók um hlýnandi loftslag í heiminum og áhrif þess. Í viðtali við *Inga Frey Vilhjálmsson* ræddi hann um bókina og stöðu Íslands í breyttum heimi.



**TRAUSTI VALSSON** Hann telur að vegna aukinna hlýinda í heiminum þurfi margar þjóðir heimsins að búa sig undir að flytjast frá svæðum við miðbaug og til kaldari svæða í norðri og suðri.

# Ísland loksins í alfaraleið

Hingað til hefur verið litið á Ísland sem útnára. Á miðöldum töldu menn að við Ísland lægju endimörk jarðarinnar: hurðin niður til helvítis var talin vera á Heklu. Þessi sögulega staða landsins sem útnára kann að breytast í framtíðinni að mati Trausta. Með minnkandi ís á norðurhveli og opnun siglingaleiða um Barentssund verður Ísland hugsanlega að umskipunarhöfn við mikilvæga alfaraleið á heimshöfunum.

### Hæí í andi hitastig

Meðalhitastig á jörðinni hefur hækkað um 0,8 gráður á celsíus síðustu hundrað árin – langmest á síðustu fimmtán árum. Meðalhiti var í kringum núll gráður um 1900 en er nú um 0,8 gráður. Þessi þróun mun halda áfram því rannsóknir benda til að meðalhitastig á norðurhveli jarðar fari upp í sjö gráður árið 2100, og upp í þrettán gráður fyrir árið 2150 að sögn Trausta sem sendi nýverið frá sér bókina How the World will Change with global Warming, þar sem hann fjallar meðal annars um þetta efni. „Hér áður fyrr voru stöðugar fréttir af því að kartöflugrös dæju í ágúst, slíkt heyrist ekki í dag og er kornrækt til dæmis með miklum sóma. Þetta er afleiðing af hlýnandi loftslagi,“ segir Trausti.

Trausti segir að helsta ástæðan fyrir hlýnuninni sé að með iðnvæðingu mannsins síðastliðin tvöhundruð ár hafi brennsla jarðefnaeldsneytis, kola, olíu og gass, aukist til muna. „Þær lofttegundir sem verða til við þennan bruna berast út í andrúmsloftið og bætast við lofttegundir sem verða til við annan bruna á jörðinni, svo sem skógarelda og rotnun. Þessar lofttegundir hafa aukið hitastigið á jörðinni,“ segir Trausti.

Ef svo fer sem horfir telur Trausti að mörg svæði við miðbaug jarðar verði orðin óbyggileg vegna hita, þurrka og eyðimarka á næstu öld og því muni fólk sem býr á þessum svæðum flytja í áttina að Norður- og Suðurheimskautinu.




**ÍS Á NORÐURHVELI** Myndirnar sýna minnkandi ísmagn á norðurhveli jarðar á tuttugustu og fyrstu öldinni.




**ÍSLAND Í ALFARALEIÐ** Með minnkandi hafís á norðurhveli jarðar opnast fyrir siglingaleiðina frá Norður-Íshafi, um Barentssund og yfir í Kyrrahaf. Umferð olíu- og flutningaskipa gæti legið meðfram Norðurlandi eins og myndin sýnir.

### Þrjár leiðir til  rbóta

Trausti segir þrjár leiðir til að bregðast við þessari hlýnun á jörðinni. Í fyrsta lagi að setja takmörk á hversu mikið megi brenna af jarðefnaeldsneyti, en Kyoto-samningnum er meðal annars ætlað þetta hlutverk. Trausti segir hins vegar að útblástur í aðildarríkjum að samningnum sé einungis einn fjórði af þeim útblæstri sem berst út í andrúmsloftið í heiminum. „75 prósent af útblæstrinum kemur frá þjóðum sem eru ekki aðilar að Kyoto-samningnum, til dæmis Bandaríkjunum, Kína og Indlandi.“ Trausti segir að í öðru lagi geti stjórnvöld og iðnfyrirtæki brugðist við með því að reyna að tryggja að útblásturinn sem berist út í andrúmsloftið sé hreinni, til dæmis með því að nota orkugjafa eins og vetni. Í þriðja lagi segir Trausti að þjóðir heimsins geti búið sig undir að flytjast búferlum í áttina að Norður- og Suðurheimskautinu. Hann er svartsýnn á að mönnum takist að sporna við hlýnuninni með fyrstu tveimur aðferðunum og telur því að sú þriðja sé skynsamlegust.

### Minní un haf ss

Með hækkandi hitastigi fer íshellan á norðurhveli jarðar minnkandi og auðveldara verður fyrir skip að sigla um Norður-Íshafið, í gegnum Beringssund – á milli Síberíu og Alaska – og yfir í Kyrrahafið. Þetta auðveldar samgöngur á sjó í heiminum, því með þiðnuninni gæti opnast bein sjóleið fyrir flutninga á milli Asíu og Ameríku sem hingað til hafa verið ómögulegir sökum hafíssins. Minnkun íssins gæti einnig aukið þátttöku Íslands í skipaflutningum á sjó, en hingað til hefur Ísland ekki spilað stórt hlutverk í verslun á heimshöfunum því það hefur ekki verið í alfaraleið.

### Ol an og umsí ipunarhöfnin

„Eftir því sem íshellan þiðnar verður einnig auðveldara að komast að þeim gríðarlegu miklu olíulindum sem liggja undir henni,“ segir Trausti, en talið er að um 20 prósent olíubirgða heimsins sé að finna þar.

Að mati Trausta gæti minnkandi hafís á svæðinu leitt til þess að Ísland verði að mikilvægri umskipunarhöfn í Norður-Atlantshafi á næstu áratugum, bæði vegna aukinna olíuflutninga sem og annars konar vöruflutninga á milli landa.

Trausti segir að þessi þróun sé þegar hafin hér á landi. Hann segir að sautján risaolíuskip – um 100.000 tonn hvert – hafi siglt fram hjá landinu í fyrra og meira en sextíu það sem af er þessu ári. Innan átta ára gæti þessi tala farið upp í um 500 risaolíuskip á ári að mati Trausta. Hann segir að ef af þessu verður gæti það skapað mikla atvinnu fyrir Íslendinga við ýmiss konar þjónustu auk þess sem mikil gjöld og tekjur munu verða af henni.

### Hætta á ol uslysi

En Trausti segir líka að þessi þróun geti haft neikvæðar afleiðingar því að með minnkun íssins á norðurhveli hækki yfirborð sjávar sem getur aukið flóðahættu hér á landi sem og annars staðar. Jafnframt gætu auknar siglingar með olíu haft ákveðnar hættur í för með sér. „Ef olíuslys verður hér við land, þá gæti lífríkið á Íslandi verið í mikilli hættu, líkt og gerðist árið 1989 þegar olíuskipið Exxon Valdez sökk við strendur Alaska og út úr því láku 52 milljónir gallona af olíu.“

### Ísland sem nafli alheimsins

„Allir höfundar sem skrifa um þessi efni setja sitt land í öndvegi. Ég geri það vegna þess að slíkt getur hjálpað okkur að markaðssetja landið því ef útlendingar sem skoða svona bók fá það á tilfinninguna að Ísland sé land tækifæranna þá getur það hjálpað okkur við að fá hingað fjárfesta. Ég er ekki alveg hlutlaus í þessu því ég vil láta Ísland líta vel út,“ segir Trausti en að hans mati eru Ísland og Noregur þau lönd sem munu græða hvað mest á opnun Beringssundsins fyrir aukinni skipaumferð og þeirri olíuvinnslu sem þar mun fara fram.

„Ísland er og hefur verið hálfgerður útnári en ef af þessu verður þá gæti það sko breyst,“ segir Trausti. ■



**EFTIRSÓTTUR HONDA CIVIC**
Honda Civic er vinsæll bíll bæði hjá fjölskyldufólki og yngri ökumönnum.
BÍLAR 2



**GALLAFÖT FYRIR NÚTÍMAKONUR**
Ef það er eitthvað sem dettur aldrei úr tísku þá eru það gallabuxur.
TÍSKA 10

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[ BÍLAR FERÐIR TÍSKA ]**

**Þriðju** hverju mínútu deyr barn einhvers staðar í heiminum í umferðarslysi. Umferðarslys eru algengasta dánarorsök ungs fólks í Evrópu og Bandaríkjunum. Aðeins alnæmi drepur fleiri unga menn í heiminum. Þetta kemur fram í bæklingi sem Michael Schumacher hefur ritað. Nánar á www.fib.is



**Ferðamálastofa** – hlutverk og starfsemi, nefnist nýtt kynningarrit sem Ferðamálastofa var að gefa út. Nánar á www.ferdamalastofa.is

**Í dag** verða ljótustu jakkaföt sögunnar verðlaunuð þegar verslunin Herra Hafnarfjörður heldur upp á 12 ára afmæli sitt. Undanfarnar vikur hefur fólk komið með í verslunina þau jakkaföt sem það telur ljótustu jakkaföt sögunnar í þeirri von að vinna 100.000 kr. vöruúttekt. Afmælið hefst klukkan 15.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 25. nóvember, 329. dagur ársins 2006**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reyí jav í | 10.28 | 13.15 | 16.01 |
| Aí ureyri | 10.32 | 12.59 | 15.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Jóhann Sigurðsson, annar frá vinstri, og hugsjónamennirnir Bjarni, Stígur og Egill hjá Brimborg eru miklir Volvo-menn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allt annað er drasl

***Volvo er ekki bara venjulegur bíll í augum Jóhanns Sigurðssonar. Aðeins 17 ára að aldri fékk hann ástríðu fyrir Volvo og síðan var ekki aftur snúið.***

Í dag á Jóhann tvo Volvo-bíla. Annar þeirra er Volvo S90 árgerð 1998 sem áður var í eigu kínverska sendiherrans á Íslandi. Hinn er blár, nýuppgerður Volvo 240 árgerð 1987 sem hefur verið í eigu Jóhanns síðastliðin 12 ár.

„Ég sá hann fyrir tilviljun á stæði við Dalbraut og gat engan veginn staðist freistinguna. Hann var aðeins ekinn 13.000 km sem er mjög óvenjulegt fyrir slíkan bíl,“ segir Jóhann. Fyrri eigandi bílsins, Andrés Kr. Hansson, hafði starfað sem atvinnubílstjóri síðan um 1930 og ekið um á þessu saman númeri, R 279, alla tíð. „Ég hafði samband við fjölskyldu Andrésar og það varð úr að ég fékk bílinn,“ segir Jóhann brosandi. Upp frá þessu urðu Jóhann og bíllinn miklir vinir og í dag er bíllinn allur nýuppgerður. „Bíllinn lenti í lítilsháttar tjóni og þegar hugsjónamennirnir á sprautuverkstæðinu Glitri tóku við honum, var ákveðið að fara í þessar framkvæmdir,“ segir Jóhann. Ferlið tók um þrjú ár og Jóhann fékk dygga aðstoð Brimborgarmanna sem voru óþreytandi við að finna varahluti og veita ráð sama hvað á bjátaði. „Það má segja að hann sé kominn í Armaniklæðnað blessaður bíllinn,“ segir Jóhann. Aðspurður segir Jóhann áreiðanleika og traust vera þá þætti sem heilla mest í fari bílanna. „Ég fæ einhverja einstaka öryggistilfinningu á Volvo,“ segir Jóhann sem er þess fullviss að númerinu gamla og góða fylgi alveg sérstök gæfa. Nú er Volvoinn að leita að nýjum eigendum og Jóhann vonar að hann fari í góðar hendur. *rh@frettabladid.is*






**Auí a motta** í bílnum getur komið að góðum notum þegar bíllinn festist í snjó. Þá má setja mottuna undir dekkin til að hindra að bíllinn spóli í hálkunni.




PRAMAC GROUP
Staflarar
einnig úrval af pallettutjökkum
Sturlaugur Jónsson & Co ehf
• Lágmúli 9 / 108 Reykjavík
• Sími: 533 2845 / GSM: 896 0515
• www.sturlaugur.is





RÚÐUVÖKVI Á ÖLLUM EGO STÖÐVUM
ego
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!
EGO er við: Fellsmúla, Hæðasmára, Salaveg, Smáralind, Stekkjarbakka og Vatnagarða!



Jeppadekkin frá
MICKEY THOMPSON






38x15,5R15
38" MTZ dekkin komin aftur
Fjallasport
4x4 specialist
Viðarhöfða 6 - Sími 577 4444



allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga


REYNSLUAKSTUR



Honda Civic ES er vel heppnaður bíll í flesta staði. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Eftirsóttur Honda Civic

***Honda Civic er gríðarlega vinsæll bíll. Svo vinsæll að þrátt fyrir að unnið sé allan sólarhringinn í Honda verksmiðjunum anna þær engan veginn eftirspurn. Þetta kemur ekki á óvart þar sem Civic ætti að höfða til margra.***

Ekki er hlaupið að því að eignast Civic. Hingað berst takmarkaður fjöldi bíla og slegist er um eintökin. Hann er bæði vinsæll hjá fjölskyldufólki, sem vill fallegan, traustan og ódýran bíl, sem og yngri ökumönnum í leit að spennu. Vinsælt er að breyta bílnum, setja vindskeið og svuntukitt á hann, fikta í vélinni og gera hann að japönskum götusportbíl. Þarna liggur helsta aðdráttarafl Civicsins. Hann er afar fjölhæfur.

Annar kostur Civic er verðið, en miðað við þann aukabúnað sem honum fylgir er hann á mjög samkeppnishæfu verði miðað við keppinautana. Útlit Civic skemmir heldur ekki fyrir honum. Hann skortir kannski evrópska fágun, en hann hefur þetta japanska yfirbragð sem er einhvern veginn auðveldara að móttaka og láta sér líka við.

Innviðir bílsins eru glæsilegir, að undaskildum stafræna hraðamælinum sem virðist af einhverjum óskiljanlegum ástæðum vera „big in Japan“. Svolítið Saab á áttunda áratugnum en dæmi hver fyrir sig. Handbremsan er hálf öfugsnúin og kemur sá viðsnúningur mjög vel út.

Mælaborðið er sportlegt, öllum hnöppum komið haganlega fyrir og svo er eitthvað við að hafa flipaskiptingu í stýrinu. Manni finnst maður vera að keyra dýran sportbíl og allir vilja keyra dýran sportbíl.

Vélin er lífleg. 1,8 lítrar, 139 hestöfl pískuð áfram af i-VTec ventlastýringu. Vélin skilar sínu og við blandaðan akstur er eyðslan skráð 6,5 lítrar á hundraðið. Það er ekki slæmt miðað við bíl í þessum flokki, hreint ekki slæmt. Þar að auki eru fjölmörg kerfi sem hjálpa þér að halda bílnum á veginum. Auk ABS bremsukerfis, CAS neyðarhemlunar og ESP stöðuleikakerfis er ES búinn EBD bremsuþrýstingskerfis, sem tekur tillit til þess hvernig bíllinn er hlaðinn, og VSA stöðuleikakerfis og skrikvarnar. Ef öllum þessum kerfum mistekst að halda þér á beinu brautinni geturðu huggað þig við það, síðustu sekúndurnar áður en þú lendir á ljósastaur, að bíllinn kom vel út úr EuroNCAP árekstrarprófunum.

Honda Civic ES er skemmtilegur bíll á skemmtilegu verði sem flestir ættu að skoða þegar nýr bíll er valinn.

*tr ggvi@frettabladid.is*



Það er eitthvað svo rangt við handbremsuna, en samt svo rétt.



Vel hefur tekist til með allar útlínur Civic og í raun allt útlit.

**HONDA CIVIC ES**

**Vél:** 1,8 l i-VTec
**Afl:** 139 hestöfl Tog: 173 Nm
**Þyngd:**1.194 kg
**Eyðsla:** 6,6 l/100 km

**Plús**
Útlit
Afl
Verð

**M nus:**
Vélarhljóð
Fáar fáanlegar týpur hérlendis



Ökumaðurinn er vel varinn af loftpúðum lendi hann í árekstri.



Blái liturinn í mælaborðinu kemur vel út. En af hverju stafrænn hraðamælir?


YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM
EIGUM VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR EVRÓPU & ASÍUBÍLA
AB VARAHLUTIR
BÍLDSHÖFÐA 18 - SÍMI: 567 6020
WWW.ABVARAHLUTIR.IS
AB - ALLTAF BETRI
BODDÝHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR -VATNSKASSAR OG FLEIRA



Í kjölfar stofnunar sérsambandsins verður myndað landslið sem keppa mun á heimsmeistaramótinu í mótorkrossi á næsta ári.

# Samband mótorhjóla- og snjósleðamanna stofnað

*Í gær var haldinn stofnfundur Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasambands Íslands. Unnið hefur verið að stofnuninni í þrjú ár.*

Mikil uppsveifla er í mótorsportinu hérlendis bæði hjá vélsleðamönnum og sérstaklega mótorkrossurum. Um tvö þúsund manns leggja stund á greinarnar og því mætti segja að stofnun sérsambands innan ÍSÍ sé löngu tímabær.

Samkvæmt Stefáni Snæ Konráðssyni, framkvæmdastjóra ÍSÍ, er fyrst og fremst um íþróttasamtök að ræða. „Með stofnuninni yfirtaka íþróttamennirnir öll sín mál og geta í framhaldinu tekið á sínum málum, hvort sem þau snúa að öryggi, umhverfi eða keppnishaldi,“ segir Stefán. „Þetta verður sterkur vettvangur fyrir mótorsportið.“

Samfara stofnun sambandsins fá íþróttamennirnir aðgang að Alþjóða mótorhjólasambandinu (FIM). Aron Reynisson, sem sat í forsvari fyrir undirbúningsnefnd sambandsins, segir að mótor- og snjókrossið hafi nú færst á annað plan. „Í fyrsta lagi mun skipulag og rammi um keppnishald batna til muna og í öðru lagi munum við fá fjármagn frá alþjóðahreyfingunni og getum rekið skrifstofu með starfsmann á launum. Það er stór breyting frá sjálfboðastarfi síðustu ára,“ segir Aron.

Þegar Aron er spurður hvernig Íslendingar standi gagnvart öðrum þjóðum í krossinu segir hann það mjög misjafnt. „Við höldum eitt snjósleðamót á ári sem gefur keppnisrétt á X-games. Það hafa komið atvinnumenn og keppt á mótinu til að ná í þetta sæti og við höfum einfaldlega ekki roð við þeim. Við stöndum hins vegar mun framar í mótorkrossinu og mjög framarlega í þolakstri,“ segir Aron og bendir á, máli sínu til stuðnings, að á síðustu árum hafi heimsmeistarar í þolakstri keppt hérlendis á Kirkjubæjarklaustri og hafi íslensku strákarnir haft í fullu tré við þá.

tr ggvi@frettabladid.is



Eitt mót í bandarísku mótaröðinni í snjósleðaakstri er haldið hérlendis. Mótið hefur meðal annars dregið að sér rússneskt keppnislið og heilan hóp stuðningsmanna þeirra.

## Lögreglan verðlaunuð

LÖGREGLAN Á BLÖNDUÓSI FÉKK UMFERÐARLJÓSIÐ FYRIR GÓÐAN ÁRANGUR Í SLYSAVÖRNUM.



Lögreglan á Blönduósi líður engan hraðakstur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Umferðarljósið eru hvatningarverðlaun Umferðarráðs. Sturla Böðvarsson afhenti Bjarna Stefánssyni, sýslumanni á Blönduósi, verðlaunin á nýafstöðnu umferðarþingi. Blönduósslögreglan er flestum kunn en hún tekur gríðarlega hart á öllum hraðakstri innan umdæmis síns. Einnig var Óla H. Þórðarsyni, fráfarandi formanni Umferðarráðs, veitt viðurkenning fyrir margra ára ósérhlífið starf í þágu umferðaröryggis. - tg



Sýnum LMC og FENDT hjólhýsin árgerð 2007.

Opið virka daga frá 9-18

VÍKUR VERK

Víkurverk Tangarhöfða 1
Sími 557 7720 www.vikurverk.is

Áfram býður Budget einfalt og gott. Fólksbílar frá 3.500 krónum á dag. Jeppar frá 5.500 krónum á dag. Innifalið í verði er kaskótrygging með 80.000 kr. sjálfsábyrgð á fólksbílum og 150.000 kr. sjálfsábyrgð á jeppum.

Góður fararskjóti...
...í jólaösinni

Bókaðu núna á www.budget.is



Fólksbílar kr. 3.500 100 km á dag
Fólksbílar kr. 5.900 ótakmarkaður akstur
Jeppar kr. 5.500 100 km á dag
Jeppar kr. 8.900 ótakmarkaður akstur

Concept

Budget bílaleiga: einfalt val.

Budget Car Rental

Budget bílaleiga, sími 562 6060, Vatnsmýrarvegi 10, 101 Reykjavík, www.budget.is
Budget bílaleiga er á eftirfarandi stöðum á landinu: Reykjavík, Keflavík, Akureyri og Egilsstöðum



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6216

VIÐSKIPTAVINURINN Í FYRSTA SÆTI

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

Eigð'ann
Eignastu bílinn með hjálp Glitnis
• Bílalán
• Bílasamningur

Leigð'ann
Greiddu aðeins fyrir afnot af bílnum
• Einkaleiga
• Rekstrarleiga

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á www.glitnirfjarmognun.is

GLITNIR FJÁRMÖGNUN

BIFREIÐASTILLINGIN
**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?**
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
**Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**

FRAMÖXLAR Í JEPPA
Japan/U.S.A.
Öxulliðir í flestar gerðir jeppa

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
fjallabilar@fjallabilar.is

ALLT AÐ 10% SPARNAÐUR...
...með réttum loftþrýstingi í hjólbörðum!
EGO
Ódýrt eldsneyti + ávinningur!
EGO er við: Fellsmúla, Hæðasmára, Salaveg, Smáralind, Stekkjarbakka og Vatnagarða!

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Porche fátæka mannsins

*Ímynd Skoda hefur tekið stakkaskiptum undanfarin ár, vegna breyttrar ásýndar, betri gæða og snjallra markaðsherferða, og er nú eftirsótt bílategund.*

Það er af sem áður var en um tíma dauðskömmuðust menn sín hreinlega fyrir að eiga Skoda-bíla. Saga Skoda er lengri en margan gæti grunað og nær í raun alveg aftur til ársins 1894. Hún hefst í tékkóslóvakíska bænum Mladá Boleslav hjá bóksalanum Václav Klement, sem sendi reiðhjól sitt í viðgerð til framleiðandans Seidel und Nauman vegna þess hversu illa gekk að fá í það varahluti. Sendi Václav framleiðandanum þýska jafnframt bréf til að útskýra hvers væri þörf.

Václav barst bréf á móti þar sem hann var vinsamlegast beðinn um að skrifa á skiljanlegu tungumáli, óskaði hann svara. Bóksalinn varð svo reiður er hann las bréfið, að hann gerði sér lítið fyrir og stofnaði sitt eigið reiðhjólaverkstæði árið 1895, þrátt fyrir að skorta alla tæknilega kunnáttu.

Václav fékk seinna nafna sinn Václav Laurin, þekktan reiðhjólaframleiðanda, með sér í reksturinn. Liðu þannig ekki nema fáein ár þar til viðgerðirnar þróuðust yfir í framleiðslu fyrstu mótorhjólanna, Slavia mótorhjólin svokölluðu, þróaða útgáfu mótorknúinna reiðhjóla sem nutu mikilla vinsælda en voru hættuleg. Václav Laurin braut til dæmis framtönn er hann missti stjórn á slíku hjóli.

Fyrirtækið hafði þá fært út kvíarnar og var orðið að verksmiðju með 32 starfsmönnum sem þótti nokkuð umfangsmikið á þeim tíma. Árið 1905 hóf það framleiðslu á bifreiðum og vörubílum upp úr Fyrri heimsstyrjöld. Vegna misjafns gengis sameinaðist það síðan Skoda Works árið 1924, stærsta iðnfyrirtæki Austurríkis og Ungverjalands, og varð Skoda heitið smám ríkjandi. Eftir nokkra lægð náði fyrirtækið sér aftur á strik með Popular-bílnum sem stóð undir nafni.

Þrátt fyrir alls kyns mótlæti, svo sem pólitískum hræringum í Tékkóslóvakíu, hélt Skoda nánast samfelldum vinsældum allt fram til 7. áratugarins, með tegundum á borð við Skoda 440 Spartak, 445 Octavia, Felicia og Skoda 1000 MB. Skoda bílar seldust áfram ágætlega alveg fram á níunda áratuginn, þótt útlit bílsins hafi þá þótt úrelt á vestrænan mælikvarða. Þá voru ýmsar ólíkar Skoda-gerðir fáanlegar, þar á meðal sportútgáfan Rapid sem var í háði kallaður Porche fátæka mannsins.

Þrátt fyrir að vera sterkbyggður bíll seldist Skoda illa í Vestur-Evrópu í lok 9. áratugarins vegna þess hversu hallærislegur hann þótti. Ákveðin straumhvörf urðu árið 1991 þegar Volkswagen Group keypti Skoda fyrritækið. Var þá meðal annars ráðist í gagngerar endurbætur á ímynd bílsins og vélarafli. Afrakstur vinnunnar var Skoda Felicia (1996), sem naut vinsælda, þó ekki jafn mikilla og Octavia og Fabia sem hlutu loks náð fyrir augum vestræns almennings.

Nýtur Skoda nú vinsælda í Evrópu allri og fær almennt góðar umsagnir í skoðanakönnunum. Fyrirtækið hefur vaxið með hliðsjón af aukinni eftirspurn og teygir nú anga sína til Sarajevó, Bosníu, Hersegóvínu og indversku borgarinnar Aurangabad.
(heimild: www.wikipedia.org)

*roald@frettabladid.*


Skoda 1202 Combi frá sjöunda áratugnum. Myndin er tekin á belgískri bílasýningu árið 2005. MYND/NETIÐ


Skoda framleiðir einnig vörubíla og rútur. MYND/NETIÐ


Skoda Rapid 1988 sem var í háði kallaður Porche fátæka mannsins. MYND/NETIÐ


Skoda Octavia 1999 naut vinsælda um alla Evrópu þegar hann leit dagsins ljós. MYND/NETIÐ

Höfum til afhendingar strax


BluCamp Sky 20

**B uCamp Sky 20**. Nýr 2007. Ford 2,2 Lt 130 hestö - Commandrail diesel, ABS- EBD Aksturstalva - Útihitamælir - Leður stýri - Armpúðar á sætum. Loftkæling-2 öryggispúðar - Útvarp - Geislaspilari með fjarstýringu. Rafm. í rúðum - Gírskipting í mælaborði - Þjófavörn með fjarstýringu. Lengd 6,37 - Svefnpláss fyrir fjóra - Tvíbreitt rúm aftur í. Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra - Stór dekk 215/75 R16".
**Verð 5.200.000 kr. með vsk. skráður og skoðaður.**


Renders árg 1997

**Renders** 3 öxla niðurbyggður utningsvagn á tvöföldum dekkjum með loftpúðafjöðrun skjólborðum og segli yfir. Lengd 13,5 metra **Verð 1,150,000 kr. +vsk**

Getum einnig útvegað vörubíladekk á góðu verði


Challenger Elitis 3060

**Cha enger E itis 3060**
Flaggskipið frá Challenger
2007 Fiat Ducato 160 Multijet Power 157 Hestö
Sjö metra langur, svefnpláss fyrir 4, hjónarúm afturí og annað frammí sem tekið er niður úr loftinu
**Einn með ö u. Verð 8,4 með vsk**

Bílexport á Íslandi ehf.
Bóas sími 0049-175-271-1783 • Eðvald sími 896-6456 • www.bilexport.dk boas@bilexport.dk

## Sigurb ll LeMans til sölu

FYRIR ÞÁ VIRKILEGA RÍKU SEM EIGA ALLT ER ÞESSI JÓLAGJÖF EKKI SVO VITLAUS.



Nú eru tveir White Lightning Porsche 911 GT3 RSR bílar til sölu hjá Petersen kappakstursliðinu. Þessum bílum var ekið til sigurs í GT3 flokk Le Mans keppninnar árið 2004 og ættu því að geta staðið fyrir sínu.

Bílarnir eru ekki aðeins fyrir bílaáhugamenn heldur einnig þá sem eru í lífsgæðakapphlaupi við nágranna sína. Með þennan bíl í innkeyrslunni skiptir engu máli hvernig Benz hinir kaupa. Sigurvegari Le Mans á alla athyglina óskipta.

Verðið er ekki gefið upp en áhugasamir geta sett sig í samband við Petersen liðið og gert tilboð.

*-tg*

# Sparneytnustu og umhverfisvænustu bílarnir

***Stofnaður hefur verið Vettvangur orku- og stóriðjurannsókna (VOR) við Háskóla Íslands. Af því tilefni var haldin keppni um hver væri vistvænasti og sparneytnasti bíllinn á Íslandi. Sigurvegararnir voru þrír: Rafmagnsbíll frá Puegeot, Metanbíll frá Volkswagen og Prius frá Toyota.***



Keppendur í sparaksturskeppninni við endamarkið. Bílarnir stóðu sig mjög misjafnlega. FRÉTTABLAÐIÐ/KARL

Þeir bílar sem tóku þátt í keppninni voru Skoda Octavia (beinskiptur dísilbíll sem komst hringinn í kringum landið á einum tank), Toyota Prius (sjálfskiptur tvinnbíll með synergy hybryd drive), Volkswagen Touran Trendline EcoFuel (beinskiptur bíll sem notar bæði metangas og bensín), Toyota Aygo (beinskiptur smábíll sem er með bensínhreyfil), Peugeot (rafmagnsbíll sem gengur fyrir rafhlöðum), Toyota Landcruiser (sjálfskiptur dísiljeppi með hefðbundnu olíuverki), Mitsubishi Pajero (sjálfskiptur bensínjeppi sem er með tölvustýrða innspýtingu), og síðast en ekki síst vetnisstrætisvagn frá Benz.

Keppnin fólst í því að ökutækin voru fyllt af eldsneyti á stöð Esso að Bíldshöfða og þeim ekið fyrirfram ákveðna leið innan höfuðborgarsvæðisins. Leiðin samanstóð af þungum umferðargötum, hverfisgötum og lengri leiðum. Á leiðinni fóru ökutækin í mengunarmælingu hjá Frumherja en síðan endaði keppnin þar sem hún byrjaði, á Essostöðinni við Bíldshöfða, en þar fóru aðrar nauðsynlegar mælingar fram.



Fyrir utan rafmagnsbílinn frá Peugeot var það Toyota Prius sem komst í gegnum keppnina með minnsta elsdsneytiskostnaðinn.

Sigurvegarar keppninnar voru þrír eins og fyrr segir. Rafmagnsbíll frá Peugeot sem bæði mengaði minnst og komst hringinn á 92 kr. Tekið skal fram að hann hefur takmarkaða drægni og þarf langan tíma í hleðslu. Af hefðbundnum ökutækjum voru það Volkswagen Touran Trendline EcoFuel metan bíll, sem notar íslenskt eldsneyti og mengaði minnst og Toyota Prius tvinnbíll sem komst hringinn á lægsta eldsneytiskostnaði.

*tr ggvi@frettabladid.is*



Hversu margir lítrar af bóni hafa farið í þetta meistaraverk er erfitt að segja. Eigandi bílsins er Jökulfell.

# Fegursti Mercedes-Benz vörubíllinn

***Um síðustu helgi hélt ASKJA opið hús í nýopnaðri atvinnubílaaðstöðu í Skútahrauni 2 í Hafnarfirði.***

Af því tilefni var haldin keppni um fallegasta Mercedes-Benz vinnubílinn á Íslandi. Keppt var í þremur flokkum en fimm manna dómnefnd frá ÖSKJU og Mercedes-Benz valdi fallegasta bílinn í hverjum flokki fyrir sig. Síðan var einn bíll af þessum þremur valinn fallegasti Mercedes-Benz bíllinn á Íslandi. Eigandi þess bíls vann ferð til Mercedes-Benz vörubílaverksmiðjanna í Þýskalandi og í þeirri ferð verður meðal annars nýtt Mercedes-Benz safn í Stuttgart heimsótt. Sigurvegarar í hverjum flokki fengu einnig hver um sig Mercedes-Benz-úr í verðlaun.

Sigurvegari í heildarkeppninni var Mercedes-Benz Actros dráttarbíll frá Jökulfelli. Bílstjóri hans er Óskar Haukur Gíslason frá Jökulfelli ehf.

*-tg*


Getz

Hyundai Getz GL 1100 3 dyra.
Kr. 1.390.000
Kr. 14.990 á mán*.
Hyundai Getz GL 1100 5 dyra.
Kr. 1.490.000
Kr. 15.990 á mán*.

- ESP stöðugleikastýring
- ABS og 4 loftpúðar
- MP3 spilari / 4 hátalarar
- Þokuljós að framan
- Litaðar rúður

Hefur gæðin



Bílasamningur til 84 mánaða, blönduð myntkarfa og 30% útborgun.
Bíll á mynd: Getz 5 dyra GLS með 16 tommu álfelgum.

Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



**Veðurspáin** á nú að ráða för þegar veturinn er skollinn á. Aldrei halda af stað út úr bænum án þess að kanna veðurhorfur fyrst.

# Aukið framboð á flugi til Íslands

***Enn fjölgar valkostum í flugi til og frá landinu.***

Iceland Express hefur nú tilkynnt að flugfélagið muni hefja flug á milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar í vor. Með þessu fjölgar enn þeim valkostum sem í boði eru í flugi til og frá landinu.

Iceland Express mun fljúga tvisvar í viku milli Egilsstaða og Kaupmannahafnar.

Auk þessa hyggst SAS bæta við flugleiðinni Keflavík-Stokkhólmur en fyrir flýgur SAS frá Keflavík til Osló. Íslenskir ferðalangar fagna þessum tveimur viðbótum við leiðakerfið til Norðurlandanna og næsta víst að með auknu framboði og aukinni samkeppni megi búast við hagstæðari kjörum á farseðlum.



Iceland Express hefur ákveðið að hefja flug til Kaupmannahafnar frá Egilsstöðum í vor.



Það er ýmislegt gert til að farþegum líði sem best á fyrsta farrými. Í tilteknum flugvélum er til dæmis hægt að breyta sætum í rúm.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Kóngalíf í háloftunum

***Flug á fyrsta farrými var áður hluti af lífsstíl efnaðra ferðamanna, en nú nýta sífellt fleiri sér þennan ferðamáta.***

Fyrsta farrými er yfirleitt framarlega í flugvélum en stundum á efra þilfari eins og í tilfellum flugvéla af gerðinni Boeing 747 og brátt Airbus A380.

Mörgum verður reyndar á að rugla fyrsta farrými saman við viðskiptafarrými. Munurinn á þessu tvennu er sá að á fyrsta farrými eru sætin yfirleitt stærri og þeim fylgir meira fótapláss en á viðskiptafarrými, þótt það sé ekki algild regla.

Rétt er þó að tilgreina að töluverður munur getur verið á fyrsta farrými, til dæmis eftir löndum og einstökum flugfélögum. Sum flugfélög bjóða þannig upp á fyrsta farrými með sætum sem hægt er að breyta í rúm, á meðan önnur hafa sæti sem geta með einföldum snúningi myndað nokkra bása á matmálstímum. Þá færist í aukana að flugfélög sem eingöngu hafa viðskiptafarrými, auk almenns farrýmis, bjóði upp á sams konar þjónustu.

Hvað sem því líður er fyrsta farrými ekki eftirsóknarvert að ástæðulausu, þar sem kostirnir við þennan ferðamáta eru margir.



Flugfélög sem selja ekki miða á fyrsta farrými hafa sum hver tekið upp á því að bjóða upp á samskonar aðstöðu og þjónustu á viðskiptafarrými.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Flugfreyjur og -þjónar leggja sig fram við að dekra við farþega fyrsta farrýmis, en betri og skjótvirkari þjónusta fylgja með í kaupunum á miða á fyrsta farrými.

Farþegarnir geta til að mynda innritað sig við sérstakt hlið á flugvöllum og farið fyrr um borð og frá borði. Sums staðar hafa þeir rétt til að fara fram fyrir farþega annarra farrýma í röðum og hafa aukna farangursheimild.

Þegar um borð er komið tekur yfirleitt við sannkallað þægindalíf, þar sem flest er reynt til að auðvelda farþegunum ferðalagið, sérstaklega ef þeir eiga langt flug fyrir höndum. Góður matur, afþreying af ýmsu tagi og framúrskarandi þjónusta er hluti þess sem farþegarnir mega vænta á fyrsta farrými.

Á árum áður var ekki á allra færi að ferðast á fyrsta farrými, vegna þess hve dýrt það þótti. Nú geta farþegar tiltekinna flugfélaga hins vegar keypt sér miða á fyrsta farrými á vildarkjörum, með afslætti fljúgi þeir oft og eiga möguleika á að breyta farmiða á öðru farrými í það fyrsta og borga mismuninn.

Þeir sem hyggjast ferðast á fyrsta farrými frá og til Íslands geta sem stendur valið á milli Flugleiða og British Airways, sem bjóða upp á flug til og frá London. Hægt er að kynna sér þennan ferðamáta nánar á www.icelandair.is og www.britishairways.co.uk

*roald@frettabladid.is*







## Vorið Eistlandi

NÆSTU FERÐIR TRANS-ATLANTIC TIL TALLINN ERU UM NÆSTU PÁSKA. ÞÁ ER VOR Í LOFTI Í EISTLANDI.

Tallinn hefur upp á margt að bjóða fyrir ferðamanninn, fjölbreytt menningar- og skemmtanalíf, úrval veitingastaða og lágt vöruverð.

Borgin er bæði nútímaleg og forn. Það er þó gamli bæjarhlutinn sem hefur mesta aðdráttaraflið á ferðamenn. Byggingar þar eru frá 11. til 15. öld og göturnar steini lagðar.

Þar sem Tallinn er best varðveitta miðaldaborg Norður-Evrópu hefur henni verið bætt við á heimslista UNESCO. Þar eru söfn, dómkirkjur, borgarhlið, klaustur, turnar og stórfenglegur arkitektúr.

Fyrir hópa skipuleggur ferðaskrifstofan fagnaði í miðaldastíl í köstulum og höllum frá fyrri öldum, ef óskað er. Flogið er frá Akureyri, Egilsstöðum og Keflavík.

Nánari upplýsingar er að finna á www.transatlantic.is



Tallinn er best varðveitta miðaldaborg Norður-Evrópu en er þó samtímis nútímaleg borg með alþjóðlegu yfirbragði.

# Allt öðruvísi næturbrölt í miðborg Reykjavíkur

*Hann heitir Zeno Keilhacker, hálf argentínskur, hálfur þjóðverji og síðan í júní á þessu ári hefur hann ásamt Jose vini sínum boðið upp á öðruvísi skemmtanaþjónustu en þá sem tíðkast hefur hér á landi.*

„Við bjóðum fólki öðruvísi leið til að skemmta sér,“ segir Zeno þegar spurt er út í hvað þetta er. „Það eina sem fólk þarf að gera er að mæta á Bar 11 klukkan 10 annaðhvort föstudag eða laugardag. Gjaldið er þrjú þúsund krónur og á milli 10 og 12 er frítt að drekka þar. Eftir það löbbum við inn á tvo aðra bari þar sem boðið er upp á frí skot“, segir Zeno. Ef það er ekki nóg þá er farið á Pravda eftir miðnætti þar sem gestum The Night Circle er boðið upp á kokteil. Einnig gefum við öllum þeim sem koma með okkur í gönguna ávísun upp á fría pulsu sem þeir geta notað hvenær sem er,“ bætir Zeno við. Það eru aðallega útlendingar sem fara í gönguna en Zeno segir að Íslendingar hafi verið duglegir að trítla með. „Það hefur alls konar fólk komið með okkur. Einu sinni var prófessor frá Harvard háskólanum með okkur og í eitt skipti var kona frá Hong Kong með okkur, sem er ekki í frásögur færandi nema að hún er einkaspæjari,“ segir Zeno.

En hvernig kom þetta til allt saman? „Ég elska að ferðast og mig hefur alltaf langað til að vinna á skipi á Íslandi. Ég kom hingað til landsins, fékk vinnu á skipi og smám saman þróaðist þetta eiginlega bara með vini mínum Jose“. Zeno er reyndar einn í göngunni núna þar sem Jose vinur hans er í bakpokaferðalagi um Afríku en Jose kemur aftur eftir áramót. „Ég er reyndar búinn að safna saman góðu liði til að vinna með í göngunni, til dæmis er stelpa frá Kanada að vinna með mér núna.“

Það samt hlýtur að taka sinn toll að fara út um hverja einustu helgi? „Ó, já. Síðastliðinn laugardag var ég til dæmis úti til klukkan fimm að morgni,“ segir Zeno og hlær. The Night Circle verður í gangi núna allar helgar til 16. desember og svo aftur strax á nýju ári. *- oho*



Zeno Keilhacker er maðurinn á bak við The Night Circle. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

# Fótgangandi um fjöll og firnindi

*IT ferðir skipuleggur margar spennandi gönguferðir á næsta ári og kynnir þær nú á sunnudaginn klukkan 17 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.*



Gengið um fagurt fjalllendi Búlgaríu.

Balkanfjöllin í Búlgaríu, Pýreneafjöllin á landamærum Frakklands og Spánar og Dólómítafjöllin á Ítalíu eru meðal þeirra fjalla sem í ráði er að kanna fótgangandi í sumar á vegum IT ferða. Einnig eru gönguferðir bæði um króatísk og slóvensk fjöll í boði og þeirri síðarnefndu lýkur í hinni fögru borg Bled.

Um vikuferðir er að ræða og lágmarksþátttaka í ferðunum er yfirleitt tuttugu manns. Frábærir þarlendir fararstjórar eru með í hverri ferð ásamt íslenskum.

Þau Hjördís Hilmarsdóttir og Ásgeir Eggertsson, göngusérfræðingar ÍT ferða, munu gera grein fyrir sumardagskránni á kynningarfundi í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal sunnudaginn 26. nóvember kl. 17. (Í húsinu sem er næst Laugardalshöllinni)

Upplýsingar er líka að finna á síðunni www.itferdir.is. *- gun*

**Helgarferðir til frænda okkar og vina í Færeyjum**

**Brottför a  a föstudaga**

Hví ekki að breyta til og heimsækja granna okkar í austri?

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar ehf. býður hagstæðar helgarferðir til Færeyja nú í vetur.

Flogið er á föstudögum klukkan 13:45 til Færeyja og heim aftur á mánudögum klukkan 17:00. Gist er Hotel Hafnia sem er notalegt fjögurra stjörnu hótel á besta stað í bænum.

Verð á mann er 44.400,-
Innifalið er   ug,   ugvallaskattar, gisting á Hotel Hafnia í tveggjamanna herbergi, frá föstudegi til mánudags, morgunverður og einn kvöldverður á veitingastað hótelsins, sem er einn sá besti í bænum. Í nóvember og desember er kvöldverðurinn **hið fræga jó ah aðborð Hote  Hafnia.**

Hafið samband við utanlandsdeild okkar.



FERÐASKRIFSTOFA GUÐMUNDAR JÓNASSONAR EHF.
Borgartúni 34, sími 511 1515
netfang: outgoing@gjtravel.is
heimasíða: www.gjtravel.is



María Dögg Tryggvadóttir tók þessa mynd á ferð sinni kringum Mt. Rosa fjallgarðinn.

# Fjallamyndasýning

*Myndasýning verður á Hótel Nordica 29. nóvember á vegum tímaritsins Útiveru og Íslenskra fjallaleiðsögumanna.*

Íslenskt fjallafólk gerði víðreist í sumar sem leið og vann marga frækilega fjallasigra. Tímaritið Útivera í samstarfi við Íslenska fjallaleiðsögumenn efnir til glæsilegrar myndasýningar þar sem valinkunnir ferðajaxlar sýna myndir og segja frá ferðum sínum. Þar verður lýst ferðum um Pakistan, Ítalíu, Frakkland, Rússland, Sviss, Kirgisistan, Tyrkland og Grænland. María Dögg Tryggvadóttir er einn ferðalangana. Hún lýsir gönguferð sinni kringum Mt. Rosa fjallgarðinn sem tók níu daga. María er þaulvön, fór til dæmis fyrr um sumarið á Mt. Blanc á landamærum Ítalíu og Frakklands og árið 1997 gekk hún á gönguskíðum ásamt þremur öðrum konum þvert yfir Grænlandsjökul. Meðal annarra ferðagarpa sem mæta á staðinn eru Haraldur Örn Ólafsson, Stefán Örn Tryggvason og Leifur Örn Svavarsson.

Á samkomunni sem stendur frá klukkan 20 til 23 verða einnig veitt verðlaun í Ferðasögusamkeppni Útiveru. *- gun*

**Ertu að fara á skíði?**




**Bókaðu bílaleigubílinn strax á avis.is**

**Bílaleigubíll í Þýskalandi**
Vika fyrir flokk I Opel Vectra station eða sambærilegan bíl á 333 evrur.
Innifalið í verði: Ótakmarkaður akstur, kaskó- og þjófatrygging, flugvallargjald og skattar.

AVIS® We try harder.®

Knarrarvogi 2 / Sími 591 4000 / avis.is

Við leggjum okkur fram.

**Nælur** eru fallegar og góð viðbót við klæðnaðinn. Með litríkri nælu má hressa upp á svörtu og gráu litina sem eru vinsælir í dag.





Glansandi silfurbuxur frá Kaviar Gauche.



Kjóll úr smiðju Jonathan Saunders.

# Verðlaun veitt í Zürich

***Stórsýningin „Stella contemporary Fashion awards“ var haldin í Sviss nýlega. Þar bar mikið á silfur- og gulllitum.***

Sýningin var haldin í Maag tónlistarhúsinu í Zürich. Þar var keppt til tvennra verðlauna. Annars vegar svissnesku textílverðlaunanna og hins vegar Annabell verðlaunanna. Annabell-verðlaunin eru veitt ungum svissneskum tískuhönnuði og varð í þetta sinn fyrir valinu hin þrítuga Sabine Heinold sem fær að starfa sem lærlingur hjá aðalhönnuði Pucci, Matthew Williamson, í Bologna.

Aðalviðburður kvöldsins var þó afhending svissnesku textílverðlaunanna en sex hönnuðir víðs vegar að sýndu sköpunarverk sín á sýningarpöllunum og kepptu sín á milli um hinn mikla heiður sem verðlaunin eru, auk þess sem töluverð peningaupphæð var í boði eða hundrað þúsund evrur. Dómararnir völdu í þetta sinn Bruno Pieters sem sigurvegara en sumarlína hans fyrir árið 2007 er innblásin af franska listamanninum Yves Klein.



Gegnsæ silfruð skyrta og stutt pils eftir Anne Valerie Hash.



Fislétt flík frá Jonathan Saunders.



Sköpunarverk Bruno Pieters, sem hlaut aðalverðlaunin fyrir sumarlínu sína 2007.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Sigurvegari síðasta árs, Christian Wijnants, hannaði þennan gullkjól.


LJÓSHEIMAR
Brautarholti 8, 2.h.t.v. - Verslun
Opið í dag 11-18
*Nýkomin sending af gullfallegum vörum frá Egyptalandi: styttur, vasar, dúkar, altarisborð, speglar og rammar*
KYNNING verður á HITA SKÓM sem eru GÓÐIR við fótkulda, þreytu, lið- og gigtverkjum
*Verið velkomin*
Ljósheimar s. 551 0148

*Trúlofunarhringar*

BRILLIANT
LAUGAVEGUR · KRINGLAN · SMÁRALIND

**Klipping og jólavörur í sömu ferð**
*Hárþjónusta á frábæru verði, gerið svo vel að panta tíma*
*Verið velkomin - Lára og Eva*

Verðdæmi:
K ipping, m. þurrkun 2.500
Lagning, stutt hár * 1.500
B ástur, stutt hár * 2.100
Strípur m. á pappír * 4.900
Permanent, stutt hár * 3.900
Hár itun, stutt hár * 3.400
* Dýrara í síðara hár
Þetta er verðskrá virka daga,
20% dýrara á augardögum

*Full búð af fallegum vörum á betra verði. Úrval lampa og ljósa, sjón er sögu ríkari*
**Evíta**
**Hárgreiðs a og gjafavörur**
Starmýri 2, 108 Reykjavík • Sími 553 1900 • www.evita.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Teiknimyndir á barnaföt

***Landkönnuðurinn Dóra, Bubbi byggir og Doddi prýða barnafatnað, skó og bakpoka.***

Mörg börn eiga sér uppáhalds persónu í teiknimyndum. Bubbi byggir hefur heldur betur slegið í gegn og er landkönnuðurinn Dóra núna að heilla börnin og þá sérstaklega stelpurnar. Í kjölfarið hafa hönnuðir barnafata hannað mikið af fötum og fylgihlutum þar sem skemmtilegar teiknimyndapersónur eru í aðalhlutverki. Í barnafataversluninni Adams í Smáralind er úvalið mikið af þessum fötum og má sjá Dóru hlaupa um á bómullarbuxum, Dodda brosandi á bakpoka og lestina Tomma á náttfötum.


Tjú tjú segir lestin Tommi sem er hér á bakpoka.


Eyrnaskjól með mynd af Dóru.


Notalegur sloppur með mynd af lestinni Tomma.


Dóra á hettupeysu, en hægt er að fá buxur í stíl.


Gúmmístígvél fyrir unga landkönnuði.


Doddi breiðir út faðm sinn á þessum skemmtilega bakpoka.


Bubbi byggir á inniskóm.





## Vönduð herrajakkaföt



Paul Smith - Matinique - Tiger of Sweden - Bruunz Bazaar

Kultur menn

Kringlunni s.512 1799

TOPSHOP

frá toppi...


2.490


2.990


5.490


5.490


5.490


3.990

...til táar

TOPSHOP

SMÁRALIND I 533 8383

SHOE STUDIO


Verð 14.990

Verð 10.990

PIED A TERRE NINE WEST Bertie

Kringlunni | sími: 517 3190





G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007

NÝJAR OG SPENNANDI VÖRUR FYRIR JÓLIN

G-STAR RAW DEFENDER marc newson g-star.com

Sock Shop
breytir um nafn og
verður Cobra

Hlýjar
sokkabuxur
fyrir veturinn

cobra

Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið

allt
atvinna
Alla sunnudaga


coast
Einstök verslun fyrir hátíðleg tilefni
COAST SMÁRALIND I SÍMI 554 5111
www.coast-stores.com

Tösku- og hanskabúðin ehf.
NÝ SENDING
af hinum vinsælu
ökuhönskum
úr villisvínaskinni

Herrahanskar kr. 4.800.-, Dömuhanskar kr. 4.400.-



Stutt gallapils, flott yfir þykkar sokkabuxur eða leggings. Spúútnik. Verð 3.900 kr.

Klassískt sítt gallapils. Spúútnik Laugavegi 28a. Verð 3.700 kr.

Fyrir stelpuna með 90's tískuna á hreinu. Spúútnik. Verð 5.600 kr.

# Gallaföt fyrir nútímakonur

***Ef það er eitthvað sem dettur aldrei úr tísku þá eru það gallabuxur.***

Saga gallabuxna nær aftur til ársins 1873 þegar klæðskeri að nafni Levi Strauss hóf samstarf við klæðskera að nafni Jacob Davis og hófu þeir félagar upp úr því að selja gallabuxur til kolaverkamanna.

Það var ekki fyrr en á sjötta og sjöunda áratugnum að gallabuxur fóru að verða tískuvara og byrjuðu að seljast í bílförmum.

Í fyrstu þótti ekki smekklegt að konur gengju um í gallabuxum en núna er öldin önnur. Þannig eiga lang flestar konur einhvers konar gallabuxur og jafnvel margar týpur í fataskápnum sínum. Fréttablaðið leit við í fataverslunum víða um bæinn og fann nokkrar góðar gallaflíkur á nútímakonuna.

*olihjortur@frettabladid.is*



Flottar gallabuxur fyrir öll tækifæri. G-Star. Verð 11.990 kr.



Fyrir konu á framabraut. G-Star. Verð 12.990 kr.

Smart Diesel gallabuxur. Sautján. Verð 11.900 kr.

Flottar dökkbláar Diesel gallabuxur. Sautján. Verð 15.900 kr.

Flottar rauðar gallabuxur úr Trílógía. Verð 11.200 kr.

sbarro
EKTA ÍTALSKUR MATUR!
Spaghetti Carbonara
með beikonbitum
og parmesanosti
Það styttist óðum í að Íslendingar fái að njóta SBARRO veitinga á Stjörnutorgi í Kringlunni.



Týpísk síða á My Space.

# Íslenskar búðir á My Space

***Það virðist vera vinsælt hjá sjálfstæðum íslenskum fatabúðum að fá sér My Space síðu en búðir eins og Gyllti kötturinn, Spúútnik, Kron Kron, Rokk & rósir, Glamúr og Nakti apinn eru allar með slíka heimasíðu.***

My Space er vinasamfélag á netinu og er fjórða stærsta netsíðan í heiminum í dag. Skráning á síðuna er ókeypis og snýst My Space um að sýna sjálfan sig fyrir heiminum.

Hægt er að blogga, setja inn myndir, finna tónlist og fleira skemmtilegt. Íslenskar tískuverslanir hafa greinilega nýtt þjónustu My Space til hins ýtrasta og er hægt að skoða á síðunum þeirra hvaða föt eru í boði hverju sinni, myndir, tilboð, blogg frá starfsmönnum og fleira skemmtilegt sem fatasjúklingurinn getur nýtt sér.

Linkarnir eru myspace.com/spuutnik, myspace.com/rokkogrosir, myspace.com/gylltikotturinn, myspace.com/glamur og myspace.com/dontbenaked.

# Úlpur á íslenska stráka

***Íslenskum strákum finnst gaman að klæða sig upp, líka á veturna.***

Það er stundum alveg ótrúlegt hversu vel við Íslendingar fylgjumst með tískunni. Við höfum það orð á okkur erlendis að vera mjög tískumeðvituð og sérstaklega er til þess tekið hversu flottir strákarnir okkar eru. Íslenskum strákum finnst gaman að klæða sig upp og nú þegar veturinn er genginn í garð er mikilvægt að klæða sig samkvæmt veðri. Úlpur reynast oft hið mesta þarfaþing á köldum vetrardögum og í íslenskum tískuvöruverslunum er nóg til af góðum strákaúlpum. Hér eru nokkrar hugmyndir að flottum strákaúlpum.



Þessi flotta úlpa fæst í 66° Norður og kostar 30.240 kr.



Virkar ekki hlý en er það samt. Fæst í Elvis, Klapparstíg á 4.600 kr.



Þessi hlýja úlpa fæst í Army.is og kostar 14.900 kr.

# Bolir sem krumpast ekki

***Verslunin Minerva, sem áður hét Igma, er flutt í Faxafen.***

Næföt og bolir í öllum regnbogans litum eru það fyrsta sem fyrir augu ber þegar gengið er inn í nýju verslunina Minervu, gegnt Kaffi Mílanó í Faxafeni.

„Við erum sjötta Evrópulandið sem opnar verslun undir merkjum Minervu sem er stór framleiðandi á Grikklandi,“ segir María Hrafnsdóttir sem er eigandi verslunarinnar ásamt Ingibjörgu Jónsdóttur. Verslunin hét áður Igma og var til húsa á Kleppsmýrarvegi, en upphaflega seldu þær vörurnar einungis í heimakynningu. „Í upphafi var allur okkar lager í hillu í herbergi dóttur minnar,“ segir Ingibjörg og þær stöllur skella upp úr. „Það er alveg ótrúlegt hvað þessum vörum hefur verið tekið vel og þó við séum komnar hingað í þetta fallega húsnæði, þá er ekkert sem segir að við ætlum okkur ekki meira.“

Flíkurnar sem þær selja eru aðallega nærföt á fullorðna og börn, sem unnin eru úr sérstökum beðma. Hann hefur þá kosti umfram bómull að anda betur auk þess sem hann krumpast ekkert. Auk þess eru þær með eitthvað af íþróttafatnaði en til stendur að breikka úrvalið. Á hverju ári koma nýir litir og eru blár, grænn og rauður litirnir þetta árið, en svart og hvítt segja þær þó alltaf vera vinsælast.



Fyrirtækið Gott Kompaní sá um hönnun á nýrri verslun, Minervu, sem er í eigu Ingibjargar Jónsdóttur og Maríu Hrafnsdóttur.


SVÖLUSTU VERÐIN!

"Sigur í samkeppni"

Hjá Sappos eru ekki bara frábær verð heldur líka frábært vöruúrval.

Sappos er búinn að vera duglegur í kuldanum og hefur fundið mikið úrval af kulda- og vetrarskóm fyrir alla í fjölskyldunni!

Verslaðu hjá Sappos og notaðu mismuninn af peningunum í annað.

4000 kr. Stærðir: 41-46 Litir: brúnn
Vatnsvarinn C N-TEX®

4000 kr. Stærðir: 40-46 Litir: beige
Vatnsvarinn C N-TEX®

2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur
Loðfóðraður kuldaskór með rennilás innan á hlið.

2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur

2000 kr. Stærðir: 41-46 Litir: svartur

300 kr. 300 kr.
Hlýjar húfur í vetur
Prjóna og flís, margar tegundir

Frábærir vetrarhanskar aðeins 40 gr.
3M Thinsulate INSULATION

SVONA VIRKAR FLEXI-TEX® VATNSVÖRNIN
ÚTGUFUN LEÐUR FLEXI-TEX® HIMNA FÓÐUR

FLEXI-TEX® himnan er á milli fóðurs og leðurs. Himnan gerir það að verkum að litlir fætur haldast heitir og þurrir.

3500 kr. Stærðir: 28-35 Litir: svört/grá

3500 kr. Stærðir: 28-35 Litir: rauð/svört

3000 kr. Stærðir: 22-27 Litir: camouflage

2500 kr. Stærðir: 30-35 Litir: blár, bleikur

2500 kr. Stærðir: 22-30 Litir: blár, brúnn

2500 kr. Stærðir: 28-35 Litir: grár/blár

3500 kr. Stærðir: 28-35 Litir: beige

1500 kr. Stærðir: 25-34 Litir: bleikur
Disney

3000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: svartur, brúnn

5000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: svartur

3000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: svartur

4000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: beige
Vatnsvarinn C N-TEX®

4000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: grár
Vatnsvarinn C N-TEX®

3500 kr. Stærðir: 36-41 Litir: svartur

2000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: svartur






SAPPOS
Miðhrauni 14 · Garðabæ
Sími 534 5700 · www.sappos.is

pið fimmtudaga - sunnudaga frá kl. 12 - 19






Sítt og fóðrað rúskinnsvesti með loðkanti og málmbólum sem kostar 10.662 kr.

Sparilegur bolur úr viskósa og teygjuefni, skreyttur með perlum og pallíettum. Kostar 5.322 kr.

Kjóll úr fínriffluðu flaueli. Flottur bæði einn og sér eða yfir buxur og leggings. Verð 8.526 kr.

Ekta jólakjóll úr fóðraðri blúndu. Verð 6.980 kr.

# Kjólar, peysur, kápur, pils

***Verslunin Fólk í Kringlunni 7 hefur bætt við sig sal og selur þar danskan kvenfatnað með merkinu Bon'a Parte.***

Úrval af kvenfatnaði, svo sem pilsum, kjólum og peysum, er meðal þess sem hin nýja deild Fólks hefur upp á að bjóða. Vörumerkið Bon'a Parte sem þessar vörur bera fékkst áður hjá versluninni Svanna í Stangarhyl sem nú hefur verið lögð niður. Þetta eru póstlistavörur en verslunin Fólk hefur sérhæft sig í þannig viðskiptum í 15 ár og listinn frá Bon'a Parte liggur frammi í búðinni. Í honum eru herra- og barnaföt í viðbót við fjölbreyttan kvenfatnað sem verslunin Fólk sér um að panta eftir persónulegum óskum viðskiptavina.

Hlýlegur prjónajakki úr ull, akríl, mohair og polyamide. Verð 8.526 kr.

Smárósóttur kjóll úr jersey-efni, víxlbundinn í mittið. Fæst í nokkrum litum. 5.322 kr.

Golftreyja úr bómull, viskósa, polyamide og teygju. Hentar öllum aldri og er fáanleg í mörgum litum. Verðið er 3.542 kr.

allt tíska
Alla fimmtudaga






Gullinn risablævængur gerir heildarmyndina einstaklega glæsilega FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gylltur glæsileií i

TÍSKUSÝNINGAR ÞURFA AÐ HAFA MARGT TIL AÐ BERA ANNAÐ EN FALLEG FÖT.

Fjöldi tískusýninga um allan heim er gríðarmikill. Tískuhönnuðir þurfa að grípa til ýmissa ráða til að láta sína sýningu standa upp úr og til að vekja athygli tískuáhugamanna.

Á tískuvikunni í Kína var mikið um dýrðir enda hafa ægifagrar myndir þaðan vakið töluverða athygli. Vikan hófst á keppni um fallegasta brúðarkjólinn þar sem hver kjóllinn toppaði hinn næsta í íburði, litafegurð og nýstárlegri hönnun.

Fyrir utan hinar hefðbundnu tískusýningar í vikunni þar sem meira bar á vestrænum áhrifum nutu þjóðlegar hefðir sín í keppni sem haldin var um bestu förðunina og heildarútlit. Myndin sem fylgir hér er af einu sköpunarverkinu sem keppti til verðlaunanna í Peking í vikunni.



## RAFRÆN STJÓRNSÝSLA ER FRAMTÍÐIN
*flýtir afgreiðslu allra mála* SJÁ BLS. 2



## LISTAVERKIN VIÐ LEIFSSTÖÐ
*uppruni þeirra og saga* SJÁ BLS. 10

[ SÉRBLAÐ UM REYKJANES – LAUGARDAGUR 25. NÓVEMBER 2006 ]

# Reykjanes



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## EFNISYFIRLIT


**ÞEKKJA HVERN KRÓK OG KIMA**
*Leiðsögumenn Reykjaness* BLS. 2

**STEFNA Á AÐ ÚTSKRIFA HEIMSMEISTARA**
*Íþróttaakademían* BLS. 2

**Í VETRARBÚNINGI**
*Ljósmyndir Heiðu* BLS. 4

**SLYSALAUST ÁR Í UMFERÐINNI**
*Samtökin Samstaða* BLS. 6

**ÓKEYPIS SKÓLAMÁLTÍÐIR**
*Grunnskólinn í Vogum* BLS. 6





**Á HEIMSMÆLIKVARÐA**
*Iceland MotoPark* BLS. 8

**TÆKIFÆRI TIL AÐ HRINDA HUGMYNDUM AF STAÐ**
*88 húsið* BLS. 12

**ÞORPIÐ SEM HVARF**
*Básendi* BLS. 14





Einstakar innréttingar
- hannaðar að þínum þörfum

Innanhússarkitektar hanna fyrir þig allar innréttingar og aðstoða þig við val á tækjum, gólfefnum, flísum, lýsingu og öllu því sem prýðir falleg heimili.

Við sérsmíðum allar innréttingar og þær koma samsettar og tilbúnar til uppsetningar. Útvegum iðnaðarmenn og fylgjum verkinu eftir allt til loka.

HANÁK INNRÉTTINGAR

HEIMILIÐ Í HEILD

www.heild.is

Síðumúla 35 · 108 Reykjavík · Sími 517 0200 · heild@heild.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# Stefna á að útskrifa heimsmeistara

Íþróttaafreksbraut til stúdentsprófs er nýjung á Íslandi sem hófst í fyrra hjá Íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Námið hefur farið vel af stað og komast færri að en vilja.

Sigurður Ingimundarson er forstöðumaður afreksbrautarinnar en hann er ekki í vafa um mikilvægi og notagildi hennar. „Hugmyndafræðin er að gefa ungu íþróttafólki tækifæri til þess að æfa og stunda sína íþrótt jafnframt námi á skólatíma. Okkar markmið er að búa til afreksmenn í bæði íþróttum og námi um leið, við leggjum jafna áherslu á bæði," útskýrir Sigurður. FS skipuleggur stundaskrá nemendanna með það til hliðsjónar að þeir geti einnig æft á skólatíma en Sigurður segir mjög mikilvægt að íþróttamennirnir æfi ekki fyrir skólatíma. Auk hefðbundinna æfinga og náms í skóla gefst nemendum á afreksbrautinni einnig kostur á að sækja fyrirlestra auk þess að stunda aðra hugarþjálfun.

Þrátt fyrir að námið fari nær algjörlega fram í Reykjanesbæ hefur ungt fólk alls staðar af verið að stunda námið þó að Reykjanesbúar séu þó í meirihluta. Í upphafi var miðað við að hafa um 30 manns á ári við nám á brautinni en núna eru nemendurnir um 50. „Ekki komast allir að sem sækja um en ef fólk hefur verið duglegt að æfa, staðið sig vel í skóla og mætt vel þá er um að gera að sækja um hjá okkur." Færri hafa því komist að en vilja að sögn Sigurðar. Fjórar íþróttagreinar eru kenndar við brautina; knattspyrna, körfubolti, sund og golf. „Eins og staðan er núna er ekki pláss fyrir fleiri íþróttir en ýmsar hugmyndir eru í gangi."

Því er ekki að leyna að þeir sem stefna hátt í íþrótt sinni, sem og í skóla, er afreksbrautin afar ákjósanleg námsbraut. „Aðstaðan hér er frábær, hér eru góðir þjálfarar og samkeppnin er mikil. Efnilegustu íþróttamenn landsins eru hér samankomnir og mikil keppni í gangi," segir Sigurður. Mikill metnaður virðist því ríkja og framtíðarsýn akademíunnar er skýr. „Við stefnum á að hér útskrifist heimsmeistarar, það er ekkert öðruvísi og við erum hörð á því," segir Sigurður galvaskur að lokum. *- sha*



Sigurður Ingimundarson, forstöðumaður afreksbrautar Íþróttaakademíunnar í Reykjanesbæ, hefur háleit markmið fyrir sitt afreksfólk sem hann segir að sé það efnilegasta á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ELLERT



Dagný Gísladóttir, kynningarstjóri Reykjanesbæjar, segir rafræna stjórnsýslu vera það sem koma skal hjá bæjarfélögum landsins enda kostir slíkrar stjórnsýslu óumdeilanlegir. MYND/ELLERT GRÉTARSSON

# Framtíðin kallar á rafræna og skilvirkari stjórnsýslu

Mittreykjanes.is er gagnvirkur íbúavefur sem fór af stað í Reykjanesbæ um miðjan maí á þessu ári og nýtur síaukinna vinsælda á meðal íbúa svæðisins.

Á vefnum mittreykjanes.is hafa íbúar Reykjanesbæjar aðgang að ýmsum upplýsingum. Einnig gefst notendum kostur á að taka þátt í virkri umræðu um bæjarfélögin, senda inn mál, sækja um störf og þjónustu á vegum bæjarins og taka þátt í skoðanakönnunum.

Helsti kosturinn við fyrirkomulagið er að það flýtir fyrir allri afgreiðslu ýmissa mála," segir Dagný Gísladóttir, kynningarstjóri Reykjanesbæjar. „Fyrirspurnum í gegnum síðuna er beint til réttra starfsmanna innan bæjarskrifstofunnar og því er engin bið á svari. Allt gerist sjálfvirkt og allt er miklu fljótlegra."

Fyrirmynd mittreykjanes.is er vefur Garðabæjar sem var fyrsta sveitarfélagið sem tók upp á að bjóða íbúum sínum þessa þjónustu. Vitað er að fleiri sveitarfélög á landinu fylgjast grannt með þróun mála þar og í Reykjanesbæ og eru vís til þess að taka einnig upp slíka rafræna stjórnsýslu gefist hún vel á fyrrgreindum stöðum.

„Við erum að nýta okkur nýjustu tækni með þessum vef og síðan við förum í loftið þann 10. maí hefur vefurinn verið í stöðugri þróun," segir Dagný. „Þann 1. október hófum við að greiða umönnunargreiðslur til foreldra í gegnum vefinn og þá er fyrirhugað að innleiða fleiri greiðslur á þann hátt. Einnig er áætlað að íþrótta- og tómstundafélög í bænum muni hafa aðgang að kerfi vefsins og mun það koma til með að auðvelda öll samskipti við iðkendur og foreldra þeirra. Almennt gefur svona vefur okkur aukin og auðveldari tengsl við íbúa bæjarins."

Dagný segir að þjónustan hafi mælst vel á meðal íbúa Reykjanesbæjar og eru skráðir notendur orðnir um 500 talsins. „Auðvitað tekur tíma að innleiða slíka rafræna hugsun en við áætlum að nota rafrænu stjórnsýsluna mjög mikið," segir Dagný. „Þetta er bara byrjunin."

Íbúar Reykjanesbæjar hafa fengið notendanafn og lykilorð sent á heimabanka sinn en þeir sem nota ekki slíka þjónustu geta nálgast upplýsingarnar á bæjarskrifstofunum.

*vignir@frettabladid.is*

# Þekkja hvern krók og kima Reykjaness

Leiðsögumenn Reykjaness er nýleg sjálfseignarstofnun sem fimmtán fræknir einstaklingar stofnuðu eftir að hafa lokið svæðisbundnu leiðsögunámi um Reykjanesið. Hópurinn hefur það að markmiði að uppfræða almenning um töfra svæðisins.

Rannveig Garðarsdóttir framkvæmdastjóri Leiðsögumanna Reykjaness segir það eindreginn vilja nemenda að nýta þann mikla fróðleik sem þeir höfðu fengið um Reykjanesið, en sá vilji varð til þess að hópurinn var settur formlega á laggirnar. „Við vildum endilega stofna eitthvað utan um þessa visku sem við höfðum aflað okkur," segir Rannveig. „Okkur fannst rosalega gaman að vinna saman í skólanum og svo í raun var ekkert því til fyrirstöðu að hafa framhald á því samstarfi."

Rannveig segir hugsjón hópsins vera þá að fræða almenning um Reykjanesið. „Við höfum mjög háleit markmið hvað varðar að efla fræðslu til íbúa svæðisins og annarra landsmanna. Í fyrstu ætlum við að einbeita okkur að því að fræða Íslendinga um töfra Reykjanessins en í framhaldinu stefnum við á að kynna svæðið vel fyrir erlendum ferðamönnum," segir Rannveig.

Á síðustu mánuðum hefur Leiðsögumannahópurinn staðið fyrir ýmsum uppákomum, meðal annars svokölluðum sagnakvöldum í öllum sveitarfélögum svæðisins. „Þar höfum við verið að miðla sögu Reykjanessins og hafa ýmsir aðilar styrkt okkur í þessu verkefni. Þetta hefur gengið vonum framar og við höfum orðið vör við mikinn áhuga frá íbúum," segir Rannveig en þess má geta að hópurinn hefur einnig staðið fyrir svokölluðum fræðslugöngum á bæjarhátíðum sveitarfélaga Reykjaness.

Að sjálfsögðu bjóða Leiðsögumenn Reykjaness einnig upp á skipulagðar ferðir um Reykjanesið, undir leiðsögn fróðustu manna að sögn Rannveigar. „Við erum með alls kyns sérfræðinga í okkar góða fimmtán manna hópi, sem búa yfir sérþekkingu á ákveðnum svæðum Reykjaness. Við þekkjum hvern krók og kima."

Allar frekari upplýsingar er að fá á www.leidsogumenn.is

*vignir@frettabladid.is*



Leiðsögumenn Reykjaness eru allt nemendur úr Ferðamálaskólanum sem útskrifuðust á síðasta ári. Hópurinn vildi nýta þekkingu sína á svæðinu til að fræða aðra.

# SPARISJÓÐURINN

## fjárfestir í **fólkinu á Suðurnesjum**















Það er innbyggt í stefnu Sparisjóðsins
að vera **bakhjarl farsæls mannlífs**
á Suðurnesjum og því leggjum
við **góðum verkefnum lið**

SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

Sími 421 6600 | www.spkef.is



Krísuvíkin er falleg í vetrarbúningi þar sem hiti og kuldi dansa saman og skapa dularfulla stemningu.

# Reykjanesið í vetrarbúningi

Náttúran tekur breytingum eftir árstíðum og gaman er að fylgjast með því. Snjór leggst yfir jörð og skreytir fjöll, hraun og fjörur með fallegum ísilögðum mynstrum. Heiða Sigurðardóttir, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á ferð um Reykjanesið á dögunum og fangaði myndir af fallegum vetraraugnablikum á Reykjanesinu.



Skemmtilegt sjónarhorn af Reykjanesinu.



Hesturinn leikur sér í grasinu rétt áður en vetur tekur við af hausti.



Bláa lónið er heill undraheimur stokka og steina, mannfólks og náttúru.



Manneskjan virðist lítil og bjargarlaus í tilkomumikilli fjörunni á vetrardegi á Reykjanesströndinni.



Hraunið skartar sínu fegursta, skreytt ís og snjó.



Regnboginn dansaði við ströndina þegar ljósmyndari nálgaðist Reykjanesvita. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Hrá og einstök náttúrufegurð.

# Nýtt frá Músik ehf

**

## Fyrir börnin....




Fylgjum Cecile og Pepo í ævintýralegt ferðalag um heim dýranna- **á íslensku.**




**Bók - CD - CDRom - DVD !**




**Sögumaður: Egill Ólafsson**

## Tónlist *fyrir* alla....




## Fyrir þau eldri....




**Fæst í verslunum um land allt**
**&**
**á www.music.is**

Músik ehf

# Næsta ár skal verða slysalaust í umferðinni

Á Reykjanesbrautinni hefur ekki orðið banaslys í næstum þrjú ár en fyrir þann tíma urðu að meðaltali sex banaslys á ári á veginum. Stórbætt umferðaröryggi má að stóru leyti þakka þrautseigju áhugamannahóps um tvöföldun Reykjanesbrautarinnar sem nú hefur þróast út í landssamtök sem kallast Samstaða og berjast þau fyrir bættu umferðaröryggi.

„Samstaða eiga að vera regnhlífarsamtök utan um alla þó hópa sem berjast fyrir auknu umferðaröryggi í landinu,“ segir Keflvíkingurinn Steinþór Jónsson, formaður og helsti hugmyndasmiður Samstöðu. „Samstaða gengur út á eina stutta og einfalda setningu; Slysalausa sýn. Við setjum markið eins hátt og það getur orðið og viljum að árið 2007 verði slysalaust í umferðinni.“ Samtökin sem um ræðir voru stofnuð í lok ágúst á þessu ári, tæpum sjö árum eftir að settur var formlega saman áhugahópur um tvöföldun Reykjanesbrautar, þar sem Steinþór var einnig í hópi helstu áhrifamanna. Eins og nafnið gefur til kynna snérist barátta þess hóps um bætt umferðaröryggi, þar á meðal tvöföldun Reykjanesbrautar. Óhætt er að fullyrða að sú barátta hafi skilað árangri, síðastliðin þrjú ár hefur ekki orðið dauðaslys á þeim vegarkafla Reykjanesbrautarinnar sem var tvöfaldaður, frá Reykjanesbæ til Hafnarfjarðar. „Sú tölfræði sýnir að það er hægt að ná árangri,“ segir Steinþór.

Nítján banaslys urðu í umferðinni á síðasta ári og á þessu ári hafa þau orðið 25 talsins. Steinþór segir að þessi fjöldi sé algjörlega óásættanlegur. „Við stefnum að því að árið 2007 verði slysalaust í umferðinni. Fólk segir að það sé ekki hægt en þá segjum við frá því að Reykjanesbraut, þar sem áður voru sex dauðaslys á ári, er nú slysalaus vegur. Ef við setjum markmiðið svona hátt, þá getum við náð árangri. Markmiðið er að enginn deyi í umferðinni, það er svo einfalt,“ segir Steinþór.

Samstaða er stórhuga og á næstu vikum ætla samtökin að beita sér fyrir því að fjölga áhugahópum og aðildarfélögum innan samtakanna og ná þannig til alls landsins. Einn liður í því er að auka samstarfið við Umferðarstofu og fylgja þannig STOPP-átakinu sem var á landinu í haust betur úr hlaði. „Ef við getum fengið aðra til að taka þátt í baráttunni og vinna að auknu umferðaröryggi í sínu byggðarlagi, þá er tilgangnum náð,“ segir Steinþór að lokum.

Allar nánari upplýsingar er að fá á heimasíðu Samstöðu, www.fib.is/samstada þar sem einnig er hægt að skrá sig í samtökin.

*- vig*



Steinþór Jónsson, formaður Samstöðu, vann þrekvirki ásamt félögum sínum í baráttuhópnum um tvöföldun Reykjanesbrautar og hefur nú ákveðið að blása til nýrrar herferðar um aukið umferðaröryggi á landsvísu. Steinþór hvetur alla til að skrá sig í Samstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is



Bæjaryfirvöld í Vogum við Vatnsleysuströnd vonast til að fleiri sveitarfélög fylgi fordæmi þeirra um ókeypis skólamáltíðir.

# Ókeypis skólamáltíðir

Grunnskólinn í Vogum á Vatnsleysuströnd býður nemendum sínum ókeypis skólamáltíðir.

Töluverða athygli vakti þegar bæjarstjórn Voga á Vatnsleysuströnd tók þá ákvörðun í haust að fella niður gjald á skólamáltíðum við grunnskóla bæjarins, Stóru-Vogaskóla. Talið er að sparnaður heimila á Vogum nemi um þrjátíu þúsund krónum á ári vegna gjaldfellingarinnar og er jafnvel búist við að önnur sveitarfélög fylgi fordæminu ef vel tekst til í Vogum.

Eftir því sem fram kemur á heimasíðu bæjarstjórnar hefur ásókn í mötuneyti skólans verið mjög góð sem bendir til þess að mikil ánægja sé með ákvörðun bæjarstjórnar. Rannsóknir hafa ennfremur sýnt að í nútíma samfélagi neyti börn allt að sjötíu prósentum daglegrar fæðu sinnar á skólatíma og einnig hefur verið sannað að næring og námsárangur haldast í hendur.

*- vig*




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá


KFC®
™
Veisluvika
Kr. 1999
10 bitar, stór franskar
og 2 lítra Pepsi
PEPSI
PIPAR • SIA • 60788

# Aðstaða á heimsmælikvarða

Iceland MotoPark verður á besta stað við Reykjanesbrautina.

Á vegamótum Grindavíkurvegar og Reykjanesbrautar, á landsvæði sem er á við Keflavík og Njarðvík til samans, mun brátt rísa Iceland MotoPark – allsherjar aðstaða fyrir allar akstursíþróttir. Feðgarnir Vilhjálmur Kristinn Eyjólfsson, Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson og Eyjólfur Kristinn Vilhjálmsson eru mennirnir á bakvið verkefnið metnaðarfulla.

Enginn sem á leið um Reykjanes mun fara varhluta af aðstöðunni en segja má að þar verði hægt að stunda allar tegundir mótorsports fyrir utan Formúlu 1. Verkefnið er unnið í fullri samvinnu við Reykjanesbæ og eru vonir bundnar við að kappakstursbrautin muni laða að fjölda ferðamanna árlega, sérstaklega ef tekst að sannfæra yfirmenn A1, Champcars og fleiri alþjóðlegra kappaksturskeppna um að halda mót hér á landi. *- vig*



Á formúlusvæðinu mun rísa glæsilegt hótel fyrir formúluaðdáendur.
MYND/RACE CAR ENGINEERIN



Nýja formúlubrautin verður 4,2 km löng og sérstök torfærubraut fyrir jeppa verður á svæðinu.
MYND/RACE CAR ENGINEERIN



Formúlubrautin fellur í svokallaðan 2+t flokk sem þýðir að Formúla 1 megi vera með æfingaakstur en ekki keppnishald á brautinni.
MYND/RACE CAR ENGINEERIN

## VISSIR ÞÚ ...

... að tuttugu og þrjú ár eru liðin frá því að byrjað var að nota Bláa lónið til baða?

... að á Flankastöðum voru fyrr á tímum haldnir vikivakar og jólagleði? Ýmsir kirkjunnar þjónar höfðu horn í síðu þessara dans- og gleðisamkomna sem þeir töldu ýta undir drykkjuskap og lauslæti. Voru þessar samkomur því bannaðar um 1745. Var því spáð að prestinum Árna Hallvarðssyni ætti eftir að hefnast fyrir tiltækið og gekk það eftir þegar hann drukknaði á voveiflegan hátt.

... að áætlað er að 60–70.000 steinar séu í hraunveggjum Bláa lónsins og að hraunið sem notað var í veggina er allt tekið á Reykjanesi?

... að í mars árið 1931 strandaði franski togarinn Cap Fagnet í Hraunsfjöru við Grindavík? Þá bjargaði björgunarsveitin Þorbjörn 38 skipverjum í land með fluglínutækjum og björgunarstól. Það var í fyrsta sinn sem slíkri aðferð var beitt á Íslandi.

... að Gerðaskóli er annar elsti skólinn á landinu, stofnaður árið 1872 af sr. Sigurði Sívertsen?

... að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar voru Suðurnesin eitt helsta kornræktarsvæði landsins?

... að samkvæmt nýlegri könnun er Reykjanesviti vinsælasti viti landsmanna og Garðskagaviti er í öðru sæti?

... að í Tyrkjaráninu árið 1627 var tólf til fimmtán íbúum frá Grindavík rænt?

... að aftöku Jóns biskups Arasonar var hefnt á bænum Kirkjuvogi sem var staðsettur á milli Garðs og Sandgerðis?

... að í Fuglavík var fyrr á tímum stórt útgerðarhverfi og voru þar einkum vermenn frá öðrum landshornum?

... að Bæjarsker er ef til vill elsta höfuðból Suðurnesja en margt bendir til þess að þar hafi búið Steinunn hin gamla, landnámskona, sem Ingólfur Arnarson gaf mest allan norðanverðan Reykjanesskaga?

... að í Byggðasafni Gerðahrepps er að finna einstakt og glæsilegt vélasafn, með gangfærum vélum frá árunum 1924–1977?

... að Eldvörp á Reykjanesi urðu til í eldgosum á árunum 1220–1230 og þar er jarðhiti og útilegumannahellir sem í eru hleðslur til brauðgerðar?


LEIÐANDI FYRIRTÆKI Í NÝTINGU Á JARÐVARMA



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF



Réttu
hörkutólin
í verkið!
CASINO ROYALE
NEW HOLLAND
NEW HOLLAND
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14 - Sími 412 3000

# Listaverkin við Leifsstöð

Flestir sem hafa komið á Flugstöð Leifs Eiríkssonar ættu að kannast við listaverkin sem þar er að sjá, bæði utan dyra og innan. Færri vita þó um uppruna og sögu þessara listaverka. Fréttablaðið kannaði málið.



**Regnbogi** Þegar keyrt er að flugstöðvarbyggingunni er varla hægt að komast hjá því að sjá Regnbogann, listaverk eftir Rúrí sem reist var árið 1991. Verkið er stórglæsilegt í alla staði, fjölskrúðugt og tignarlegt. Aukinheldur teygir regnboginn sig 24 metra upp til himins sem gerir listaverkið að því hæsta á Íslandi. Form þess er gert úr ryðfríu stáli, en litir regnbogans eru myndaðir með ríflega 300 steindum glereiningum. MYND/ODDGEIR KARLSSON



**Þotuhreiður** Norðanmegin við flugstöðvarbygginguna er að finna listaverkið Þotuhreiður eftir Magnús Tómasson. Verkið stendur á toppi grjóts sem kemur upp úr tjörninni við flugstöðina og sýnir stórt egg úr stáli sem vængur þotu er að brjótast út úr, eins og ungi sem er að brjótast úr eggi. MYND/ODDGEIR KARLSSON




**Flugvélin** Fyrsta íslenska heimasmíðaða flugvélin var Ögnin (TF-ÖGN) sem Björn Olsen og Gunnar Jónasson hönnuðu og smíðuðu á fjórða áratug síðustu aldar. Að sjálfsögðu fær hún sinn sess í lofti brottfararsals flugstöðvarinnar og er það einkum á meðal yngstu kynslóðarinnar sem hún vekur athygli og aðdáun. Ögnin flaug aðeins fjórum sinnum í nóvember árið 1940, en eftir að breski herinn á Íslandi bannaði notkun hennar í síðari heimsstyrjöldinni var hún sett í geymslu. Flugvélin var síðan endurbyggð árið 1979 af vaskri sveit manna úr Íslenska flugsögufélaginu. MYND/ODDGEIR KARLSSON

**Ég bið að heilsa** Listaverkið Ég bið að heilsa er eftir Sigurjón Ólafsson, en heiti þess vísar í hið ástsæla ljóð Jónasar Hallgrímssonar, sem hann mun hafa ort í Kaupmannahöfn vorið 1844. Flugstöðin eignaðist verkið árið 1988 og hefur það staðið í brottfararsalnum síðan þá. Auk hinnar myndrænu fegurðar verksins eiga táknræn gildi þess einnig erindi til mannfjöldans sem mætist í Flugstöðinni, heilsast og kveður. MYND/ODDGEIR KARLSSON





**Lágmynd af Leifi Eiríkssyni** Við vígslu flugstöðvarinnar þann 14. apríl 1987 afhjúpaði frú Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti, minnismerki um Leif Eiríksson, en eins og flestir ættu að vita er flugstöðvarbyggingin við hann kennd. Um er að ræða lágmynd af styttu Leifs sem stendur í allri sinni dýrð á Skólavörðuholti í Reykjavík. Myndin sjálf er unnin erlendis en stólpinn, sem er þrístrendur, 2,8 metrar á hæð og gerður úr íslenskum grásteini, var unninn í steinsmiðju S. Helgasonar. MYND/ODDGEIR KARLSSON

**Glerlistaverk** Tvö glerlistaverk er að finna inni í flugstöðvarbyggingunni, staðsett í gluggum hennar í brottfararsal, og eru þau bæði eftir Leif Breiðfjörð. Listaverkin fara ekki fram hjá neinum sem gengur um brottfararsalinn enda eru þau margir metrar að þvermáli og mjög áberandi, ekki síst á kvöldin þegar þau eru upplýst. Lögun listaverkanna minnir á flugdreka og eiga þau að túlka þrá fólks til að fljúga um leið og þau vísa í verndaranda Íslands. MYND/ODDGEIR KARLSSON





# látið okkur skipuleggja

## árshátíðina
## jólahlaðborðið
## óvissuferðina
## ævintýraferðina

# dekurogdjamm.is

fullt af tillögum

sérsníðum

spilum af fingrum fram

**Áætlun flutgrútunnar frá BSÍ** flybus.is

| Mánud. | Þriðjud. | Miðvikud. | Fimmtud. | Föstud. | Laugard. | Sunnud. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 | 04:45 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 | 05:15 |
| 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 | 05:30 |
| 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 | 05:45 |
| | | | | | 06:00 | 06:00 |
| 06:45 | 06:45 | 06:45 | 06:45 | 06:45 | | |
| 10:00 | | | 10:00 | 10:00 | | 10:00 |
| 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 | | 12:00 |
| 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 |
| 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 | 13:30 |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 |
| 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 | 15:00 |

VÍKURFRÉTTIR / AUGLÝSINGADEILD

**Keflavíkurrútan** sbk.is

| Mánud. – föstud. | | Laugard. og helgid. | |
|---|---|---|---|
| Keflavík – Reykjavík | | Keflavík – Reykjavík | |
| 06:45 | 08:00 | | |
| 09:15 | 10:30 | | |
| 12:00 | 14:30 | 12:00 | 14:30 |
| 16:00 | 18:00 | 16:00 | 18:00 |
| 19:30 | 21:00 | 19:30 | 21:00 |

| Mánud. – föstud. | | | Laugard. og helgid. | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | Sandgerði | Garður | Keflavík | Sandgerði | Garður |
| 11:30 | 11:40 | 11:45 | 11:30 | 11:40 | 11:45 |
| 19:05 | 19:15 | 19:20 | 19:05 | 19:15 | 19:20 |

**Reykjavík – Bláa lónið – Grindavík** sbk.is

| Frá: | Daglega | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10:00 | 11:00 | 12:00 | 14:00 | 16:00 | 18:00 | |
| Bláa lónið | 10:45 | 11:45 | 12:45 | 14:45 | 16:45 | 18:45 | |
| Grindavík | 11:00 | | 13:00 | 15:00 | 17:00 | | |
| Grindavík | 11:00 | 13:00 | | 15:00 | 17:00 | | 20:30 |
| Bláa Lónið | 11:15 | 13:15 | 14:10 | 15:15 | 17:15 | 18:45 | 21:00 |
| Reykjavík | 12:00 | 14:00 | 15:00 | 16:00 | 18:00 | 19:30 | 21:45 |

sbk

hópferðir • áætlunarferðir
ferðaskrifstofa

SBK · Grófin 2 – 4 · 230 Keflavík · Sími 420 6000 · Fax 420 6009 · sbk@sbk.is · www.sbk.is

# Tækifæri til að koma hugmyndum í framkvæmd

88 húsið er menningarmiðstöð ungs fólks í Reykjanesbæ þar sem fer fram margvísleg skapandi starfsemi.



Í 88 húsinu er að finna hjólabretta- og línuskautagarð sem er hugarsmíði ungs fólks frá a til ö. MYND/ELLERT

Ellefu unglingahús, svokölluð, eru starfrækt á Íslandi en eru þó frekar nýlegt fyrirbæri hérlendis. Hafþór Daði Birgisson, forstöðumaður 88 hússins, segir að menn séu reyndar að átta sig á þörfinni á að bjóða upp á eitthvað uppbyggilegt fyrir ungt fólk þar sem ekki er verið að reykja, drekka og svo framvegis. En hvaða uppbyggilega starfsemi fer fram í 88 húsinu? „Það er margvíslegt. Við erum að þjónusta unga tónlistarmenn og rekum tónlistaraðstöðuna Steypuna. Svo höfum við verið með foreldramorgna sem breyttust reyndar í mömmumorgna. Nú, svo hefur útskriftarhópur Fjölbrautaskólans haldið hjá okkur skemmtikvöld. Síðan bjóðum við upp á þessa hefðbundnu afþreyingu, svo sem billjarð, borðtennis og pílukast sem er alltaf sterkt,“ svarar Hafþór. Lesaðstöðu er einnig að finna í 88 húsinu og segir Hafþór að hann komi oft að nemendum sofandi í sófum miðstöðvarinnar þegar hann mæti til vinnu að morgni til.



Hafþór Daði Birgisson forstöðumaður 88 hússins, sem er skýrt dæmi um menningarmiðstöð fyrir ungt fólk með hugsjónir. MYND/ELLERT

Í miðstöðinni er einnig starfræktur hjólabretta- og línuskautagarður sem hefur notið mikilla vinsælda. „Þessi garður er algjörlega hugmynd ungs fólks frá a til ö. Það er að segja skipulagning, framkvæmd, nafngift [Svartholið] og allur pakkinn.“ Nokkrir aðilar fengu einnig að skreyta garðinn með graffi og þar á meðal var Þorbjörn Einar Guðmundsson en hann er núna að hanna listasýningu sem sett verður upp í kjallara 88 hússins.

88 húsið mun halda upp á þriggja ára afmæli sitt í janúar og segir Hafþór að starfsemin sé alltaf að verði smurðari og smurðari. Hafþór bendir á að fleiri hugmyndir um notkun hússins séu alltaf að detta inn og vill hann sérstaklega gefa ungi fólki tækifæri til að koma þessum hugmyndum sínum í framkvæmd. „Við erum í sífelldri mótun og vitum að það sem er vinsælt í dag er ekkert endilega vinsælt á morgun. Við erum líka með húsráð sem er skipað ungu fólki og þau eru dugleg að koma með hugmyndir inn í starfið. Við reynum þannig að vera með púlsinn á sem flestu sem er að gerast hjá ungu fólki.“ *- sha*



Hraunið á Reykjanesinu er löngu storknað en spurning er hvenær gýs á ný.

# Eldgos á næsta leiti?

Langt er liðið síðan síðasta goshrina gekk yfir Reykjanesið.

Eldgos hefur ekki orðið á Reykjanesinu frá því undir lok 13. aldar. Á Vísindavef Háskóla Íslands er meðal annars sagt frá því að líklegt megi telja að stund nýrrar goshrinu á Reykjanesi nálgist. Allt Suðurland, frá Reykjanesi að Mýrdalsjökli, hefur verið óvenju virkt undanfarin ár og telja einhverjir vísindamenn að sú virkni sé jafnvel undanfari stórra gosa. Samkvæmt Vísindavefnum eru þó alveg jafn miklar líkur á að landið sé einfaldlega að „teygja úr sér“ eftir langvarandi kyrrstöðu.

Þess ber einnig að geta að þegar náttúruhamfarir eru annars vegar er tími afar afstæður og er með öllu óvíst hvort goshrina á Reykjanesinu fari af stað á ævi þeirra kynslóða sem nú lifa. *- vig*















GEIMSTOFAN.IS / FREMRI











# LYKILL AÐ LÍFSGÆÐUM!

**Í Sandgerðisbæ finnurðu lykil að lífsgæðum!**

Fjölbreytt atvinnuframboð, fjölskylduvænt umhverfi, hátt þjónustustig, lægstu þjónustugjöld á landinu, mikið lóðaframboð, frábærar samgöngur á landi, í lofti og á legi, frístundabyggð, gjöful fiskimið, stuttar vegalengdir – og umfram allt: Vinalegt umhverfi og ljúft viðmót nágrannanna. Er hægt að biðja um það betra?

**Vertu velkomin(n)!**

www.sandgerdi.is

SANDGERÐISBÆR
INNAN SEILINGAR

# Þorpið sem hvarf

Hinn forni kaupstaður Básendar á Reykjanesi hvarf eins og dögg fyrir sólu á einni örlagaríkri nóttu þegar flóðbylgja skall á staðinn.



Básendaflóðið átti sér stað árið 1799 þegar ofsarok af suðvestri og stórstraumsaðfall hjálpuðust til við að mynda einar mestu náttúruhamfarir sem orðið hafa hérlendis.

Básendar eru sunnarlega á vestanverðu Miðnesi, nánar tiltekið á Rosmhvalanesi rétt við Hafnir, sunnan við Stafnes, Básendar voru verslunarstaður frá lokum fimmtándu aldar til 1800 en þar hafði verið ein af höfnum einokunarverslunarinnar. Aðfaranótt 9. janúar 1799 var hins vegar ein krappasta lægð sem gengið hefur yfir Ísland á sögulegum tíma með þeim afleiðingum að gríðarlegt sjávarflóð skall á suðurströnd Reykjaness fram eftir suðurströnd landsins og einnig á vesturströndina. Loftþrýstingur var óvenju lágur, stórstreymt var og hækkaði sjávarstaða við landið fyrir áhrif þessara þátta. Talið er að flóðbylgjan hafi verið rúmlega tveggja metra há.

Flóðið var það ofsafengið að allar byggingar á Básendum eyðilögðust eða svo gott sem. Fólkið í þorpinu flúði allt sem eitt upp næstu þekju og fengu sumir húsaskjól að Loðvíksstofu, rétt hjá Stafnesi. Allir íbúar Básenda komust lífs af úr þessum miklu náttúruhamförum, fyrir utan eina aldraða konu, Rannveigu Þorgeirsdóttur, sem drukknaði.

Óveðrið olli einnig töluverðu tjóni víða annars staðar á landinu. Heimildir benda til að um 100 hús hafi skemmst eða eyðilagst af völdum óveðursins umrædda nótt. Náttúruhamfarirnar taka nafn sitt af Básendum þar sem tjónið var mest og er það iðulega kallað Básendaflóðið. Á Básendum var byggð aldrei endurreist.

\- sha

*(Heimildir: Básendaflóðið 1799 – Lýður Björnsson, Wikipedia og Reykjanes.is)*




## VISSIR ÞÚ ...

... að búast má við gosi á Reykjanesskaga á um það bil þúsund ára fresti og gostímabilin geta spannað 300 til 400 ár?

... að Keilisnes er syðsti hluti Faxaflóans?

... að Kirkjan í Höfnum er elsta kirkja á Suðurnesjum og var vígð árið 1861?

... að stærsta hænsnabú á landinu er í Vatnsleysustrandarhreppi?

... að heimildir eru til um kirkju á Kálfatjörn allt frá árinu 1200?

... að elsti barnaskólinn í Keflavík er við Íshússtíginn, flutt var úr honum í nýbyggðan skóla við Skólaveg árið 1911?

... að árið 1910 var Gerðahreppur fjölmennasta sveitarfélagið á Suðurnesjum með 647 íbúa?

... að sveitarfélögin Keflavík, Njarðvík og Hafnir voru sameinuð árið 1994?

... að ef að allir hlaðnir garðar í Garði yrðu lagðir enda við enda næði sá langgarður frá Gerðum inn að Elliðaám eða um 50 kílómetra?

... að í Krosshúsum í Grindavík lauk Halldór Laxness við Sölku Völku?

... að Guðbergur Bergsson rithöfundur er frá Grindavík?

... að á Hafurbjarnarstöðum hefur verið bær frá landnámsöld?

... að í Eldey er mesta súlubyggð í heimi?

... að Tjarnargatan í Keflavík dregur nafn sitt af því að á vorin í leysingum safnaðist vatnið ofan úr heiðinni og af túnunum þar fyrir neðan í stóra tjörn á Sólvallartúninu og vatnið féll svo fram til sjávar eftir rás sem það gróf sér í áranna rás og markaði skil á milli Keflavíkur og Njarðvíkurlands?

... að fyrsti viti á Íslandi var byggður á Reykjanesi árið 1878?

... að frá því að land byggðist er talið að um tólf hraun hafi runnið á Reykjanesskaga eða að meðaltali eitt hraun á öld?

... að hraunin runnu þó einkum á tveimur gostímabilum, um 1000 og um 1300?


Jólagjafir í 90 ár
Hljóðnemar
Trommusett frá Premier,Tama og Yamaha
Hljómborð frá Yamaha
Gítar og bassamagnarar frá Fender
Trommukjuðar
Nótna og kennslubækur
Frábærir Gítar og Bassapakkar
digidesign
Fender
Ibanez
Premier
YAMAHA
TAMA
Þekktustu merkin á einum stað!
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Laugavegi 176 (gamla Sjónvarpshúsið) 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is Sími 591 5340


BOOZTBAR
ÍSBAR
Booztbarinn og Ísbúðin í Kringlunni hafa sameinast og opnað nýjan og stórglæsilegan ævintýraheim bragðlaukana á Stjörnutorgi í Kringlunni
Boozt, máltíð í einu glasi
Okkar landsþekkta Boozt fæst nú í enn fleiri tegundum en áður og má þar m.a. nefna hunangsboozt með hreinu skyri, berjaboozt auk nýrra tegunda með viðbættu prótíni
Ferska safann er hægt að fá með Ginseng og grænu tei, fullkomin blanda til að hressa þig við í erli dagsins eða hreinlega til að vakna almennilega
Safar pressaðir á staðnum
Gamli góði mjólkurísinn frá Emmessís er bragðgóður, ferskur og kaldur. Mjólkurísinn inniheldur aðeins 5,6% fitu sem gerir hann að fituminnsta ís úr vél á Íslandi.
Jógúrtís aðeins 3.5% fita
Mjólkurís frískandi lostæti
Gelato ekta ítalskur ís
Jógúrtís færðu í 4 mismunandi bragðtegundum og er frábær sem "Smoothies" eða í Frappuccino, sem er nýr spennandi kaffiréttur.
Gelato, ítalskur kúluís fæst nú í 18 mismunandi tegundum og er okkar stolt og prýði. Ítalski kúluísinn er framleiddur, með ekta ítölskum bragðefnum og skreyttur að ítölskum sið
Kringlan
emmessís
skyr.is


Megane II stw árg. '05 bsk. Skipti á Vélsleða eða endurohjóli mjög fallegur og góður bíll enn í ábyrgð! Glæný nelgd vetrardekk. Áhvílandi gott bílalán. Uppl. í síma 898 8228.


Subaru Legacy árg. '99, ek. 137 þús. sk. '07. 2 eigendur frá upphafi, leðursæti, sumar& nagladekk. Til sölu MMC Lancer 4x4, árg. '96, sk. '07, ek. 206 þús. Verð 170 þús. stgr. Sumar&vetrardekk. Uppl. í s. 662 6423.


Renault Kangoo, skrd.12/2002, e:68.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 890.000 kr.

Handfrjáls búnaður, Klæðing í skotti, Reyklaus, Einn eig., Nýleg tíma-reim, Alltaf þjónustaður hjá umboði. Toppeintak.

Uppl. í s. 6937508 og 5511870


Mjög vel búinn, góður og lítið ekinn Volvo V70 AWD (4x4) Skrd.1/2001 Ekinn aðeins: 62.000 km. 2,2L.Turbo, 200 hö. Bifreiðin var afhent ný frá umboði með aukahlutum uppá 1 miljón. Ásett verð 2.490.000 kr. Uppl. s:897-7758. ATH engin skipti, mögul. á 90% fjármögnun

Toyota Land Cruiser 90 GX DTI árg. '98 sk '07 e.160þ 33" breyttur 7 manna ssk spoiler smurbók ofl 2 eigendur gott ein-tak V 1.890þ bein sala S 847-1455

Audi A6 2,7T Quattro '01 keyrður 58.000 km. Í topp standi og nýskoðaður. Er hlaðinn aukabúnaði. Verð 2.750 þ. S. 693 2920.

Bilaður Suzuki Sidekick fæst fyrir lítið. Uppl. í s. 694 7480

Til sölu Nissan Micra árg. '96 ek. 85 þús. Vetrard. fylgja. Verð 200 þúsund. Uppl. í s. 892 7614.

Avensis stw 09/05 ek 26 þús. Ssk., reyklaus, litað gler, aurhlífar. 130 þús + yfirt 2220 þús, 1 afb í jan 2007. Ath. skipti ódýrari. S. 822 5670.

### Stórlækkað verð á 1 árs frúarbíl!!!

Útsala á Opel Zafira! Verðmat 2.2 millj. Tilboðsverð 1.820,- þús. Mikill auka-búnaður, allt innifalið. Auk vetrar og sumardekkja. Keyrður aðeins 22 þús. Uppl. í s. 898 1479, Eygló.

MMC Pajero 2.5D 7manna, skr. 10/96 sumard. + vetrard. Verðhugmynd 475 þús. skipti koma til greina á Camper 7-8feta. Uppl. í s. 844 6474.

Nissan Micra '96, ek. 80 þús. Pajero diesel turbo intercole '92, 2,5 L, stuttur, hraðastilling, læst afturdrif. Báðir í topp-standi og skoðaðir. Vantar blöndung í gamlan Yana 300 snjósleða. S. 471 3075 & 866 4727.

MMC L200 árg. '99 ek. 224 þús., diesel, verð 950 þús. áhv. 630 þús. Toyota Hilux X-CAB árg. '93, v6, ssk., verð 220 þús., Honda Civic árg. '98 1.5, 3 dyra, blár, verð 300 þús. Uppl. í s. 822 8171.

Til sölu Hyundai árg. '01, mjög gott boddý en biluð vél, nýdd hedd. V. 250 þús. Einnig kerra Daxara 127 með loki á 50 þús. Uppl. í s. 664 9719.

Til sölu Dodge Caravan '01 fæst gegn yfirtöku bílaláns + 100 þús. Uppl. í s. 865 5733.

## 0-250 þús.

BMW 525 árg. '90 Ekinn 300. Er í góðu lagi en þarfnast viðgerða, varahlutir fylgja Selst á 100 þúsund. Sími 868 5545.

Pontiac Transporter árg. '92, sk. '07. Verð 200 þús. Toyota Corolla árg. '94 verð 130 þús. Uppl. í s. 824 2926.

Nissan Sunny SR árg. '93, ek. 164 þús., nýsk. Verð 130 þús. S. 820 3478.

Ford escort station 1997. Skoðaður 2006. Nýlega yfirfarinn. Selst ódýrt, Reginn s. 866 9953.

Toyota Corolla 93, 4dyra, beinsk, ekinn 175 þús. mjög góður bíll, tilboð óskast. Sími 825 8264.

Volvo 740 '87, ek. 170 þ. sk. '07, í toppstandi. V. 150 þús. Ekkert prútt. S. 663 4453.

Toyota Foreigner '91, 35" breyttur, þarfn-ast lagfæringar. S. 891 7818.

MMC Lancer árg. '94 station 4WD ek. 182 þús. Ný sk., verðh. 170 þús. Uppl. í s. 822 5666.

Opel Corsa '98. Ek. 189 þ. Sumardekk. S. 848 2980 & 825 5668.

Toyota Corolla '94, ssk., sk. '07. Verð 120 þús. S. 699 3548.

DAIHATSU APPLAUSE. Árg. 1993. Ekinn 101 Þ.km. 130.000 kr. S: 8441323

Nissan Sunny'94,m/dráttark,sk.'07, þarfnast aðhlynningar, vel nothæfur tilboð óskast, uppl.snr 698-1000 og 862-9222

Tjónaður BMW E34 árg. 90 til sölu eða selst í pörtum Frekari upplýsingar í síma 8451460 Vignir

## 250-4öö þús.


Ný kerra til sölu. Kerran ber 1050 kg, stærð 135x305. Uppl. í síma 664 3600.


Tilboð á Subaru Lrgacy 98' Mjög gott eintak, 2000cc vél, sjálfsk., rafmagn í rúðum og samlæsingar, álfelgur, sumar og vetrardekk ,krókur. Ásett verð er 590 nú 390 þ. S. 861 7290.


Daihatsu Sirion 4WD, árg. 01, 1300cc, 16v, beinsk., ABS, 4x, líknarb. Verð 390 þús. S 849 1968.

Toyota Corolla árg. 1999, hvítur, 3 dyra, CD spilari, heilsársdekk. 91.000 km. Verð 490.000. Sími 695 4230.

Toyota Corolla XLI árg. '96, góður bíll. 270 þús. stgr. Uppl. í s. 865 9611.

## 500-ööö þús.


VW Polo Comfortline, árgerð 2000, sjallfsk., ek. 58 þ.km, blár. V. 590.000, s. 899 2425.


WV Golf 1800 skr. 12/12 árg. '99, ek. 104 þús., beinsk., 5 dyra, álf., filmur. Gott eintak. Verð 600 þús. Uppl. í s. 897 4110 & 864 9595.


BMW 320i árg'95 ek.225þkm beinsk. svartur, sv.leður, topplúga, uppl. í 867 2769.


Toyota Avensis 2,0 '98 ssk. ek. 145 þ. Dráttarkr. CD, Sumard. á álfelgum, vetrard. á stálfelgum. Verð 700 þ. Uppl. s. 694 6607.


VW Passat '01, ek . 95 þús. 100 þús. út og yfirtaka á láni 800 þús. S. 697 6567.

VW Passat station '99, ek. 120 þús., ný nagladekk, smur-og þjónustubók. Verð 750 þús. S. 824 0884.

## 1-2 milljónir


Grand Cherokee limited V8 4,7l '99 árg. Innfluttur '03, ekinn 170 þ. km. Sumar og vetrard. á felgum. Fallegt og gott eintak með öllu. Ákv. 950 þ. Verð 1400 þ. Ath. skipti. S. 895 9590.


Nissan Terrano II árg'00, ekinn 94þkm. Beinsk., bensín. Verð 1250þkr. s:8647880



Ford verðhrun! Ford Explorer með nýja útlitinu 2006-2007 frá Kr. 2.690.000. Splúnkunýr frá verksmiðju Ford Explorer Sport-Track frá Kr. 2.790.000. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfar-kaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com


BMW Z3 '99, 2.8L ek. 86þús. bsk, leður, rafm í öllu. Áhvílandi ca 1.6m, verð 1750 þús. S. 867 2368.


Glæsilegur Golf Highline 2003 17" . Einn með öllu. TILBOÐ ÓSKAST. Valdi 8489993.


Til sölu Toyota Corolla STW 1600 sjálf-skipt og allt. Ek. 60 þús. km áhv. 350 þús. Verð 1250 þús. Uppl. í s. 896 1692.

til sölu vw golf gti árg 2000 með nýja tímareim og kúplingu keirður 90.000 uppl í sima 8684971

## 2 milljónir +


Benz C230 Komp árg. 2005 ek. 21 þ., svartur vel búinn aukahlutum. Áhvílandi 2.2, Lánv. SP fjár verð 3.750. Sími 892 5559.


Honda Accord Executive 2,4 árg. 2005 með öllu. Ekinn 29.000 km. Vetrardekk á álfelgum fylgja með. Tilboð stgr. 2.950.000. Upplýsingar í síma 822 1970.



Toyota verðhrun! Nýr Toyota jeppi frá Kr. 3.390.000. Tacoma frá Kr. 1.990.000, 4Runner (Amerískur Landcruiser) frá Kr. 3.790.000. Einnig RAV4 og HiLux 3.0 Turbo dísel sjálfskiptur með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com


Jeep Wrangler árgerð 2005, ekinn 2000, 4 Lítra, 6 gíra. Verð 2.590 þús. Uppl. í s. 892 1071.


Volvo S60 2,0T silfur '03 ek. 63 þ.. leður, toppl. Sími 17"felgur, 13 x hátala V2. 8m áhv. 1m. Uppl. í s. 897 7383.


Volvo S40 T5 árg. 2005 til sölu, ekinn 16 þ. Hlaðinn aukabúnaði. Áhv. mjög hagstætt lán. Uppl. í síma 891 7100.


Subaru Legacy. Skr.d. 04/'05, sjálfsk., Ek. 33.00, filmur, upphækkaður, s&v dekk. Lisatverð 2.120 þús. Tilboð 2 millj. Gott lán getur fylgt. S. 821 8419.

Grár Toyota Rav4 2003. Ek.75.000 Hlaðinn aukabúnaði, mjög vel með farinn. Verð 2.300 þús. S. 863 3622.

## Bílar óskast

Pípulagningarmeistari óskar eftir að vinna upp í sjálfsk. bíl. Uppl. í s. 868 7668.

Óska eftir Jeep Cherokee Ltd. lítið eknum, í toppstandi í skiptum fyrir góðan Skoda Octavia station, 4wd, árg. '02, get greitt 300-600 þús. S. 699 6229.

Öryrki óskar eftir Toyotu á verðbilinu 100-150 þús., þarf að vera skoðaður. Uppl. í s. 892 2257.

oska eftir odyrum bil a ca 20-60þus helst skoðuðum uppl i s 6944561

## Jeppar


Til sölu Dodge Ram 2500 bensín nýskr. 12/08/'06, 37" breyttur, ek. 6 þús., dráttarkrókur, toolbox í pallhúsi o.fl. Verð 3.990 þús. Einnig flettilok á pall Dodge Ram. Mánaðargamalt. 25 þ. Uppl. í s. 863 2432.


Mitsubishi Pajero TDI árg. '03. Ek. 99 þús. km. Disel, 2500 cc slagrými, 7 manna. Verð 2.650 þús -ath. skipti á ódýrari. Uppl. í síma 891 7535 Gústaf.


Pajero stuttur, 2,5 TDI, árg. '97, ek. 191 þús., 5 gíra. Verð 490 þús. S. 892 0279.


Dodge Durango SLT '99, ekinn 42 þús. m. 5,2 vél. Verð 1.200 þús. Skipti á minni & ódýrari bíl. Uppl. í síma 824 2926.


Patrol'00- 6cyl, 41"radial.fullbr. xtra low g.,auka tankur, 100% læstur, DVD ofl. Ásett 3.190 þús. Uppl. í s. 895 9805.


Toyota Land Cruiser V8.'00.m/öllu ekinn 142 þús. Þeir gerast ekki betri. Einn eigandi-allar skoðanir á 15000 km fresti. Verð 3.350 þús. 2650.stgr. S. 896 8882.


Til sölu Toyota Landcruiser VX 80 árg. 1994, ekinn 462.000 km, leður, toppl. ssk., 33" ný dekk. Bíll í góðu ásigkomu-lagi. Ath. skipti. Uppl. í síma 824 4043.



Jeep verðhrun! Nýlegir Grand Cherokee 2005-2007 með nýja útlitinu frá Kr. 2.490.000. Liberty jeppinn frá kr. 2.190.000 benzín eða dísel. Nýjir Jeep frá verksmiðju frá Kr. 2.790.000. Hagstæður dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarkaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutn-ingsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com


Toyota Land Cruiser 60 til sölu. 4.0l turbo keyrður 200Þ 44" breyttur á 40". Loftpúðar og stillanlegir koni hringinn læstur framan og aftan. Upplýsingar í s. 825 5749.


Trooper árg. '99, 38", gullfallegur bíll, of dýrt að telja upp það sem búið er að gera. Lán 925 þús. Afb. ca 20 þús. á mán. Verð 1.790 þús. stgr. Ath. skipti. Uppl. í s. 698 6556.


NISSAN TERRANO II LUXURY Til sölu. Árg'99 ekin 146 þús, dísil,sjálfskiptur. Gullfallegur bíll Listav.1.120.000 Tilboð 950þús Uppl 8977-605


Glæsilegur Santa Fe II DISIL sjálfskiptur 07'06. Ek. 6 þús. mikið af aukahlutum. Bæði vetrar og sumar á álfelgum. Skipti á ódýrari koma til greina. Áhvílandi gott bílalán. Uppl. í síma 898 8228.


Isuzu Trooper, árg 99, 3l Dísel, góður bíll! ATH skifti á Grand Cherokee. Uppl í s. 565 2727




**908 6050 & 908 2000**
Karlmenn karlmenn! Eruði hressir ? eruði í stuði ? Magga er nýbyrjuð og er við laugardags og sunnudagskvöld og stundum á virkum dögum. Okkur langar að heyra í ykkur. Hringiði í okkur og við verðum draumadísirnar ykkar í alla nótt. Lilja, Birta og Magga.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# VANTAR ÞIG AÐ LÁTA FLÍSALEGGJA?

## ÖLL ÞJÓNUSTA Á EINUM STAÐ



SMIÐIR
MÚRARAR
RAFVIRKJAR
MÁLARAR
DÚKARAR
PÍPARAR

SÍMI 511 1707
www.handlaginn.is

HANDLAGINN

ER Í EIGU ÖRYGGISMIÐSTÖÐVARINNAR — ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

**allt heimili**
Alla fimmtudaga

# HÁRSNYRTAR ATHUGIÐ!

## GOTT TÆKIFÆRI

**Hárgreiðslustofa miðsvæðis** í Reykjavík í fullum rekstri til leigu tímabundið, ásamt öllum búnaði. Leigist aðeins reglusömum og ábyrgum aðila.

***Áhugasamir hafið samband í síma 822 5200***

Frum



# Fljótsmörk 6-12 Hveragerði

**Verðum með opið hús í dag frá kl. 14-16 í nýju og glæsilegu fjölbýlishúsi sem er staðsett í hjarta Hveragerðisbæjar og því stutt í skóla og alla þjónustu.**
**Aðeins örfáar íbúðir eftir.**
**Möguleiki á 90% láni!**
**Verið velkomin.**

Frum

**Uppl. Byr fasteignasala - Austurmörk 4 - sími 483 5800 - gsm 895 9098 - byr@byr.is**



**Vönduð sænsk borðstofuhúsgögn til sölu**

8 stólar, stækkanlegt borð 110X160 cm, þriggja hurða skenkur 50X146 cm og lampaborð með slípaðri glerplötu.

Upplýsingar í síma 699 6280

# Menntaskólinn við Hamrahlíð
## STÖÐUPRÓF í desember 2006

**Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:**

Þriðjudaginn 5. des. Kl. 18:00 Franska (FRA103 - 403)
Miðvikudaginn 6. des. Kl. 16:00 Enska (ENS103 - 303)
Föstudaginn 8. des. Kl. 18:00 Þýska (ÞÝS103 - 403) og víetnamska (VÍE103 - 403)
Laugardaginn 9. des. Kl. 10:00 Norska (NOR103 - 203) og sænska (SÆN103 - 203)
Mánudaginn 11. des. Kl. 18:00 Stærðfræði. (STÆ103, STÆ203 og STÆ263).
Miðvikudaginn 13. des. Kl. 18:00 Spænska (SPÆ103 - 403)
Fimmtudaginn 14. des. Kl. 18:00 Danska (DAN103 - 203)
Föstudaginn 15.des. Kl. 18:00 Ítalska (ÍTA103 - 403)

Skráð er í stöðupróf á skrifstofu skólans í síma 595-5200. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 3500 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis prófdag, nauðsynlegt er að fram komi nafn og kennitala próftaka og sýna kvittun í prófinu.

*Í Aðalnámskrá framhaldsskóla* er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðuneytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendur sem fallið hafa á annar eða bekkjarprófi.

Rektor.

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Eignarhluti gerðarþola í Fjarðarvegi 3, f.nr. 224-7995, Þórshöfn, þingl. eig. Jón Stefánsson, gerðarbeiðandi Byko hf, fimmtudaginn 30. nóvember 2006 kl. 13:30.

Eignarhluti gerðarþola í Syðri-Bakka, f.nr. 216-5894/5896/5898, Kelduneshreppi, Norðurþing, þingl. eig. Stefán Þóroddsson, gerðarbeiðendur Gúmmíbátaþjónusta Norðurl sf, Point Transaction Syst Ísl ehf og Öxarfjarðarhreppur, fimmtudaginn 30. nóvember 2006 kl. 10:00.

Röndin 13, f.nr. 222-7271, Kópaskeri, þingl. eig. Rústir ehf, gerðarbeiðandi Öxarfjarðarhreppur, fimmtudaginn 30. nóvember 2006 kl. 11:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
24. nóvember 2006.



# Meiraprófsbílstjóri óskast

AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjóra. Viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn. Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík.
einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is

AÐFÖNG



PÓSTURINN
allur pakkinn

# Bílstjórar til starfa í desember

Útkeyrsludeild óskar eftir starfsfólki til útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu í desember, á minni sendibílum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 580 1243.

**Hæfniskröfur:**
- 18 ára aldurstakmark
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspóstur hf.
Póstmiðstöð
Stórhöfða 32
110 Reykjavík
Merkt: Bílstjórar í desember

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspósts:
www.postur.is

# SÖLUSÝNING

## TJARNARBAKKI 4 - 8 REYKJANESBÆ
## LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13.00 – 16.00
## FULLBÚNAR SÉRHÆÐIR!



Þetta fylgir hverri íbúð:

- Óvenju stórar og glæsilegar innréttingar.
- Vandað eikarparket og flísar á gólfum.
- Glæsilegt hornbaðkar.
- Þvottavél og þurrkari.
- AEG bakarofn og keramik helluborð með snertirofum.
- AEG eyju- eða veggháfur.
- AEG uppþvottavél og ísskápur.

Hægt að fá fullbúinn bílskúr með íbúðum. 2,5 millj.
Afhending fljótlega!

Sérlega fallegar sérhæðir með sérinngangi í vönduðum 2ja hæða húsum.

Íbúðirnar eru mjög rúmgóðar 97 fm – 130 fm, 3ja og 4ra herbergja og skilast fullfrágengnar með vönduðum gólfefnum.

Húsin liggja stutt frá Reykjanesbraut sem verið er að tvöfalda og því verður þægilegt að aka til Reykjavíkur á stuttum tíma.

**VERÐ 18,4 millj. – 23,9 millj.**





## FULLBÚIN SÝNINGARÍBÚÐ Á STAÐNUM!

SÖLUAÐILAR:

STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Sölufulltrúar verða á staðnum
með nánari upplýsingar.

AEG

mubla

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
*Halla Unnur Helgadóttir,*
*löggiltur fasteignasali*

Frum


www.floridafasteignir.is

*Löggiltir **íslenskir** fasteignasalar með áratuga reynslu og þekkingu í fasteignaviðskiptum og fjármögnun fasteigna á Flórída.*

**Kíktu á www.floridafasteignir.is, við svörum öllum fyrirspurnum um hæl. Draumur þinn um að eignast fasteign á Flórída getur orðið að veruleika. Síminn okkar er: 00 1 407 6283606**

**Íslendingar þurfa líka að fylgjast með!**

# REYKJAVIK.COM
# REYKJAVIKMAG

**Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.**




**ÞRASTARHÖFÐI, MOS-FELLSBÆR - GLÆSILEG NÝ EINBÝLISHÚS** á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsin eru á bilinu 235-250 fm. og skilast tæplega tilbúin til innréttinga.
***Til afhendingar strax.***
***Bókið skoðun hjá Atla s. 899-1178***




**NÝTT: SOGAVEGUR REYKJAVÍK.**
Parhús á tveimur hæðum byggt 2006, sérlega vönduð og vel skipulögð fullbúin eign fyrir kröfuharða.

**Verð 41,4 millj.**



**BIRKIHLÍÐ, REYKJAVÍK**
Frábærlega staðsett 184. fm hæð og ris ásamt bílskúr. 4-5 svefnherbergi. Eign sem fengið hefur gott viðhald. Meirihátt-ar útsýni.

**Tilboð óskast.**

**Opið hús í dag laugardag milli kl. 14:00 - 15:00**



**HRAUNBÆR 192**
**Opið hús í dag laugardag milli kl 14:00 - 15:00 við Hraunbæ 192 , bjalla merkt Helga og Jóhann.** Sérlega rúmgóð 4ra herbergja 138 fm endaíbúð. Allt nýtt á baði, parket og flísar á gólfum. Snyrtileg eign með góðu útsýn
**Verð kr. 24,9 millj.**




**NÝTT: BEYKIHLÍÐ, REYKJA-VÍK**
306 fm endaraðhús með mikla mögu-leika. Sér íbúð á er á 1. hæð. Spennandi tækifæri á þessum vinsæla stað.

**Verð 59,9 millj**



**HRAFNSHÖFÐI, MOSFELLS-BÆR**
Stórglæsilegt endaraðhús á einni hæð ásamt bílskúr. 3-4 svefnherbergi, upp-tekin loft, fallegur garður með sólpöllum. Toppeign á eftirsóttum stað.
**Verð kr. 39,8 millj.**




**NÝTT: RAUÐAGERÐI REYKJAVÍK**
Vel staðsett 161,4 fm einbýlishús á 771 fm lóð. Þetta er eign sem bíður uppá mikla möguleika á þessum vinsæla stað.
**Verð 42,4 millj.**



**MARARGRUND, GARÐA-BÆR**
Stórglæsilegt 430 fm. nýtt einbýlishús í grónu hverfi. Húsið er á 2 hæðum með innbyggðum tvöföldum bílskúr.

**Verð Tilboð óskast**



**BLÖNDUHLÍÐ, REYKJAVÍK**
Mjög góð sérhæð ásamt bílskúr. 3 svefn-herbergi og 2 stofur.

**Verð kr. 35 millj.**



**MIKLABRAUT, REYKJAVÍK**
Mikið endurnýjað 166 fm. 3ja hæða end-araðhús ásamt bílskúr.

**Verð kr. 37,8 millj.**



**ÞVERHOLT REYKJAVÍK**
Einstaklega vel staðsett og snyrtileg 75,5 fm. 2ja-3ja herbergja íbúð á 2. hæð.
**Verð kr. 19,3 millj.**



**STARENGI, REYKAJVÍK**
Falleg 4ra herbergja endaíbúð á efri hæð með sér inngangi af svölum.

**Verð kr. 23,3 millj.**



**GERÐHAMRAR, REYKJAVÍK**
Frábær staðsetning. 182 fm. parhús á 2 hæðum, innst í lokuðum botnlanga.

**Verð kr. 44,9 millj.**



**VESTURGATA, REYKJAVÍK**
Vel skipulögð 2ja herbergja íbúð á jarð-hæð. Góð áhvílandi lán.

**Verð kr. 14,4 millj.**



**MARARGATA, VOGAR**
Nýstandsett, vel skipulagt einbýli ásamt tvöföldum bílskúr. Laust strax.

**Tilboð óskast**



**SKIPHOLT REYKJAVÍK.**
Glæsileg 133 fm penthouse íbúð. 3 svefnherbergi og 2 stofur.

**Verð 32.9 millj.**

EIGNASTÝRING EHF
FASTEIGNAMIÐLUN

**Nánari upplýsingar hjá sölufulltrúum okkar. Atli s. 899 1178 og Erlendur s. 897 0199**

**Síðumúla 27 108 Reykjavík sími 534 4040, fax 534 4044**
**Erlendur Davíðsson, lögg. fasteignasali og verðbréfamiðlari**


Erlendur


Atli

## VISSIR Ú ...

... að á Englandi hefur þingið aldrei samþykkt lög sem segja að morð séu ólögleg, heldur eru morð einungis ólögleg út frá lagalegu fordæmi?

... að á Íslandi var hundahald eitt sinn bannað í þéttbýli?

... að á löggjafarþingi Rhode Island árið 1970 var lögð fram sú tillaga að leggja skyldi tveggja dollara skatt á kynmök?

... að bannað er að keyra niður götur Brewton í Alabama á vélbát?

... að bannað er að stara á borgarstjórann í París?

... að einvígi eru lögleg í Paragvæ svo framarlega sem báðir aðilar séu skráðir blóðgjafar?

... að flest innbrot eru framin um vetur?

... að getuleysi er gild ástæða skilnaðar í 24 ríkjum Bandaríkjanna?

... að hver einasti íbúi Kentucky-fylkis í Bandaríkjunum er skyldugur til að fara í bað einu sinni á ári?

... að í Alaska er ólöglegt að skjóta elg úr flugvél eða öðru loftfari?

... að í Arisóna er bannað að veiða úlfalda?

... að í Aþenu er lögreglunni heimilt að svipta mann ökuleyfinu ef sýnt þykir að hann sé annaðhvort „óbaðaður eða illa klæddur“?

... að í Baltimore er bannað að þrífa vask sama hversu skítugur hann er?

... að í Binghamton í New York-fylki er það lögbrot ef drengur í 9. bekk lætur sér vaxa yfirvaraskegg?

... að í Bladworth í Saskatchewan er bannað að gretta sig framan í kýr?

... að í Cleveland í Ohio-fylki er bannað að veiða mýs nema að hafa veiðileyfi?

... að á Englandi á Viktoríutímanum var samkynhneigð karlmanna bönnuð en ekki samkynhneigð kvenna?

... að ástæða þessa banns var að þegar Viktoría drottning samþykkti lögin hafði hún enga trú á því að konur gætu gert svona lagað?

... að í Frakklandi voru eitt sinn í gildi lög svipuð mannanafnalögum hér á landi?

... að í Hartford í Connecticut-fylki er bannað að ganga á höndum yfir götu?

... að í Hartford í Connecticut-fylki í Bandaríkjunum mega eiginmenn ekki kyssa eiginkonur sínar á sunnudögum?

... að í Helsinki hleypir löggan loftinu úr bíldekkjum í stað þess að sekta ökumenn?

... að í Idaho er óheimilt að gefa öðrum manni konfektkassa sem vegur meira en 22 kíló?

... að í Indiana er bannað að nota almenningssamgöngur í hálftíma eftir að hafa borðað hvítlauk?

*Heimild: Fánýtur fróðleikur*







VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# HVAÐ ER SVONA MERKILEGT VIÐ PENDÚL FOUCAULTS?

Hugsum okkur að veðurfar væri þannig á jörðinni að við sæjum aldrei til himins vegna skýja. Mannkynið færi þá á mis við allar upplýsingar sem annars væri hægt að afla með því að virða fyrir sér himininn dag og nótt, velta fyrir sér því sem þar er að sjá, mæla það út og skoða sem best. Hverju mundi þetta breyta í hugmyndum manna um heiminn og í þróun þeirra og sögu?

**Vísbendingar um lögun jarðar**

Væri ávallt skýjað skiptust dagur og nótt eða sumar og vetur engu að síður á. Í fyrstu atrennu vissum við aftur á móti ekkert um orsakir þess því að við sæjum ekki sólina. Menn mundu á hinn bóginn smám saman sannfærast um kúlulögun jarðar af því að skoða sjóndeildarhringinn, gera landmælingar og ferðast um jörðina. Þetta tæki hins vegar lengri tíma og yrði erfiðara en ella, þar sem við höfum í raun fengið flestar fyrstu og augljósustu vísbendingarnar um lögun jarðar út frá athugunum á fyrirbærum himinsins, svo sem sól, tungli og himinpól.

**Tilvist sólarinnar**

Það mundi sjálfsagt hvarfla seint að mönnum á skýjaðri jörð að jörðin snerist í kringum eitthvað, hvað þá sólina þar sem þeir sæju hana ekki. Jafnvel þótt mönnum kynni að detta í hug að skýra dægraskipti og árstíðaskipti með tilvist lýsandi hnattar yrði nærtækast að gera ráð fyrir að sá hnöttur væri á braut um jörðina. Það yrði erfitt að átta sig á því að þessu væri í raun öfugt farið, þar sem það hefur aðeins hverfandi áhrif á fyrirbæri jarðarinnar hvort sólin gengur um jörðina eða jörðin um sólina.

**Jarðnesk fyrirbæri og möndulsnúningur jarðar**

Ef horft er til hugmyndasögunnar eins og hún varð í raun, þá voru það stjörnufræðileg rök ættuð frá Kópernikusi sem sannfærðu menn á 16.–18. öld um möndulsnúning jarðar. Þessi rök hefðu lítið gagnast í skálduðum heimi skýjanna þar sem hugur okkar er nú staddur. Möndulsnúningur jarðar hefur hins vegar samkvæmt nútímaþekkingu ýmsar sýnilegar afleiðingar í jarðneskum fyrirbærum. Þannig hefur snúningurinn til dæmis veruleg áhrif á vindakerfi jarðar og hafstrauma.

Þó að þessar beinu jarðnesku vísbendingar um möndulsnúninginn séu allmargar, þá þarf góðan skilning á eðlisfræði og jarðvísindum til að átta sig á þeim, auk þess sem þau krefjast oft og tíðum mikillar nákvæmni í mælingum og athugunum. Þessi atriði komu því seint inn í sögu hugmynda og vísinda, eða ekki fyrr en um miðja 19. öld.

**Foucault sýnir fram á möndulsnúning jarðar**

Vísindamaðurinn Foucault átti sinn þátt í því að sýna fram á möndulsnúning jarðar með jarðneskum athugunum þegar hann gerði fyrstu tilraunina með pendúl sinn í janúar 1851. Með því að horfa á pendúlinn sjáum við í rauninni jörðina snúast fyrir augum okkar. Pendúllinn færði þannig sönnur á möndulsnúninginn jafnvel þó að jörðin væri hulin skýjum.



MYND/BEIGE ALBERT, WWW.FLICKR.COM

**Eðlisfræði pendúlsins**

Kjarninn í eðlisfræðinni á bak við pendúl Foucaults er auðskilinn. Hugsum okkur að við færum með pendúl á norðurpólinn. Við gætum þess að pendúllinn sé þannig hengdur upp að hann geti sveiflast hindrunarlaust í hvaða stefnu sem er. Snúningur jarðar er þá pendúlnum óviðkomandi og hefur engin áhrif á hann eða sveiflustefnu hans.

Jörðin snýst hins vegar undir pendúlnum og athugandi sem horfir á hann sér að sveiflustefnan breytist í sífellu miðað við jörðina. Pendúllinn fer heilan hring því sem næst á hverjum sólarhring, eða nánar til tekið á þeim tíma sem jörðin snýst einn hring um möndul sinn, það er að segja á 23 klukkustundum og 56 mínútum. Þarna erum við komin að kjarna málsins: Snúningur sveiflustefnu pendúlsins gæti sýnt okkur snúning jarðar þó að við hefðum annars enga hugmynd um hann.

**Pendúll Foucaults hlýtur almenna viðurkenningu**

Í fyrstu vel heppnuðu tilraun Foucaults var pendúllinn sem hann notaði 2 metrar á lengd og í honum hékk 5 kílógramma lóð úr látúni. Stálþráðurinn sem hélt því uppi var festur í loftið þannig að pendúllinn gat hreyfst eða sveiflast jafnt í hvaða stefnu sem var. Innan við mánuði eftir að Foucault gerði tilraunina hjá sér sýndi hann pendúlinn í stjörnuathugunarstöðinni í París. Þangað var boðið öllum vísindamönnum borgarinnar „til að sjá jörðina snúast“. Nokkru síðar var pendúl af þessari gerð komið fyrir til sýnis í hinni frægu byggingu Panthéon í París.

Tilraun Foucaults var endurtekin í mörgum löndum á seinni hluta 19. aldar og nú á dögum má sjá pendúl Foucaults í söfnum og öðrum opinberum byggingum víða um heim. Ekki hefur það heldur dregið úr frægð Foucaults og pendúlsins að einn þekktasti rithöfundur okkar daga, Umberto Eco, kenndi eina skáldsögu sína við pendúlinn góða.

**Snilld mannsandans**

Pendúl Foucaults var fyrir nokkrum árum komið fyrir í húsi Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi. Það er ekki síst áhrifamikið að skoða pendúlinn á dimmviðrisdegi og hugleiða vandlega það sem hann segir okkur annars vegar um möndulsnúning jarðarinnar og hins vegar um snilld mannsandans.

*Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í eðlisfræði og vísindasögu*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hvaða nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15–20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvers vegna halda Bandaríkjamenn þakkargjörðarhátíð, ef allir bílar gengju fyrir vetni hvað þyrfti þá mikla raforku til framleiðslu á vetni fyrir núverandi bílaflota Íslendinga, hvaðan kemur hjátrúin að banka í við og af hverju þykja tölurnar 7, 9 og 13 sérstaklega kynngimagnaðar?

Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni: www.visindavefur.hi.is.




GLÆSILEGUR HEILDSÖLU-MARKAÐUR Á LEIKFÖNGUM Í PERLUNNI ALLA HELGINA

Komdu og verslaðu jólagjafirnar á betra verði!

Opið kl. 11–18




Barbie STREET MAGIC FIMO AQUASOFT PERLAN VISA EUROCARD MasterCard

# Hnakkar, bolir og treflar

Mennirnir breytast og málið með. Stundum verða til ný fyrirbæri sem á engan hátt er hægt að útskýra út frá Orðabók Menningarsjóðs og þarf þá að smíða ný orð. Valur Gunnarsson skoðar nýyrði undanfarinna ára.



**RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR** Vill ekki fara í drottningarviðtöl.

## Drottningarviðtal

Upphafsmaður er **Rannveig Guðmundsdóttir**, alþingismaður Samfylkingar, og lýsir hún því þannig: „Fyrir stjórnartíð Davíðs Oddssonar var venja að tala við bæði stjórn og stjórnarandstöðu, en hann gerði þá kröfu að koma fram einn í sjónvarpsviðtölum, og sagði í Silfri Egils að það væri venjan meðal kollega á Norðurlöndum. Ég skrifaði greinina „Davíð mætir bara í drottningarviðtöl“ í Morgunblaðið 2001 þar sem sú fullyrðing er hrakin, en aðrir ráðherrar tóku þennan ósið upp eftir Davíð og þess vegna sjást engar pólitískar umræður milli foringja stjórnar og stjórnarandstöðu lengur.“

## Sófablaðamennska

Birtist á **www.jonas.is** í nóvember þessa árs. Á við þegar blaðamaður talar við tvo aðila á öndverðum meiði eins og í sjónvarpssal sé, í stað þess að reyna að komast að hinu eina rétta í málinu.



Jónas Kristjánsson ritstjóri.



**BÓ HALL** Elvisfan með meiru.

## Kranablaðamennska

Orðið birtist fyrst í leiðara DV árið 2000. Þar er því þannig lýst að „skrúfað er frá einni heimild eða álitsgjafa sem gefa ófullkomna mynd“. Á sama stað segir höfundurinn **Jónas Kristjánsson** slíka blaðamennsku hafa magnast í þjóðfélaginu, en aðspurður hvort það eigi enn við í dag segir hann: „Ég hef ekki gert neinar innihaldsrannsóknir á fjölmiðlum, ég held að hún sé hvorki að aukast né minnka. En fólk er meðvitaðra um hugtakið.“
Skylt orðunum „Drottningarviðtal“ og „Sófablaðamennska“.

## Bolur

Kom fyrst fyrir í laginu „Bolur inn við bein“ með Brimkló, og því feðrað **Björgvini Halldórssyni**. Spurður um merkingu segir Björgvin: „Ég ætla ekkert að fjölyrða um það, það ætti að vera ljóst út frá laginu.“ Í samnefndu lagi frá 2004 segir meðal annars : Hundsa pólitík og hræsni takk/ Fólk með stæla og skítapakk/ Ég er Elvisfan/ bolur inn við bein.

## Hafnfirðingabrandarar

Upprunalega nefndir Akureyringabrandarar. **Óli Tynes** birti þá í Sandkornsdálk sínum í Vísi í kringum 1975. Akureyringar brugðust illa við og voru dæmi um að fyrirtæki segðu upp auglýsingasamningum. Færði Óli þá sögusviðið til Hafnarfjarðar og segir þá hafa „mikinn húmor fyrir þessu, og um tíma skrifaði Magnús Ólafsson Reykvíkingabrandara á móti“. Þrátt fyrir samkeppni frá ljóskubröndurum eru Hafnfirðingabrandarar enn vinsælir.

**Hafnfirðingabrandarar (sýnidæmi):**

*„Reykvísk kona fékk vinkonu sína í heimsókn og þær sátu inni í stofu og spjölluðu. Öðru hvoru fór húsmóðirin út á svalir og æpti: „Græna hliðin upp, græna hliðin upp.“ Þegar hún kom inn í þriðja skipti eftir þessi óp spurði vinkona hennar furðu lostin: „Hvers vegna ertu alltaf að æpa græna hliðin upp?“*
*„Æ, það eru Hafnfirðingar að leggja túnþökur í garðinum.“*

Þannig lýsir Óli Tynes einum fyrsta Hafnfirðingabrandaranum.



**ÓLI TYNES** Sagði fyrsta Hafnarfirðingabrandarann.

Eins og prófessor Jespersen sýnir fram á er slangurmálið sprottið af því að menn verða leiðir á hversdagslegum orðum og gera sér því leik að því að bregða út af málvenjunni,“ segir í bókinni Íslendingar eftir Guðmund Finnbogason frá árinu 1933, og bætir hann við: „Það mun vera orðgnótt, frjósemi og formfesta íslenzkunnar að þakka að í henni hefir jafnan kveðið lítið að slanguryrðum.“
Þrátt fyrir þessa meintu formfestu virðist það rétt hjá þessum ágæta prófessor Jespersen að menn verði fljótt leiðir á málinu og eru duglegir að endurskapa það.



**EGILL GILZNEGGER** Hnakki með meiru.



**DAVÍÐ ODDSSON** Andstæðingar eins og kettlingar.

## Smjörklípuaðferð

Notað af Davíð Oddssyni í drottningarviðtali (sjá ofan) í Kastljósinu, þótt merkingin sé eitthvað eldri. Sagðist Davíð hafa lært af frænku sinni aðferð til að losna við læti í kettinum. Lét hún smjörklípu í feld kattarins sem beindi þá allri athygli sinni að því að sleikja smjörið. Þessari „smjörklípuaðferð“ beitti Davíð til að beina athygli pólitískra andstæðinga sinna frá hverju því sem þurfti það sinnið. Orðið hefur öðlast útbreiðslu og hefur meðal annars verið notað um hvalveiðar.

## Úlpa

Merking er svipuð og trefill (sjá ofan), en orðið hefur náð meiri útbreiðslu. Uppruni þess er óljós og gæti verið ævaforn, en Magnús Leifur úr hljómsveitinni Úlpa rekur það til hippatímabilsins. Hann segir hljómsveit sína skírða eftir flíkinni frekar en hugmyndinni, en því er ekki að neita að úlpubragur er yfir Úlpu. Sigurjón Kjartansson segir: „Þetta er eitthvað sem FM-gaurarnir notuðu um okkur úlpurnar, einhverja sem eru ekki vel til hafðir til hársins. Skonrokk var skilgreind sem úlpustöð af jakkafatamönnum og gömlum diskóhundum.“



**ÚLPA** Úlpulegir að sjá.

## Trefill

Margir muna ef til vill eftir **Agli Gilzenegger** sem var vinsæll í kringum jólin 2005. Færri kannast kannski við hugtakið trefill, sem birtist á netsíðunni kallarnir.is. „Upphaf orðsins skrifast á þennan vinahóp, mig, Hjöbba K. og Partý-Hans. Trefill er maður sem varðar ekkert um útlitið, er illa rakaður og situr á kaffihúsum og les eða jafnvel yrkir ljóð. Ef orðið væri í orðabók gæti verið mynd þar af Eyvindi Karlssyni. Við kallarnir höldum árleg treflakvöld þar sem við klæðum okkur eins og treflar og förum á Kaffibarinn eða Sirkus en eigum erfitt með að fela hversu myndarlegir við erum. Hnakkar eru andstæðan, en treflunum fer fækkandi og verða líklega bráðum útdauðir.“



**EGILL HELGASON** Þættir hans eru engin ömurð.

## Ömurð

Birtist fyrst í fyrirsögn Egils Helgasonar í grein sem hefst svo: „Labbaði í gegnum borgina í morgun, illa sofinn og frekar fúll.“ Í greininni er það notað til að lýsa búðinni 10-11 í miðbænum og sóðaskap fyrir utan Klink og bank. „Þetta er bara ömurlegt,“ segir Egill um merkingu orðsins, en man ekki hvaðan það er tilkomið. Hann neitar því ekki að mögulega sé það samsett úr orðunum „ömurleiki“ og „depurð.“ Orðið er ekki að finna í orðabókum enn sem komið er.



**HENRIK BJÖRNSSON** Ekki hnakki, kannski úlpa.

## Hnakkamella

Kvenkynsútgáfa hnakka. Fyrst notað í viðtali tímaritsins Sirkuss við **Brynju Björk** af henni sjálfri. Orðið náði fljótt útbreiðslu, hefur verið notað í Spaugstofunni og í þýðingu Davíðs Þórs Jónssonar á verkum þýska leikritaskáldsins Berthold Brecht.



**STYRMIR GUNNARSSON** Innmúraður í íslenska málsögu.

## Hnakkar (kk. ft.)

Andstæða trefla. Orðið má rekja til vinahóps **Henriks Björnssonar** í Singapore Sling sem lýsir því þannig: „Hnakka skortir sjálfstæðan vilja, eru eins í útliti og er tengingin sú að hnakkasvipur fólks er svipaður. Um tíma voru þeir líka allir með rakaða hnakka.“ Viðskeytið FM var um tíma notað en hefur að mestu dottið úr gildi. Hugtakið náði útbreiðslu í gegnum útvarpsþátt Barða Jóhannessonar, „Ólafur,“ um 1999, og lifir enn. „Hnökkum virðist fara fjölgandi, enda er annar hvor sjónvarpsþáttur stílaður inn á þá,“ segir Henrik.



**BRYNJA BJÖRK** Skilgreindi hálfa kynslóð.

## Innmúraður

Hugtakið öðlaðist mikla útbreiðslu eftir að hafa komið fyrir í bréfi **Styrmis Gunnarssonar** til Jónínu Ben., sem var birt í Fréttablaðinu. Margir hafa viljað eigna Styrmi orðið, en elsta þekkta notkun þess er í handriti frá 1778 og er sagt í kirkjulýsingu að „dyranna umbúningur sé innmúraður“. Merkingin er þar bókstafleg, en elsta dæmið um að því sé beitt sem myndlíkingu er í ljóðinu Fagur er dalur eftir Matthías Johannessen frá árinu 1966. Segir þar: „Ég opna hjarta mitt/ þetta innmúraða búr ljóða minna.“

Auglýsinguna prýðir grafíkmyndin **Málarinn** eftir Tryggva Ólafsson. Tryggvi hefur gefið SÁÁ áritaðar grafíkmyndir til styrktar unglingadeild samtakanna.



# Fagnaðu með okkur

## í nýja húsinu okkar, Efstaleiti 7, kl. 14 í dag

- SÁÁ stendur fyrir öflugu meðferðar- og forvarnarstarfi fyrir alkóhólista og fjölskyldur þeirra. Má þar nefna unglingameðferð, fjölskyldumeðferð, göngudeildarmeðferð, kvennameðferð, forvarnir, vinnustaðaþjónustu o.fl. o.fl.
- Í dag fagna samtökin nýjum áfanga er nýtt glæsilegt hús verður opnað að Efstaleiti 7 Reykjavík.
- Af því tilefni bjóðum við þér og þínum að skoða nýja húsið og þiggja kaffi og kökur á milli kl. 14 og 16 í dag.

**Stjórn SÁÁ**

SÁÁ

**S.Á.Á.** – Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann | Efstaleiti 7 | 103 Reykjavík | Sími 530 7600 | saa@saa.is

# Kaddakallar í USofA

Í sumar lögðu fimm íslenskir karlar land undir fót, létu fornan draum rætast og fóru þvert yfir Bandaríkin á krómuðum og vængjuðum kagga. Út er komin bók eftir þá Einar Kárason og Ólaf Gunnarsson þar sem greinir frá ferðinni og þeim ævintýrum sem þeir lentu í. *Jakob Bjarnar Grétarsson* lagði tíu spurningar fyrir fjóra þeirra og kemur ýmislegt forvitnilegt upp úr dúrnum.

**Leiðangursmenn voru rithöfundarnir Einar Kárason og Ólafur Gunnarsson, forleggjarinn og ljósmyndarinn Jóhann Páll Valdimarsson, kvikmyndagerðarmaðurinn Sveinn M. Sveinsson og bifvélavirkinn, úsund jalasmiðurinn og kraftajötunninn Aðalsteinn Ásgeirsson – Steini í Svissinum. Sá síðastnefndi átti ekki heimangengt en eir hinir svöruðu eftirfarandi spurningum:**

1. Hver var erfiðasti ferðafélaginn?
2. Hver drakk mestan bjórinn?
3. Hver var lélegasti bílstjórinn?
4. Hver var áhugaverðasti staðurinn?
5. Hvert var þungbærasta atvikið? (Í mjög stuttu máli.)
6. Myndir þú fara í aðra slíka ferð ef byðist?
7. Hver hringdi oftast heim?
8. Var farið á strippklúbb?
9. Hver var besti sögumaðurinn í hópnum?
10. Hver hefði að ósekju mátt bætast í hópinn?

## EINAR KÁRASON

### Óli besti sögumaðurinn

1. Það var ég sjálfur.
2. Það var ég sjálfur.
3. Svenni.
4. Á erfitt með að velja á milli San Francisco og Tucum Cari í Nýju-Mexíkó.
5. Það var ekkert þungbært atvik.
6. Hvenær sem er og sem fyrst.
7. Ég.
8. Ég er ekkert rifja upp hvað hinir strákarnir voru að gera.
9. Óli, by far.
10. Það hefði þurft að vera einhver með mjög lítið egó.

## ÓLAFUR GUNNARSSON

### Allir jafn erfiðir

1. Þeir voru allir jafn erfiðir en það eru alltaf tvær hliðar á öllum málum, þeir voru allir jafn góðir, en sumir kannski skárri en aðrir.
2. Einar Kárason.
3. Ólafur Gunnarsson.
4. Háslétta Arisóna.
5. Ég var þreyttari í ferðalok en ég átti von á án þess að geta gert mér grein fyrir hvers vegna.
6. Já, tvímælalaust.
7. Jóhann.
8. Það var ekki farið á aðra staði en fram kemur í bókinni.
9. Steini í Svissinum.
10. Mickey Rourke.

## JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON

### Einar Kára drakk bjór fyrir allan hópinn

1. Ég bjóst í upphafi við að Steini yrði langerfiðasti ferðafélaginn enda hafði ég heyrt að hann væri skapmaður í meira lagi. Sá fyrir mér að hann myndi hlaupa á eftir mér með drifskaftið á lofti til að berja mig en þegar á hólminn var komið reyndist hann hinn ljúfasti ferðafélagi þótt hann tæki vissulega hraustlegar rokur. Og Sveinn reyndist alger öðlingur, þannig að ljóst má vera að Ólafur og Einar, egóin stóru, voru erfiðustu ferðafélagarnir.
2. Einar Kárson drakk bjór fyrir allan hópinn.
3. Ég segi Einar Kárason vegna þess að hann tók á mig æðiskast þegar honum tókst ekki að hanga í rassgatinu á mér og elta mig í kolniðamyrkri inn í stórborg og villtist af leið. Hann sagði að ég hefði viljandi verið að hrista hann af mér. Þetta endaði á bensínstöð í svertingjahverfi þar sem hvítur maður hefur aldrei áður stigið fæti. Ég var aldrei eins hræddur í ferðinni og þá.
4. Leiðin frá Los Angeles til San Francisco er engu lík. Þar sem ég er búinn að jafna mig á ferð með þessum mega egóum væri hægt að selja mér jafn klikkaða hugmynd eins og að þvælast eingöngu þá leið í þrjár vikur á ónýtum Kadilakk.
5. Öll þau mörgu atvik þegar eldur og eimyrja stóðu upp af kaddanum og maður velti því fyrir sér hvenær hann myndi endanlega gefa upp öndina.
6. Það sem er liðinn það langur tími frá þessari ferð og ég farinn að geta hlegið að þessari svitadrífandi tryllingsreið, væri sjálfsagt hægt að selja mér svona klikkaða hugmynd aftur.
7. Einar Kárason.
8. Hvernig dettur þér það í hug, við vorum uppteknir á verkstæðum.
9. Geri ekki upp á milli Einars og Óla, en Sveinn og Steini bifvélavirki eru afbragðs sögumenn líka.
10. Pamela Anderson.



SVEINN, JÓHANN PÁLL, ÓLAFUR OG EINAR Þeir þessir fóru þvert yfir Bandaríkin í krómuðum og vængjuðum Kadilják og létu gamlan drengjadraum þar með rætast. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## SVEINN MAGNÚS SVEINSSON

### Hópurinn mátti ekki vera stærri

1. Þeir voru allir frekar ljúfir. En ég eyddi mestum tíma með Jóhanni Páli í tökubifreiðinni og hann hefði mátt taka betur leiðsögn í kvikmyndaakstrinum.
2. Einar Kára var sá eini sem glímdi við Bakkus bróður í hópnum.
3. Jóhann Páll, hann neitaði að keyra kaddann af því að það voru engin belti í honum eftir slæma reynslu úr bílslysi, en varð betri á bimmanum eftir því sem á leið.
4. Af mörgum áhugaverðum var það Mid Point Café, miðja vegu á milli Chicago og LA, þar sem tvær miðaldra konur glöddu okkur með heimalöguðu bakkelsi og líflegu viðmóti. Kannski var það líka að þar vorum við þó hálfnaðir yfir og búið að ganga á ýmsu í bílamálunum.
5. Kvöld eitt eftir langa og stranga keyrslu bilaði kaddinn þegar 500 metrar voru eftir í náttstað á stórum vegamótum hraðbrauta. Kaddamenn voru þungir í skapi eftir að hafa elt ljósin á bimmanum í myrkrinu og fannst við hafa keyrt allt of hratt. Steini hljóp til og kom honum í gang og reykspólaði með rithöfundana út í myrkrið, inn á næstu hraðbraut og bjóst ég ekki við að sjá þá í bráð. En fyrir algjöra tilviljun römbuðum við á þá á bensínstöð inni í miðju svertingjahverfi um klukkustund síðar og var þeim sem betur fer runnin reiðin að mestu.
6. Ekki spurning.
7. Ég.
8. Nei, ekki get ég nú sagt það.
9. Rithöfundarnir áttu fullt í fangið með að fylgja Jóhanni Páli eftir, en orðaflaumurinn er þvílíkur þegar Jóhann fer af stað og margt vart birtingarhæft nema fyrir vel fullorðna.
10. Ég held að hópurinn hefði ekki mátt vera stærri því hver hefði þá átt að sofa hjá hverjum? Alltaf var reynt að vera í tveggja manna herbergjum og dreifa álaginu.

# NÝJAR FERILSPLÖTUR




CD

**Jamiroquai**
**High Times - Singles 1992-2006**

Diskur:
1. When You Gonna Learn
2. Too Young To Die
3. Blow Your Mind
4. Emergency On Planet Earth
5. Space Cowboy
6. Virtual Insanity
7. Cosmic Girl
8. Alright
9. High Times
10. Deeper Underground
11. Canned Heat
12. Little L
13. Love Foolosophy
14. Corner Of The Earth
15. Feels Just Like It Should
16. Seven Days In Sunny June
17. Don't Give Hate A Chance
18. Runaway
19. Radio

DVD: Öll myndböndin




CD +DVD

**U2**
**18 Singles**

Diskur 1:
1. Beautiful Day
2. I Still Haven't Found What I'm Looking For
3. Pride (In The Name Of Love)
4. With Or Without You
5. Vertigo
6. New Year's Day
7. Mysterious Ways
8. Stuck In A Moment You Can't Get Out Of
9. Where The Streets Have No Name
10. Sweetest Thing
11. Sunday Bloody Sunday
12. One
13. Desire
14. Walk On
15. Elevation
16. Sometimes You Can't Make It On Your Own
17. The Saints Are Coming (ásamt Green Day)
18. Window In The Skies

Diskur 2:
DVD: tónleikar í Milanó 2005

DVD: Öll myndböndin




CD +DVD

**Depeche Mode**
**The Best Of - Vol.1**

Diskur 1:
1. Personal Jesus
2. Just Can't Get Enough
3. Everything Counts
4. Enjoy The Silence
5. Shake The Disease
6. See You
7. It's No Good
8. Strangelove
9. Suffer Well
10. Dream On
11. People Are People
12. Martyr
13. Walking In My Shoes
14. I Feel You
15. Precious
16. Master And Servant
17. New Life
18. Never Let Me Down Again

Diskur 2:
DVD: Öll myndböndin að ofan ásamt:
Stripped
Question Of Time
Behind The Wheel
In Your Room
Barrel Of A Gun
Only When I Lose Myself
I Feel Loved
Short Film




2CD +DVD

**Oasis**
**Stop The Clocks**

Diskur: 1
1. Rock n Roll Star
2. Some Might Say
3. Talk Tonight
4. Lyla
5. The Importance of Being Idle
6. Wonderwall
7. Slide Away
8. Cigarettes & Alcohol
9. The Masterplan

Diskur: 2
1. Live Forever
2. Acquiesce
3. Supersonic
4. Half The World Away
5. Go Let It Out
6. Songbird
7. Morning Glory
8. Champagne Supernova
9. Don't Look Back In Anger

DVD
1. 40 minute Noel and Liam Electronic Press Kit
2. Champagne Supernova - live at Knebworth
3. Fade Away - live at Knebworth
4. Lord Don't Slow Me Down film trailer
5. Gallery section




2CD

**ABBA**
**Number Ones**

Diskur 1:
1. Gimme! Gimme! Gimme! (A Man After Midnight)
2. Mamma Mia - Album Version
3. Dancing Queen
4. Super Trouper
5. S.O.S. - Album Version
6. Summer Night City - Long Version
7. Money, Money, Money
8. The Winner Takes It All - Album Version
9. Chiquitita
10. One Of Us
11. Knowing Me, Knowing You
12. Voulez-Vous
13. Fernando
14. Waterloo - English Version
15. Ring Ring - English Version
16. The Name Of The Game
17. I Do, I Do, I Do, I Do, I Do
18. Take A Chance On Me
19. I Have A Dream

Diskur 2:
1. When I Kissed The Teacher
2. Hole In Your Soul
3. Dance (While The Music Still Goes On)
4. Me And I
5. The King Has Lost His Crown
6. Rock Me
7. Tiger
8. I Wonder (Departure)
9. Another Town, Another Train
10. Our Last Summer
11. Kisses Of Fire
12. Slipping Through My Fingers

DVD: Öll myndböndin




3CD

**George Michael**
**Twenty Five**

Diskur 1
1. Everything She Wants
2. Wake Me Up Before You Go-Go
3. Freedom
4. Faith
5. Too Funky
6. Fastlove
7. Freedom '90
8. Spinning the Wheel
9. Outside
10. As (with Mary J. Blige)
11. Freeek!
12. Shoot The Dog
13. Amazing
14. Flawless (Radio Edition)
15. An Easier Affair

Diskur 2
1. Careless Whisper
2. Last Christmas
3. A Different Corner
4. Father Figure
5. One More Try
6. Praying For Time
7. Heal The Pain (with Sir Paul McCartney)
8. Don't Let The Sun Go Down On Me (with Sir Elton John)
9. Jesus To A Child
10. Older
11. Round Here
12. You Have Been Loved
13. John and Elvis Are Dead
14. This Is Not Real Love (with Mutya)

Diskur 3
1. Understand
2. Precious box
3. Roxanne
4. Fantasy
5. Cars and Trains
6. Patience
7. You Know that I Want To
8. My Mother Had a Brother
9. If You Were There
10. Safe
11. American Angel
12. My Baby Just Cares For Me
13. Brother Can You Spare Me A Dime? (performed at Pavarotti & Friends)
14. Please Send Me Someone (Anselmo's Song)
15. Through

Tvöfaldur DVD: öll myndböndin

**góða skemmtun!** ▶

sena




**MEÐ HUGANN VIÐ EFNIÐ** Tölvuleikir hafa verið gagnrýndir fyrir að vera heiladauð skemmtun, sem henti eingöngu yngri kynslóðinni. Nýjasta hugmyndin er að selja tölvuleiki sem henta eldra fólki og er ætlað að þjálfa heilann. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES




## Heila jálfun

Brain Age er fyrsti leikurinn í hugarleikjaröð Nintendo og kom út í Japan um mitt ár 2005 og er enn meðal söluhæstu leikja þar ytra. Fyrr á þessu ári komu bandarísk og evrópskar útgáfur leiksins út þar sem leikurinn hefur einnig notið mikilla vinsælda. Aðrir leikir eins og Brain Training hafa svo fylgt í kjölfarið. Báðir leikirnir hafa verið sérstaklega markaðssettir fyrir eldri tölvunotendur.





# Með leikinn á heilanum

Heilaþrautir á borð við krossgátur og Sudoku hafa lengi verið vinsælar leiðir til þess að drepa tímann og þjálfa heilann, en nýjasta æðið eru heilaþrautir í formi tölvuleiks. *Salvar Þór Sigurðarson* skoðaði hvers konar heilaleikfimi tölvuleikir bjóða upp á.

Tölvuleikir hafa lengi verið gagnrýndir fyrir að vera heiladauð og ofbeldisfull skemmtun sem hentar eingöngu yngri kynslóðinni, en ný tegund leikja sem miða að því að örva og þjálfa heilastarfsemina snýr þeirri klisju á annan endann.

Í slíkum leikjum, sem kalla mætti hugarleiki á íslensku, er markmiðið hvorki að drepa andstæðing sinn né bjarga prinsessunni heldur á spilarinn að leysa stuttar og misflóknar þrautir til þess að halda heilanum í formi.

### Lóð fyrir heilann

Brain Age: Train Your Brain in Minutes a Day! og Brain Training eru hluti af nýrri hugarleikjaröð frá Nintendo. Leikirnir eru markaðssettir fyrir eldra fólk sem hefur litla sem enga reynslu af tölvuleikjum. Í leikjunum, sem eru fyrir lófaleikjavélina Nintendo DS, spreyta spilarar sig á ýmsum stuttum heilaþrautum og reyna að leysa þær eins fljótt og þeir geta.

Þegar nokkrum þrautum er lokið er „heilaaldur“ spilarans reiknaður út og sýndur á skjá. Aldurinn er borinn saman við fyrri niðurstöður spilarans og árangurinn sýndur á myndriti. Markmiðið er að heilaaldurinn sé jafn eða lægri en raunverulegur aldur þess sem spilar leikinn.

Leikirnir koma í kjölfar læknarannsókna sem benda til þess að hugarþrautir og leikir sem krefjast þess að spilarinn leysi vandamál geti bætt minnið hjá eldra fólki og jafnvel hægt á áhrifum heilahrörnunar.

### Reikna, lesa, telja

Meðal þrauta sem spilarinn þarf að leysa er að leggja saman og margfalda tölur, telja fjölda atkvæða í ákveðinni setningu, lesa texta úr frægum skáldsögum upphátt í innbyggðan hljóðnema lófaleikjatölvunnar og reikna tímamismun á milli tveggja klukkna. Einnig er hægt að spreyta sig á Sudokuþrautunum vinsælu.

Hugmyndin er ekki að leikurinn sé spilaður klukkutímum saman, heldur á spilarinn að grípa í leikinn þegar tími gefst, til dæmis í kaffitíma eða matarhléi. Aðeins tekur nokkrar mínútur að klára hverja þraut.

Leikirnir, sem komu upphaflega eingöngu út í Japan, hafa slegið í gegn og selst í milljónum eintaka. Sérstakar útgáfur hafa verið gerðar fyrir Evrópu- og Bandaríkjamarkað og eru framhaldsleikir á leiðinni.

### Hannaður af heilasérfræðingi

Hugmyndin að leikjunum fæddist á stjórnarfundi hjá Nintendo þegar einn fundargesta hafði á orði að hann þekkti engan á sínum aldri sem spilaði tölvuleiki.

Forseti fyrirtækisins, Satoru Iwata, hóf þá undirbúning að gerð leiks sem þjálfar heilann með stuttum þrautum. Leikurinn átti að höfða til eldra fólks sem hefði sjaldan eða aldrei spilað tölvuleik á ævinni.

Iwata fékk í lið með sér japanska heilasérfræðinginn Ryuta Kawashima, en bækur hans um starfsemi og þjálfun heilans eru vinsælar þar ytra. Þróun fyrsta leiksins hófst strax eftir fund Iwata og Kawashima og var hann gefinn út í Japa n í maí árið 2005. Bandarísk og evrópskar útgáfur hans komu út um ári síðar.

Kawashima er sjálfur í leiknum, en að þraut lokinni birtist hann á skjánum og segir spilaranum hversu gamall heili hans er. Að því loknu ráðleggur Kawashima honum hvernig best sé að lækka heilaaldurinn.

### Ekki einir í hugarleikjum

Nintendo er ekki eitt leikjafyrirtækja um að framleiða hugarleiki. Fyrirtækið Upstart Games, sem gerir hugbúnað fyrir farsíma, hefur á takteinum farsímaleik að nafni IQ Adademy. Í honum er þekking spilarans, viðbrögð og rökhugsun mæld og þjálfuð á svipaðan hátt og í hugarleikjum Nintendo.

Munurinn á IQ Academy er þó sá að ekki þarf sérstaka lófaleikjatölvu til þess að spila hann, nýlegur farsími nægir. Aðalkeppinautur Nintendo í lófaleikjatölvustríðinu, Sony, ætlar heldur ekki að láta sitt eftir liggja og áformar að gefa út hugarleik fyrir PlayStation Portable leikjatölvuna.

Fyrir þá sem ekki nenna að spreyta sig á mörgum mismunandi stærðfræði- og rökhugsunarþrautum þá eru til fjölmargar útgáfur af talnaþrautinni vinsælu, Sudoku, fyrir lófaleikjatölvur sem og aðrar tölvur.

### Vísindalega umdeilt

Ekki eru allir sammála því að þjálfun og örvun heilans með leikjum á borð við Brain Age og Brain Training hjálpi við að halda aftur af heilahrörnun.

Í grein bandaríska dagblaðsins Wall Street Journal sem birt var í apríl síðastliðnum er því haldið fram að hugarleikfimi á borð við þá sem stunduð er í hugarleikjum Nintendo og öðrum slíkum leikjum hafi ekki áhrif á það hversu hratt heilastarfsemin hrörni á efri árum.

Þar er vitnað í rannsókn á vegum Virginíuháskólans í Bandaríkjunum sem fann „fáar vísindalegar sannanir fyrir því að hugarörvandi athafnir hafi áhrif á hraða heilahrörnunar.“ Þó segir að heilar sem fái reglulega þjálfun séu betri í að framkvæma æfð verkefni á borð við samlagningu og margföldun. Heili sem spreyti sig oft á stærðfræði sé sneggri að reikna en heili sem fái enga æfingu.

Talsmenn Nintendo hafa ekki viljað staðfesta neinar vísindalegar fullyrðingar um leiki sína heldur segja fyrirtækið eingöngu vera í skemmtanabransanum.

Hvað sem vísindalegum staðreyndum og rannsóknum líður má þó ganga út frá því að nokkurra mínútna heilaleikfimi á dag geti ekki verið skaðleg og sé í versta falli leiðinleg. Milljónir manna á besta aldri eru þó ekki á þeirri skoðun því hugarleikir á borð við Brain Age og Sudoku eru meðal mest seldu tölvuleikja í dag. ■

## Þrautir í afmælisgjöf

Þegar **George W. Bush** Bandaríkjaforseti varð sextugur á árinu brást Nintendo við með því að senda honum glænýja Nintendo DS lófaleikjatölvu ásamt eintaki af Brain Age hugarleiknum. Meðfylgjandi var afmæliskort þar sem gjöfinni var lýst og forsetanum óskað innilega til hamingju með afmælið.

Ekki er ljóst hvort Nintendo var með þessu að gera grín að gáfnafari forsetans eða einfaldlega að sýna honum virðingu, en gjöfin vakti töluverða athygli. Bush hefur hvorki tjáð sig um hvort hann hafi prófað leikinn, né hversu gamall heili hans sé.




**INNIHALD PAKKANS** Í gjöfinni til forsetans var Nintendo DS leikjavél, eintak af Brain Age tölvuleiknum og afmæliskort.

# Nú er mælirinn fullur!

# Aldraðir og aðstandendur, fjölmennum á baráttufundinn í Háskólabíói í dag kl. 15.00

## Við viljum:

– Næg hjúkrunarrými í stað biðlista
– Einbýli í stað fjölbýlis á hjúkrunarheimilum
– Uppbyggingu öflugrar heimaþjónustu og góðs aðgengis
– Fjölbreytt val þjónustu- og öryggisíbúða

Fundarstjóri: Sigmundur Ernir Rúnarsson.
Ávörp flytja: Séra Jóna Hrönn Bolladóttir, Gunnar Hersveinn rithöfundur og Ólafur G. Einarsson fyrrv. ráðherra.

**VÖKNUM og bætum aðstöðu aldraðra í dag – vilji er allt sem þarf!**

**AFA**

**Aðstandendafélag aldraðra, www.hjaafa.is**



**RUSLIÐ URÐAÐ** Jakob sagðist oftast hafa séð um að grafa holur fyrir ruslið enda ekki veitt af líkamsræktinni þar sem hann komst ekki í lyftingar í Afganistan. Á bakvið hann má sjá bílana sem hópurinn ferðaðist á og bekkina sem þeir sváfu á.



**BIKARMEISTARI IFBB** Jakob fór beint í að skera niður fitu eftir heimkomuna og vann bikarmeistaratitil IFBB-sambandsins þremur vikum síðar.

# Knattspyrna, fitness og friðargæsla

Knattspyrnumaðurinn og fitnesskappinn, Jakob Már Jónharðsson, er nýkominn úr fimm mánaða dvöl í Afganistan þar sem hann starfaði við friðargæslu. *Sigríður Hjálmarsdóttir* ræddi við Jakob en hann vann bikarmeistaratitilinn í fitness aðeins þremur vikum eftir að hann kom heim frá Afganistan.

Það má segja að fótboltaferill minn hafi aðallega einkennst af meiðslum," segir Jakob sem átti fínan feril í boltanum þrátt fyrir það en hann hefur leikið með Keflavík, ÍBV og Val hér heima og eitt ár í Helsingborg í Svíþjóð. „Í stuttu máli endaði ferillinn þegar ég lék með Val en þar brotnaði ökklinn á mér illa og liðböndin slitnuðu." Eftir að hafa verið í þrjú ár á hækjum fékk læknirinn þá hugmynd að taka bein úr mjöðminni á Jakobi og negla það fast við ökklann. „Þetta var farið að leggjast heilmikið á sálina og á tímabili langaði mig mest til að fá bara staurfót til þess að losna við kvalirnar," segir Jakob sem hefur í dag mjög takmarkaða hreyfigetu í ökklanum en er mjög sáttur þrátt fyrir það. „Það má segja að lyftingarnar hafi bjargað mér bæði andlega og líkamlega meðan ég átti í meiðslunum en ég var allan tímann í ræktinni þrátt fyrir að vera á hækjum," segir Jakob en hann hefur samtals farið í þrettán uppskurði eftir meiðsli í fótboltanum. „Lyftingarnar gerðu það að verkum að ég var mjög fljótur að ná mér á strik aftur eftir aðgerðirnar. Ég veit hreinlega ekki hvar ég væri í dag ef ég hefði ekki haft lyftingarnar."

### Kynntist fitness í Sví jóð

Jakob gerði þriggja ára samning við Helsingborg í Svíþjóð en gat bara spilað í eitt vegna mjög slæmra meiðsla. „Ég þurfti að fara í fjórar aðgerðir en það var eiginlega þá sem ég datt inn í fitnessið því ég var alltaf í ræktinni til að halda mér í formi. Þar voru strákar að æfa fyrir fitness, bæði íslenskir og sænskir, og þá kviknaði áhuginn hjá mér." Jakob ákvað að prófa að keppa eftir að hann kom heim frá Svíþjóð og fór á Íslandsmótið á Akureyri árið 2000 þar sem hann náði öðru sæti, sem er frábær árangur miðað við fyrsta mót. „Eftir það náði ég mér nógu vel til að halda áfram í boltanum og æfði bæði fótbolta og fitness saman, sem var reyndar dálítið erfið blanda því ég var alltaf að reyna að byggja upp ákveðinn vöðvamassa fyrir fitnessið en hljóp hann svo allan af mér á sumrin því það var svo mikil brennsla í fótboltanum," segir Jakob og brosir.

### Stífur undirbúningur

Undanfarin ár hefur Jakob starfað við einkaþjálfun og þjálfar meðal annars sýslumanninn á Keflavíkurflugvelli og hans fólk. „Þar heyrði ég af lausu starfi við öryggisgæsluna á vellinum þannig að ég sótti um þar," segir Jakob en hann vinnur þar í vaktavinnu og þjálfar í fríum. „Einn vinnufélagi minn var að skoða upplýsingar um friðargæsluna og þá kviknaði áhugi hjá mér á slíku starfi. Ég fór að leita mér meiri upplýsinga hjá utanríkisráuneytinu og komst að því að það vantaði friðargæsluliða í verkefni í Afganistan þannig að ég sótti um það." Jakob var síðan valinn í verkefnið og var einn af tuttugu manns sem fóru frá Íslandi til Afganistan. „Undirbúningurinn var mjög stífur í tvo mánuði, bæði bóklegur og verklegur, en hann fór fram bæði hér á landi og í Noregi. Þar fengum við upplýsingar um verkefnið sem við áttum að vinna og um land og þjóð."

Verkefnið frestaðist síðan um heilt ár og Jakob var farinn að halda að það myndi detta upp fyrir. „Það var síðan í byrjun júní sem við fórum út og það var alveg ótrúleg upplifun að koma til Afganistan. Ég var búinn að gera mér hugmyndir um hvernig allt væri þarna úti enda bæði búinn að fræðast mikið um landið og sjá myndir þaðan. Samt var þetta allt öðruvísi en ég hafði ímyndað mér."

### Lífið snýst um að komast af

„Við lentum á Kabúl-flugvelli eftir mjög langt ferðalag og það fyrsta sem við mættum var alveg gríðarlegur hiti og ryk. Það er allt svo þurrt þarna enda er allt landið hálfgerð eyðimörk. Við fórum síðan í borg sem heitir Chagcharann og hún er ofboðslega frábrugðin öllu sem maður hefur séð. Það er einhver menning inni í Kabúl en þegar maður kemur til fjallanna þá býr fólk í moldarhúsum og það er alveg ótrúlegt hvernig fólk kemst af þarna," segir Jakob en honum fannst hann vera kominn tvö til þrjú hundruð ár aftur í tímann því fólkið í fjöllunum er allan daginn að afla sér matar og vatns. „Við sáum oft krakkahópa með asna og fötur sem gengu kannski í átta klukkutíma til að ná í vatn fyrir þorpið. Krakkarnir byrja strax að taka þátt í að afla matar og vatns en fólk er allt sumarið að safna eldiviði til þess að hlýja sér á yfir veturinn og afla sér matar. Fararskjótarnir eru aðallega bara asnar en það er eitthvað verið að leggja vegi núna til að efla samskiptin milli borga og staða."

Jakob segir allt landslagið vera mjög sérstakt í Afganistan en hann ók oft með hópnum sínum í gegnum eyðimerkur í fleiri klukkutíma þangað til þeir sáu allt í einu hús úr sandi, mold og leir á klettasyllum. „Sjálfir vorum við í tjaldbúðum, sex saman í hópi á tveimur bílum. Oft var svo heitt að við sváfum bara úti á bekkjum við bílana og skiptumst á að vakta svæðið."

### Engir vegir og engir bílar

„Eitt skipti vorum við að keyra á ákveðinn stað og fengum túlkinn okkar til að spyrja til vegar fyrir okkur. Almennt eru engir vegir og varla neinir slóðar heldur fyrir bíla. Við vorum á fullbreyttum jeppum héðan frá Íslandi og þess vegna mjög vinsælir því við komumst um allt," segir Jakob en maðurinn sem vísaði þeim veginn reið á asna og sagði að fólkið þarna hefði aldrei séð bíl og hvað þá vegi. „Hann benti okkur þá bara í átt að borginni sem við vorum að leita að og við þurftum að keyra yfir alls konar torfærur á leiðinni þangað. Loks komumst við á áfangastað um kvöldmatarleytið en við stoppuðum á fjallstindi fyrir ofan þorpið. Þegar við vöknuðum síðan um morguninn voru allir þorpsbúarnir komnir upp á tindinn og störðu á bílana. Þeir höfðu aldrei séð bíla áður og hvað þá svona stóra og breytta. Við ákváðum þá að halda bara fundinn þarna uppi í staðinn fyrir í þorpinu eins og við ætluðum upphaflega enda var allt þorpið komið þangað. Þetta var mjög sérstakt."

### Konurnar hlaupa í felur

Jakob má ekki ræða verkefnið sem hann vann að í Afganistan en segir að eins og sést hafi í fréttum hér heim þá snúist stríðið um að talibanarnir vilji fá völd yfir landinu aftur eftir að hafa verið hraktir í burtu árið 2001. „Það er alveg ótrúlegt hvað þeir eru seigir við að halda áfram og gefast ekki upp fyrr en í fulla hnefana," segir Jakob og bætir því við að í Kabúl sé menningin aðeins farin að nálgast það sem við þekkjum en það sé þó mjög svæðaskipt. „Í landinu eru allir í kuflum og skeggjaðir með hatta og túrbana á hausnum þannig að það er mjög langt frá öllu sem við erum vön. Á flestum stöðum eru konurnar alveg huldar og ekkert má sjást í þær nema augun. Það er samt aðeins að breytast og á sumum svæðum eru þær alveg farnar að sýna sig en á mörgum stöðum hlaupa þær bara í felur þegar þær sjá einhverja ókunnuga."

Jakob segir að verið sé að byggja vegi mjög víða og það sé mjög mikilvægt fyrir menninguna í landinu. „Það er annars mjög algengt að fólk ferðist um á litlum skellinöðrum og það mátti oft sjá heilu fjölskyldurnar á einu svona litlu hjóli. Þannig ferðast fólk jafnvel óravegu en annars fara menn um á asna."

### Best að vera heima

Jakob kom heim um miðjan október og segir það ótrúlegt að hafa upplifað þennan tíma í Afganistan. „Núna kann maður betur að meta það hvað maður hefur það í raun og veru gott hérna heima. Þarna var fólk að berjast við að halda lífi og átti jafnvel ekki föt en hér heima kvartar maður yfir minnstu smámunum þrátt fyrir að hafa í rauninni allt til alls," segir Jakob og bætir því við að honum hafi oft þótt erfitt að horfa upp á hvað margt fólk átti bágt. „Það er svo mikið um fátækt þarna og mörg þorp hafa ekki einu sinni vatn. Ég á líka erfitt með að skilja hvernig fólkið þarna lifir veturinn af því veturnir eru mjög harðir. Við reyndum að hjálpa til eins og við gátum í þorpunum og vorum meðal annars með sjúkraliða sem bjó um opin sár á þorpsbúum en þau voru jafnan mjög illa sýkt."

Jakobi fannst mjög gott að koma heim aftur eftir dvölina í Afganistan enda sé alltaf best að vera heima. „Hér tekur bara hversdagsleikinn við en hitt lifir í minningunni. Ég á náttúrlega fullt af myndum sem ég mun einhvern tíma sýna barnabörnunum," segir hann og hlær en þegar hann kom heim voru þrjár vikur í bikarmót IFBB í fitness. „Ég fór bara beint í að skera niður fitu af líkamanum enda var ég í ágætis formi eftir ferðina og ákvað að keppa í mótinu," segir Jakob sem vann bikarmeistaratitilinn í fyrsta sinn eftir að hafa fjórum sinnum áður hafnað í öðru sæti.

### Ætlum að halda Reyni í 1. deildinni

„Hér tekur við hellingsvinna en ég er í öryggisdeildinni á Keflavíkurflugvelli, er með fólk í einkaþjálfun og síðan var ég að ráða mig sem fótboltaþjálfara hjá Reyni Sandgerði ásamt Ragnari Steinarssyni," segir Jakob sem er einmitt uppalinn í Sandgerði og því mjög vinsælir því að hann sé kominn heim á ný. „Ég vil leggja mig allan fram við að hjálpa til þar. Það er rosalega mikill áfangi að vera kominn upp í þessa deild enda er klúbburinn ekki stór. Ég er með UEFA b próf í knattspyrnuþjálfun og finnst þetta frábær leið fyrir mig til að halda mig við fótboltann þar sem ég get náttúrlega ekki spilað sjálfur lengur." Jakob er ekki ókunnugur knattspyrnuþjálfun því hann var aðstoðarþjálfari hjá Keflavík 2004 og náði bikarmeistaratitli með félaginu það ár.

„Ég get að minnsta kosti lofað því að liðið verði sterkt og í góðu líkamlegu formi í vor en síðan er bara spurningin hvað við getum hvað varðar fótboltann. Þannig að við þurfum að styrkja okkur eitthvað til að gera einhvern usla í deildinni því við viljum að sjálfsögðu ekki fara beint niður í aðra deild aftur," segir ævintýramaðurinn Jakob Már. ■




Bíll á mynd er EXE útfærsla.

Drífðu núna

# Sláum 259.000 kr. af fjórhjóladrifnum CR-V

Drífðu þig núna!







Fullbúinn **CR-V** rúmgóður
fyrir þig, þína og allt dótið
tilboðsverð frá aðeins:

**2.890.000** kr.
beinskiptur ES

**2.990.000** kr.
sjálfskiptur ES

honda.is

Þú brunar áfram á framúrskarandi fjórhjóladrifnum Honda CR-V sem kemur þér þangað sem þig langar hvort sem það er út í næstu verslun á snjóþungum vetrardegi eða upp í næstu skíðabrekku. Honda CR-V er hlaðinn búnaði og með aksturseiginleika eins og best verður á kosið. Honda CR-V er einstaklega rúmgóður fyrir þig, þína og allt dótið.
**Drífðu þig og kynntu þér CR-V á Honda góðu tilboði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bilver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



**GULA SENDIBRÉFIÐ** eftir Sigrúnu Eldjárn er önnur tveggja bóka sem hún sendir frá sér þetta haust. Sigrún hefur í áratugi verið afkastamikil í myndskreytingum, bæði fyrir aðra rithöfunda og eigin sögur. Gula sendibréfið er ætlað yngri lesendum.

# Þetta vil ég sjá

Þetta vilja börnin sjá! sýning á skreytingum bóka fyrir börn verður opnuð í dag í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi kl. 15. Við opnunina verða Íslensku myndskreytiverðlaunin, sem kennd eru við Dimmalimm, veitt fyrir bestu myndskreyttu barnabókina 2006.

Félag íslenskra bókaútgefenda, Myndstef og Penninn standa að verðlaununum ásamt Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Í dómnefnd eru þau Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur, Kalman le Sage de Fontenay auglýsingateiknari og Nanna Kristín Magnúsdóttir leikkona.

Þeir sem keppa til verðlauna að þessu sinni og eiga skreytingar og teikningar á sýningunni í Gerðubergi eru Anna Cynthia Leplar, Anna Þóra Árnadóttir, Ágúst Bjarnason, Áslaug Jónsdóttir, Bjarni Þór Bjarnason, Björk Bjarkadóttir, Brian Pilkington, Brynhildur Jenný Bjarnadóttir, Erla Sigurðardóttir, Freydís Kristjánsdóttir, Guðrún Hannesdóttir, Halla Sólveig Þorgeirsdóttir, Halldór Ásgrímur Elvarsson, Halldór Baldursson, Karl Jóhann Jónsson, Katrín J. Óskarsdóttir, Kristinn G. Jóhannsson, Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, Margrét Laxness, Ólafur Gunnar Guðlaugsson, Sigríður Ásdís Jónsdóttir, Sigrún Eldjárn, Stephen Fairbairn, Þorgerður Jörundsdóttir, Þórey Mjallhvít Heiðardóttir Ómarsdóttir. Er ánægjulegt að sjá hvað fjölgað hefur í hópi þeirra sem skreyta og lýsa íslenskar barnabækur og hefur orðið mikil breyting á frá því efnt var fyrst til sýningarhalds þessa.

Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn árið 2002 og hafa eftirtaldir myndlistarmenn þegið þennan heiður: Halla Sólveig Þorgeirsdóttir fyrir bókina Engill í Vesturbænum 2002, Brian Pilkington fyrir bókina Mánasteinar í vasanum 2003, Áslaug Jónsdóttir fyrir bókina Nei, sagði litla skrímslið 2004 og aftur 2005 fyrir Gott kvöld.

Myndskreyttum barnabókum eftir íslenska höfunda fjölgar á markaði hér á landi en þær eiga í harðri samkeppni við erlent fjölþjóðaprent. Lestur bóka fyrir börn á unga aldri með myndum er ánægja sem ekkert foreldri ætti að neita sér um þótt hraði sé mikill. Myndir eru í senn inngangur barnsins að söguheimum og þegar það er fært um að stauta sig gegnum texta gríðarmikil viðbót við söguna og þann heim sem hún geymir.

- pbb



**FUGL OG FISKUR** er safn af textum Vilborgar Dagbjartsdóttur skálds og kennara frá löngum starfsferli hennar með börnum. Bókin er myndlýst af Önnu C. Leplar sem hefur um langt árabil verið afkastamikil við að myndskreyta bækur fyrir börn.



**LAXDÆLA** er komin út í aðgengilegu formi og annast Margrét Laxness myndlýsingar í söguna, en hún hefur áður lýst sögur í þessum flokki Íslendingasagna fyrir stálpaða krakka og unglinga.



**STÓR SKRÝMSLI GRÁTA EKKI** er önnur bók sem Áslaug Jónsdóttir á hlut að um ævintýri Litla skrýmslisins. Áslaug hefur í tvígang fengið Dimmalimm-verðlaunin enda eru myndlýsingar hennar jafnan stór hluti þeirra verka sem hún sendir frá sér, þar sem mynd skiptir ekki minna máli en texti og oft eru þessir þættir samfléttaðir.





**HALLDÓR BALDURSSON** er vel þekktur fyrir skopteikningar sínar úr dagsins önn, en hann vann í haust barnabókaverðlaun Helgafells fyrir sögu sína af undurfögru prinsessunni.

# ÖLDUNGURINN
# Ný bók um ERAGON




„Stórfenglegt skáldverk þar sem stríð, töfrar og ástin ráða ríkjum og stendur svo sannarlega undir væntingum ... Spennandi og töfrandi ævintýrabók."

★★★★★ Fullt hús

Sigurþór Einarsson / FRÉTTABLAÐIÐ

JPV ÚTGÁFA

Bræðraborgarstíg 7
101 Reykjavík
Sími 575 5600
www.jpv.is

# Ekki í þessu fyrir kúlið og stelpurnar



Tónleika San Francisco-hljómsveitarinnar The Brian Jonestown Massacre næsta miðvikudagskvöld er beðið með umtalsverðri eftirvæntingu meðal íslenskra rokkaðdáenda. *Anna Margrét Björnsson* hefur hitt hinn sjarmerandi og sérstaka Anton Newcombe nokkrum sinnum á Íslandi og var heppin að fá viðtal við hann í New York í gegnum tölvu, þar sem hann þolir vanalega ekki blaðamenn.

Nafnið á hljómsveitinni er lofgjörð til Brians Jones, gítarleikara Rolling Stones og áhrifa hans sem færðu austurlenska speki inn í vestrænt rokk og ról á sjöunda áratugnum. Anton Newcombe, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar, varð goðsagnakenndur persónuleiki eftir að verðlaunaheimildarmyndin Dig um vinskap og síðar óvináttu Brian Jonestown Massacre við The Dandy Warhols var sýnd við mikla athygli – og andköf árið 2004. Newcombe hefur mikla persónutöfra og lítur dálítið út eins og þú getur ímyndað þér San Francisco-búa á sjöunda áratugnum: Slánalegur, með sítt hár og þennan „ya know" talanda vesturstrandarinnar.

**Fyrir þá ólánsömu Íslendinga sem hafa aldrei heyrt um BJM né heyrt tónlist þína, hvernig myndir þú útskýra hljóm ykkar?**

„Mér finnst best að útskýra tónlistina sem nútímalega útgáfu af þjóðlagarokki… en með mjög mínimalísku yfirbragði. Þetta er dálítið „psychadelic" en alls ekki byggt á blús. Tónlistin er djúphugsandi, rómantísk og jafnvel barnsleg. Hún er svona glaðvær og sorgleg á sama tíma. Þetta er bara tónlistin okkar."

**Hvar býrðu þegar þú ert ekki að túra um heiminn?**

„Ég bý á Manhattan, í New York. Ég þoli það ekki. Það er ömurlegt. Mig langar bara að búa í bústaðnum hans Henriks (söngvari Singapore Sling) við Þingvallavatn og skrifa bækur. En ég má víst ekki búa þar þannig að ég yrði að búa í tjaldi. Það er kannski ekki góð hugmynd … ég er að reyna að láta mér detta eitthvað annað í hug."

**Brian Jonestown Massacre er með mjög einstakan hljóm, og þið eruð ekkert hræddir við að sýna hvaðan áhrif ykkar koma. Eins og á geisladisknum „ And This is Our Music" skrifarðu á eftir hverju lagi hvað og hverjir voru áhrifavaldarnir á bak við það. Finnst þér að tónlistarmenn í dag eyði of miklum tíma í að vera „frumlegir" og „öðruvísi" – og fórna kannski góðum lögum í staðinn?**

„Sko…. ef maður tekur áhrif frá mismunandi hlutum úr list og úr lífinu sem fylla mann innblæstri og setur þau svo í nýtt samhengi, sem er algerlega manns eigið, það er það sem góð list snýst um."

**Finnst þér mikið af óheiðarleika í tónlist í dag?**

„Það sem snýr að viðskiptahliðinni – já. En það er mikið af heiðarleika líka. Ég hef mínar eigin ástæður fyrir því að hafa kosið að vinna innan þessa geira. Ég er ekkert í þessu til að vera kúl eða til að hitta stelpur. Þetta er bara fyrir mig, eins og að leita að töfravél þar sem ég dæli inn sorg og fegurð. Við þurfum svoleiðis hluti í þessum heimi okkar."

**Þið eyðið ekki miklum tíma í að fínpússa sándið ykkar. Mér finnst það skemmtilegt. Kannski að fólk ætti frekar að eyða meiri tíma í hugmyndir og lög heldur en að eyða öllum tímanum í fínpússun og pródúseringu? Pússar þú líka skóna þína?**

„Ha? Nei, nei. Jú, stundum, á flugvöllum. Varðandi sándið, það eru viss hugtök á bak við tónlistina mína. Ég spái meira í tónlistina þegar hún er „live". Ég hætti að vinna á upptöku á lagi þegar ímyndunaraflið er farið að breyta fyrstu hugmyndinni."

**Áttu einhverja uppáhalds BJM-plötu?**

„Nei, eiginlega ekki… ég vona að þú minnir fólk á það að öll tónlistin okkar er ókeypis á netinu … fólk getur hlustað á hana þar."

**Mér sýnist á öllu að þið hafið bara túrað um allan heim eins og brjálæðingar í meira en tíu ár og tekið upp fleiri plötur en flestar hljómsveitir taka upp á heilli lífstíð. Langar þig einhvern tíma að hætta? Efastu stundum um þetta allt saman?**

„Eins og ég segi, mig dreymir um að búa við Þingvallavatn, eða á einhverjum svipuðum stað. Mig langar að flytja til Íslands. Ég reyni alltaf mitt besta og mér er alveg sama þó að það sé brjálað að gera hjá mér. Það er gott fyrir manneskju eins og mig að hafa nóg að gera. Þá er ég of þreyttur til þess að lenda í vandræðum."

**Ég heyrði að Courtney Taylor söngvari Dandy Warhols hafi farið í Kung Fu-tíma til þess að geta lamið Joel Gion tambúrínuleikarann ykkar fyrir að gera grín að honum? Er þetta rétt eða rangt?**

„Hann segir það, hann er rosalega fúll yfir þessu öllu… ég hef ekkert skipt mér af þessu. Joel er í hláturskasti hérna yfir spurningunni þinni. En ég myndi aldrei leyfa þessum gaurum að meiða hvor annan."

**Er eitthvað sem þú vilt segja mér um myndina Dig?**

„Nei, alls ekki. Mér er skítsama um þessa kvikmynd. En það sem mér er ekki sama um er óstjórnin í heimalandi mínu og hvernig fólk í heiminum bregst við henni. Ég var mjög ánægður þegar ég heyrði að bandaríski herinn væri farinn frá herstöðinni í Keflavík."

**Dig sýnir þig sem mann með mikla sjálfseyðingarhvöt. Er það kjaftæði?**

„Ég hef hitt ömmu þína, búið með frænda þínum og rúntað um bæinn með mömmu þinni og börnunum þínum. Hvað heldur þú eiginlega?"

**Á MySpace-síðunni ykkar er fullt af neikvæðum ummælum um George W. Bush Bandaríkjaforseta. Færðu mikið af neikvæðum kommentum tilbaka frá fólki?**

„Ójá, en fólk er svo vitlaust. Ég hef lítið gert nema að setja upp greinar úr New York Times til að sýna fram á þessa glæpastarfsemi forsetans okkar. Mig langar bara í betri heim."

**Ertu trúaður?**

„Ég er mjög andlega þenkjandi. Er kominn á hátt andlegt stig."

> ” Mig dreymir um að búa við Þingvallavatn, eða á einhverjum svipuðum stað. Mig langar að flytja til Íslands.

**Hver var síðasta platan sem þú keyptir?**

„Ég kaupi aldrei plötur, nema stundum ef ég er að þeyta skífum. Fólk bara gefur mér plötur og svo hala ég þetta niður af netinu."

**Hvað finnst þér um íslensku tónlistarsenuna? Er íslensk tónlist-arsena til?**

„Ég dýrka hana, þess vegna kýs ég að túra með íslenskum böndum. Það er svona einhver íslensk klikkun og húmor sem kemur fram í tónlistinni og myndlistinni ykkar."

**Hefurðu einhvern tíma prufað hefðbundinn íslenskan mat?**

„Já, já, ég hef prófað grafið lamb og reyktan lunda. En ég er sérstaklega hrifinn af harðfiski."

**Langar þig virkilega að búa hérna?**

„Já, mig langar mikið til þess. Ég er með einfalda viðskiptahugmynd í gangi. Mig langar virkilega til þess að hún gangi upp. Held að fólk myndi fíla hana."

**Ertu með einhverja möntru sem þú ferð með fyrir sjálfan þig daglega?**

„Mig langar að gera eitthvað stórkostlegt við líf mitt."

**Hverjir eru uppáhaldsstaðirnir þínir í Reykjavík?**

„Þú veist það nú vel. Sirkus barinn og að horfa á fallegt fólk. En, mér finnst líka æðislegt að fara út úr bænum, elda mat og tala saman við arineld. Það er friðsæld. Ég þarfnast friðsældar."

**Við hverju býstu á tónleikunum á miðvikudaginn?**

„Ég hlakka til að hitta vini mína. Mig langar til þess að fólk skemmti sér vel af því að lífið er oftast mjög erfitt."

**Einhver lokaorð?**

„Passaðu upp á fólkið sem þú elskar."

Tónleikar Brians Jonestown Masscre verða á Nasa þann 29 nóvember klukkan 20.30. Jakóbínarína og Singapore Sling hita upp. Miðar fást í 12 tónum. ■



## PLÖTUSAGA BJM

- Methodrone 1995
- Their Satanic Majestie's Second Request 1996
- Thank God for Mental Illness 1996
- Take it from the Man! 1996
- Give it Back 1997
- Strung Out in Heaven 1998
- Bringing it All Back Home Again 1999
- Bravery, Repetition and Noise 2001
- This is Our Music 2003
- Peppermint Wonderland 2004
- We Are The Radio 2005

# BJÖRGVIN

## ER KOMINN Í SKÍFUNA







Einhverjir mest sóttu og glæsilegustu tónleikar Íslandssögunnar, með ástsælasta söngvara þjóðarinnar, í einstaklega veglegum pakka sem inniheldur bæði DVD mynddisk og geislaplötu.

Geislaplata og DVD mynddiskur saman í veglegum pakka

**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK**

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is



**EVRÓPSKAR KONUR** Hættulegar amerískum hjónaböndum.

# Hatar Hollywood Evrópu?

Á níunda áratugnum voru Rússar og aðrir kommúnistar helstu óvinir bíóhetjanna. Vinur í gær er óvinur í dag, og bæði Rambó og James Bond börðust með Talíbönum gegn Rússum í Afganistan. Stjórnmál höfðu áhrif á kvikmyndir og kvikmyndir höfðu áhrif á stjórnmál, t.d. kallaði Ronald Reagan Sovétríkin hið illa heimsveldi og kom af stað svonefndri Stjörnustríðsáætlun, bæði vísanir í kvikmyndina Star Wars.



**HOSTEL** Evrópumenn taka vel á móti ráðvilltum Bandaríkjamönnum.



**GODZILLA** Rökrétt afleiðing franskrar utanríkisstefnu.

Þegar Kalda stríðinu lauk þurfti að finna nýja óvini. Miðausturlandabúar urðu áberandi, sem endurspeglaði deilur og stríð við Líbýu og Íran, og einnig fór að bóla á Japönum sem þá voru svo duglegir að fjárfesta í Bandaríkjunum svo mörgum stóð uggur af, eins og í myndinni Rising Sun (1993). Rússar urðu þó ekki lausir allra mála, voru hryðjuverkamenn í Air Force One (1997) og The Peacemaker (sama ár), í þeirri síðarnefndu ásamt Serbum.

### Bruce Willis og Bokkarnir

Þrátt fyrir að samskipti Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna hafi enn verið með góðu móti fór nú að bóla á Evrópumönnum í skúrkahlutverkum. Í Die Hard-myndunum (1988-95) drepur Bruce Willis þýska bræður leikna af Bretum, þeim Alan Rickman og Jeremy Irons. Þess má til gamans geta að í þýskri talsetningu kvikmyndarinnar var þeim hins vegar breytt í Íra.

Hetjan Jack Ryan, sem hefur verið leikin af þeim Alec Baldwin, Harrison Ford og Ben Affleck, tekst oft á við Evrópumenn. Í The Hunt for Red October (1990) berst Ryan við Rússa, í Patriot Games (1992) við Íra og í The Sum of All Fears (2002) við austurrískan nýnasista. Í bókinni sem síðastnefnda myndin byggir á eru óvinirnir hins vegar íslamskir hryðjuverkamenn, en þar sem myndin kom út ári eftir 11. september þótti líklega öruggara að hafa þá evrópska.

### Vondir Írar og verri Englendingar

Írar voru til vandræða í fleiri myndum, svo sem The Devil's Own frá 1997 og Michael Collins frá árinu á undan. Ef til vill hafði þáttur Clinton Bandaríkjaforseta í að binda enda á átökin í Norður-Írlandi þau áhrif að Hollywood fór að beina sjónum sínum þangað. Í þessum myndum eru þó Englendingar sýndir í mun verra ljósi, og það undarlega er að helstu bandamenn Bandaríkjanna í Evrópu urðu um tíma helstu illmenni bíómyndana.

Mel Gibson lýsti þeim stríði á hendur í myndunum Braveheart (1994) og The Patriot (2000). Englendingar voru afar vondir í Rob Roy (1995), í Robin Hood: Prince of Thieves (1991), talar Hrói Höttur með bandarískum hreim meðan fógetinn í Nottingham er eins enskur og hægt er og jafnvel í Lion King (1994) er vonda ljónið enskt meðan þau góðu eru amerísk. Hefðin nær ef til vill aftur til Star Wars (1977), þar sem hinir góðu uppreisnarmenn hljóma bandarískir og hinir illu heimsveldissinnar breskir.

### Hættulausir skúrkar

En hvernig stendur á þessari illu meðferð Tjalla í Hollywood?

Larry Mark, framleiðandi mynda eins og Jerry Maguire, útskýrði þetta með því að aðrar þjóðir hefðu mótmælt slæmri útreið sinni á hvíta tjaldinu, og Bretar urðu fyrir valinu þar sem þeir gerðu ekki mál úr því. Ef til vill útskýrir þetta ástæðu þess að Evrópumenn eru oft sýndir sem skúrkar einmitt á þeim tíma þegar samband Bandaríkjanna og Evrópu var gott, þeir voru minna líklegir til að kvarta.

Kemur þetta heim og saman við íslenska reynslu. Óli Tynes skrifaði um tíma Akureyringabrandara í Vísi, en þegar Akureyringar kvörtuðu var sögusviðið fært til Hafnarfjarðar. Hafnfirðingar tóku húmornum mun betur og því er það að 30 árum síðar eru sagðir hér Hafnfirðingabrandarar fremur en Akureyringabrandarar. Ef til vill ættu stjórnvöld í Kasakstan að hafa það í huga áður en þau sættast við Borat.

### Franskar konur: framar öllum vonum

En sé eitthvað haft eftir nógu oft fer fólk að trúa því, lífið hermir eftir listinni jafnt sem öfugt, og það kom að því að samskipti Bandaríkjanna og Evrópu versnuðu. Í Godzilla (1998) sköpuðu kjarnorkutilraunir Frakka skrímslið, en Jean Reno er sendur á svæðið til að bjarga heiðri þeirra. Reno hefur verri áform í Da Vinci lyklinum (2006), þar sem Bandaríkjamaðurinn Tom Hanks er á flótta í París og bandaríska sendiráðið eini staðurinn þar sem hann er óhultur. Evrópskar borgar eru iðulega sýndar sem dularfullar og hættulegar. Helst er konum hægt að treysta, því þær liggja flatar fyrir innfluttum bandarískum kynþokka.

### Evrópukonur eru druslur

Verra er þegar evrópskar konur koma til Bandaríkjanna. Kynóðar Evródruslur eru mikil ógnum við bandarískar fjölskyldur. Í kvikmyndinni Romance and Cigarettes (2006) leggur hin breska Kate Winslet hjónaband þeirra James Gandolfini og Susan Sarandon í rúst. Titill unglingamyndarinnar Slap Her, She's French (2002) útskýrir sig sjálfur.

Ekki eru evrópskir karlmenn skárri. Hank Azaria leikur Frakka sem ógnar möguleikum Ben Stiller að sofa hjá Jennifer Aniston í myndinni Along Came Polly (2004). Í Eyes Wide Shut (1999) eftir meistara Kubrick rekst góði ameríski strákurinn Tom Cruise á Austur-Evrópumann sem gengur svo langt að hann selur sína eigin dóttur. Í hinni annars frábæru Happiness (1998) kemst ein kvenpersónan á botninn í tilverunni þegar hún byrjar með Rússa sem að sjálfsögðu lemur hana.

### Friends gegn Frakklandi

Sömu sögu er að segja úr sjónvarpinu. Í síðasta þætti Sex and the City fer Carrie til Parísar með vafasömum Rússa, sem ekki einungis hlustar á Tjækovskí frekar en Billy Joel, heldur lemur hana einnig, þó óvart sé. Allt fer þó vel að lokum, ameríski auðjöfurinn Big (lýst sem ungum Donald Trump) bjargar henni úr skugga Eiffelturnsins, rétt eins og Ross bjargar Rachel frá sömu örlögum í síðasta þætti Friends. Jafnvel hinir eiturbeittu Simpsons, sem gagnrýnt hafa bandarískt samfélag öðrum framar, fara fljótt yfir strikið þegar komið er til Frakklands. Bart er þar haldið sem vinnuþræl á vínbúi meðan fátækir heimamenn skipta farangri hans á milli sín. Einnig bera Simpsons-þættirnir ábyrgðina á frasanum „cheese eating surrender monkeys," úr munni hins skoska garðyrkjumanns Wille, en frasinn hefur orðið vinsæll meðal hægrimanna í BNA sem lýsing á Frökkum.

### Góði Íslendingurinn

Einn af fáum viðkunnanlegum útlendingum í bandarískum bíómyndum undanfarin ár er hinn íslenski Óli í kvikmyndinni Hostel (2005), en hann er samt fjótlega afhausaður.

Hostel sýnir martraðarkenndа sýn af Evrópu, byggða á nútímaþjóðsögu sem á reyndar rætur að rekja til Asíu. Bandaríkjamennirnir eru tældir af Svetlönu og Natalíu til að vera notaðir sem viðfangsefni í pyntingarklúbbi. Svo virðist sem allir í Slóvakíu séu meðsekir, en Kananum tekst þó að bjarga japanskri stúlku úr klóm Evrópumanna. Myndin sýnir ef til vill óbeint viðhorf margra bandaríkjamanna til evrópskra kvenna. Strákarnir fara til Evrópu til að sofa hjá áður en þeir snúa aftur heim, klára nám og giftast heimaræktuðum hreinum meyjum.

### ýða?

Í kvikmyndinni Flyboys sem sýnd er í Sambíóunum kveður þó við annan tón. Þar vinna Bandaríkjamenn og Frakkar saman í mesta bróðerni, og hálfgerð sumarbúðastemning virðist ríkja í franska hernum. Í fyrstu eru Bretarnir með derring, en eru fljótir að sýna á sér betri hliðar, og það eru jafnvel til góðir Þjóðverjar. Og bent er á að á þessum tíma er svörtu fólki mun betur tekið í Frakklandi en í Bandaríkjunum.

Spurning er hvort sá sáttatónn sem kemur fram í Flyboys sé það sem koma skal, eða hvort Hollywood haldi áfram stríði sínu gegn Evrópu, og hvaða áhrif það muni hafa á alþjóðastjórnmál. Þau viðhorf sem koma fram í kvikmyndum skipta miklu, þar sem þær endurspegla skoðnir þjóðfélagsins jafnt sem móta þær.

valurg@frettabladid.is

# Sálin & Gospel

## KOMIN Í VERSLANIR





## Geislaplata og mynddiskur í einum pakka

1. Ekkert breytir því 2. Getur verið? 3. Hjá þér 4. Þú trúir því 5. Sól um nótt
6. Lestin er að fara 7. Okkar nótt 8. Ekki nema von 9. Flæði 10. Á einu augabragði
11. Þú fullkomnar mig 12. Handrit lífsins 13. Upplifun 14. Svarið er já
15. Undir þínum áhrifum 16. Aldrei liðið betur

Aðeins á mynddisk: 17. Ekkert breytir því

Aukaefni á mynddisk: Heimildarmynd og ljósmyndir



Útgáfutónleikar í Laugardalshöll 30. desember.

Miðasala hefst 1. desember á midi.is
og í verslunum Skífunnar og BT úti á landi

**Góða skemmtun!** ►

sena



**1. SÆTI: ÆGIFÖGUR NORÐURLJÓS** Umsögn dómnefndar: Leiftrandi norðurljósin eru ægifögur yfir ísnum á Jökulsárlóninu. Staðsetning ljósmyndarans gerir myndina að sigurmynd, sterkur forgrunnur og grænmálaður himinninn. MYND/ÞORSTEINN ÁSGEIRSSON

# Norðurljósin vinsælust

Ljósmyndasamkeppni Sigga storms og veðurstofu NFS féll svo sannarlega í góðan jarðveg hjá landsmönnum sem virðast hafa gríðarlega mikinn áhuga á ljósmyndun. Yfir 10.000 myndir bárust í keppnina en úrslitin voru gerð kunn í Íslandi í dag í gærkvöldi.

Siggi stormur var að sjálfsögðu alveg himinlifandi yfir þátttökunni í veðurljósmyndakeppninni enda átti hann ekki von á svona geysilega mikilli þátttöku. „Það má segja að keppnin hafi algjörlega sprungið en þetta voru 10.840 myndir sem höfðu borist þegar við hættum að taka við fleirum. Við gerðum okkur enga grein fyrir því hversu gríðarlegur áhugi yrði fyrir þessu enda hefur aldrei verið ljósmyndasamkeppni af þessu tagi í íslensku sjónvarpi áður,“ segir Siggi hress í bragði en ákveðið var að hafa engin skilyrði á þátttöku þar sem verið var að reyna slíka keppni í fyrsta sinn.

„Ég hélt að það kæmu kannski hundrað eða tvö hundruð myndir og ætlaði þess vegna að keyra þetta hratt og vel í gegn í sumar en þegar fjöldinn var orðinn svona mikill gat ég ekki sýnt nema brot af myndunum, eða fimm hundruð. Eftir standa yfir 10.000 myndir óbirtar og ýmsar hugmyndir eru uppi um hvað við getum gert við þær,“ segir Siggi og bætir því við að hann hafi nú ekki öfundað dómnefndina af hlutverki sínu. „Dómnefndin var skipuð Sigmundi Erni Rúnarssyni, sem var formaður, Gunnari V. Andréssyni ljósmyndara, sem var faglegur ráðgjafi, og Ýr Róbertsdóttur á markaðsdeild 365.“

Siggi segir þennan gríðarlega áhuga landsmanna á ljósmyndun hvetja fréttastofuna til þess að halda áfram og gera fleira í þessum dúr. „Ég vil þakka þátttakendum gríðarlega vel fyrir en þarna er fólkið í landinu að búa til sjónvarpsefni fyrir fólkið í landinu og móta veðurfréttatímana,“ segir Siggi sem hefur ýmislegt á prjónunum varðandi framhald á þessum vettvangi.

sigridurh@frettabladid.is



**3. SÆTI: FANGAR KRAFTINN** Umsögn dómnefndar: Ólgandi hafið er ljósmyndaranum eilíf áskorun. Tekist hefur að fanga kraftinn í þessari mynd sem er tær og tignarleg frásögn úr fjörunni. MYND/OLGEIR „BOGGER“ ANDRÉSSON



**2. SÆTI: FISKUR OG HÍBÝLI** Umsögn dómnefndar: Uppbygging myndarinnar er athyglisverð. Fiskur og hafnarmannvirki í forgrunni og híbýli manna á sjávarkambinum. Myndin geymir stemningu sem margir þekkja frá sjávarsíðu þessa lands, bútungurinn á sínum stað. MYND/RÚNAR KRISTINSSON



**4. SÆTI: NORÐURLJÓS YFIR VÍK** Norðurljósin skarta hér sínu fegursta yfir Vík í Mýrdal. MYND/JÓNAS ERLENDSSON

# Íslenskir tónlistardagar

Afnemum virðisaukaskatt af öllu skemmtiefni, þ.e. tónlist, DVD og tölvuleikjum. Tónlistarmenn flytja lög og árita geisladiska sína.

**TAX FREE SKEMMTIEFNI**




Á móti sól árita og spila í dag: Akureyri kl. 14:00

TAX FREE 1.839 kr




Bubbi áritar og spilar í dag:
Smáralind kl. 14:00
Kringlunni kl. 16:00

TAX FREE 1.999 kr




TAX FREE 1.839 kr

Bardukha spila og árita í dag:
Smáralind kl. 12:00




TAX FREE 1.839 kr

Hera Björk áritar í dag:
Skeifunni kl. 14:00




TAX FREE 1.839 kr

Nylon árita og spila í dag:
Kringlunni kl. 14:00 Smáralind kl. 16:00




TAX FREE 1.839 kr

Ragnheiður Gröndal - Þjóðlög




TAX FREE 1.839 kr

Helgi Rafn áritar í dag:
Skeifunni kl. 16:00

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Förðun og tíska eru ástríða

**Sóley Ástudóttir hefur rekið förðunarskólann Emm School of Make Up í tæp tvö ár og undirbýr nú opnun slíks skóla í Stokkhólmi ásamt sænskri vinkonu sinni. Sóley sagði *Sigríði Hjálmarsdóttur* frá útrásinni til Svíþjóðar.**



STOFNAR SKÓLA Í SVÍÞJÓÐ Sóley Ástudóttir ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og er nú að stofna förðunarskóla í Stokkhólmi ásamt sænskri vinkonu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Sóley hefur starfað við förðun allt frá því að hún lauk námi við einn besta förðunarskóla Skandinavíu í Stokkhólmi árið 1998. „Ég fór að vinna á fullu viku eftir útskriftina og talaði mig inn í ýmis verkefni. Þessi bransi er mjög harður og þess vegna varð ég að lofa sjálfa mig í bak og fyrir og sagði öllum að ég væri best í heimi,“ segir Sóley og hlær. „Kjafturinn skilaði mér stórum verkefnum og ég vann mikið með tónlistarfólki við myndbönd og plötuumslög en ég hef farðað fyrir að minnsta kosti fimmtán tónlistarmyndbönd sem sýnd hafa verið á MTV.“

Sóley segist hafa unnið alveg rosalega mikið í Svíþjóð en auk þess starfaði hún í Ósló, London, New York og Los Angeles áður en hún kom heim til að vinna verkefni. „Þetta átti bara að vera stutt stopp hér heima en ég festist hér og nú eru liðin sex ár. Ég hef samt farið mjög mikið til Svíþjóðar bæði til að vinna verkefni og að heimsækja fjölskyldu og vini.“



UMVAFIN AB-MJÓLK Sóley sá um förðun og útlit Miu fyrir þessa mynd en hún er einmitt sérlega hrifin af fantasíuförðun. MYND/GÚNDI

### Réðu landslið förðunarfræðinga

„Ég fór í brúðkaup vinkonu minnar í Stokkhólmi á síðasta ári og hitti þar bestu vinkonu mína úr förðunarskólanum, Jenny Lindholm. Við höfðum verið í einhverju tölvupóstsambandi síðan í skólanum en ákváðum að við yrðum að fara að hittast meira,“ segir Sóley en úr varð að Jenny kæmi sem gestakennari í Emm og hefur komið nokkrum sinnum síðan. „Hún vinnur hjá sænska sjónvarpinu og er stórt nafn í förðunarbransanum í Svíþjóð.“

Jenny heillaðist af Emm School of Make Up. Fannst hann mjög skapandi og kennsluaðferðirnar óhefðbundnar miðað við í Svíþjóð. „Það eru tíu förðunarskólar í Stokkhólmi en okkur fannst vanta einn í viðbót,“ segir Sóley en Jenny kemur til með að halda utan um skólann í Stokkhólmi enda hefur Sóley í nógu að snúast hér heima. „Ég mun fara þangað sem gestakennari annað slagið og verð prófdómari í lok námskeiðanna.“

Sóley og Jenny hafa ráðið til sín nokkra af þekktustu og bestu förðunarfræðinga Svíþjóðar til kennslu við skólann og meðal annars kennarann sem kenndi Sóleyju á sínum tíma. „Hún hefur tuttugu ára reynslu og er hrikalega góð. Mér finnst það rosalega gaman að kennarinn sem hjálpaði mér að verða sú sem ég er í dag sé að fara að kenna í skólanum mínum. Annars má eiginlega segja að við séum komnar með landslið förðunarfræðinga til okkar.“

### Rosalegt orkuflæði

Fyrirkomulagið á skólanum í Svíþjóð er með svipuðu sniði hér með ákveðnum áherslubreytingum til að samræmast því sem gerist úti. „Aðalmunurinn er sá að það verða inntökupróf í grunnnámskeiðin úti. Hér geta allir komist að án þess að kunna neitt. Það er hins vegar svo mikið af fólki sem vill læra þarna úti að við veljum tíu bestu úr því og ætlum okkur að vera með besta bekkinn hverju sinni. Þannig að við setjum rosalega háan gæðastuðul,“ segir Sóley og heldur áfram: „Auðvitað gætum við alveg gert þetta þannig að allir séu velkomnir og verið með fullt af námskeiðum í gangi í einu til að reyna að græða sem mesta peninga en þá glötum við hugsjóninni og ástríðunni sem við höfum. Þetta er okkar líf, að farða og lifa og hrærast í þessum tískuheimi.“

Umsækjendur verða valdir út frá viðtölum þar sem kannað verður hversu mikinn áhuga þeir hafa á förðun og tísku. „Við viljum hafa tíu nemendur hverju sinni sem hafa brennandi áhuga og ástríðu fyrir förðun og tísku og hafa eitthvert vit á því hvað verið er að tala um. Kennslan og sköpunin verður þannig miklu skemmtilegri. Það verður alveg rosalegt orkuflæði,“ segir Sóley og bætir því við að þær vinkonurnar fái mikið hrós frá þeim sem þekkja til þeirra í Svíþjóð. „Þeim finnst við ótrúlega sérstakar, öðruvísi og skapandi enda eru Svíarnir almennt miklu stífari því þar er allt klippt og skorið. Við erum eiginlega að gera allt öfugt við það sem tíðkast þar,“ segir Sóley og hlær.

sigridurh@frettabladid.is

# „Made in China“

Kína hefur ekki verið þekkt sem mikið tískuland nema þá að flest hátískumerki framleiða fatnað sinn þar enda „made in China“ algeng merking á þvottamiðum fata.

Þessa dagana stendur hins vegar yfir tískuvika í Kína, nánar tiltekið í Peking, og eru Kínverjar að sýna það og sanna að þeir eru engir eftirbátar vestrænna þjóða á þessu sviði. Hér kemur brot af því besta sem boðið var upp á í tískuvikunni.



RÓMANTÍSKT Hönnuðurinn Mark Cheung var með tíbetskt þema í sýningu sinni og hér er fyrirsætan í fallegum fatnaði í fjólubláum lit.



GLÆSILEGT Mikið var lagt í höfuðskraut og listræna förðun á tískuvikunni.



FRAMTÍÐIN Rússneska merkið Romina sýndi mikla framtíðarsýn með skemmtilegum sniðum og glansandi efnum.



BRÚÐARKJÓLL Tsai Meiyue sýndi það nýjasta í brúðarkjólatískunni sem er örlítið öðruvísi en gengur og gerist.



GRÍMA Ekki væri amalegt ef svona fallegar grímur kæmu í stað brúðarslörsins í brúðkaupum hér á landi.



DÚNDUR MAX TILBOÐ
STEBBI & EYFI
NOKKRAR NOTALEGAR ÁBREIÐUR
1.599 kr.
almennt verð 2.499
Þeir félagar Stebbi og Eyfi munu árita plötuna sína og taka nokkur lög kl. 14:00 í dag
129.999 kr.
20stk
Acer TM4233WLMI2
• Core2Duo T5500 örgjörvi,
• 1Gb minni vinnsluminni
• 120Gb har ur diskur
• 15,4" brei tjaldsskjár
• XP Pro st rikerfi
• Þrá laust Net
• Innbygg myndavél
almennt verð 159.999
144.999 kr.
10stk
Panasonic TX32LX60
• 32" HD Ready LCD sjónvarp
• Upplausn: 1366x768
• Skerpa 1200:1
• Progressive Scan
• 20w Nicam stereó hljó kerfi
• 2 HDMI tengi, 2 Scart tengi, RGB, S-VHS
almennt verð 159.999
PlayStation.2
4.999 kr.
Leikur me myndavél.
Eye Toy - Play Sports
Playstation 2 leikur
almennt verð 5.999
1.999 kr.
100stk
Remington HC600
• Hárklippur
• Títaníum blö
• 6 kambar (3-25mm)
• 40 mínútna hle sla
• Taska fylgir
almennt verð 3.999
36.999 kr.
Canon IXUS60
• Stafræn myndavél me 2.5" skjá
• 6.0 Megapixel myndflaga
• 3x a dráttur á linsu - 4.0x stafrænn
• DIGIC II og ISðPS
• 16 tökustillingar og My Colors
• 30 rammar á sek. í kvikmyndatöku
• USB 2.0 tenging
almennt verð 44.999
50stk
1.599 kr.
almennt verð 2.499
J laplata
Bagglúts
1.829 kr.
almennt verð 2.199
Á móti sól í 10 ár
18 laga plata me öllum vinsælustu lögum sveitarinnar
2.499 kr.
almennt verð 3.499
Björgvinn Halld rsson
og sinfó
1.899 kr.
almennt verð 2.499
Þetta er ekkert mál
Heimildarmynd um Jón Pál Sigmarsson
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200




## STUÐ MILLI STRÍÐA 323. dagur ársins

J HANNA SVEINSD TTIR VAR VIÐ SKÁL Í SKAFLI



Um síðustu helgi labbaði ég heim af barnum í pinnahælum og nokkuð við skál. Myndi það ekki þykja í frásögur færandi nema einmitt á þeirri stundu hrundi gríðarlegt magn af snjó af himnum ofan sem gerði heimförina ögn torveldari. Á einum pinnahæl og öðrum brotnum, barðist ég gegnum kafaldsbyl og snjóskafla sem einstaka sinnum náðu að buga mig, steyptist ég þá í hyldýpi hvítrar fannar þar sem ég lá svo flissandi sökum fyrrnefndrar skálar. Ég reis þó borubrött á fætur úr sköflunum, skoppaði upp eins og Marilyn Monroe úr afmælisköku, til þess eins að renna aftur á bossann.

Þegar ég loks náði inn um útidyrahurðina heima var ég hvít upp yfir haus, veðurbarin og rennblaut. Hællinn lafði undan skónum, nefið hefur sjaldan verið rauðara og ég sjaldan glaðari.

Daginn eftir vaknaði ég snemma og rölti með nágranna mínum að loknum snjómokstri í átt að kaffihúsi til að sækja tíu dropa af kaffi með flóaðri mjólk. Á leiðinni að kaffinu ýttum við nokkrum bílum sem spóluðu með látum í snjónum og sögðum nágrönnum okkar um leið brandara um sumardekk og skóflur. Allir voru úti að skafa eða moka og partígestir frá kvöldinu áður stóðu hugsandi í blaserjökkum, klóruðu sér í höfðinu og veltu fyrir sér hvernig koma ætti bíl út úr metrahárri snjókúlu. Einstaka gleðitryllt barnsöskur heyrðist úr skafli og snjóboltar fóru að taka á sig mynd snjókarla og -kerlinga.

Ég veit að enn eru 37 dagar eftir af árinu en ætla samt að leyfa mér að fullyrða að þessi dagur, sá 323. í röðinni, var sá allra besti sem ég hef upplifað þetta árið. Svo fann ég líka jólaskapið mitt þessa nótt þar sem ég lá í hrúgu í snjóskafli með snjó í eyrum og nösum og maskara niður á kinnar. Því segi ég ekki annað en meiri snjó, meiri snjó, meiri snjó.

Góða helgi allir, vona hún verði hvít.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# NÝJAR FERILSPLÖTUR




Jamiroquai
High Times - Singles 1992-2006

Diskur:
1. When You Gonna Learn
2. Too Young To Die
3. Blow Your Mind
4. Emergency On Planet Earth
5. Space Cowboy
6. Virtual Insanity
7. Cosmic Girl
8. Alright
9. High Times
10. Deeper Underground
11. Canned Heat
12. Little L
13. Love Foolosophy
14. Corner Of The Earth
15. Feels Just Like It Should
16. Seven Days In Sunny June
17. Don't Give Hate A Chance
18. Runaway
19. Radio

DVD: Öll myndböndin




U2
18 Singles

Diskur 1:
1. Beautiful Day
2. I Still Haven't Found What I'm Looking For
3. Pride (In The Name Of Love)
4. With Or Without You
5. Vertigo
6. New Year's Day
7. Mysterious Ways
8. Stuck In A Moment You Can't Get Out Of
9. Where The Streets Have No Name
10. Sweetest Thing
11. Sunday Bloody Sunday
12. One
13. Desire
14. Walk On
15. Elevation
16. Sometimes You Can't Make It On Your Own
17. The Saints Are Coming (ásamt Green Day)
18. Window In The Skies

Diskur 2:
DVD: tónleikar í Milanó 2005

DVD: Öll myndböndin




Depeche Mode
The Best Of - Vol.1

Diskur 1:
1. Personal Jesus
2. Just Can't Get Enough
3. Everything Counts
4. Enjoy The Silence
5. Shake The Disease
6. See You
7. It's No Good
8. Strangelove
9. Su  er Well
10. Dream On
11. People Are People
12. Martyr
13. Walking In My Shoes
14. I Feel You
15. Precious
16. Master And Servant
17. New Life
18. Never Let Me Down Again

Diskur 2:
DVD: Öll myndböndin að ofan ásamt:
Stripped
Question Of Time
Behind The Wheel
In Your Room
Barrel Of A Gun
Only When I Lose Myself
I Feel Loved
Short Film




Oasis
Stop The Clocks

Diskur: 1
1. Rock n Roll Star
2. Some Might Say
3. Talk Tonight
4. Lyla
5. The Importance of Being Idle
6. Wonderwall
7. Slide Away
8. Cigarettes & Alcohol
9. The Masterplan

Diskur: 2
1. Live Forever
2. Acquiesce
3. Supersonic
4. Half The World Away
5. Go Let It Out
6. Songbird
7. Morning Glory
8. Champagne Supernova
9. Don't Look Back In Anger

DVD
1. 40 minute Noel and Liam Electronic Press Kit
2. Champagne Supernova - live at Knebworth
3. Fade Away - live at Knebworth
4. Lord Don't Slow Me Down film trailer
5. Gallery section




ABBA
Number Ones

Diskur 1:
1. Gimme! Gimme! Gimme! (A Man After Midnight)
2. Mamma Mia - Album Version
3. Dancing Queen
4. Super Trouper
5. S.O.S. - Album Version
6. Summer Night City - Long Version
7. Money, Money, Money
8. The Winner Takes It All - Album Version
9. Chiquitita
10. One Of Us
11. Knowing Me, Knowing You
12. Voulez-Vous
13. Fernando
14. Waterloo - English Version
15. Ring Ring - English Version
16. The Name Of The Game
17. I Do, I Do, I Do, I Do, I Do
18. Take A Chance On Me
19. I Have A Dream

Diskur 2:
1. When I Kissed The Teacher
2. Hole In Your Soul
3. Dance (While The Music Still Goes On)
4. Me And I
5. The King Has Lost His Crown
6. Rock Me
7. Tiger
8. I Wonder (Departure)
9. Another Town, Another Train
10. Our Last Summer
11. Kisses Of Fire
12. Slipping Through My Fingers

DVD: Öll myndböndin




George Michael
Twenty Five

Diskur 1
1. Everything She Wants
2. Wake Me Up Before You Go-Go
3. Freedom
4. Faith
5. Too Funky
6. Fastlove
7. Freedom '90
8. Spinning the Wheel
9. Outside
10. As (with Mary J. Blige)
11. Freeek!
12. Shoot The Dog
13. Amazing
14. Flawless (Radio Edition)
15. An Easier A  air

Diskur 2
1. Careless Whisper
2. Last Christmas
3. A Di  erent Corner
4. Father Figure
5. One More Try
6. Praying For Time
7. Heal The Pain (with Sir Paul McCartney)
8. Don't Let The Sun Go Down On Me (with Sir Elton John)
9. Jesus To A Child
10. Older
11. Round Here
12. You Have Been Loved
13. John and Elvis Are Dead
14. This Is Not Real Love (with Mutya)

Diskur 3
1. Understand
2. Precious box
3. Roxanne
4. Fantasy
5. Cars and Trains
6. Patience
7. You Know that I Want To
8. My Mother Had a Brother
9. If You Were There
10. Safe
11. American Angel
12. My Baby Just Cares For Me
13. Brother Can You Spare Me A Dime? (performed at Pavarotti & Friends)
14. Please Send Me Someone (Anselmo's Song)
15. Through

Tvöfaldur DVD: öll myndböndin

góða skemmtun! ►

sena

!

**Kl. 14**

*Gústav Geir Bollason opnar sýningu í Populus tremula í Listagili á Akureyri. Sýningin er aðeins opin þessa einu helgi og þá milli 14 og 17 á sunnudag. Hún ber yfirskriftina „Hræ og formælingar“.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Barnalist í Gerðubergi

Sýningin Brot af því besta verður opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag kl. 15. Á sýningunni má sjá úrval verka sem unnin voru í listsmiðjunum Gagn og gaman sem starfræktar voru sumurin 1988-2004.
Í safninu eru um þúsund listaverk eftir börn. Val á myndverkum í safnið hefur verið í höndum starfandi myndlistarmanna og stjórnast af uppbyggingu, formi og litanotkun í verkunum og því hvergi slegið af listrænum kröfum. Búið er að skrá, flokka og ljósmynda safnið og setja upp í gagnagrunn. Ekki er vitað til þess að sambærilegt safn sé til á landinu og óvíða á Norðurlöndum og safnið því sjóður að sækja í fyrir fræðimenn, uppeldisfræðinga, listog sagnfræðinga, fagurkera og unnendur lista og menningar nú og um ókomna tíð.
Fyrirtæki og stofnanir geta fengið leigð verk úr safninu til lengri eða skemmri tíma en aðstoðað er við val á myndverkum, stærð sýningar og þema.
Einnig er unnið að því að setja inn myndir úr safninu á heimasíðuna www.gerduberg.is.



**LITRÍK LISTSKÖPUN** Hugmyndaauðgi ungs listafólks fær notið sín á sýningunni „Brot af því besta“ í Gerðubergi.

**> Ekki missa af…**

…sýningu **Hallsteins Sigurðssonar** í **Listasafni Sigurjóns** í Laugarnesi sem lýkur um helgina.

…jólasöngleiknum **Réttu leiðinni** í **Borgarleikhúsinu**. Hæfileikaríkir krakkar koma öllum í jólaskap.

…ljósmyndasýningu **Spessa** í **Hafnarborg**. Sýningin ber yfirskriftina **Locations** en von er á samnefndri bók frá listamanninum.

# Fjörug lög úr söngleikjum

Krakkarnir í Söngskólanum í Reykjavík eru með tvö verk á nemendasýningum sínum ár hvert: Nú er komið að þeirri fyrri sem er á léttum nótum og þau kalla Showbusiness.
Sýningarnar verða í húsi Söngskólans í gömlu Osta- og smjörsölunni við Snorrabraut en samkomusalinn þar kalla þau í skólanum Snorrabúð. Verður dagskráin frumflutt á laugardag kl. 17 og endurtekin á sunnudeginum kl. 17 og 20.
Sýningin er unnin undir stjórn Sibylle Köll og Alexanders Ashworth, sem jafnframt leikur á píanóið, og byggir á söng/dans/leikatriðum úr þekktum Broadwaysöngleikjum: Showboat eftir Kern, Oklahoma og South Pacific eftir þá Rogers og Hammerstein, West Side Story eftir Bernstein og Sondheim, og loks Cabaret eftir Kander og Ebb. Það eru átján nemendur sem koma fram í þessari dagskrá Nemendaóperunnar úr framhalds- og háskóladeild Söngskólans;
Andri Björn Róbertsson, Aron Axel Cortes, Ásdís Björg Gestsdóttir, Guðný Birna Ármannsdóttir, Haraldur Sveinn Eyjólfsson, Hildigunnur Einarsdóttir, Hildur Evlalía Unnarsdóttir, Hrund Ósk Árnadóttir, Hulda Gísladóttir, Hulda Jónsdóttir, Katrín Louise Hamilton, Linda María Nielsen, María Vigdís Kjartansdóttir, Oddur Arnþór Jónsson, Pétur Oddbergur Heimisson, Sigurður Þengilsson, Steinvör Ágústsdóttir og Vala Sigríður Guðmundsdóttir Yates. - pbb



**HÓPURINN VIÐ ÆFINGAR Í VIKUNNI.**


Verslanir opnar til kl. 18:00

Jólaljósin
í miðborginni
í dag kl. 15:30

15:30 Safnast saman á Hlemmi - lúðrasveitir, kórar, harmonikuleikarar, hestakerra, gamall brunabíll og jólasveinar
15:45 Borgarstjóri Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson tendrar jólaljósin í miðborginni
15:50 Gengið niður Laugaveg að Þjóðleikhúsinu
16:10 Stutt dagskrá á tröppum Þjóðleikhússins m.a. brot úr leikriti Þjóðleikhússins LEITIN AÐ JÓLUNUM

Velkomin í MIÐBORGINA

Þróunarfélag miðborgarinnar



Landsbankinn

Þúsund þjalir ehf. - umboðsskrifstofa listamanna


# Sveinn ver doktorinn í dag

Í dag kl. 13 ver Sveinn Einarsson doktorsritgerð sína, A People´s Theatre Comes of Age. A Study of the Icelandic Theatre 1860–1920 í Hátíðarsal Háskólans. Andmælendur eru dr. Sveinn Yngvi Egilsson og dr. Trausti Ólafsson. Segir í fréttatilkynningu frá Háskóla Íslands: „Meginkenning Sveins í þessari ritgerð er sú, að íslenskt leikhús hafi komist miklu fyrr til listræns þroska atvinnumennskunnar en almennt hefur verið talið. Hann skoðar hugtök eins og áhugaleiklist og atvinnuleiklist og kannar hvaða merkingu svipuð hugtök á öðrum tungumálum fela í sér. Í kjölfar þess setur hann upp nokkur viðmiðunarmörk, sem sýna að íslensk leiklist varð ekki að atvinnuleikhúsi á einni nóttu, þegar leikarar og aðrir leikhúsmenn fluttu inn í Þjóðleikhúsið árið 1950 og byrjuðu að sýna þar.“
Sveinn Einarsson er fæddur í Reykjavík 18. september 1934. Hann lauk stúdentsprófi frá MR 1954 og fil.cand í almennum bókmenntum, heimspeki og leiklistarsögu frá Stokkhólmsháskóla 1958. Hann stundaði framhaldsnám í samanburðarbókmenntum og leikhúsfræðum við Sorbonneháskóla 1958-9 og 1961 og í leikhúsfræðum við Stokkhólmsháskóla 1961-63 og lauk þaðan fil.lic. gráðu 1964. Síðar dvaldi hann við nám í Oxford og Kaupmannahöfn. Sveinn var fyrsti leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur 1963-72, Þjóðleikhússtjóri 1972-83, dagskrárstjóri innlendrar dagskrár í Sjónvarpinu 1989-93 og menningarráðunautur í menntamálaráðuneytinu með hléum allt frá 1983. Hann var settur forstöðumaður Þjóðmenningarhúss 2002-2005. Sveinn hefur starfað sem leikstjóri og rithöfundur um áratuga skeið. Hann hefur einnig unnið við fjölmiðla, kennslu og skólastjórn. Hann hefur stjórnað um 90 leik- og óperusýningum á sviði og í sjónvarpi, innanlands og erlendis, og verið stjórnandi leikflokksins Bandamenn frá 1992. Sveinn á að baki langan rithöfundaferil, hefur skrifað mikið um íslenska leikhússögu og leiklist, er höfundur leikrita, sjónvarpskvikmynda, útvarpsleikrita og leikgerða og hefur ritað fjölda greina um leiklist og menningarmál í tímarit og blöð. Sveinn hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín. Á sviði leiklistarsögu er Sveinn brautryðjandi, hann hefur byggt á starfi Lárusar Sigurbjörnssonar, og hafa nokkrir yngri fræðingar á þessu sviði fylgt á eftir honum, en starf hans hefur þegar markað djúp spor í íslenska leiklistarsögu og mótað hana í veigamiklum atriðum. Með starfi hans hefur orðið til fræðagrundvöllur sem, allir yngri fræðimenn verða að taka tillit til. Kenning hans í vörninni í dag verður álita- og deilumál í þessari ungu fræðigrein um ókomna tíð.
Sveinn Einarsson er kvæntur Þóru Kristjánsdóttur listfræðingi á Þjóðminjasafni Íslands. Dóttir þeirra er dr. Ásta Kristjana, heimspekingur, háskólakennari við San Francisco State University. -pbb



**SVEINN EINARSSON** Ver doktorsritgerð sína í dag kl. 13.

# Hinsegin Reykjavík

Veröld þeirra samkynhneigðu var í áratugi hulin í Reykjavík. Samkynhneigðir karlmenn voru úthrópaðir á götum og lesbíur lifðu saman sem einhleypar konur en flíkuðu ekki stöðu sinni. Svo breyttist allt með framgöngu einstaklinga sem þorðu að viðurkenna kenndir sínar opinberlega.
Í dag býður Borgarbókasafnið upp á bókagöngu um miðborgina þar sem textar samkynhneigðra eru leiðarvísir. Gangan er skipulögð í samstarfi við Samtökin ´78 og bæði textar og viðkomustaðir ættu að vera forvitnilegir en þetta er í annað sinn sem lagt er af stað í óvissuna með texta samkynhneigðra sem nesti. Lagt er af stað kl. 14 úr Grófinni, rétt utan við hina fornu miðju Reykjavíkur, hliðið gamla í húsinu sem nú hýsir Cafe Reykjavík, en þaðan er borgin skipulögð í númerum húsa.
Úlfhildur Dagsdóttir og Felix Bergsson leiða gönguna sem stendur í eina og hálfa klukkustund og endar í samkomuhúsi Samtakanna en þar tekur Magga Stína á móti göngumönnum og syngur nokkur lög Megasar. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.



**FELIX BERGSSON** Les úr nokkrum textum samkynhneigðra.

# Hallarveisla Bó

Í dag kemur út úrval laga Björgvins Halldórssonar í flutningi hans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá tónleikum í Laugardalshöll. Með í för eru Fóstbræður, landslið hljóðfæraleikara auk gestasöngvara. Inniheldur útgáfan bæði DVD mynddisk og geislaplötu.

Tónleikarnir í haust heppnuðust vel, hátt í 300 manns komu að framkvæmd tónleikanna á einn eða annan hátt. Hvergi var til sparað; það seldist upp á hverja tónleikana á fætur öðrum og þegar upp var staðið höfðu 9.000 manns sótt þrenna tónleika á tveimur dögum. Miklu færri komust að en vildu, því pakkuppselt var á alla þrenna tónleikana og er hér um að ræða aðsóknarmet sem verður væntanlega seint slegið. Nú verða þeir fáanlegir í veglegum pakka sem inniheldur bæði DVD-mynddisk og geislaplötu.

Á hljómdisknum er að finna Skýið, Ég skal syngja fyrir þig, Ég er ennþá þessi asni, Ég lifi í draumi, Tvær stjörnur Megasar, Í fjarlægð, Rósin, Ég bið að heilsa, Ég fann þig, svo nokkur þekkt lög hans séu nefnd. Alls eru tuttugu og eitt lag á disknum og einu betur á mynddisknum sem að auki geymir heimildarmynd um undirbúning þessa stórhljómleika og ljósmyndasafn og áhugaverðar baksviðs svipmyndir af upptökum tónleikanna. - pbb



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** Á tónleikunum í september.

# Uppátæki og upplestur

Forlagið Bjartur efnir til síðdegisupplestraruppákomu á nýja Te og kaffihúsinu í Eymundsson, Austurstræti kl. 16 í dag.

Jökull Valsson les upp úr spennusögunni, Skuldadagar, Sigurjón Magnússon les upp úr skáldsögunni Gaddavír og Steinar Bragi les upp úr spæjarasögunni Hið stórfenglega leyndarmál Heimsins. Ljóðskáldið Ingunn Snædal les upp úr ljóðabókinni Guðlausir menn, hugleiðingar um jökulvatn og ást og síðast en ekki síst verður framinn gjörningurinn Undir himninum í fjarveru höfundarins, Eiríks Guðmundssonar, en hann verður staddur á Ísafirði þegar skemmtun þessi fer fram í Austurstrætinu. - khh



**JÖKULL VALSSON RITHÖFUNDUR** Les úr bók sinni Skuldadagar í dag.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

N VEMBER

22 23 24 **25** 26 27 28

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 15.30 **Helgi Valur** trúbador leikur á **Aðventudögum Sólheima í Grímsnesi**. Hann mun leika frumsamið efni í bland við jólalög á kaffihúsinu á Sólheimum, **Kaffi krús**. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

☐ 18.00 Hljómsveitin **Sprengjuhöllin** heldur tónleika í verslurinni **Liborius** við **Mýrargötu**. Sveitin leikur lærða popptónlist og er þekkt fyrir líflega sviðsframkomu.

### OPNANIR

☐ 15.00 Sýningin **Brot af því besta** verður opnuð í **Menningarmiðstöðinni Gerðubergi**. Á sýningunni má sjá úrval verka sem unnin voru í listsmiðjunum **Gagn og gaman** sem starfræktar voru sumrin 1988-2004.

☐ 16.00 Rokkararnir **Steinunn Harðardóttir** og **Sindri Freyr Steinsson** opna myndlistarsýningu í **Gallerí Tukt** í Hinu húsinu. Myndlistarsýningin heitir **Flottar myndir** með rafmögnuðu ívafi og verður opin virka daga til 9.desember.

### SKEMMTANIR

☐ 23.30 Hljómsveitin **Á móti sól** heldur útgáfutónleika í **Sjallanum** á Akureyri og fagnar breiðskífunni **Á móti sól í 10 ár.**

### FYRIRLESTRAR

☐ 13.00 **Páll Pálsson** á **Aðalbóli** flytur fyrirlestur hjá **Nafnfræðifélaginu** og fjallar um örnefni sem tapast og skerðast þegar **Hálslón** myndast vegna **Kárahnjúkavirkjunar**. Erindi sitt flytur Páll í stofu 201 í **Odda**.

### SÝNINGAR

☐ 12.00 **Gunnar S. Magnússon** og **Álfheiður lafsdóttir** opna sýningu í galleríinu **Art-Iceland.com** Skólavörðustíg 1a. Sýningin stendur yfir til 9. desember og er opin frá 12-16 á laugardögum og frá kl. 12-18 á virkum dögum.

☐ 14.00 **Gústav Geir Bollason** opnar sýningu í **Populus tremula** í Listagili á Akureyri. Sýningin er aðeins opin þessa einu helgi og þá milli 14 og 17 á sunnudag. Hún ber yfirskriftina **Hræ og formælingar**.

☐ 14.00 Sýningu **Hallsteins Sigurðssonar** í **Listasafni Sigurjóns, Hjól - plógur - vængir**, lýkur á morgun. Listasafnið er opið laugardaga og sunnudaga kl. 14-17.

☐ 14.00 Myndlistarmaðurinn **Gunnar S. Magnússon** opnar ljósmyndasýningu í **Gallerí Sævars Karls**. Sýningin stendur til 7. desember.

☐ 14.00 Listakonan **Hulda Vilhjálmsdóttir** verður með leiðsögn um sýningu sína, Grasrót 2006, í **Nýlistasafninu** við Laugaveg

### BÆKUR

☐ 13.00 Upplestrardagskrá í **Bókasafni Hafnarfjarðar**. **Margrét Tryggvadóttir** og **Halldór Baldursson** kynna bók sína Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar. **Ásthildur Bj. Snorradóttir** kynnir bókina Bína bálreiða og **Þórarinn Eldjárn** kynnir bókina Á dýrabaki. Leikskólabörn frá **Hvammi** syngja nokkur lög undir stjórn **Sóleyjar Stefánsdóttur**


120 1886 2006



Maður, náttúra og mynd

Ingálvur av Reyni
Sámal Joensen-Mikines
Zacharias Heinesen

Í Landsbankanum, Austurstræti, í afgreiðslusal og á 2. hæð eru sýnd málverk eftir þrjá af helstu listamönnum færeysku þjóðarinnar. Um er að ræða skiptisýningu Landsbankans og Færeyjabanka í tilefni 120 ára afmælis þess fyrrnefnda og 100 ára afmælis þess síðarnefnda á þessu ári. Sýningin er öllum opin á afgreiðslutíma Aðalbankans í Austurstræti.

Leiðsögn á morgun, sunnudag - síðustu sýningardagar

Á morgun, sunnudaginn 26. nóvember, mun Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur verða með leiðsögn um sýninguna. Húsið verður opnað kl. 14:30. Leiðsögnin hefst kl. 15:00 og stendur í um klukkustund. Vinsamlega athugið að nú fara síðustu sýningardagar í hönd. Sýningunni lýkur 30. nóvember.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

# Þóra gefur ekkert eftir






**BÆKUR**
**Sér grefur gröf**
Yrsa Sigurðardóttir
Veröld
★★★

Margslungin morðgáta þar sem, venju samkvæmt, fjöldi grunaðra er leiddur fram í fulllangri sögu sem stendur þó vel fyrir sínu þegar öll kurl koma til grafar.

Yrsa Sigurðardóttir kynnti lögfræðinginn Þóru Guðmundsdóttur til leiks í glæpasögunni Þriðja táknið í fyrra. Þóru er ekki fysjað saman, er hörkukona sem veður í málin af einurð og festu og breytir þá litlu hvort um er að ræða deilur við fyrrverandi eiginmann, lögfræðiþras um rétta hæð á póstlúgum eða lausn flókinna sakamála.

Í Þriðja tákninu leysti Þóra morðmál sem teygði anga sína langt aftur til fortíðar og í þessari annarri bók Yrsu um lögfræðinginn knýr fortíðin aftur dyra og vomir yfir Snæfellsnesinu þar sem Þóra reynir að fletta ofan af útsmognum morðingja.

### Draugagangur á Snæfellsnesi

Sagan hefst á andstyggilegum glæp sem er framinn árið 1946 en síðan fram til ársins 2006 þegar nýaldarbullukollurinn Jónas leitar til Þóru vegna þess að hann telur sig hafa rekist á leyndan galla á landareign sem hann festi sér á Snæfellsnesi. Málið er þó snúið þar sem gallinn er ekki af þessum heimi en Jónas telur víst að reimleikar á svæðinu muni skaða rekstur heilsuhótels sem hann hefur reist á landareigninni.

Þóra fer með semingi á staðinn og er varla búin að koma sér fyrir í hótelherberginu þegar illa útleikið lík ungrar konu finnst í flæðarmálinu.

Hin látna var arkitekt sem vann að uppbyggingu hótelsins og var á kafi í frekari breytingum á staðnum þegar hún mætti grimmum örlögum sínum. Hún hafði verið í tygjum við Jónas þannig að grunur fellur umsvifalaust á hann og Þóra tekur til óspilltra málanna við að skera skjólstæðing sinn úr snörunni.

### Klassísk morðgáta

Sér grefur gröf er alvöru morðgáta í anda Agöthu Christie og því kemur við sögu fjöldinn allur af persónum, sem allar liggja undir grun. Fjöldi mögulegra morðingja verður óhjákvæmilega til þess að Yrsa þarf að taka sér drjúgan tíma og pláss til þess að kynna alla til leiks og varpa á þá grun. Það er mismikið í persónurnar lagt þannig að maður finnur fyrir lengd bókarinnar við lesturinn en hún telur rúmar 380 blaðsíður.

Sakamálið er þó engu að síður áhugavert og þegar annað illa útleikið lík bætist við undir miðbik bókarinnar herðist róðurinn og flettingarnar verða hraðari.

Leit Þóru að morðingjanum er í forgrunni en þrátt fyrir það er það glæpurinn í fortíðinni sem er aðalspennuvaldurinn og það sem heldur lesandanum við efnið þannig að það hefði að ósekju mátt þjappa samtímasögunni betur saman og gera lesturinn um leið ákafari og skemmtilegri.

### Allt til alls

Sér grefur gröf býr þó yfir öllu sem góð morðgáta þarf að hafa, hrottalegum morðum, fjölskylduleyndarmálum, framhjáhaldi og sifjaspellum auk þess sem tenging gamla glæpsins við draugasögur, afturgöngur og þjóðsagnaminni um útburði skapar drungalega hryllingstemningu sem Yrsa byggir markvisst upp og tekst ákaflega vel að dansa á mörkum hins ókennilega.

Yrsa stimplaði sig hressilega inn í glæpadeildina með Þriðja tákninu og heldur dampi í Sér grefur gröf og með góðum og tilfinningaríkum endaspretti tekst henni að láta allt ganga upp. Dramatíkin er keyrð hressilega upp þegar fortíð og nútíð renna loks saman og hringurinn þrengist um morðingjann. Sagan ber því lengdina uppi þegar upp er staðið og öll kurl koma til grafar í sannfærandi sögulokum sem eru krydduð nettu melódrama sem gerir þetta allt saman skemmtilegra.

**Þórarinn Þórarinsson**

KRINGLU KRÁIN
Dans á Rósum
frá Vestmanneyjum
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna
SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur
2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ KR. 2.500
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR
STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
Stórfengleg!
Í kvöld 25/11 nokkur sæti laus, sun. 26/11 nokkur sæti laus, fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12. Síðustu sýningar fyrir jól!
Lau. 6/1, lau. 13/1, lau. 27/1.
SITJI GUÐS ENGLAR
Fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn kl. 17:00 örfá sæti laus, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus - sýn kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00, sun. 21/1 kl. 14:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 8/12 örfá sæti laus, lau. 9/12 örfá sæti laus. Allra síðustu sýningar!
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
PATREKUR 1,5
Sun. 26/11. Síðasta sýning fyrir jól!
Lau. 6/1, lau. 13/1.
ATH! Miðaverð aðeins 1500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.
KÚLAN KL. 20:00
UMBREYTING Brúðusýning fyrir fullorðna!
Sun. 26/11 kl. 17:00, fös. 1/12 kl. 20:00.
LEIKHÚSLOFTIÐ
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Lau. 25/11 kl. 13:00 uppselt - sýn. kl. 15:00 uppselt, sun. 26/11 kl. 13:00 uppselt - sýn kl. 15:00 uppselt, lau. 2/12 kl. 13:00 uppselt - sýn kl. 14:30 örfá sæti laus - sýn kl. 16:00 uppselt, sun. 3/12 kl. 13:00 uppselt - sýn kl. 14:30 uppselt - sýn kl. 16:00 örfá sæti laus, lau. 9/12 kl. 13:00 uppselt - sýn kl. 16:00, lau. 16/12 kl. 13:00 - sýn. kl. 14:30, sun 17/12 kl. 13:00 örfá sæti laus - sýn. kl. 14:30.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR."
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 26/11 kl. 14 UPPS. Sun 3/12 kl. 14
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl.14
VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 26/11 kl. 20 Fös 1/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20
FOOTLOOSE
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
BRILLJANT SKILNAÐUR
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20
Fös 29/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
BLÓÐBRÚÐKAUP
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup
Í kvöld kl. 20 Sun 26/11 kl. 20
Mið 29/11 kl. 20 Miðaverð 1.500
FJÖLSKYLDUSÝNING Íd
Í dag kl. 14 Síðasta sýning.
Frítt fyrir 12 ára og yngri
WATCH MY BACK
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 26/11 kl. 20.10 Miðaverð 1.000
MOZART TÓNLEIKAR
Sun 26/11 kl. 15 Miðaverð 1.000
Flytjendur eru nemendur úr tónlistardeild Listaháskóla Íslands .
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
MEIN KAMPF
Í kvöld kl. 20 Lau 2/12 kl. 20
Lau 9/12 kl. 20 Síðustu sýningar
AMADEUS
Í kvöld kl. 20 Sun 3/12 kl. 20
Sun 10/12 kl. 20
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Mið 29/11 kl. 20 og 22. Miðaverð 4.000
JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Mán 27/11 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Mán 27/11 kl. 13:00 UPPS Miðaverð 500
Þri 28/11 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Þri 28/11 kl. 13:00 Miðaverð 500
Mið 29/11 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Mið 29/11 kl. 13:00 UPPS Miðaverð 500
Fim 30/11 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Fim 30/11 kl. 13:00 UPPS Miðaverð 500
Fös 1/12 kl. 9:30 UPPS Miðaverð 500
Fös 1/12 kl. 13:00 Miðaverð 500
Lau 9/12 kl.. 13:00 UPPS Miðaverð 1.400
Lau 9/12 9/12 kl. 15:00 Miðaverð 1.400
BROT AF ÞVÍ BESTA
Fim 30/11 kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur
BORGARLEIKHÚSIÐ

Vinkjallarinn.is
Víngerðarefni fyrir kröfuharða!
TILBOÐ Í NÓVEMBER
ENSÍM ehf.
Suðurhraun 2
210 Garðabær
Sími: 564-4299

Lau. 25. nóv.
Lau. 2. des.
Sun. 3. des.
frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 5629700
idno.is og midi.is
Sýningar kl. 20
BEST Í HEIMI
"Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri." S.A. TMM

möguleikhúsið
Höll ævintýranna
Sunnudaginn 26. nóv kl. 11.00 laus sæti
Smiður jólasveinanna
Sunnudaginn 26. nóv. kl. 14.00
Miðvikudaginn 29. nóv. kl. 10.00 uppselt
Föstudaginn 1. des. kl. 10.00 og 14.00 uppselt
Miðasala s. 562 5060
www.moguleikhusid.is

AUSTURBÆR
Stúdentaleikhúsið kynnir leikrit byggt á "Stanford Prison Experiment!"
„Þú ert enginn Johnny Depp!"
TUBORG
Sýningar :
25. nóv kl. 20.00 / 29. nóv kl. 20.00 / 30. nóv kl. 20.00
Miðaverð 1.500 - Skólafólk og hópar 1.000
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

# H svernd aftur í brennidepli

**Torfusamtökin boða til fundar í Iðnó í dag um húsvernd í Reykjavík. Áratugir eru liðnir síðan samtökin voru virk og sáu til þess með baráttu sinni að götumynd Lækjargötu fékk að halda sér og húsin á Bernhöftstorfunni voru friðuð. Nú er blásið lífi í þessi grasrótarsamtök á ný og í forystu er mætt ný kynslóð: 101 brennur er yfirskrift fundarins.**

„Vegna þess umsnúnings sem orðið hefur í skipulagsmálum gömlu Reykjavíkur munu Torfusamtökin efna til samfundar allra þeirra sem láta niðurrif og eyðileggingu bæjarins sig einhverju varða og leggja sögustaðnum Reykjavík liðsinni sitt í smáu sem stóru“ segir í herkvaðningu samtakanna. Dagskráin hefst óformlega klukkan tvö eftir hádegi í Iðnó við Tjörnina. Tónlist lifandi og niðursoðin, sögur, tölur og kvæði eru í boði en síðan taka borgarar til máls: Pétur Ármannsson, Kolfinna Baldvinsdóttir, Sverrir Tómasson, Þórunn Valdimarsdóttir og fleiri segja hug sinn. Tónlist er í höndum Andreu Jónsdóttur og Megasar og fleiri.



**PÉTUR ÁRMANNSSON ARKITEKT** Verndun er uppbygging – þetta eru ekki andstæður.



**ÞÓRÐUR MAGNÚSSON TÓNSKÁLD** Er í hópi nýrrar kynslóðar sem berst fyrir heildrænni stefnu í húsverndun.

**Stefnuleysi ríkir**

Þórður Magnússon tónskáld er einn þeirra sem standa fyrir endurreisn Torfusamtakanna. Hann er nýfluttur í Þingholtin úr Hafnarfirði þar sem hann gerði upp gamalt hús fyrir sig og fjölskyldu sína. Þórður hefur verið óhræddur að láta skoðun sína í ljós á opinberum vettvangi. Hann segir stefnuleysi ríkja í húsvernd í Reykjavík. Í nágrenni hans í Þingholtunum eru mýmörg dæmi frá undanförnum tveimur áratugum þar sem ný hús hafa risið á lóðum þar sem eldri hús hafa grotnað niður með vilja húseigenda og vitund opinberra aðila.

Spottinn frá Skólavörðustíg að Spítalastíg hefur verið endurbyggður á fimm lóðum. Hatrömm deila var um suðurhorn Spítalastígs vestanmegin og austanmegin máttu íbúar fara upp í Hæstarétt til að stöðva nýbyggingu sem reis með byggingarmagn langt yfir leyfðum mörkum.

**Stríð íbúa við verktaka og skipulagsfulltrúa**

Við Skólavörðustíg, Þórsgötu og Lindargötu hafa íbúar lent í stríði við borgaryfirvöld sem halda hlífiskildi yfir verktökum sem kaupa gömul lítil hús á þröngum lóðum og troða þar niður eins miklu byggingarmagni og mögulegt er. Deilur eru við Hverfisgötu. Þá er endurbygging Laugavegs stórmál sem enn sér ekki fyrir endann á.

Nýlega var mótmælt flutningi Gröndalshúss við Vesturgötu. Borgarminjavörður gat fært þau rök ein fyrir flutningnum að gert væri ráð fyrir að húsið færi í fjörutíu ára gömlu aðalskipulagi sem hefur verið aflagt í öllum aðalatriðum, frá því snemma á sjöunda áratug síðustu aldar.

Þá hafa staðið mótmæli gegn hæð nýbygginga á Slippsvæðinu og nýlega varð að falla frá byggingarleyfi á lóð Alliance-hússins við Geirsgötu.

**Mörg slysin**

Þórður segir: „Það eru hundruð dæma um stórslys í þessum efnum. Stefnan er svo óskýr að deilur geta sprottið upp hvar sem er. Þingholtsstrætið á að vera alfriðuð gata vegna götumyndar sem er einstök. Samt er að rísa þar nýbygging upp á margar hæðir sem getur orðið fordæmisgefandi. Það er talað um að sátt hafi verið um Laugaveginn. En það er ekki rétt. Hvernig getur verið sátt um að 75 prósent húsa við þá götu verði rifin. Eftir standa 25 prósent og sum þeirra húsa eru ekki þess virði. Þegar þau standa eftir og allir sjá hvað þau standa illa miðað við nýbyggingar eru líkur á að enginn setji sig á móti því að þau verði rifin líka.“ Hann segist engan hafa hitt sem sé sáttur við Laugaveg, en á sínum tíma hafi fagaðilum verið sagt að hreyfa ekki mótmælum.

Það varð einmitt raunin á Lindargötu. Þar risu ný háhýsi og nýjar blokkir. Við hlið þeirra voru húsin frá aldamótunum sem enn standa í Skuggahverfinu harla smávægileg, hvort sem þau voru byggð af tómthúsmönnum eða auðugu fólki.



**LAUGAVEGURINN H**vernig má komast að samkomulagi um að þessi gamla gata haldi sínum sjarma en byggð verði þar endurnýjuð? Geta borgaryfirvöld og skipulagsfulltrúi staðið gegn kröfum þeirra sem kaupa eldri hús háu verði með það að markmiði að reisa þar háhýsi? Verður Laugavegurinn samur þegar öll hús þar verða í yfirstærð í þessari þröngu byggð?

**Götumynd vernduð með niðurrifi**

Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði á miðvikudag á vef mbl.is að full sátt hafi verið um það deiliskipulag sem gildi um Laugaveginn og unnið sé samkvæmt því. Þaðan hverfa 21 hús. Hanna segir þá arkitekta sem nú vinni að nýbyggingum við Laugaveg reyna að aðlaga sig að svip næsta nágrennis og mikilvægt sé að vernda götumyndina.

Pétur Ármannsson arkitekt lagði á sínum tíma til endurbyggingarlínu sem náði frá Grjótaþorpi upp í Laugardalsenda. Fáir eru honum fróðari um byggingarsögu Reykjavíkur. Hann lýsir ástandi í húsvernd svo: „Það er þegar til lengdar lætur óskynsamlegt að setja þessa uppbyggingarpressu á miðborgina. Svæðið ber ekki þetta byggingarmagn. Það á að láta það í friði og láta það njóta vafans. Þarna er blóminn af okkar menningarsögu og menn verða að leita á önnur svæði til að byggja háhýsi og glerhús.“

**Gróðavonin hættusöm**

„Sérkenni þessa svæðis er mælikvarðinn, þarna er smá byggð en fjölbreytileg, samræmi er ekki mikið en það er sérkenni svæðisins. Það eru hlutar af bænum sem eru á góðu róli vegna þess að fólkið sem þar býr hugsar vel um húsin sín.

Aðrir hlutar eru í verra standi vegna þess að húseigendur láta eignir sínar grotna niður í þeirri vissu að brátt fái þeir að rífa þau og reisa ný hús. Það er gróðavonin sem gamla bænum stendur mest hætta af. Ef henni er létt af bæjarhlutanum má bjarga miklu en það er einungis gert með aðalskipulagsvinnu.“

Tillegg Péturs á fundinum í dag kallast Verndun er uppbygging, og sýnir hann dæmi þar um. „Það er þörf á endurvakningu um þessi mál,“ segir Þórður. Fundur Torfusamtakanna hefst kl. 14 í dag í Iðnó.



**Í HÚSI ALLIANCE** við Geirsgötu hefur ný búð með hönnunarvörum búið sér skjól ásamt hópi listamanna. Til stendur að rífa húsið sem er einn fárra minnisvarða um stakkstæði og saltfisksvinnslu í gamla Vesturbænum og reisa margra hæða blokk.



**ÍBÚÐARHÚSIÐ VESTURGATA 16B** (hús Benedikts Gröndal skálds).


Húsgagna
LAGERSALA
50-90%
AFSLÁTTUR!

Furniture – WAREHOUSE SALE – 50-90% reductions
Meble – WYPRZEDAŻ – obniżki 50-90%
เฟอร์นิเจอร์ - ราคาโรงงาน - ราคาลด 50 ถึง 90%

ÁRMÚLA 23
Opið: Laugardag kl. 11-16 og sunnudag kl. 12-16.

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

## > Mælum með



…húfum og vettlingum. Nú þegar kuldaboli er farinn að láta harkalega á sér kræla er um að gera að bregða sér út í búð og kaupa sér nýja vettlinga og húfu. Ekki hika við að kaupa fallega skæra liti til að hressa upp á skammdegið.

# útlit

utlit@frettabladid.is

**SMEKKURINN** AC BANANAS TATTO, LISTAMAÐUR, VERSLUNARSTJÓRI OG FATAHÖNNUÐUR

## *Blá fótboltatreyja ljótasta flíkin*



**Spáir ú mikið í tískuna?** Já. Ef ég er ekki að vafra á netinu, fletta tískublöðum á Súfistanum eða skoða föt þá er ég að hugsa um föt með Söru eða horfa á Fashion TV með Svölu.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum ínum?** „Fly Fresh Oh Snap". Gettóstíll 1981-2000.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki:** Lemar&Dauley, The Hundreds, Cazal, Gucci, Jeremy Scott og Santino Rice.
**Flottustu litirnir:** Fjólublár, pastellitir, neonlitir og gull.
**Hverju ertu veikastur fyrir?** Strigaskóm. Ég er mjög veikur fyrir takmörkuðum útgáfum og gömlum körfuboltaskóm eins og Jordans, Barkleys og Ewings.
**Hvaða flík keyptir ú ér síðast?** Silkijakka með rosalegu hlébarða- og keðjumunstri sem ég fékk á eBay.
**Kate Moss eða Paris Hilton:** Kate Moss. Ekki spurning.
**Hvað ætlarðu að kaupa ér í veturinn?** Neonlitaðan Obermeyer-snjógalla.
**Uppáhaldsverslun?** eBay og UNDFTD sem er í Los Angeles.
**Hvað eyðir ú miklum peningum í föt á mánuði?** Það fer eftir ýmsu, hvað mig vantar og hvað mig langar í.
**Hvaða flíkur gætir ú ekki verið án?** Hein Gericke leðurjakkanum sem ég keypti hjá Krumma uppi í Elvis.
**Hverjar eru ínar tískufyrirmyndir?** A.L.I.E.N crew, Kanye, Fresh Prince of Bel Air, Jim Jones og M.E.G.A.
**Lýstu góðum verslunarleiðangri:** Flugmiði til L.A. og beint niður á götuna Melrose með vasana fulla af dollurum.
**Ljótasta flík sem ú hefur keypt ér:** Blá ítölsk landsliðsfótboltatreyja! Málið var að ég var í Mílanó og var á leið inní Domo-kirkjuna þegar eftirlitið stoppar mig við hurðina og segir við mig að ég geti ekki farið inn á hlýrabol með „öll þessi tattú" sjáanleg. Þannig að ég fór á næsta túristabás og keypti ljótasta bolinn sem ég fann og fór svo með bænirnar í kirkjunni og bað Guð um að fyrirgefa mér fyrir að hafa keypt svona ljóta flík.



## MÓÐUR VIKUNNAR
### Álfrún Pálsdóttir

# *Börn okkar tíma*

Tískan er skrýtið fyrirbæri. Öll þessi second hand tíska og tímabilatíska gerir það að verkum að hugtakið frumlegur þekkist varla lengur. Á árum áður voru svona frumkvöðlar innan tískunnar á borð við Coco Chanel sem gerðu hluti sem heimurinn tók andköf yfir. Á sjötta áratugnum varð varla þverfótað fyrir konum í hinum týpísku Chanel drögtum. Heimurinn stækkandi fer er viðeigandi orðatiltæki enda eru hönnuðir og fatamerki í heiminum geysimörg núna og margt um að velja, en ekkert merki er búið að setja sitt mark á tískusöguna upp á síðkastið.

Þegar litið er til baka þá einkennist hver áratugur af einhverju tískueinkenni, en hvað nú? Hvað eiga börnin okkar og barnabörn eftir að hugsa um þegar tísku 21. aldarinnar ber á góma? Nú er ákveðin hringrás tískunnar í hámarki.

Fyrir tveimur árum var það tíska níunda áratugarins sem tröllreið öllu. Allir keyptu sér marglitaðar leggingsbuxur, víða boli með miklum munstrum og eyrnaskjól. Allir litu út eins og Madonna eða Cindy Lauper. ´85-ballið í Menntaskólanum við Sund var ekki lengur ljótufataball heldur var fólk bara klætt í sitt fínasta púss sem fékkst í nærliggjandi tískuvöruverslunum.

Í fyrra voru sjötti og sjöundi áratugurinn teknir fyrir í tískuheiminum. Annaðhvort voru kjólarnir stuttir og sniðlausir í anda tískufyrirmyndarinnar Twiggy eða þröngir og hnésíðir með kvenlegu sniði og belti í mittið í anda Audrey Hepburn. Núna er tíundi áratugurinn að ryðja sér til rúms innan tískunnar með Dr. Martens skóm og sniðlausum kjólum í fölum litum.

Það er hægt að rekja allar tískubólur aftur í tímann, niðurmjóar gallabuxur, pelsar og mittistöskur eru öll börn síns tíma eða hvað eru þær núna? Hvaða tískubólur eru börn okkar tíma?

Ég er að minnsta kosti staðráðin í að reyna að finna svör við þessum spurningum því ég vil ekki sýna afkomendum mínum ofan í fatakistuna með gömlum fötum sem ég klæddist sem ung og fá engin viðbrögð nema: „Já amma, þetta er alveg eins og .....".






**KRAGI** Kragar eru það nýjasta á markaðnum í dag enda fjölnota fylgihlutir.



**HÁIR SOKKAR** Chloe sýndi mikið af háum sokkum í sýningu sinni.



**SOKKAR** Glimmersokkar sem lífga upp á tilveruna. Fást í Gallerí Sautján.

# Fangandi fylgihlutir

Síðasta ár einkenndist mikið af glingri og fylgihlutum. Allar búðir voru fullar af alls kyns hálsmenum, eyrnalokkum og armböndum og tískan var því meira, því betra. Flestar stelpur þyngdust um nokkur kíló vegna tuga af hálsmenum og armböndum sem þær báru.

Nú er hins vegar öldin önnur og fylgihlutir voru ekki áberandi á tískupöllunum fyrir þetta árið. Tískan er að þróast í átt að tíunda áratugnum þegar hversdagsleikinn var allsráðandi og fylgihlutir ekki málið. Fylgihlutirnir eru samt ekki alveg gleymdir og grafnir og núna er málið að vera með einn hlut, sem er þeim mun flottari og sker sig úr.

Kragar utan um hálsinn, stórt belti um mittið eða flott áberandi taska í stærri kantinum ganga vel upp. Hálsmen með skemmtilegum fígúrum, sokkar í öðruvísi litum og munstrum eða hárspangir eru góðir og gildir fylgihlutir. Munið bara að minna er meira er slagorð tísku dagsins í dag.

alfrun@frettabladid.is



**ÁBERANDI** Þennan veturinn er málið að vera með einn áberandi fylgihlut og þetta höfuðskraut frá Alexander McQueen fer ekki varhluta af því.



**TASKA** Flott taska frá Liborius sem meira að segja er hægt að nota sem tölvutösku.

**GRÁTT LEÐUR** Grá leðurtaska með bananasniði frá Gallerí Sautján.

**SKRAUT OG BORÐAR** Fín spöng frá Liborius.

**HÁRSPÖNG** Öðruvísi hárspöng með silkiborða að neðan úr Skarthúsinu.



**SPENNUR** Þessi stúlka bar fallega spennu í hárinu sem fylgihlut.



**SPENNA** Flottar nælur í stærri kantinum flikka upp á hvaða flík sem er.



**HJARTAHÁLSMEN** Silfurhálsmen frá Skarthúsinu.



**AFTUR** Fallegur fylgihlutur frá íslenska merkinu Aftur sem hægt er að nota sem hárskraut, belti eða kraga. Fæst í Liborius.

# Tískumógull Íslands

Í tilefni af velheppnuðum Sykurmola tónleikum fyrir viku fannst mér ástæða til að taka söngkonuna Björk Guðmundsdóttur fyrir í þessum pistli enda með eindæmum frumleg og flott í klæðaburði. Það má segja að hún sé tískumógull Íslands enda vekur hún athygli hvar sem hún fer um heiminn fyrir frumlegt fataval. Björk hefur átt fastan sess í tískudálkum slúðurblaða úti um heim, bæði sem verst og best klædda stjarnan. Hver man ekki eftir svanakjólnum fræga eftir hönnuðinn Marjan Pejoski sem Björk klæddist á Óskarsverðlaunahátíðinni árið 2001. Það hefði engin nema Björk getað borið þann kjól vel.

Björk er vön því að klæðast litaglöðum flíkum með skemmtilegu sniði. Þegar skoðaðar eru myndir af henni þá sést að hún er oft í rauðu, bleiku, hvítu og grænu. Meðal uppáhaldshönnuða Bjarkar eru Jeremy Scott, Marjan Pejoski og 3asfour. Hún er einnig þekkt fyrir að uppgötva óþekkta hönnuði og klæðast fatnaði frá þeim. Leyfum myndunum að tala sínu máli.

- áp



**SKEMMTILEGT SNIÐ** Flottur rauður kjóll með frumlegu sniði..



**SKIKKJA** Björk á sviði í Japan klædd í fallega munstraða skikkju. Glæsilegt augnakonfekt.



**LITADÝRÐ** Björk sómar sér vel á rauða dreglinum í silkikjól með asískum áhrifum.



**SPÚTNIKK** Búðin með notuðu fötin á Laugaveginum breytist í skómarkað fram til mánaðamóta þar sem allir geta gert góð kaup fyrir jólin.

# Fyrir skófíkla

Hvern vantar ekki fallega skó fyrir jólin eða bara ný stígvél þar sem hin gömlu gáfu sig í slabbi dagsins síðustu daga. Þessa dagana er verslunin Spútnikk með skómarkað í búð sinni á Laugaveginum. Verið er að rýmka til fyrir jólasendinguna sem væntanleg er í byrjun desember.

„Við erum bara að rýma til fyrir jólin og okkur langar að reyna að tæma skólagerinn okkar. Ákváðum að hafa smá verðhrun á öllum skóm og stígvélum. Hér er sko aragrúi af flottum skóm við allra hæfi,“ segir Þura eigandi verslunarinnar Spútnikk.

Allir spariskór eru á 1.500 krónur, lág stígvél eru á 2.900 og há stígvél er á 3.900 og stendur markaðurinn til mánaðamóta. Þetta er ódýrara en gerist og gengur og því um að gera að allir skófíklar flykkist í Spútnikk til að sjá hvort ekki sé hægt að gera góð kaup fyrir jólin enda vilja fæstir fara í jólaköttinn. Það eru óskrifað lög að allar stúlkur elska skó og því ofangreind frétt gleðiefni fyrir konur, ungar sem aldnar.

- áp



**HÁ STÍGVÉL** Það ættu allir að geta fundið eitthvað við hæfi og öll há stívél eru á 3.900 krónur.

**JÓLASKÓR** Allir hælaskór verða á 1.500 krónur.




VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBOGANIR

Dreifðu staðgreiðslunni
VISA Lán er hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.

+ Staðgreiðsluverð
+ Lægri vextir
+ Lægri kostnaður
+ Til allt að 36 mánaða
+ Framlengdur ábyrgðartími
+ Flutningstrygging
+ Vildarpunktar

VISA

Spurðu um VISA Lán
Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**JENNIFER LOPEZ** Klámmynd um leið leikkonunnar á toppinn er nú í bígerð. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

## Ekki ánægð með J-Ho

Klámmynd um frama leikkonunnar Jennifer Lopez er nú í undirbúningi, og mun klámmyndastjarnan Jasmine Byrne fara með hlutverk J-Lo. Jasmine, sem reyndar mun heita J-Ho í myndinni, þykir sláandi lík leikkonunni og er í hæstánægð með að hafa verið boðið hlutverkið. Hún er nefnilega mikill aðdáandi leikkonunnar frægu. Lopez er hins vegar ekki jafn ánægð með framtakið og er víst organdi ill yfir myndinni, sem hefur verið gefið heitið Jenny from the Cock.

# Upp r sauð á Gullkindinni

**Hin árlegu skammarverðlaun X-FM, Gullkindin, voru afhent við hátíðlega athöfn á Classic Rock á fimmtudagskvöldinu. Andrúmsloftið var rafmagnað og á köflum lá við að upp úr syði.**

Útvarpsþátturinn Capone stendur fyrir þessari verðlaunaafhendingu og sagði annar stjórnandi þáttarins, Andri Freyr, að mikil stemning hefði skapast enda troðfullt út úr dyrum. „Þetta heppnaðist gríðarlega vel þótt nokkrir af þeim sem höfðu lofað að mæta stæðu ekki við stóru orðin,“ útskýrir Andri Freyr sem segist hafa fengið vilyrði frá Árna Johnsen um að hann myndi mæta og veita heiðursverðlaununum viðtöku. „Mér fannst það heldur lélegt enda eru heiðursverðlaunin þau einu jákvæðu sem við afhendum,“ segir Andri en þegar ljóst var að þingmaðurinn verðandi mætti ekki var verðlaunagripnum hent í nærliggjandi vegg við litlar undirtektir starfsmanna Classik Rock. „Eigandinn varð alveg brjálaður og ætlaði að henda mér út,“ segir Andri.

Andrúmsloftið var rafmagnað þegar tilkynnt var um hver fengi verðlaun fyrir klúður ársins en þau féllu í skaut Eurovision-dívunnar Silvíu Nætur. Allt ætlaði upp úr að sjóða þegar lífverðir dívunnar réðust að kynni hátíðarinnar, söngvaranum Geir Ólafssyni, sem brást ókvæða við árásinni þótt tekist hefði að róa hann fyrir rest.

Meðal annarra verðlaunahafa má nefna glanstímaritið Hér & nú sem valið var versta tímaritið, plata Snorra Snorrasonar var útnefnd versta platan og hinir þrír stjórnendur sjónvarpsþáttarins Innlit/Útlit fengu nafnbótina verstu sjónvarpsmenn ársins. Þá fékk Unnur Birna Vilhjálmsdóttir verðlaun fyrir uppákomu ársins en fegurðardrottningin fyrrverandi datt eftirminnilega á hausinn þegar hún krýndi arftaka sinn.

freyrgigja@frettabladid.is




**MEÐ KJAFTI OG KLÓM** Söngvarinn Geir Ólafsson brást reiður við þegar lífverðir Silvíu Nætur sneru hann niður. Ekkert grín eins og sjá má.



**VERSTA PLATAN** Dr. Gunni afhent Snorra Snorrasyni verðlaun fyrir verstu plötu ársins.



**GAMLIR SAMSTARFSMENN** Þeir Helgi Seljan og Eiríkur Jónsson komu mikið við sögu á Gullkindinni.



**SUNGIÐ FYRIR GESTI** Heiðar Örn Kristjánsson flutti nokkur hugljúf lög fyrir gesti og gangandi.



**KLÚÐUR ÁRSINS** Unnur Birna Vilhjálmsdóttir kynnti Gullkindina ásamt Stjána 3000 en hún fékk líka verðlaun fyrir uppákomu ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI



**Í GÓÐU STUÐI** Þeir Valli í Jan Mayen og Ingi voru hressir á Gullkindinni.



**EKKI SÁTTUR VIÐ ÁRNA** Andri Freyr segist hafa fengið loforð frá Árna Johnsen um að hann myndi mæta en þegar kappinn lét ekki sjá sig fékk verðlaunagripurinn að fjúka í nærliggjandi vegg.






# Einstakir tónleikar í Austurbæ

Félagið Einstök börn hélt styrktartónleika á fimmtudagskvöld en félagið er stuðningsfélag barna með sjaldgæfa og langvinna sjúkdóma. Margmenni var mætt í Austurbæ og hlustaði meðal annars á Guðrúnu Gunnarsdóttur og Friðrik Ómar syngja ásamt því að hið ódauðlega dúó Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson tóku lagið við mikinn fögnuð áhorfenda. Heiðursgestur stórtónleikanna var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Allir listamennirnir sem komu fram á tónleikunum gáfu vinnu sína til styrktar félaginu.



**ÓDAUÐLEGUR DÚETT** Eyjólfur Kristjánsson og Stefán Hilmarsson tóku sig vel út á sviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**INNLIFUN** Jóhann Helgason tók lagið en hann gaf út nýja plötu á dögunum.



**Á FREMSTA BEKK** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, hreiðraði um sig á fremsta bekk á tónleikunum.



**GLAÐAR MÆÐGUR** Tónleikarnir voru fyrir unga sem aldna.



**GLÖÐ Í BRAGÐI** Þau Steinunn Harðardóttir, Kjartan Helgi Níelsson, Unnur Finnsdóttir og Margrét Björnsdóttir hlökkuðu til tónleikanna.


MAX FREE DAGAR!
BUBBI 06.06.06
MAX FREE
1.499KR
TAX FREE 1.999,-
100 ÍSLENSK JÓLALÖG (5 DISKAR)
MAX FREE
1.899KR
TAX FREE 2.399,-
MAX FREE TÖLVUR
69.999KR
ASUS FERÐAVÉL A9RP-5A036H
• 15" TFT XGA SKJÁR (1024X768)
• INTEL CELERON M 420 1.6GHZ ÖRGJÖRVI
• ATI RC410MD & SB450 SKJÁKORT
• 512MB DDRII 533MHZ VINNSLUMINNI (MEST 2GB)
• 80GB 5400RPM HARÐUR DISKUR
• 10/100 FAST ETHERNET OG WLAN 802.11B/G NETKORT
• SD/MMC/MS/MS PRO KORTALESARI
• COMBO DRIF DVD OG CD SKRIFARI
• WINDOWS XP HOME STÝRIKERFI
ÉG TEYGI MIG LENGRA SVO ÞÚ BORGIR MINNA!
STÓRA STUNDIN YKKAR (CD OG DVD)
MAX FREE
1.499KR
TAX FREE 1.839,-
SÁLIN OG GOSPEL (CD OG DVD)
MAX FREE
1.299KR
TAX FREE 1.839,-
SÁLIN OG GOSPEL (CD OG DVD)
MAX FREE
1. 799KR
TAX FREE 2.239,-
HORFÐU TIL HIMINS
MAX FREE
1.299KR
TAX FREE 1.839,-
ALMAX.is

# Slow Train boðar fagnaðarerindið



**SLOÞ TRAIN** Hljómsveitin Slow Train spilar sínar útgáfur af lögum Bobs Dylan.

Hljómsveitin Slow Train hefur vakið athygli að undanförnu fyrir tónleika sína þar sem sveitin spilar sínar útgáfur af lögum Bobs Dylan. Sást síðast til hennar fara á kostum á tónleikum á Rósenberg.

Slow Train, sem hefur verið starfrækt í rúm tvö ár, er skipuð sólógítarleikaranum Hreini Óskarssyni, Jóni Inga trommara, Hrafnkeli Proppé bassaleikara og söngvaranum og gítar- og munnhörpuleikaranum Jóhannesi H. Sigurðssyni, sem er mikill Dylanaðdáandi. „Ég hef verið að safna „bootleg" útgáfum með Dylan í mörg ár. Hann tekur nánast ekkert lag tvisvar sinnum á sama hátt, þannig að það er svo sem nóg af hugmyndum," segir Jóhannes um þeirra eigin útgáfur af lögunum. „Við erum allir búnir að spila síðan við vorum unglingar. Okkur finnst Dylan-músíkin vera best þegar hún er hvað hráust, eins og hún kemur af kúnni."

Jóhannes segir að Dylan sé gríðarlegur tónlistarmaður sem hafi gert óskaplega margt og merkilegt á sínum ferli. Uppáhaldslag hans með Dylan á tónleikum er Love Sick sem er á plötunni Time Out of Mind. „Það er mikill taktur í því lagi, svona trommubassataktur sem gengur í gegnum lagið. Það eru líka flottar taktskiptingar í hljómum og svo er textinn alveg grjótmagnaður," segir hann.

Nafnið Slow Train er tilvísun í samnefnt lag sem kom út á Dylanplötunni Slow Train Coming. „Lagið Slow Train er tilvísun í Biblíuna. Þar er tilvísunin sú að Slow Train sé Guð og Guð sé að koma. Það er verið að flytja boðskapinn með lestinni sem fer á milli staða og mennirnir leggja teinana fyrir lestina. Við erum að breiða út þessa tónlist og þessi orð. Það er eiginlega verið að boða fagnarðarerindið." - fb






**NÝBAKAÐIR FORELDRAR** Heidi Klum og Seal eru ástfangin upp fyrir haus og voru að eignast sitt annað barn í vikunni.

# Fengu son

Ofurfyrirsætan Heidi Klum eignaðist son á dögunum með barnsföður sínum, söngvaranum Seal. Strákur var það í þetta sinn en fyrir eiga þau soninn Henry sem er tveggja ára ásamt því að Heidi á dótturina Leni frá fyrra sambandi. Nýfæddi sonurinn ber nafnið Johan Riley og heilsast móður og barni vel.

Heidi hefur verið iðin við kolann þrátt fyrir miklar annir í barneignum og stjórnar sínum eigin raunveruleikaþætti sem er Íslendingum vel kunnur en hann ber nafnið Project Runway.



**JENNIFER ANISTON** Íhugar að láta ljós sitt skína í dansþættinum Dancing With the Stars. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Haldin dansæði

Dansæði virðist hafa gripið Bandaríkin, þar sem dansþættirnir So You Think You Can Dance og Dancing With The Stars njóta gríðarlegra vinsælda. Jennifer Aniston hefur ekki farið varhluta af því, en leikkonan veltir því nú fyrir sér hvort hún eigi að þiggja boð um að taka þátt í Dancing With the Stars, þar sem stjörnum og atvinnudönsurum er splæst saman í pör til að keppa við aðra þátttakendur. Aniston væri þar með að feta í fim fótspor annarra stjarna, því í síðustu þáttaröð voru Jerry Springer og Vivica A. Fox á meðal þátttakenda.



**FEÐGARNIR** Leika saman í kvikmyndinni Pursuit of Happiness.

# Stoltur af syni sínum

Leikarinn og tónlistarmaðurinn Will Smith leikur í kvikmyndinni, Pursuit of Happiness ásamt syni sínum, Jaden, um þessar mundir. Kvikmyndin fjallar um feðga sem neyðast til þess að búa á götunni, við erfiðar aðstæður. Will segist einstaklega stoltur af syni sínum og að barnsleg hreinskilni hans hafi haft djúp áhrif á leikaðferðir sínar. „Hann breytti því alveg hvernig ég leik, benti mér á að tilburðir mínir væru óeðlilegir og ekki nógu trúverðugir," segir Will um hinn átta ára gamla Jaden og efast ekki um að strákurinn muni slá í gegn alveg eins og pabbi sinn.



SNOOP DOGG Algjör spaði, eins og fyrri daginn.

# Kjaftur á Snoop Dogg

Rapparinn Snoop Dogg segir að frægðin skipti hann engu máli. Það er vegna þess að hann viti innst inni að hann sé frábær. „Það skiptir engu. Það er enginn eins og ég og mun aldrei neinn verða. Ég er aðalmaðurinn, sannkallaður stjörnuleikmaður,“ segir hundurinn án þess að blikna. Snoop segir líka að honum leiðist orðspor sitt sem flagari og gjálífisseggur, þvert á móti séu það kvenmenn sem fleygi sér á hann.



THE WHITE STRIPES Lög bandaríska rokkdúettsins verður að finna í nýrri ballettsýningu.

# Lög í ballett

Ballettsýningin Crome með lögum eftir bandaríska rokkdúettinn The White Stripes var nýverið frumsýnd í Konunglega óperuhúsinu í Bretlandi. Lög The White Stripes sem tónskáldið Joby Talbot hefur breytt á sinn hátt og er að finna á plötu hans, Aluminium, eru notuð í sýningunni. „Ég hitti Jack og honum leist vel á þetta. Bæði hann og Meg voru mjög spennt fyrir þessu,“ sagði Talbot.



HEATHER MILLS Einlægur aðdáandi Aðþrengdra eiginkvenna og þráir að fá lítið hlutverk í þættinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Aðþrengd eiginkona?

Heather Mills, sem eins og flestir vita stendur nú í erfiðum skilnaði við Paul McCartney, er æst í að fá lítið hlutverk í uppáhaldsþætti sínum, Aðþrengdum eiginkonum. Skapari þáttanna, Marc Cherry, hefur tekið vel í þessa þanka Mills. Hann sagðist opinn fyrir að fá Mills í heimsókn á Wisteria Lane, svo framarlega sem hún geti leikið. Mills, sem horfir á þáttinn til þess að slaka á, sagðist líta út eins og hin taugatrekkta Bree en líkjast Lynette hvað varðar persónuleika.

# Kramer sagður vera rasisti og dóni

Grínarinn Michael Richards er óvinsælasti maðurinn í Hollywood í dag. Richards, þekktur fyrir að hafa leikið persónuna Cosmo Kramer í sjónvarpsþáttunum Seinfeld, er sagður vera rasisti og hefur hann haft sig allan við að bjarga orðspori sínu, eftir að upptaka af vafasömu uppistandi komst í umferð. Í uppistandinu, sem er um viku gamalt, missir Richards stjórn á skapi sínu og kallar tvo þeldökka menn ítrekað „niggera“ og lýsir því hvernig þeir hefðu verið hengdir á árum áður fyrir að vera með stæla við hvítan mann. Á upptökunni má sjá fólk flykkjast út af uppistandinu og hrópa ókvæðisorðum í átt að grínistanum. Svaraði Richards þá þannig: „Ekki fara þeir að handtaka mig fyrir að kalla svartan mann niggara.“ Richards baðst afsökunar á ummælum sínum, sem var tekið með fyrirvara en stuttu áður hafði hann sagt óviðeigandi og niðrandi hluti um gyðinga. Trúarleiðtoginn Al Sharpton sagðist ekki geta tekið afsökunarbeiðnina gilda, en benti honum frekar á að biðja þá sem urðu fyrir barðinu á orðum hans fyrirgefningar. Þeldökkir skemmtikraftar í Hollywood hafa hneykslast á ummælunum og segja þau tímaskekkju. Hefur óskarsverðlaunahafinn Jamie Foxx sagt að Richard þurfi að gæta sín því hann ætli að lúberja hann. Í viðtölum þvertekur grínistinn fyrir að vera rasisti en segist eiga í vandræðum með skapið í sér. Uppistandskvöldið hafi hann verið pirraður, skapið hafi svo versnað og að lokum hlaupið með sig í gönur þegar mennirnir trufluðu hann. - hal



JAMIE FOXX Ætlar að lemja Michael Richards.



MICHAEL RICHARDS Var með niðrandi ummæli í garð svertingja.





Í dag kl. 14 verður í annað sinn keppt í sundi í 5m löngum gámi frá Gámaþjónustunni hf.
Íslensku keppendurnir á Evrópumeistaramótinu í 25m laug (EM25) og Norðurlandameistaramóti ungmenna (NMU), sem fram fara í Finnlandi í desember, reyna að slá heimsmetin sem sett voru fyrir tveimur árum!
Óvæntir gestakeppendur mæta!

Kynnir: Ellert B Schram, fyrrum forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

SSÍ ÍSÍ

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ
www.gamar.is

GLITNIR
Glitnir er bakhjarl Sundsambandsins




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| PULSE | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 2, 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 2, 5, 8 og 11 |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 12, 2 og 4 |
| OPEN SEASON ENSKT TAL | kl. 12, 2, 4 og 6 |
| BORAT | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 3.50, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL. TAL | kl. 12 og 1.40 B.I. 7 ÁRA |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| PULSE | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 2.30, 5.30, 8.30 og 11.20 B.I. 14 ÁRA |
| BORAT | kl. 3, 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 3 og 6 |
| MÝRIN | kl. 3, 6, 8.30 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 2, 5, 8 og 11* B.I. 14 ÁRA |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 2 og 4 |
| OPEN SEASON ENSKT TAL | kl. 8 |
| BORAT | kl. 10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |

* KRAFTSÝNING

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

midi.is

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Heimildarmynd um Björk og Barney

Fyrirtækin IFC Entertainment og Weinstein Co. hafa öðlast í sameiningu sýningarréttinn í Norður-Ameríku á heimildarmyndinni Matthew Barney: No Restraint.

Í myndinni fylgir leikstjórinn Alison Chernick, Barney og Björk Guðmundsdóttur, eiginkonu hans, til Japan þar sem þau tóku upp hina listrænu kvikmynd Drawing Restraint 9. Framleiðsla myndarinnar tók sex mánuði og var hún tekin upp á hvalveiðiskipi skammt frá Nagasaki. Fjallað er um tónlist Bjarkar í myndinni, átök þeirra hjóna við japanska starfsmenn myndarinnar og hugmyndina að baki myndum Barneys, Cremaster.



**DRAWING RESTRAINT** Kvikmyndin Drawing Restraint var tekin upp í Japan.

No Restraint var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Berlín fyrr á þessu ári. Hinn 20. desember verður hún sýnd í IFC Center í New York og gefin út á myndbandi.

# *Engin kreppa hjá Ampop*

Sail to the Moon er fjórða plata Ampop á sex árum og sú fyrsta eftir My Delusions í fyrra sem sló í gegn hjá íslenskum tónlistaráhugamönnum. Með My Delusions steig Ampop skrefið frá ambient raftónlistinni sem einkenndi tvær fyrstu plöturnar, Nature is not a Virgin (2000) og Made for Market (2002), yfir í hreinræktað popp.

Það hefur reynst mörgum upprennandi hljómsveitum erfitt að fylgja eftir plötunni sem sló í gegn. Sumar sveitir ganga í gegnum langt og erfitt krepputímabil og koma að því virðist ekki upp tóni, en aðrar hlaupa til og henda saman nýrri plötu sem er eins og lélegt afrit af metsöluplötunni. Ampop virðist hins vegar höndla velgengnina mjög vel. Sail to the Moon kemur aðeins einu ári á eftir My Delusions. Stemningin á henni er ekki ósvipuð, en sveitin tekur poppið ennþá lengra og það er greinilega enginn hörgull á flottum lagasmíðum hjá þeim Birgi og Kjartani.

Það er ákveðin melankólía sem einkennir tónlist Ampop og minnir stundum á sveitir eins og Radiohead og Coldplay. Ampop er samt langt frá því að vera einhver hermihljómsveit. Sveitin fer sínar eigin leiðir bæði í lagasmíðum og útsetningum. Á Sail to the Moon er hún að gera skemmtilega hluti með strengjasveit, blásturshljóðfæri og raddir. Það er sterkur heildarsvipur yfir plötunni, en hún er líka nokkuð fjölbreytt. Raddirnar í byrjun titillagsins minna á einhverja sígilda Hollywood-söngleikjatónlist frá miðri síðustu öld. Annars staðar koma bæði Beatles og Beach Boys upp í hugann. Einn af helstu kostum Ampop er hvað sveitin hefur hárfína tilfinningu fyrir hljómi, nokkuð sem þeir Birgir og Kjartan hafa þróað með sér á ambient-árunum. Sail to the Moon er frekar stutt plata. Rúmur hálftími. Tíu lög. Flest þeirra frábær.

Á heildina litið er Sail to the Moon sannfærandi framhald af My Delusions. Ein af bestu plötum ársins.

*Trausti Júlíusson*




**T NLIST**

**Sail to the Moon**

Ampop

★★★★

Sannfærandi framhald af My Delusions. Það er greinilega enginn hörgull á góðum hugmyndum og flottum lagasmíðum hjá Ampop. Ein af plötum ársins.



**PULSE**

# Banvæn tölvuveira

Pulse er endurgerð japönsku hryllingsmyndarinnar Kairo frá árinu 2001. Myndin teygir ógnir tölvubyltingarinnar út í nýjar víddir en í henni nota skuggaverur annars heims þráðlaus net til þess að smeygja sér inn í okkar heim og ræna fólk lífinu.

Tölvunördinn sem er á kafi í vinnu við dularfullt forrit styttir sér aldur og í kjölfarið kemst fyrrverandi unnusta hans að því að illir andar hafa fundið sér leið í raunheima og ofsækja fólk í gegnum farsíma, tölvupóst og netið.

Líkin hrannast upp í kringum stúlkuna og félaga hennar sem reyna af veikum mætti að sporna gegn þessari nýju og óvæntu hátækniógn.

Sýningar á Pulse hefjast í Smárabíói og Regnboganum á föstudag.





DOMO BAR LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 25.11.2006
Húsið opnar kl. 23.00

BOGOMIL FONT & FLÍS

DJ Margeir
DJ Andrés

DOMO RESTAURANT / BAR
ÞINGHOLTSSTRÆTI 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI 552 5588

domo



SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum

BARÁTTAN UM JÓLIN ER HAFIN
Tim Allen Martin Short
ESCAPE CLAUSE SANTA CLAUSE 3
JÓLASVEINNINN 3
Núna þarf Jólasveinninn (T. Allen) að taka á stóra sínum enda hyggst Jack Frost (M. Short) eigna sér jólin og verða nýr og betri jólasveinn!

Nú er komið að framhaldi bölvunarinnar
ÚR SMIÐJU SAM RAIMI (SPIDERMAN MYNDIRNAR)
THE GRUDGE 2
BÖLVUNIN 2
Þorir þú aftur ?

SAMBÍÓIN
VIP
CASINO ROYALE

Jónas
FLYBOYS (FLUGSTRÁKAR)
THE DEPARTED (HINIR FRÁFÖLLNU)
Sýnd í DIGITAL
the last kiss (síðastikossinn)
BÆJARHLAÐIÐ BARNYARD
ADRIFT (Á REKI)

HAGATORGI • S. 530 1919
www.haskolabio.is
THE DEPARTED (HINIR FRÁFÖLLNU)
MÝRIN KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
A SCANNER DARKLY

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 3 - 6 - 9 | B.i. 16 | BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| MÝRIN | kl. 3-5-7-9 -10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 3:30 | B.i. 12 |
| SCANNER DARKLY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | B.i.16 | | | |

- ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ -
23. NÓV - 3. DES.
SÝNINGARTÍMAR
CUORE ALTROVE, IL
(með hjartað á öðrum stað)
Sýnd kl. 5:50
UOMO IN PIÙ, L'
(honum er ofaukið)
Sýnd kl. 8
ZEDER
(hefnd hinna dauða)
Sýnd kl. 10:10

Morgunblaðið BÝÐUR ÁSKRIFENDUM SÍNUM
2 fyrir 1 í bíó
Á ALLAR MYNDIR SEM SÝNDAR ERU Á ÍTÖLSKU KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI
GEGN FRAMVÍSUN MIÐA SEM ER FRAMAN Á MORGUNBLAÐINU Í DAG

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | FLY BOYS | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| CASINO ROYALE | kl. 1:30 - 4:30 – 7:30 – 10:30 | B.i.14 | THE DEPARTED | kl. 6 | B.i. 16 |
| CASINO ROYALE VIP | kl. 1:30 - 4:30 – 7:30 – 10:30 | | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 1:45 - 3:40 | Leyfð |
| THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 8 - 9:10 - 10:20 - 11:30 | B.i. 16 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 | B.i. 12 |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 1:45 - 4 | Leyfð | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 1:45 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SANTA CLAUSE 3 | kl.1:30-3:40-5:50-8 | Leyfð |
| THE GRUDGE 2 | kl.5:50-8:15-10:30 | B.i. 16 |
| THE DEPARTED | kl. 10:10 DIGITAL | B.i. 16 |
| JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| ADRIFT | kl. 10:10 | B.i.12 |
| THE LAST KISS | kl. 8 | B.i.12 |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| ÓVISSUSÝNING | kl. 11 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 2 - 5:30 - 8 | Leyfð |
| CASINO ROYALE | kl. 5 - 8 - 11 | B.i. 12 |
| JÓNAS M/- Ísl tal | kl. 2 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GRUDGE 2 | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | Leyfð |
| VEGGIE TALES M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| BARNYARD M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| ADRIFT | kl 10 | B.i.12 |

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum
SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum
www.sambioin.is 575 8900
www.sambioin.is

# Milljarður fyrir enska boltann

**Enski boltinn er aftur kominn á Sýn eftir þriggja ára fjarveru. Skjár einn, sem sinnt hefur sýningum frá enska boltanum á SkjáSport, dró sig í gær út úr útboðinu og verður formlega gengið frá samingum um sýningarréttinn á næstu dögum.**



ENSKI BOLTINN Samningurinn um sýningarréttinn frá ensku úrvalsdeildinni er til þriggja ára og hefjast útsendingar næsta haust.

Ari Edwald, framkvæmdastjóri 365 miðla, segir endurkomu enska boltans á Sýn vera mikið fagnaðarefni enda sé þetta einhver vinsælasta knattspyrnudeild í heimi. „Við erum núna komnir með tvær af vinsælustu keppnum í knattspyrnuheiminum; Meistaradeild Evrópu og nú ensku úrvalsdeildina,“ bætir Ari við sem segist hafa fengið mikil viðbrögð frá starfsmönnum Sýnar. „Þeir drepa varla niður fæti af gleði,“ segir Ari og bætir því við að áhuginn á enska boltanum ætti ekki að fara minnkandi nú þegar úrvalsdeildarliðið West Ham er komið í eigu Íslendinga. Samningurinn er að öllum líkindum til þriggja ára og hefjast sýningar frá úrvarlsdeildinni haustið 2007.

Ari vildi ekki gefa upp kostnaðarverðið en viðurkenndi að þetta væru miklir peningar. „Við hefðum hins vegar aldrei farið út í þetta nema hafa fengið sterka kostunaraðila til liðs við okkur sem aðstoða fyrirtækið við kaupin,“ segir Ari en gaf ekki upp hverjir það væru. Hann upplýsti hins vegar að verð á vinsælu íþróttaefni væri orðið mjög dýrt og honum fyndist íslenskar sjónvarpsstöðvar vera að borga of hátt verð fyrir jafn lítinn markað og raunin er hér á landi. „En þetta er auðvitað fyrst og fremst vegna aukinnar samkeppni á þessum markaði,“ segir Ari. Hann sagði engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvernig ætti að sýna frá öllum leikjunum en ljóst væri að eitthvað þyrfti að hliðra til enda kæmust útsendingarnar ekki allar fyrir hjá Sýn. Aðdáendur annarra íþróttagreina en knattspyrnu sem Sýn hefur sýnt frá þyrftu hins vegar engu að kvíða, þeim yrði áfram gert góð skil.



ARI EDWALD

„Það fór um okkur sæluhrollur þegar við drógum okkur út úr síðustu umferðinni enda verðið komið vel yfir öll velsæmismörk, rúman milljarð,“ segir Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, þegar Fréttablaðið innti hann eftir þessu brottfalli enska boltans. „Við vorum búnir að reikna út hvað við hefðum til að bjóða í þetta og auðvitað er það slæmt að missa réttinn en þetta þarf líka að vera á viðskiptalegum forsendum,“ bætir Magnús við. Hann segir það vel koma til greina hjá Skjá einum að skoða aðrar íþróttir og útilokar ekki að bjóða RÚV aðstoð við að sýna frá EM 2008 þótt það hafi verið heldur súrt í broti að sjá á eftir keppninni upp í Efstaleyti. „Auðvitað eiga íþróttir ekkert heima hjá Ríkisjónvarpinu,“ segir Magnús. -fgg



MAGNÚS RAGNARSSON

# Vill konu í bólið

Skilnaður poppprinsessunnar Britneyjar Spears og Kevins Federline hefur varla farið fram hjá neinum. Nú berast þær fréttir úr herbúðum Kevins að prinsessan sé tvíkynhneigð. Samkvæmt vinum Federlines er rapparinn tilbúinn að ljóstra öllu upp fyrir rétti, en Federline heldur því fram að Britney hafi margsinnis sagt honum að hún laðist bæði að konum og körlum, og hafi þrábeðið Federline um að fá að bjóða annarri konu í bólið með þeim. Miðað við fjaðrafokið sem koss Britneyjar og Madonnu olli hér um árið ætti þessi uppljóstrun, ef sönn reynist, að valda nokkrum fjaðraþyt hjá gulu pressunni.



BRITNEY SPEARS Hefur að sögn Kevins þrábeðið um að fá konu í bólið til þeirra.

SAMBÍÓIN
SparBíó* — 450kr
Gómsæt og holl teiknimynd fyrir alla fjölskylduna
Jónas
JÓNAS, SAGA UM GRÆNMETI M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Á AK OG KEF.
BÆJARHLAÐIÐ BARNYARD
BÆJARHLAÐIÐ M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AK.
ÓBYGGÐIRNAR "THE WILD"
ÓBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA
Jackass númer tvö
Nýtt
ASNAKJÁLKAR 2 M/- ÍSL TAL. KL. 4 Í ÁLFABAKKA
SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR MYNDIR
Laugardag og Sunnudag í SAMBÍÓUNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

# Strákarnir okkar á DVD

Gamanmyndin Strákarnir okkar, eftir Róbert Douglas, er komin út í tveggja diska DVD útgáfu enda dugir ekki minna til þar sem heilmikið aukaefni fylgir myndinni en þar á meðal er heimildarmynd um gerð myndarinnar.

Myndin naut nokkurra vinsælda þegar hún var sýnd í kvikmyndahúsum á Íslandi og hefur átt góðu gengi að fagna erlendis. Hún hefur verið valin til sýninga á kvikmyndahátíðunum í Toronto, Berlín og víðar auk þess sem sýningarréttinum á henni hefur verið seldur í yfir tuttugu löndum og enn á eftir að frumsýna hana á stórum mörkuðum á borð við Bandaríkin, Spán og Þýskaland.



STRÁKARNIR OKKAR Eru komnir út á DVD og þeir sem vilja kynnast þeim betur geta sökkt sér ofan í aukaefni sem fylgir myndinni á sér diski.

Myndin greinir frá heilmiklu uppistandi sem verður í röðum KR-inga þegar aðalhetja liðsins, Óttar Þór, kemur út úr skápnum. Hann yfirgefur félagið í framhaldinu og gengur til liðs við samkynhneigt knattspyrnulið. Þótt myndin fjalli um vandræði Óttars Þórs á gamansaman hátt tekur hún á viðfangsefninu á mannlegu nótunum. Björn Hlynur Haraldsson leikur Óttar Þór en auk hans eru þau Björk Jakobsdóttir, Helgi Björnsson, Sigurður Skúlason, Jón Atli Jónasson, Felix Bergsson og Jónsi í burðarhlutverkum.

## > Hjörtur leikmaður ársins annað árið í röð

Hjörtur Hjartarson náði þeim magnaða árangri á dögunum að vera valinn besti knattspyrnumaður háskólaboltans í Bandaríkjunum en þetta er í annað sinn sem Hjörtur hlýtur þessa útnefningu. Hjörtur var einnig valinn besti leikmaðurinn í fyrra og er þetta í fyrsta sinn í sögunni sem sami leikmaðurinn fær þessa nafnbót tvö ár í röð. Hjörtur var valinn í úrvalslið háskólaboltans ásamt þeim Kára Ársælssyni, Ágústi Þór Ágústssyni, Birni Viðari Ásbjörnssyni og Jóhanni Hreiðarssyni.



# sport

sport@frettabladid.is

**RÖGNVALDUR HREIÐARSSON:** HEFUR VERIÐ KÖRFUBOLTADÓMARI FRÁ ÁRINU 1995 OG DÆMIR TÍMAMÓTALEIK Á MORGUN

# *Dæmir sinn þúsundasta leik á morgun*



Körfuboltadómarinn Rögnvaldur Hreiðarsson stendur á tímamótum þessa dagana en á morgun mun hann flauta sinn þúsundasta leik í körfubolta þegar hann dæmir leik Grindavíkur og Snæfells í Lýsingarbikarnum ásamt Kristni Óskarssyni og Sæmundi Má Herbertssyni.

„Ég man voðalega lítið eftir fyrsta leiknum. Mér skilst samt að meðdómari minn muni vel eftir honum og hafi hætt eftir þann leik, þannig að sá leikur fór eitthvað öðruvísi ofan í hann heldur en mig," sagði Rögnvaldur en fyrsti leikur hans var leikur KR og Grindavíkur í bikarkeppni stúlknaflokks, 22. janúar árið 1995, en meðdómari hans í þeim leik var Brynjólfur Ægir Sævarsson.

Rögnvaldur er 42 ára gamall en hann segist ekki vera búinn að setja sér nein markmið varðandi fjölda leikja. „Ég held bara áfram á meðan ég hef gaman af þessu og einhver not eru fyrir mig. Á meðan mér finnst ég vera að taka framförum finnst mér þetta gaman."

En hvað þurfa menn að hafa til að ná þúsund leikjum? „Ég veit það ekki. Maður þarf bara að hafa gaman af þessu. Þetta er ekki langur tími, ég hef verið í þessu í tólf ár og mér finnst það ekki langur tími. Þetta er bara eins og fyrir leikmenn, maður þarf að hafa gaman af þessu. Þetta er oft erfitt en þetta er miklu oftar skemmtilegt," sagði Rögnvaldur.

Þegar þúsund leikir eru að baki hlýtur eitthvað skemmtilegt að hafa komið upp á á ferlinum. „Það er hellingur af skemmtilegum atvikum og leikjum. Ég man sérstaklega eftir einum leik, mig minnir að það hafi verið árið 2000, þá dæmdi ég þríframlengdan leik í úrslitakeppninni á föstudaginn langa. Það er mjög sérstakt að dæma þríframlengdan leik og hvað þá í úrslitakeppni, þannig að ég gleymi því kannski seint. Svo gerist yfirleitt eitthvað skemmtilegt í hverjum leik," sagði Rögnvaldur en umræddur leikur var á milli nágrannaliðanna Keflavíkur og Grindavíkur.

„Það er miklu auðveldara að gerast dómari en margir halda. Það er öllum tekið opnum örmum og allir sem vilja geta náð árangri. Það er algjör misskilningur að þetta sé lokaður hópur."



**ÖTULL STUÐNINGSMAÐUR** Björgólfur Guðmundsson hefur látið gott af sér leiða í íslensku íþróttalífi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

WH Holding:

## Björgólfur sagður eiga 80%

**F TBÓLTI** Breska dagblaðið The Times fjallaði í vikunni um Björgólf Guðmundsson og hans hluta í yfirtöku WH Holding í enska úrvalsdeildarfélaginu West Ham. Blaðið fullyrðir að Björgólfur eigi 80% hluta í eignarhaldsfélaginu sem var komið á stofn fyrir yfirtökuna.

Eggert Magnússon er andlit WH Holding út á við og verður nýr stjórnarformaður West Ham. Með þeim eru þar að auki Guðmundur Oddsson hæstaréttarlögmaður og Þór Kristjánsson, bankaráðsmaður Landsbankans og starfsmaður Samson. - esá



**EGGERT OG BJÖRG LFUR** Ekki er búist við að neitt óeðllegt komi í ljós við rannsókn ónefnda fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

# Fortíð og bakgrunnur West Ham-fjárfesta rannsakaður

**Sjálfstætt fyrirtæki sem sérhæfir sig í fyrirtækjanjósnum hefur verið fengið til að rannsaka alla þá sem hafa hug á að fjárfesta í enskum knattspyrnufélögum. Mun þetta einnig eiga við um þá Björgólf Guðmundsson og Eggert Magnússon.**

**F TBÓLTI** Dagblaðið The Daily Telegraph greindi frá því í gær að stjórn ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu hefði ráðið til starfa ónefnt fyrirtæki sem sérhæfir sig í fyrirtækjanjósnum til að rannsaka þá aðila sem hafa í hyggju að kaupa sig inn í enska knattspyrnu. Margir hafa áhyggjur af þessari þróun, sér í lagi vegna þeirra aðila sem hafa ef til vill frekar áhuga á að nota sér þennan heim til eigin hagsbóta og eru ekki með knattspyrnuna að leiðarljósi.

Rúm þrjú ár eru liðin síðan rússneski olíujöfurinn Roman Abramovitsj keypti Chelsea með húð og hári af Ken Bates og kom af stað nýrri peningabyltingu í enskri knattspyrnu. Hverjir sem vilja nú gerast nýir eigendur enskra knattspyrnufélaga þurfa að ganga í gegnum ítarlega rannsókn hjá fyrrgreindu fyrirtæki. Talið er að Randy Lerner, Bandaríkjamaðurinn sem keypti Aston Villa fyrr í haust, hafi verið sá fyrsti sem hafi verið rannsakaður.

Ekki er þó búist við að neitt óeðlilegt komi upp í rannsókn á Björgólfi Guðmundssyni og Eggerti Magnússyni, aðalmönnunum í WH Holding sem í vikunni keyptu West Ham á 14,3 milljarða króna. Ítarlega hefur verið fjallað um þá í enskum fjölmiðlum undanfarna daga og vikur og nánast eingöngu verið fjallað um þá í jákvæðu ljósi. Mál Hafskips eru vissulega rifjuð upp en sömuleiðis uppgangur Björgólfs og sonar hans, Björgólfs Thors, síðan þá.

Forráðamenn ensku úrvalsdeildarinnar hafa neitað að gefa upp hvaða fyrirtæki hefur verið ráðið til verksins. Þeir sögðu þó að það væri ekki Quest, fyrirtækið sem Stevens lávarður réði í rannsókn sinni um spillingu og mútugreiðslur í enskri knattspyrnu.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**SJALDSÉÐ** Það er ekki oft sem Shaun Wright-Phillips sést í búningi Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY

West Ham United:

## West Ham býður í SWP

**F TBÓLTA West Ham hefur tekið fyrsta skrefið í tilraun sinni til að klófesta Shaun Wright-Phillips, leikmann Chelsea, og búist er við að félagið sé tilbúið að bjóða tíu milljónir punda í leikmanninn.**

**„West Ham hefur sýnt honum áhuga og spurst fyrir um hann. Við erum ekki að leitast eftir því að selja leikmenn okkar en ef við fáum tilboð inn á borð til okkar verðum við að skoða það mjög alvarlega," sagði Peter Kenyon, stjórnarformaður Chelsea, í samtali við breska ríkissjónvarpið.**

**Shaun Wright-Phillips er 25 ára gamall og Chelsea keypti hann frá Manchester City fyrir 21 milljón punda í júlí 2005. Wright-Phillips hefur hins vegar eingöngu 12 sinnum verið í byrjunar-liði Chelsea í deildinni og 23 sinnum komið inn á sem varamaður. Hann hefur ekki enn skorað mark fyrir Chelsea en hann er stjúpsonur markaskorarans mikla Ian Wright sem lék á árum áður með Crystal Palace og Arsenal.** - dsd



**JAVIER MASCHERANO** Hefur ekki gengið vel síðan hann kom til West Ham í haust. NORDIC PHOTOS/GETTY

Spænska blaðið Marca:

## Mascherano til Atletico Madrid

**F TBÓLTI Spænska dagblaðið Marca hélt því fram í gær að Javier Mascherano, leikmaður West Ham, væri á leið til Atletico Madrid í janúar. Fullyrt er að Eggert Magnússon vilji létta á launagreiðslum félagsins til leikmanna og hafi boðið Atletico að kaupa leikmanninn í janúar.**

**Miklar vangaveltur hafa verið um vangaveltur Argentínumannanna Mascherano og Carlos Tevez hjá West Ham eftir að Eggert og félagar keyptu félagið. Sjálfur segir hann að Alan Pardew sjái um leikmannamál.** - esá

Heimslistinn í badminton:

## Ragna hækkar sig enn meira

**BADMINTÓN** Ragna Ingólfsdóttir heldur áfram að hækka sig á heimslistanum í badminton en hún er nú í 66. sæti listans og hefur hækkað um tíu sæti frá því að listi alþjóðabadmintonsambandsins var birtur síðast. Ragna hefur hækkað sig um 194 sæti á listanum frá því að hún hóf að keppa á alþjóðlegum mótum á nýjan leik í haust. - dsd

Lennart Johansson í harðri kosningabaráttu fyrir endurkjöri til forseta UEFA:

# Vill fjölga liðum í úrslitakeppni EM

**F TBÓLTI** Lennart Johansson, forseti Evrópska knattspyrnusambandsins (UEFA), vill fjölga liðum á úrslitakeppni Evrópumeistaramótsins úr sextán í 24. Ef af yrði væri um að ræða frábærar fréttir fyrir íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu. Nú þegar er búið að ákveða að fjölga liðum á úrslitakeppni EM kvenna og á íslenska kvennalandsliðið mikla möguleika á að vera fyrsta íslenska landsliðið sem kemur sér á úrslitakeppni stórmóts í knattspyrnu.

Þetta segir Johansson í samtali við sænska dablaðið Aftonbladet. Þann 26. janúar verður kosið í forsetaembætti UEFA og berst Johansson fyrir endurkjöri en mótframbjóðandi hans er franska knattspyrnugoðsögnin Michel Platini.

Árið 1996 var liðum í úrslitakeppni EM fjölgað í sextán. Alls eru 52 lönd sem eiga möguleika á að komast í úrslitakeppnina og segir Johansson að hægt væri að fjölga næst árið 2012.

„Ég hef hugsað um þetta lengi og er heilshugar fylgjandi þessu," sagði Johansson. „Það væri gott ef fleiri lönd fengju tækifæri til að komast inn á EM. Það er skynsamlegt bæði hvað varðar fjárhag og íþróttaleg gildi."

Hann segir að þetta sé ekki eingöngu vegna þess að kosningarnar séu á næsta leiti. „Þetta sýnir bara hvað ég er að hugsa. Ef ég verð kosinn mun ég berjast fyrir þessu. Ég hef rætt við marga aðila vegna þessa og ég held að þetta sé góð og vel ígrunduð hugmynd," sagði Johansson, sem vildi þó ekki ræða þetta í nánari smáatriðum.

Hann segir enga hættu á því að mótið verði of stórt í umsvifum. „Sjálfur sagði ég fyrir 20 árum síðan að það væri hægt að vera með tvo gestgjafa á einu móti. Nú þegar við sjáum að slíkt gengur upp er vel hægt að fjölga liðum á lokakeppni EM."

Platini gagnrýndi Johannsson fyrr í vikunni þar sem hann sagði í viðtali við þýska ritið Kicker að Johansson væri aldrei að finna i höfuðstöðvum UEFA í Nyon í Sviss. Sjálfur hefur Platini lofað því að verði hann kjörinn muni hann flytja til Genfar.

Johansson gaf lítið fyrir ummælin og sagði að þau hefðu sjálfsagt verið tekin úr samhengi. „Það er ljóst að við í framkvæmdanefndinni gerum mikið af því að heimsækja sambandslöndin. Það geri ég og er á ferðinni 200 daga ársins." - esá



**LENNART JOHANSSON** Hér með Super Cup-bikarinn sem UEFA veitir sigurvegara leiks Evrópumeistara og UEFA-bikarmeistaranna. NORDIC PHOTOS/AFP

# ÓDÝR JÓLATÓNLIST




1.299

**Jólaskraut**
**Ýmsir**




1.299

**Christmas Songs**
**Páll Rósinkranz**




1.299

**Syngja Jólalög**
**Ellý og Vilhjálmur**




1.299

**Jólastemming**
**Ýmsir**




1.299

**Friðarjól**
**Pálmi Gunnarsson**




1.299

**Christmas Songs**
**Diana Krall**




1.299

**Hátíð fer að höndum ein**
**Þrjú á palli**




1.299

**Jólin jólin**
**Svanhildur**




1.299

**Um jólin**
**Björgvin Halldórsson**

## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

3 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR



**DAVID BECKHAM** Ætti að yfirgefa Real Madrid, að mati ónefnds stjórnarmans hjá félaginu. NORDIC PHOTOS/GETTY

David Beckham:

# Tifandi tímasprengja

**F TBÓLTI** Ónefndur stjórnarmaður hjá Real Madrid hefur látið hafa eftir sér að það sé best, bæði fyrir Real Madrid og David Beckham, að leikmaðurinn yfirgefi félagið. Stjórnarmaðurinn segir að Beckham sé tifandi tímasprengja og að Fabio Capello sjái hann ekki fyrir sér sem byrjunarliðsmann.

„Af hverju ættum við að eyða 24 milljónum evra næstu tvö árin í leikmann sem við vitum að þjálfaranum líkar ekki við? Capello vill ekki hafa hann og Beckham má ekki við því að sitja svona mikið á bekknum útaf öllum auglýsingasamningunum sínum. Það er heldur ekki gott fyrir Real Madrid að hafa tifandi tímasprengju á bekknum,“ sagði stjórnarmaðurinn. **- dsd**

Guðjón Baldvinsson, leikmaður Stjörnunnar, á ferð og flugi:

# Æfir með Fortuna Düsseldorf

**F TBÓLTI** Sóknarmaðurinn Guðjón Baldvinsson er þessar vikurnar staddur í Þýskalandi þar sem hann æfir með Fortuna Düsseldorf. Nafnið ætti að hljóma kunnuglega í eyrum Íslendinga því bæði Atli Eðvaldsson og Pétur Ormslev léku með liðinu á níunda áratugnum. Báðir komu þeir til liðsins árið 1981 og var Atli hjá liðinu í fjögur ár en Pétur þrjú.

Þá lék það í þýsku Bundesligunni en er nú í norðurhluta þriðju deildarinnar. Liðinu hefur fatast flugið mjög undanfarin ár en gengi liðsins hefur þó verið gott í haust.

„Maður fær ekkert frí heima,“ sagði Guðjón við Fréttablaðið í léttum dúr en hann dvaldi í einn mánuð við æfingar hjá norska úrvalsdeildarliðinu Lilleström fyrr í haust. Ekki varð úr að liðið semdi við Guðjón en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa önnur norsk lið áhuga á að skoða hann.

Undanfarið ár hefur Guðjón farið víða en ekki tekist að næla sér í samning til þessa. Bodö/Glimt vildi fá hann í fyrrasumar en þó tókst félaginu ekki að ná saman við Stjörnuna. Hann hefur þar að auki æft með St. Gallen í Sviss og Genk í Belgíu.

Guðjón segir að stjórnarmaður í Fortuna Düsseldorf hafi viljað fá Íslending til æfinga með félaginu en sá maður þekkir vel Lárus Guðmundsson sem lék með Bayer Uerdingen á níunda áratugnum. Lárus er þjálfari Guðjóns hjá Stjörnunni og gat því mælt með honum.

„Ég leit bara á þetta sem fínt tækifæri til að sleppa úr kuldanum heima. Þótt þetta sé lið í þriðju deildinni hér er það engu að síður sterkt og væri með bestu félögum úrvalsdeildarinnar heima. Ég er þó ekki endilega að leitast eftir því að fá samning hér, þetta er fyrst og fremst ágæt reynsla.“

Hann segir að hann hafi ekki leikið deildarleik með liðinu og muni sennilega ekki gera það. „Það er þó æfingaleikur á þriðjudag sem ég mun sennilega spila í.“

Fortuna Düsseldorf féll úr úrvalsdeildinni þýsku árið 1997 og í þriðju deildina aðeins tveimur árum síðar. Árið 2002 féll það svo úr þeirri deild en var komið þangað aftur haustið 2004. Nú er liðið í þriðja sæti deildarinnar og stefnir aftur upp á við.

Engin leynd hefur verið um það að Guðjón vilji fara frá Stjörnunni og spila í íslensku úrvalsdeildinni. Hann segir að nokkur lið hafi sýnt sér áhuga en að Stjörnumenn vilji fá of mikið fyrir sig. Hann er samningsbundinn félaginu til 2008. **- esá**



**GUÐJ N BALDVINSSON** Hér í leik með íslenska ungmennalandsliðinu gegn Andorra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**THIERRY HENRY** Verður ekki með Arsenal gegn Bolton í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY

Meiðsli hrjá Arsenal:

# Henry ekki með í dag

**F TBÓLTI Thierry Henry, framherjinn frábæri hjá Arsenal, mun ekki leika með liðinu gegn Arsenal í dag vegna hálsmeiðsla. Arsenal þarf nauðsynlega á sigri að halda til að halda sér í titilbaráttunni á þessu tímabili.**

**„Þetta eru smávægileg meiðsli og Henry verður klár í slaginn gegn Fulham á miðvikudaginn. Henry er stífur í hálsinum og getur ekki hreyft hann sem skyldi svo það er útilokað að hann spili gegn Bolton. Þetta eru bólgur og maður veit ekki hvernig meðferðin gengur en hann verður ekki lengi frá keppni,“ sagði Arsene Wenger, framkvæmdastjóri Arsenal. Búast má við því að Theo Walcott taki stöðu Henry í liði Arsenal í dag.** **- dsd**






**PEDERSEN** Lætur það ekki á sig fá að fá plastmál í hausinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Morten Gamst Pedersen fékk bjórglas í hausinn:

# Ætlar ekki að kæra atvikið til yfirvalda

**F TBÓLTI** Norðmaðurinn Morten Gamst Pedersen, leikmaður enska úrvalsdeildarliðsins Blackburn, ætlar ekki að senda opinberlega kvörtun til knattspyrnusambands Evrópu vegna atviks sem átti sér stað í leik liðsins gegn Feyenoord í UEFA-bikarkeppninni.

Stuðningsmaður Feyenoord kastaði plastmáli í höfuð Pedersen þegar hann hugðist taka innkast á 13. mínútu leiksins.

„Það er undir UEFA komið hvort þessu verði fylgt eftir eða ekki. Þetta hefði getað farið verr en svona lagað á ekkert að eiga sér stað. En ég er í góðu lagi. Það sér ekkert á mér, ég er bara með smá bjór í augunum,“ sagði hann í léttum dúr.

Hann bætti við að hann vildi helst ekki hugsa til þess ef einhverju öðru og harðara hefði verið kastað í sig.

Blackburn tryggði sér sæti í næstu umferð UEFA-keppninnar með markalausu jafntefli gegn Feyenoord. **- esá**




# ÞÉR ER BOÐIÐ Í JÓLAGLEÐI UM HELGINA

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

FABRIKAN

McLaren hefur ráðið Lewis Hamilton til að aka við hlið Fernandos Alonso í Form lu 1 á næsta tímabili:

# Hamilton fyrsti þeldökki ökumaðurinn

**FÓRMÚLA 1** Breski ökumaðurinn Lewis Hamilton mun keyra ásamt Fernando Alonso hjá McLaren. Hinn 21 árs gamli Hamilton mun verða fyrsti þeldökki ökumaðurinn sem keyrir í Formúlu 1. Hamilton hefur verið í umsjón Rons Dennis, yfirmanns McLaren, frá því að hann var þrettán ára gamall og hefur heillað yfirmenn McLaren á æfingum. Hamilton mun taka stöðu Pedros de la Rosa, sem mun taka sæti þróunarökumanns.

„Að vera ökumaður í Formúlu 1 hjá McLaren hefur verið mitt markmið frá unga aldri og þetta er frábær leið til að enda besta árið mitt til þessa. Ég hef alist upp hjá McLaren og Mercedes og væri ekki í þessum sporum án stuðnings þeirra og leiðbeininga. Ég geri mér grein fyrir að þetta verður mikil áskorun fyrir mig og athyglin verður á mér. Liðið hefur hins vegar sagt mér að slaka á, gera mitt besta og njóta þessa tækifæris. Ég mun leggja hart að mér til að ná fram úrslitum,“ sagði Hamilton sem hefur verið að keppa í GP1 undanfarin ár.

Sú staðreynd að Hamilton mun aka með núverandi heimsmeistaranum Alonso er líkleg til að Hamilton verði í skugganum á næstu leiktíð. Ron Dennis sagði þó að nú hafi verið rétti tíminn til að gefa Hamilton tækifæri.

„Við erum ánægðir með að hafa hjálpað honum undanfarin ár og láta draum hans rætast. De la Rosa vann frábært starf fyrir okkur á síðustu leiktíð en okkur fannst rétt að gefa Hamilton tækifæri. Þetta er augljóslega stærsta tækifæri Hamiltons á ferlinum hingað til en ég efast ekki um að hann standi undir þeim væntingum sem gerðar eru,“ sagði Dennis um nýja ökumanninn. - dsd



**LEWIS HAMILTON** Verður fyrsti þeldökki ökumaðurinn í Formúlu 1 en hann mun keyra fyrir McLaren. NORDIC PHOTOS/GETTY



**STUÐNINGSMENN PSG** Þessi mynd var tekin fyrir leikinn og er ljóst að stuðningsmönnum var heitt í hamsi. NORDIC PHOTOS/AFP

útök eftir leik PSG og Hapoel:

## Stuðningsmaður PSG drepinn

**F TBÓLTI** Hörmulegt atvik átti sér stað eftir leik Paris Saint Germain og Hapoel Tel Aviv í Evrópukeppni félagsliða á fimmtudaginn þegar stuðningsmaður PSG var skotinn til bana af lögreglumanni. Annar stuðningsmaður særðist alvarlega.

Lögreglumaðurinn kom frönskum stuðningsmanni ísraelska liðsins til aðstoðar sem hafði lent í átökum við stuðningsmenn PSG fyrir utan leikvanginn. Við það veittust stuðningsmenn PSG að lögreglumanninum sem brá á það ráð að henda táragasi inn í hópinn og eftir það dró hann upp byssu með þeim afleiðingum að hann skaut einn mann til bana með skoti í höfuðið og særði annan.

Lögreglan sagði að stuðningsmennirnir sem veittust að lögreglumanninum væru franskir öfgasinnar sem hrópuðu „Frakkland fyrir Frakka“ en lögreglumaðurinn var þeldökkur á hörund. - dsd

Arsenal:

## Gallas á góðum batavegi

**F TBÓLTI** Arsene Wenger stjóri Arsenal vonast til að William Gallas varnarmaður liðsins verði klár í slaginn gegn Porto í næsta mánuði en Gallas hefur átt við meiðsli að stríða í læri undanfarnar vikur. Tomas Rosicky á einnig við meiðsli að stríða.

„Gallas mun ekki leika með gegn Fullham og óvíst er með Tottenham leikinn um næstu helgi. En hann á góða möguleika á að ná leiknum gegn Porto. Bæði Gallas og Rosicky eru óðum að ná sér,“ sagði Wenger en Arsenal þarf á stigi að halda gegn Porto til að komast áfram í meistaradeild Evrópu. - dsd



**ZHENG ZHI** Gæti verið á leiðinni til Reading. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Charlton að styrkja sig:

## Hefur áhuga á Zheng Zhi

**F TBÓLTI** Svo gæti farið að fyrstu leikmannakaup Les Reed, nýja knattspyrnustjóra Charlton, verði á fyrirliða kínverska landsliðsins, Zheng Zhi. Hann æfði með liðinu í vikunni en beðið verður með ákvörðun þar til Kína keppir á Asíumótinu. Zhi getur leikið bæði á miðjunni og í sókn. - esá




Fjölmiðlastríðið fyrir leik Manchester United og Chelsea á sunnudag í fullum gangi:

# Ætlum að verða meiri en Manchester United

**F TBÓLTI** Á sunnudag munu efstu lið ensku úrvalsdeildarinnar, Chelsea og Manchester United, mætast á Old Trafford, heimavelli síðarnefnda liðsins. Beðið er eftir leiknum með mikilli eftirvæntingu en nú þegar er hafið orðastríð í fjölmiðlum.

United hefur tapað einum leik í haust en Chelsea tveimur og liggur þar munurinn á liðunum. Þau eru nánast stungin af á toppi deildarinnar og verður það að teljast mikið áfall fyrir Chelsea ef liðið tapar á sunnudag og missir þar með United í sex stiga fjarlægð.

Peter Kenyon, framkvæmdastjóri Chelsea, segir að áætlanir séu um að liðið ætli sér að velta Manchester United af stalli sem stærsta knattspyrnufélagi heimsins. Og það er engin tilviljun að hann segir þetta svo skömmu fyrir leik liðanna.

„Við viljum vera opinberlega þekktir sem stærsta knattspyrnufélag heims árið 2014,“ sagði Kenyon en bætti við að til þess að það væri mögulegt þyrfti liðið að flytja frá Stamford Bridge. „Það er alveg ljóst að því markmiði náum við ekki hér.“

Cristiano Ronaldo var ekki lengi að svara þessu og sagði að koma Andryis Shevchenko og Michaels Ballack til Chelsea hefði engu breytt fyrir félagið. Hann sagði einnig að félagið myndi hrynja í sundur ef Jose Mourinho knattspyrnustjóri hætti hjá félaginu.



**ROONEY OG TERRY** Mætast aftur á sunnudaginn kemur. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Mourinho er frábær þjálfari og þar sem hann er portúgalskur get ég ekkert slæmt sagt um hann,“ sagði Ronaldo sem er sjálfur frá Portúgal. „Ég væri til í að sjá hvernig færi fyrir Chelsea ef hann færi frá félaginu. Kannski myndi liðinu ekki vegna eins vel. En Chelsea-liðið er lítið breytt frá því í fyrra. Shevchenko og Ballack hafa engu breytt hvað varðar yfirburði Chelsea yfir öðrum félögum.“ **- esá**



**MICHAEL SCHUMACHER** Sá lítinn tilgang í að keppa eftir Imola-slysin árið 1994. NORDIC PHOTOS/AFP

Michael Schumacher:

## Íhugaði að hætta árið 1994

**FÓRMÚLA 1** Michael Schumacher hefur látið hafa eftir sér að hann hafi íhugað að hætta keppni árið 1994, þegar Ayrton Senna og Roland Ratzenberger létust á Imola-brautinni. Schumacher vann þessa umtöluðu keppni.

„Ég íhugaði það alvarlega að hætta keppni og sá engan tilgang í því að halda áfram kappakstri eftir lát þessara mætu manna,“ sagði Schumacher. Ratzenberger lést á æfingu fyrir keppnina en Senna lést í keppninni sjálfri þegar hluti úr fjöðrunarbúnaði bílsins sem hann ók bilaði og hann lenti á vegg á miklum hraða. **- dsd**



**MICHELLE WIE** Hefur eingöngu einu sinni komist í gegnum niðurskurð á móti frá því að hún hóf að leika með körlunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Casio World Open:

## Wie slapp ekki við niðurskurð

**GÓLF Það ætlar að ganga erfiðlega hjá hinni 17 ára Michelle Wie að komast í gegnum niðurskurð á atvinnumótum, en hún hefur undanfarið reynt fyrir sér með körlunum. Wie komst ekki í gegnum niðurskurðinn á Casio World Open í gær en hún hefur eingöngu einu sinni komist í gegnum niðurskurð í þeim tólf tilraunum sem hún hefur tekið þátt í karlamóti.**

**Wie er þó ekkert á því að gefast upp þó á móti blási og ætlar bara að leggja harðar af sér. „Þetta truflar mig ekkert því ég veit að ég get leikið mun betur en þetta. Ég læri mikið á því að spila með strákunum. Ég veit að ég þarf að hafa fyrir hlutunum og ég hlakka til að fara heim og bæta sveifluna hjá mér.“ - dsd**

Enn meiðslavandræði:

## Marquez og Motta úr leik

**F TBÓLTI** Hvorki Rafael Marquez né Thiago Motta munu geta leikið með Barcelona á sunnudag þegar liðið mætir Athletic Bilbao á sunnudag. Marquez er meiddur á ökkla en Motta er með hita.

Juliano Belletti er þó klár í slaginn á ný eftir meiðsli. Ekki er búist við öðru en að Eiður Smári Guðjohnsen verði í byrjunarliði Börsunga sem eru í toppsætinu.

Athletic Bilbao er í sautjánda sæti spænsku úrvalsdeildarinnar og hefur aðeins unnið einn leik á leiktíðinni. **- esá**





> **Debra Messing**

Það kannast flestir við leikkonuna Debru Messing sem leikur Grace í gamanþáttunum Will & Grace. Hún hefur einnig leikið á hvíta tjaldinu í myndum á borð við „Wedding Date“, „Along Came Polly“ og hrollvekjunni „Mothman Prophecies“, sem er sýnd á Skjá einum í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JAKOB BJARNAR FYLGDIST MEÐ HONUM HERRA ÍSLANDI

## *Kerlingarlegir en sætir strákar*

„Kerlingalegir, ekki nógu karlmannlegir en sætir samt,“ segir hún Hanna vinkona mín sem sér um að kaffið renni viðstöðulaust ofan í ritstjórnina. Hanna fylgdist með keppninni um Herra Ísland á Skjá einum á fimmtudagskvöldið. Og undirritaður. Þó ég hafi ekki sama auga og hún Hanna fyrir karlmannlegri fegurð þá held ég að hún hafi sitthvað til síns máls. Túperað hárið, tannaðir eins og sagt er, með hvíttaðar tennur … Í mínu ungdæmi hefðu slíkir verið kallaðir „píkur“ þeim til háðungar. Og ekki verið hátt skrifaðir í vinahópnum. Hins vegar áttu þeir oftar en ekki upp á pallborðið hjá kvenkyninu. Ég spurði konuna eitt sinn hvernig stæði á því að þeir sem þættu súkkulaðisætir labbakútar meðal strákanna ættu þennan séns. Hún benti mér á, sem fulltrúa karlkynsins, að horfa í eigin barm: Ekki hefði nú verið svo í gegnum tíðina að karlmenn settu fyrir sig gáfnafarið þegar bimbóin eru annars vegar! Skák og mát eins og fyrri daginn.

Kannski er til marks um muninn á kynjunum að á meðan femínistar berjast gegn fegurðarsamkeppnum kvenna er enginn þrýstihópur karla sem setur sig á móti þessari hrútasýningu. Og ekki heyrist orð úr hópi femínista sem fordæmir Herra Ísland. Ekkert um hlutgervingu karllíkamans. Jæja, hverjum er ekki sama?

Arnar Gauti hlaut ákveðna uppreisn æru eftir Innlit/útlit-hneykslið. Á heimavelli sem kynnir og með á hreinu þegar valdir voru Herra Next og Herra Sir. Eina sem var að hann virkaði full stuttur til hnésins við hlið Sigurlaugar Jónasdóttur. Ef einhver kann að velja sér klæðnað sem hæfir tilefninu ætti það að vera tískulöggan. Sem þarna klikkaði á háu hælunum. En líklega var það með ráðum gert. Fórna sér til að draga betur fram hversu hávaxinn og glæsilegur Herra Ísland er.



## EKKI MISSA AF



**22.30 Mothman Prophecies** SKJÁR EINN



**17.05 Bolton-Arsenal** SKJÁR SPORT



**19.35 Fóstbræður** STÖÐ 2



**20.50 Peter Sellers** SJÓNVARPIÐ



**18.00 There´s Something About..** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**8.00 Morgunstundin okkar**
**8.01 Fyndin og furðuleg dýr**
**8.06 Bú! (15:26)** (Boo!)
**8.17 Lubbi læknir (38:52)**
**8.29 Snillingarnir (11:28)**
**8.55 Sigga ligga lá (37:52)**
**9.05 Tsitsi (1:5)**
**9.15 Trillurnar (7:26)**
**9.39 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar (21:26)**
**10.02 Spæjarar (45:52)**
**10.25 Stundin okkar (e)**
**10.55 Kastljós**
**11.30 Beethoven fjórði**
**13.05 Himalajafjöll (4:6)**
**14.05 Landsleikur í handbolta** Bein tsending frá leik kvennalandsliða Íslands og Færeyjar í Framheimilinu í Safamýri.
**15.55 Íþróttakvöld (e)**
**16.10 Íslandsmótið í handbolta** Bein tsending frá leik Fram og Stjörnunnar í DHL-deild karla.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Hope og Faith (71:73)**
**18.25 Fjölskylda mín (11:13)** (My Family)Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans.
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40 Jón lafs**
**20.20 Spaugstofan**
▶**20.50 Líf og dauði Peters Sellers**
**22.55 Mulholland Falls** (Mulholland Falls) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**0.40 Risaeldgosið** (Supervolcano)
**2.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Nicholas Nickelby**
**8.10 Men With Brooms** (Sópað til sigurs)
**10.00 There´s Something About Mary**
**12.00 A Cinderella Story**
**14.00 Nicholas Nickelby**
**16.10 Men With Brooms**
▶**18.00 There´s Something About Mary**
**20.00 A Cinderella Story**
**22.00 The Whole Ten Yards**
**0.00 Straight Into Darkness**
**2.00 Spider** (Könguló)
**4.00 The Whole Ten Yards**

## STÖÐ 2

**7.00 Addi Panda**
**7.05 Kærleiksbirnirnir (46:60)**
**7.15 Ruff´s Patch**
**7.25 Pocoyo**
**7.30 Gordon the Garden Gnome**
**7.40 Animaniacs** (Villingarnir)
**8.00 Grallararnir** (Tiny Toons)
**8.25 Justice League Unlimited**
**8.50 Kalli kanína og félagar**
**9.10 Litlu Tommi og Jenni**
**9.35 Tracey McBean**
**9.50 S Club 7**
**10.10 B bbarnir (14:21)**
**10.35 It´s a Very Merry Muppet Christmas**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.30 Pólitíkin** Umræðuþáttur sem verður á dagskrá á Stöð 2 alla laugardaga í vetur kl. 12.25. Þátturinn verður í umsjá Svavars Halldórssonar fréttamanns og mál málanna í þáttunum verða komandi Alþingiskosningar.
**12.55 Bold and the Beautiful**
**13.15 Bold and the Beautiful**
**13.35 Bold and the Beautiful**
**13.55 Bold and the Beautiful**
**14.15 Bold and the Beautiful**
**14.40 X-Factor**
**15.45 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**16.25 60 mín tur** (60 Minutes)
**17.10 Sjálfstætt fólk** (Unnur Birna) Sjónvarpsþáttur ársins.
**17.45 Martha** (Al Roker)
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Lottó**
**19.05 Íþróttir og veður**
**19.10 The New Adventures of Old Christine - NÝTT (4:13)**
▶**19.35 Fóstbræður (5:8) (e)**
**20.00 Fóstbræður (6:8) (e)**
**20.30 Lackawanna Blues**
**22.05 Der Untergang (Down-fall)** Stranglega bönnuð börnum.
**0.35 Independence Day (e)**
**2.55 The Bride of Chucky** (Br ður Chuckys)
**4.20 Scorched** (Pottþétt plan)
**5.50 Fréttir Stöðvar 2 (e)**
**6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.15 Wildfire (e)** Hin 18 ára Kris Furillo er vandræðaunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu. Eftir að hafa verið á vandræðaheimili fyrir unglinga fær h n vinnu á b garði hjá Ritter fjölskyldunni eftir að hæfileikar hennar með hesta koma fram. Leyfð öllum aldurshópum.
**18.00 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Seinfeld**
**19.30 Sirkus Rvk (e)**
**20.00 South Park (e)**
**20.30 Tekinn (e)** Páll Magn sson og Sigmundur Ernir R narsson
**21.00 So You Think You Can Dance 2 (e)** Dansinn hefst á ný..... Frá framleiðendum American Idol kemur þessi raunveruleikaþáttur.
**21.50 So You Think You Can Dance 2 (e)** Niðurskurðurinn heldur áfram.
**22.55 Chappelle´s Show (e)** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum.
**23.25 Vanished (6:13) (e)** (Vanished)Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er kvæntur hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug.
**0.15 X-Files (e)** (Ráðgátur)Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
**1.00 24 (22:24) (e)** Bönnuð börnum.
**1.45 Entertainment Tonight (e)** Um árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og tekið einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomurm í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þ vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum.
**2.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**11.10 2006 World Pool Masters**
**12.00 Rachael Ray**
**13.40 Frægir í form (e)**
**14.30 The Biggest Loser (e)**
**15.25 Sons & Daughters (e)**
**15.50 Surface - lokaþáttur (e)**
**16.40 Casino (e)**
**18.25 Rachael Ray (e)**
**19.15 Game tíví (e)**
**19.45 The Office (e)**
**20.10 What I Like About You** Gamansería um tvær ólíkar systur sem b a saman í New York. Systurnar ætla að eyða deginum í heilsulind en Holly freistar þess að læðast í burtu til að láta taka mynd af sér með J.C. Chasez r NSYNC.
**20.35 Sons & Daughters**
**21.00 Casino** Bandarísk raunveruleikasería þar sem fylgst er með því sem gerist bak við tjöldin í spilavíti.
**21.45 Battlestar Galactica**
▶**22.30 The Mothman Prophecies** Spennutryllir frá árinu 2002 með Richard Gere, Debra Messing og Laura Linney í aðalhlutverkum. Stranglega bönnuð börnum.
**0.30 Brotherhood (e)** Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee.
**1.15 Masters of Horror (e)** Þekktustu hrollvekjuleikstjórar samtímans leikstýra stuttum hrollvekjum sem fá hárin til að rísa. STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM.
**2.05 Law & Order: Criminal Intent (e)** Bandarísk sakamálasería.
**2.50 Conviction (e)** Bandarísk sakamálasería.
**3.35 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**5.05 stöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**11.45 Upphitun (e)**
**12.15 Charlton - Everton (b)**
**14.30 Á vellinum með Snorra Má**
**14.50 Liverpool - Manchester City (beint)** Bein tsending frá leik Liverpool og Manchester City.
**16.55 Á vellinum með Snorra Má**
▶**17.05 Bolton - Arsenal (b)**
**19.20 AC Milan - Messina (b)**
**21.30 Fulham - Reading**
**23.30 West Ham - Sheff. Utd.**


GOTT FÓLK McCANN



Ernst J. Backman

Njóttu listanna og styrktu gott málefni í leiðinni

Ljóð í sjóð er glæsilegt safn málverka og ljóða ásamt geisladiski með ljóðalestri og tónlist sem landslið íslenskra listamanna hafa gefið til styrktar MND félaginu, sjúklingum og aðstandendum þeirra. Listamenn hafa tekið höndum saman en nú er okkar að styrkja málefnið áfram. Bókin fæst á aðeins 3.000 krónur í Hagkaupum, Fjarðarkaupum, STUDIOos Rangárseli og á www.mnd.is

MND félagið styður við rannsóknir á taugasjúkdómnum MND sem og við þá sem fengið hafa sjúkdóminn og aðstandendur þeirra.

VIÐ VELJUM LÍFIÐ! FINNUM LÆKNINGU VIÐ MND www.mnd.is

Ljóð í sjóð



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.05
### TIL HINSTU STUNDAR



Margverðlaunuð þýsk kvikmynd sem fjallar um síðustu daga Adolfs Hitlers, allt frá því ljóst var orðið að bandamenn höfðu knésett Þjóðverja í apríl árið 1945, til hinstu stundar mannsins sem hóf heimsstyrjöldina síðari. Sagan er sögð frá sjónarhorni einkaritara foringjans, Traudl Junge, sem var með honum síðustu stundirnar í neðanjarðarbyrginu. Meira en hálfri öld síðar ákvað Junge að segja frá þessari merkisstundu í mannkynssögunni í bók sem komið hefur út í íslenskri þýðingu og er þessi margrómaða kvikmynd byggð á þessum endurminningum hennar. Þýski leikarinn Bruno Ganz hefur hlotið fádæma lof fyrir túlkun sína á Hitler en myndin er ein allra mest sótta evrópska kvikmynd sem framleidd hefur verið, hefur unnið til fjölda verðlauna og var m.a. tilnefnd til Óskarsverðlauna í flokki erlendra kvikmynda. Aðalhlutverk: Bruno Ganz, Corinna Harfouch, Alexandra Maria Lara. Leikstjóri: Oliver Hirschbiege

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ SPIDER
### Á STÖÐ 2 BÍ KL. 00.02

David Cronenberg leikstýrir Ralph Fiennes í þessari eðalmynd sem segir frá ungum, trufluðum manni sem er nýsloppinn af geðveikrahæli. Hann flytur á gistiheimili og smám saman missir hann tökin á raunveruleikanum. Í öðrum hlutverkum eru Miranda Richardson og Gabriel Byrne. Sérstök og öðruvísi kvikmynd sem kvikmyndaáhugamenn mega ekki missa af.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn
**7.00** Fréttir
**7.05** Laugardagur til lukku
**8.00** Fréttir
**8.05** M sík að morgni dags
**9.00** Fréttir
**9.03** Út um græna grundu
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegis tvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stórt í smáu
**15.25** Borgin í hugskoti mannsins
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Leikh srottan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Ævi skálds og ævisögur
**21.10** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**0.00** Fréttir

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**10.25 Ensku mörkin** Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.
**10.55 Spænsku mörkin**
**11.40 NBA 2005/2006 - Regular Season**
**13.40 Meistaradeild Evrópu - endurs** (Meistaradeildin - (E) Endursýndur leikur r Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**15.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)
**16.00 US Open 2006 í golfi kvenna** (US Open 2006 í golfi kvenna)
**17.00 President Cup - 2005** (Presidents cup offical film 2005) Bandaríska golflandsliðið mætti rvalsliði alþjóðlegra kylfinga í keppni um Forsetabikarinn 22. - 25. september. Keppt var í Virginíu. Hér sjáum við helstu tilþrifin á mótinu, skyggnumst bak við tjöldin, og sjáum athyglisverð viðtöl við kylfingana sem kepptu á mótinu.
**17.50 Ameríski fótboltinn** Upphitun fyrir leiki helgarinnar.
**18.20 Spænski boltinn - upphitun** (La Liga Report)Upphitun fyrir alla leikina í spænska boltanum sem fram fara um helgina. Hvaða lið mætast, hvernig hafa síðustu viðureignir þeirra farið, viðtöl við leikmenn, þjálfara og áhorfendur.
**18.50 Spænski boltinn** Barcelona-Villarreal Bein tsending frá leik Barcelona og Villarreal í spænsku deildinni. Hér er um hörkuleik að ræða en leikur þessara liða telst ávalt vera einn af stórleikjum vetrarins.
**20.50 Spænski boltinn** Atletico Madrid-Real Sociedad Bein tsending frá leik Atletico Madrid og Real Sociedad í spænska boltanum.
**22.50 Box - Floyd Mayweather vs. Carlos Baldomir** (Box - Floyd Mayweather vs. Carlos „TaTa" Baldomir)Útsending frá bardaga Floyd Maeweather og Carlos Baldimor um WBC beltið í veltivigt hnefaleika.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlish si – þ finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þ vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.40** Med Kl¢vedal på rejse langs Gr¢nlands vestkyst **12.40** Perfekte hustruer **13.30** Mr. Nice Guy **14.30** Hjerteflimmer **15.00** Boogie Listen **16.10** Hammerslag **16.40** F¢r s¢ndagen **16.50** Held og Lotto **17.00** Bullerfnis **17.30** TV Avisen med vejret **18.00** SportNyt **18.30** De store katte **19.00** MGP Nordic 2006 **20.45** Kriminalkommissær Barnaby **22.25** Duellen **23.35** The Young Americans

## NRK 1

**11.50** V-cup kombinert **12.45** V-cup sk¢yter: **1500** m menn og 5000 m kvinner **13.45** V-cup hopp: Utdrag fra kvalifiseringen til dagens renn **14.30** Sport i dag **15.10** V-cup hopp **16.05** Sport i dag **16.20** V-cup hopp **17.00** Jubalong **17.30** Amigo **18.00** L¢rdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Nordisk finale i Melodi Grand Prix **20.45** Kokos **21.00** Fakta på l¢rdag: Holocaust - Tidsvitner **22.00** Kveldsnytt **22.15** Resten av dagen

## SVT 1

**12.05** En uppstoppad hund **13.05** En uppstoppad hund **14.05** Uppdrag Granskning **15.05** Mästerverket **16.00** Doobidoo **17.00** Emil i Lönneberga **17.25** Disneydags **18.00** Världarnas bok **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** MGP Nordic **20.45** Håll tyst, världen! **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.05** Jet Lag **23.30** Vårt bångstyriga sinne **0.00** Sändning från SVT24


Ég þakka stuðningsmönnum mínum og öllum öðrum sem ég hef hitt í

Norðausturkjördæmi

síðustu vikur fyrir ánægjuleg kynni og skemmtilegheit

Þar sem ég mun ekki hringja í flokksfélaga mína á prófkjörsdegi, bið ég stuðningsmenn mína að taka vel hringingum annarra frambjóðenda og vona að þeir sem hringi, skili frá mér kveðju, - ef ekki - þá skilið kveðju frá mér.

Kær kveðja
Sigurjón Benediktsson
tannlæknir Húsavík



sigurjon@husavik.com
http://sigurjonben.blog.is
Sigurjón Benediktsson
sækist eftir þingsæti
á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi en prófkjör er **í dag 25. nóvember**

HR SIÐ ...



*...fær Jakob Frímann Magnússon fyrir að stofna hina rammíslensku útvarpsstöð Kanann á mettíma.*

# Aðsókn á Mýrina í sögubækurnar



**MÝRIN** Kvikmyndin um Erlend og félaga hans hjá rannsóknarlögreglunni er á góðri leið með að slá öll met í íslenskri kvikmyndasögu

Hin margverðlaunaða kvikmynd Mýrin er á góðri leið með að setja ný viðmið í íslenskri kvikmyndasögu. Að öllum líkindum slær hún aðsóknarmet Engla alheimsins í næstu viku en hana sáu rúmlega átta og þrjú þúsund manns. Þá er jafnframt líklegt að myndin hirði tekjumet sem sjálfur James Cameron setti með stórslysamyndinni

**A LITTLE TRIP TO HEAVEN** Myndin var næstaðsóknarmesta kvikmynd síðasta árs en það var einmitt Baltasar Kormákur sem leikstýrði henni.

Titanic. „Þetta er auðvitað frábært,“ segir leikstjórinn Baltasar Kormákur. „Aðsóknin hefur verið framar öllum vonum enda getur maður ekki sett sér það markmið að slá öll met sem fyrir eru,“ bætir Baltasar við. Mýrin fór af Eddu-verðlaunahátíðinni með fimm styttur í farteskinu sem hefur væntanlega haft góð áhrif á miðasöluna. „Þau skemma ekki fyrir,“ segir Baltasar.

Í nýjustu útgáfu kvikmyndatímaritsins Lands og sona er farið yfir aðsókn á íslenskar myndir síðastliðin tvö ár og þar kemur í ljós að fleiri hafa séð Mýrina en allar íslensku myndirnar á síðasta ári samanlagt. Séu aðsóknartölur yfir þær íslensku myndir sem sýndar hafa verið á þessu ári skoðaðar kemur í ljós að fleiri hafa séð mynd Baltasars en þær allar til samans. -fgg



**BALTASAR** Bjóst ekki við að aðsóknin yrði jafn mikil og raun ber vitni.



| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** **2** terta **6** málmur **8** óvild **9** sæti **11** guð **12** kvíga **14** nuddast **16** til dæmis **17** arinn **18** for **20** á fæti **21** krukka.

**L ÐRÉTT** **1** aflast **3** frá **4** unnusti **5** skel **7** dulinn **10** traust **13** framkoma **15** fita **16** hald **19** óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** kaka, **6** ál, **8** fæð, **9** set, **11** ra, **12** tyrfa, **14** núast, **16** td, **17** stó, **18** aur, **20** il, **21** krús.

**L ÐRÉTT:** **1** fást, **3** af, **4** kærasti, **5** aða, **7** leyndur, **10** trú, **13** fas, **15** tólg, **16** tak, **19** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Árni Johnsen
2. Margrét Frímannsdóttir
3. Verslunin 12 Tónar













**BRUGÐIÐ Á LEIK** Sverrir var ekki lengi að töfra fram bros hjá innfæddum og sló á létta strengi með þessum tveimur strákum.

SVERRIR ÞÓR SVERRISSON: FÓR Í TÍU DAGA FERÐ TIL GÍNEU-BISSÚ

# Engin lj n eða menn með spj t í Afríkuferð Sóeppa

„Aðstæður fólksins komu mér í opna skjöldu og í raun má segja að fordómar mínir hafi verið skotnir niður,“ segir Sverrir Þór Sverrisson sem fór í tíu daga ferð á vegum Unicef til hins fátæka ríkis Gíneu-Bissá. „Þarna eru engin ljón eða menn með spjót heldur bara fólk eins og við á Íslandi,“ bætir hann við en myndir úr ferðinni verða sýndar í sérstakri hátíðardagskrá á Stöð 2 á degi Rauða nefsins föstudaginn 1. desember

Grínarinn góðkunni dvaldi í tíu daga við aðstæður sem „drengur beint af malbikinu“ á alla jafna ekki að venjast. „Hótelið sem ég bjó á hafði engan posa og því urðum við að greiða allt með reiðufé,“ segir Sverrir. Þarna voru engar tískuvöruverslanir heldur urðu bæjarbúar bara að ná á manninn sem gekk um bæinn með gallabuxurnar á höfðinu og hvers kyns hreinlætisvörur voru keyrðar um í hjólbörum. „Við heimsóttum spítala en sú heimsókn var mjög erfið, lítið hreinlæti og læknarnir ekki einu sinni með hanska. Þarna voru mörg börn í hverju rúmi og aðstæðurnar eitthvað sem við myndum aldrei láta bjóða okkur upp á,“ segir Sverrir. „Í Gabu sá ég hins vegar hversu miklu máli skiptir fyrir fólkið að hafa stofnanir eins og Unicef. Þar voru samtökin meðal annars búin að koma upp skólum og vatnsbrunnum,“ útskýrir Sverrir sem viðurkennir að heimsóknin til Gíneu-Bissá hafi breytt viðhorfi sínu til þessarar framandi heimsálfu. „Maður hélt að Afríka væri bara Afríka og þar væru eingöngu vandamál. Þarna eru hins vegar vel yfir fimmtíu ríki, hvert með sitt tungumál og sína menningu,“ segir Sverrir.

Ferðin til Gíneu-Bissá var hins vegar ekki einhver skemmtiferð og minnist Sverrir sérstaklega á viðtal sem hann tók við fjölskyldu. „Það er svo auðvelt að dæma fyrirfram. Við höldum kannski að vegna þess að börn deyja úr hungursneyð eða sjúkdómum þá sé þetta bara hálfgert „daglegt brauð“ fyrir fólkið,“ segir Sverrir. „Þegar ég ræddi við fjölskyldu sem hafði nýlega misst tveggja ára gamla dóttur sína sá maður að þetta er sama sorgin, raunveruleikinn hjá þeim er engu öðruvísi en hjá okkur og fólkið glímir við nákvæmlega sömu tilfinningar og við í hinum vestræna heimi,“ segir Sverrir.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF F LKI

**Gu jón Guðmundsson** íþróttafréttamaður var kátur þegar spurðist að Sýn væri búin að tryggja sér sýningarrétt á enska boltanum. Hann mun hafa haft á orði að ólíkt væri nú betra að spila með Brimkló en Geirmundi í Hreðavatnsskála og sendi **Valtý Birni** vini sínum svohljóðandi sms-skilaboð: „14-2! Bið að heilsa.“



**Jónas Kristjánsson** kennari er bálreiður vegna þess sem hann kallar hrafntinnustuld í Hrafntinnuskeri sem nota á í viðhaldsfrekt monthús, að sögn, sem er Þjóðleikhúsið. Og heldur fær **Ari Trausti Guðmundsson**, sem Jónas segir leigupenna Línuhönnunar, bágt fyrir „langhund“ sem birtist í Mogga. Jónas segir það engar fréttir að „allir vitleysingar kerfisins“ hafi samþykkt stuldinn enda megi ekki kæra fyrir hönd hrafntinnunnar.



Full djúpt var tekið í árinni á þessum stað í fyrradag þegar sagt var að kórar og hljóðfæraleikarar hefðu verið kallaðir út til þess að syngja og spila nokkra tóna ofan í upptökur af stórtónleikum Björgvins Halldórssonar sem koma út á mynd- og hljóðdiskum í dag. Björgvin var vakinn og sofinn yfir frágangi efnisins en tók þó ekki í mál að snurfusa jafn mikið í upptökunum og tíðkast erlendis þar sem hann vildi fyrst og fremst að stemningin á tónleikunum myndi skila sér heim til þeirra sem hlusta á afraksturinn. Á einhverju stigi málsins kom það til tals að fara út í fínpússningu en Bó vildi ekkert „feik“. -jbg/þþ



# Vígalegur Wessman á Harley Davidson

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, sýnir á sér nýja hlið á forsíðu nóvemberheftis viðskiptatímaritsins CNBC European Business þar sem hann birtist svartleðraður frá toppi til táar á forláta Harley Davidson-mótorhjóli undir fyrirsögninni „Lyfjabaróninn Robert Wessman þenur Actavis“.

Blaðið leggur ríflega tvær opnur undir viðtal við Róbert og umfjöllun um Actavis þar sem farið er yfir ævintýralegan uppgang lyfjafyrirtækisins.

Fyrirtækið fagnar 50 ára afmæli sínu í ár og saga þess er í blaðinu sögð jafnast á við hverja aðra víkingasögu. Róbert rennir svo stoðum undir þá hugmynd með orðunum: „Við erum íslensk og biðjumst ekki afsökunar á því að vera aggressív.“



**R BERT WESSMAN** Sýnir skemmtilega hlið á sér í viðtalinu þar sem náinn samstarfsmaður hans staðfestir að hann eigi það til að koma til vinnu á Harley Davidson-hjólinu.

Greinarhöfundur slær því svo fram að Róbert yrði kjörið tilraunadýr ef til þess kæmi að Actavis myndi þróa lyf til þess að draga úr testósteron-framleiðslu líkamans. Þessu til stuðnings er bent á að Róbert hefur látið auka kraftinn í Porsche Cayenne-bíl sínum upp í 750 hestöfl sem ku vera einsdæmi.

Áhugi Róberts á hraðskreiðum ökutækjum skín í gegn í viðtalinu en þegar talið berst að mótorhjólum upplýsir hann að hann eigi Harley Davidson V-Rod-mótorhjól. Þegar stungið er upp á því að hann mæti á því í myndatöku þarf hann ekki nema sekúndubrot til að hugsa sig um. Hann er svo mættur klukkustund síðar á mótorfáknum í leðurdressinu og hefur orð á því að hann sé enn í sparisköunum sem skemmi heildarmyndina.

Myndin sem dregin er upp af Róberti í greininni er hins vegar kristaltær. Hann er ákveðinn keppnismaður sem tekur ekkert annað í mál en að sigra á öllum vígstöðvum og þannig að fólk ætti ekki að láta unglegt yfirbragð hans blekkja sig. Leðurgallinn og mótorhjólið segja svo allt annað sem segja þarf. - þþ




**KALDI STRÍÐSMAÐURINN** Er yfirskrift viðtals CNBC European Business við Róbert Wessman en þar upplýsir hann að frítíma sínum eyði hann helst með fjölskyldunni en noti einnig tómstundir til að stunda veiðar og keyra á mótorhjólinu sínu.


Vorum að taka upp vönduð
eikarhúsgögn frá Christian Harold
Leðursófasett á tilboði.
verð frá 179.000.-
GP
gæðahúsgögn
Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234
Opið virka daga: 10-18
lau 11-16 sun 13-16
GP
gæðahúsgögn

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR**



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Stórmarkaður í stofunni heima**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSÓNAR


## *Einkar*

Fyrir ári síðan eða svo var því slegið upp á forsíðu á götublaði sem hér var einu sinni gefið út á daglegum basís að tiltekinn auðjöfur hefði keypt sér einkaflugvél. Þetta þóttu mikil tímamót í íslensku samfélagi.

**UPP** á síðkastið hef ég orðið var við það að einkaþotum í eigu Íslendinga virðist hafa fjölgað umtalsvert, án þess að ég hafi lesið nokkra úttekt á því í blöðum. Ég heyri sífellt fleiri og fleiri sögur af því að hinir og þessir hafi farið hingað og þangað í einkaflugvél. Verslunarferðir til London eru farnar í einkaflugvél og strákahóparnir fara í fótbolta- og bjórdrykkjuferðir í einkaflugvélum. Einnig þykir praktískt að fara á fund í einkaflugvél.

**Á SAMA** tíma heyri ég af því að nú sé nýjasta trendið í skemmtanalífinu að ráða sér einkabílstjóra. Næsta stigið í þessu væri líklega að ráða sér butler, eða einkaþjón, upp á breska mátann, en ég hef ekki heyrt af slíku ennþá. Einkabílstjórarnir eiga auðvitað að stuðla að því að peningafólk geti stundað kokteilboð og partí án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því að keyra á staur í kjölfarið. Miðað við örtröðina sem myndast alltaf við leigubílaröðina í Lækjargötu á næturnar skil ég líka vel að einkabílstjórar hafi rutt sér til rúms á Íslandi. Líklega var það bara tímaspursmál.

**SAMFARA** þessu hafa einkasamkvæmi líka vaxið í sniðum. Fyrir utan þau bíða að sjálfsögðu einkabílstjórarnir kurteislegir og hvíthanskaklæddir, ef að líkum lætur, og einkaflugvélarnar standa gljáfægðar úti á velli. Heyrst hefur af einkatískusýningum í heimahúsum og öðrum slíkum einkaskemmtiatriðum, sem áður fyrr fóru fram í Hollywood eða annars staðar, en eru nú komin heim í stofu.

**MARKAÐURINN** er farinn að átta sig á þessari þróun, að einka sé inni, en almennings sé úti. Þjónustan er farin að taka mið af því í auknum mæli að meðaljóninn vilji líka vera smá einka. Nú streyma inn um lúgurnar alls konar bæklingar um það að hægt sé að panta hitt og þetta heim til sín og hafa það út af fyrir sig. Þetta hefur lengi verið hægt með pitsur og kínverskt, en nú er að verða sprenging í þessari þróun. Í vikunni fékk ég þrjá bæklinga um heimsendan mat inn um lúguna, fyrir utan þá venjulegu. Nú má panta heim til sín ávexti og brauð, sem er sniðugt, sem og mat af mörgum bestu veitingahúsum bæjarins. Nú þarf fólk sem sagt ekki lengur að fara út að borða til þess að fara út að borða. Það getur farið út að borða heima hjá sér.

**EINU** sinni var til þjóðflokkur sem hét Inkar. Hér á landi er að verða til þjóðflokkur sem heitir Einkar. Einkarnir munu líklega setja mark sitt enn frekar á þjóðfélagið á komandi árum. Það er allt í lagi svo lengi sem við höfum mörkin á hreinu. Einkasjúkrahús og einkasjúkratryggingakerfi eru ekki óhugsandi næstu skref í hugum Einkanna. Gagnvart slíku þurfum við hin auðvitað að vera stöðugt á varðbergi.


